

# Stjórnartíðindi

## 2002 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Mínniháttar galli á bls. 1393.

Meiriháttar gallar á bls. 1106, 1122, og 1138.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 2002

---

8. apríl 2002

761

Nr. 281

## REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Við 12. viðauka Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit bætist undir flokkinn Amónísýrur: Tryptófan 2000/45/EB, Stjtíð. EB L 333, 29.12.2000, bls. 81.

2. gr.

Við 12. viðauka Greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit bætist nýr flokkur sem kallast Vítamín og þar undir kemur:  
A-vítamín, E-vítamín 2000/45/EB, Stjtíð. EB L 174, 13.07.2000, bls. 32.

3. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi og er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/45/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/77/EB.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. apríl 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 2002

Nr. 282

762

9. apríl 2002

## REGLUGERÐ

**um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2002.**

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2002.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90'N - 20°30,00'V  | 11. 63°33,60'N - 14°41,70'V |
| 2. 63°11,40'N - 19°07,30'V  | 12. 63°43,40'N - 13°53,00'V |
| 3. 63°07,50'N - 18°38,00'V  | 13. 64°00,00'N - 13°07,00'V |
| 4. 63°09,00'N - 18°27,00'V  | 14. 64°21,70'N - 12°17,30'V |
| 5. 63°07,00'N - 18°02,00'V  | 15. 64°32,30'N - 11°41,00'V |
| 6. 63°12,50'N - 17°00,00'V  | 16. 65°00,00'N - 11°28,00'V |
| 7. 63°20,00'N - 16°03,00'V  | 17. 65°27,00'N - 11°24,00'V |
| 8. 63°22,50'N - 15°51,00'V  | 18. 65°50,00'N - 11°32,00'V |
| 9. 63°26,00'N - 15°29,00'V  | 19. 66°06,00'N - 11°33,00'V |
| 10. 63°30,70'N - 15°00,00'V | 20. 66°15,00'N - 12°00,00'V |

og þaðan í rv. 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

## 4. gr.

Færeysk skip sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

## 5. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

## 6. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

## 7. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

## 8. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

9. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðeftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

10. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

11. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. apríl 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. lokamálsgrein 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthluta 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta sem

gerðir eru út frá sjávarbyggðum, sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarbsbáta, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Að hlutur krókaafلامarbsbáta í viðkomandi byggðarlagi nemi 15% eða meira af því heildaraflamarki í þorskígildum talið, þ.m.t. í loðnu, sem úthlutað hefur verið á fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskiskipa, sem skráð voru á úthlutunardegi í byggðarlaginu.
2. Að þorskaflahámarks- og krókaafلامarbsbátar hafi landað a.m.k. 15% af þeim heildarafla, í þorskígildum talið, sem fiskiskip, sem skráð voru í viðkomandi byggðarlagi á löndunardegi, lönduðu á fiskveiðiárinu 2000/2001.

#### 2. gr.

Hlutur einstakra byggðarlaga, sem til greina koma skv. 1. gr., skal miðast við að heildaraflamark krókaafلامarbsbáta úr hverju byggðarlagi á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla þorskaflahámarks- og krókaafلامarbsbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi.

#### 3. gr.

Sá hlutur sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, skv. 2. gr., skal skiptast milli einstakra krókaafلامarbsbáta, sem skráðir voru í viðkomandi byggðarlagi 21. desember 2001 og eru enn skráðir þar 9. apríl 2002. Skal úthlutun til krókaafلامarbsbáta innan einstaks byggðarlags miðast við að heildaraflamark hvers krókaafلامarbsbáts á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði, að lokinni úthlutun samkvæmt þessari reglugerð, ekki lægra en tiltekið hlutfall af lönduðum afla viðkomandi báts á fiskveiðiárinu 2000/2001 í þorskígildum talið. Við útreikning samkvæmt þessari grein skal aflareynsla fylgja við flutning veiðileyfa milli báta.

#### 4. gr.

Við útreikninga á afla, aflamarki og úthlutun samkvæmt reglugerð þessari skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Afli og aflamark í eftirgreindum tegundum skal ekki reiknast með: þorskur í Barentshafi eða afli fenginn þar, úthafskarfi, rækja á Flæmingjagrunni, síld úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolumni.
2. Ekkert byggðarlag fái meira en 400 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 2. gr.
3. Enginn bátur fái meira en 50 þorskígildistonn í sinn hlut miðað við slægðan fisk skv. 3. gr.
4. Í stað úthlutaðs aflamarks í þorski á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal miðað við óbreyttan þorskafla krókaafلامarbsbáta á fiskveiðiárinu 2000/2001 skv. 2. og 3. gr.
5. Miða skal við almenna úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeilda á fiskveiðiárinu 2001/2002 auk úthlutunar Fiskistofu samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, 7. gr. laga nr. 129/2001 og ákvæði til bráðbirgða XXV og XXVI við lög nr. 38/1990.
6. Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 bæði varðandi úthlutun og landaðan afla.
7. Um afla og aflaúthlutanir skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

#### 5. gr.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta hverjum báti 70% af áætluðum hlut hans. Jafnframt skulu forsendur úthlutunarinnar kynntar útgerðum bátanna og skulu

Þær hafa frest til 29. apríl 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflamarks eigi síðar en 13. maí 2002.

6. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. apríl 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um aðskotaefni í matvælum.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

**Aðgerðarmörk** sýna mesta leyfilegt frávik frá hámarksgildi vegna óvissu í sýnatöku og niðurstöðum rannsókna.

**Aðskotaefni** eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

**Áhættumat** er mat á hættu og byggist það á því hve mikið magn aðskotaefna mælist í matvælum og hugsanlegri neyslu á þeim, eiturefnafræðilegum eiginleikum viðkomandi aðskotaefna svo og niðurbrotshraða og niðurbrotsefnum þeirra.

**Egg** eru einnig eggjavörur svo sem eggjarauður.

**Fiskur og fiskafurðir** eru fiskhold og innfyli af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneldis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

**Hámarksgildi** er mesta magn aðskotaefna sem leyfilegt er í hverri þyngdar- eða lagar- einingu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu. Fyrir varnarefni í ávöxtum og grænmeti skal miða við þann hluta matvælanna sem tilgreindur er í viðauka 7. Fyrir þurrkaðar afurðir og þykkni af öðrum matvælum skal miða við hámarksgildi afurðarinnar í upprunalegu formi. Fyrir aðrar unnar vörur skal taka tillit til þynningar eða annarra breytinga sem geta orðið við vinnslu. Ef ekki eru gefin upp háörk fyrir samsett matvæli skal fara eftir hámarksgildum fyrir viðkomandi hráefni í viðaukum 2-5 en taka mið af hlutföllum hráefna og breytinga sem geta orðið við vinnslu.

**Kjöt og kjötvörur** eru úrbeinað kjöt af þeim dýrum sem almennt eru nýtt til manneldis og vörur unnar úr því.

**Korn og kornvara** er þroskuð fræ af hveiti, rúgi, byggi, höfrum, maís, hýðishrísgrjónum, hirsu, bókhveiti, dúrru, rúghveiti og öðrum korntegundum.

**Mjólk og mjólkurvörur** eru skilgreindar í gildandi reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

**Varnarefni** eru efni sem notuð eru m.a. gegn illgresi, sveppum og meindýrum við framleiðslu eða geymslu matvæla.

**Varnarefnaleifar** eru leifar af varnarefnum og umbrots-, niðurbrots- eða myndefnum þeirra.



## 3. gr.

*Ábyrgð framleiðenda.*

Óheimilt er að framleiða eða dreifa matvælum sem innihalda aðskotaefni umfram hámarksgildi sem fram koma í viðaukum 2-5. Þrátt fyrir ákvæði þetta getur Hollustuvernd ríkisins heimilað dreifingu vörutegunda sem innihalda aðskotaefni allt að aðgerðarmörkum, sbr. viðauka 1.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

## 4. gr.

*Magn varnarefna.*

Þegar hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna eru ekki tilgreind fyrir ákveðna vörutegund í viðaukum 2 og 3, en rannsóknir sýna að efnin finnast í vörutegundinni, er hámarksgildi jafnt hæsta magni sem leyft er fyrir viðkomandi efni.

Þegar gildi í viðauka 2 er sett fyrir tiltekinn flokk matvæla gildir það fyrir allan flokkinn, nema þar sem sérstök gildi eru sett fyrir tilteknar afurðir.

## 5. gr.

*Sýnatökur.*

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna, fyrir mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti, skulu vera í samræmi við viðauka 6. Sýnataka vegna eftirlits með sveppaeitri í matvælum skal framkvæmd í samræmi við ákvæði í viðauka 6. Greining skal framkvæmd með þeirri aðferð sem þar kemur fram eða annarri aðferð sem telst sambærileg.

Aðferðir við sýnatöku og aðra meðhöndlun sýna fyrir aðrar rannsóknir á aðskotaefnum í matvælum skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við viðauka 6, staðla Alþjóðlega staðalskráráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) eða samkvæmt ákvörðun Hollustuverndar ríkisins.

## 6. gr.

*Rannsóknir og meðferð gagna.*

Hollustuvernd ríkisins gerir árlega sýnatökuáætlun sem eftirlitsaðilar skulu fara eftir við sýnatökur á matvælum til mælinga á leifum varnarefna í matvælum. Stofnunin sér um framkvæmd rannsókna á framangreindum sýnum og annast úrvinnslu úr niðurstöðum.

## 7. gr.

*Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

## 8. gr.

*Þvingunarúræði.*

Ef matvæli innihalda aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi reglugerðarinnar skal eftirlitsaðili, að undangengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins um aðgerðir byggðar á áhættumati, grípa til aðgerða á grundvelli XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli.

Hafi eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að tiltekin matvæli innihaldi aðskotaefni umfram leyfileg hámarksgildi skv. 3. og 4. gr., eða sem geti valdið tjóni á heilsu, er honum heimilt að undangengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins um aðgerðir byggðar á áhættumati,

að stöðva afgreiðslu og aðra dreifingu vörunnar. Slíkar ástæður geta t.d. verið vegna fyrri athugana á matvælum frá sama framleiðslustað, sama ræktunarsvæði eða sama vinnsluaðila, eða vegna tilkynninga erlendis frá. Ef innflytjandi, framleiðandi eða dreifingaraðili óskar eftir því að fá að dreifa slíkri vöru, skal Hollustuvernd ríkisins meta hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um heilnæmi hennar. Rannsóknir skulu vera á kostnað þess aðila sem óskar dreifingar vörunnar.

9. gr.

*Samskipti við ESA.*

Fyrir 30. september ár hvert skal Hollustuvernd senda Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sýnatökuáætlun fyrir næsta ár vegna eftirlits með leifum varnarefna í matvælum. Þá skal stofnunin senda ESA niðurstöður eftirlits ársins á undan fyrir 31. ágúst ár hvert.

Fyrir 30. júní ár hvert skal Hollustuvernd ríkisins afla upplýsinga um framkvæmd og niðurstöður eftirlits með nitrati í salati og spínati og einnig um þær aðgerðir sem beitt hefur verið til að draga úr magni nitrats og hvaða reglur gilda um góða framleiðsluhætti í framleiðslu á þessum afurðum. Þá er stofnuninni heimilt að veita tímabundna undanþágu fyrir dreifingu á salati og spínati sem inniheldur nítrat í magni umfram hámarksgildi í viðauka 4, ef tryggt er að góðir framleiðsluhættir eru viðhafðir til að ná fullnægjandi árangri í lækun á magni nitrats.

10. gr.

*Málsmeðferðir og viðurlög.*

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 4. tölul. tilskipun 67/427/EBE, 12. tölul. tilskipun 76/621/EBE, 13. tölul. tilskipun 76/895/EBE, 20. tölul. tilskipun 79/700/EBE, 27. tölul. tilskipun 80/891/EBE, 38. tölul. tilskipun 86/362/EBE, 39. tölul. tilskipun 86/363/EBE, 54. tölul. tilskipun 90/642/EBE, tilskipun 93/57/EBE, tilskipun 93/58/EBE, tilskipun 94/29/EB, tilskipun 94/30/EB, tilskipun 95/38/EB, tilskipun 95/39/EB, tilskipun 95/61/EB, tilskipun 96/32/EB, tilskipun 96/33/EB, tilskipun 97/41/EB, tilskipun 97/71/EB, tilskipun 98/53/EB, tilskipun 98/82/EB, tilskipun 99/71/EB, tilskipun 2000/24/EB, tilskipun 2000/42/EB, tilskipun 2000/48/EB, tilskipun nr. 2000/57/EB, tilskipun nr. 2000/58/EB, tilskipun 2001/22/EB, tilskipun nr. 2000/81/EB, tilskipun nr. 2000/82/EB, tilskipun nr. 2001/35/EB, tilskipun nr. 2001/39/EB, tilskipun 2001/48/EB, tilskipun 2001/57/EB, reglugerð 466/2001/EB, reglugerð 2375/2001/EB, reglugerð 221/2002/EB og tilskipun 2002/5/EB. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 2002.*

**Siv Friðelifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

VIÐAUKI 1  
Aðgerðarmörk fyrir aðskotaefni.

Aðgerðarmörk svara til hámarksgildis að viðbætti óvissu í a.m.k. tveimur mælingum. Óvissa í mælingu skal þó aldrei vera hærri en sem nemur:

$$M * (0,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Þar sem M er leyfilegt hámarksgildi í mg/kg. Aðgerðarmörk hámarksgildisins M verða því:

$$M * (1,02 + 2^{-1/2(4+\log M)})$$

Dæmi um notkun jöfnu fyrir aðgerðarmörk:

<i>Hámarksgildi,</i> <i>mg/kg</i>	<i>Reiknuð aðgerðarmörk,</i> <i>mg/kg</i>
0,01 .....	0,015
0,05 .....	0,071
0,10 .....	0,140
1 .....	1,27
10 .....	12
100 .....	114
200 .....	226
1000 .....	1108
50000 .....	53453

























Mínnafl	Ferðis- tími (eða tími) 0.05*	Þenk- tími (eða tími) 0.01*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ferðis- fjarlægð 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ferðis- fjarlægð 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ferðis- fjarlægð 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*	Ísna- fljóðni 0.05*		
4. Gullfoss	0.05*	0.01*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	
5. Kurlufás (Þingeyri)	0.05*	0.01*	0.05*	0.1	0.05* (f)	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	
6. Þrengingir	0.1*	0.1*	0.5	0.1*	0.1* (f)	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*
7. Hinn íslandi	0.1*	0.1*	0.5	0.1*	0.1* (f)	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*	0.1*
8. Ölfusá	0.05*	1	0.05*	0.1	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)	0.1 (f)
9. Álfakirkja	0.02*	0.02*	0.05*	0.05*	0.05* (f)	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*	0.05*
10. Þrengingir	0.05*	0.01*	0.05*	0.1	0.05* (f)	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*
11. Hinn íslandi	0.05*	0.01*	0.05*	0.1	0.05* (f)	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*
12. Þrengingir	0.05*	0.01*	0.05*	0.1	0.05* (f)	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*
13. Þrengingir	0.05*	0.01*	0.05*	0.1	0.05* (f)	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*	0.1*	0.05*

13. Flásur og fláskótur.





























\* Greiningarmörk efnisins. Gildir fyrir hámarksgildi sem eru sem næst þeim mörkum sem næmni viðkomandi rannsóknaraðferðar hefur. Skýringar A, B og C gilda ekki þar sem hámarksgildi eru stjórnumerkt.

(t) Tímabundið gildi.

- (A) Hámarksgildi af varnarefnum eru miðuð við 4% fitumagn. Þegar rannsakaðar eru vörur með annað fitumagn skal umreikna þær miðuð við 4% fitumagn.
- (B) Hámarksgildi af varnarefnum eru miðuð við 10% fitumagn. Þegar rannsakaðar eru vörur með annað fitumagn skal umreikna þær miðuð við 10% fitumagn.
- (C) Þegar um er að ræða matvæli með 10% fituinnihaldi eða minna við þyngd miðast efnaleifarnar við heildarþyngd úrbeinaðra matvæla. Í slíkum tilvikum er hámarks magnið einn tíundi af gildinum, sem er reiknað á grundvelli fitumagnsins, en má þó ekki vera minna en 0,01 mg/kg.
- (D) Ef fitumagn eggja og eggjavara er hærra en 10% skal reikna hámarksgildi sem mg/kg fitu.
- (E) Hámarksgildi af varnarefnum eru miðuð við 10% fitumagn í þessum vörum. Þegar rannsakaðar eru vörur með annað fitumagn skal umreikna þær miðuð við 10% fitumagn.

## Skýringar við viðauka 2:

- 1) Samanlögð gildi af aldikarb og súlfoxíð og súlfon afleiðum.
- 2) Samanlögð gildi af aldrin og dieldrin.
- 3) Amitraz að meðtöldum öllum afleiðum þess með 2,4-dímetylanilíni, reiknað sem amitraz.
- 4) Samanlögð gildi ísómera.
- 5) Samanlögð gildi af cypermetrin og ísómerum þess.
- 6) Samanlögð gildi af daminozid og UDMH.
- 7) Samanlögð gildi af ísómerum p,p'-DDT, o,p'-DDD, p,p'-DDE og p,p'-TDE (p,p'-DDD).
- 8) Samanlögð gildi af demeton-S-metyl og súlfoxíð og súlfon afleiðum.
- 9) Samanlögð gildi af p,p'-dikofol og o,p'-dikofol.
- 10) Gildir fyrir jákvæða dikvat jón.
- 11) Samanlögð gildi af dísulífo-ton, dísulífo-ton súlfoxíði og dísulífo-ton súlfoni, reiknað sem dísulífo-ton.
- 12) Mælt sem CS<sub>2</sub> (koldísulífið) í matvælum. Til dítikarbobmata teljast: ferbam, mankeb, maneb, nabam, probineb, tiram, zineb og ziram.
- 13) Samanlögð gildi af alfa- og beta- endosúlfan og endosúlfansúlfat.
- 14) Samanlögð gildi af endrin og delta-keto-endrin.
- 15) Samanlögð gildi af etiofenkarb og súlfoxíð og súlfon afleiðum þess, reiknað sem etiofenkarb.
- 16) Samanlögð gildi af fenklórfos og o,o-dimetyl o-2,4,5,-triklórofenyl fosfat.
- 17) Samanlögð gildi trifenyl-tin sambanda.
- 18) Samanlögð gildi af fention, samsvarandi súrefnisafbrigði þess og súlfoxíð og súlfon afleiðum beggja efnanna.
- 19) Samanlögð gildi RR og SS ísómera af fenvalerate og esfenvalerate.
- 20) Samanlögð gildi RS og SR ísómera af fenvalerate og esfenvalerate.
- 21) Samanlögð gildi af flúazifop-butyl og flúazifop ásamt afleiðum þeirra.
- 22) Samanlögð gildi af folpet og kaptan.
- 23) Samanlögð gildi af forat, síru afleiðu þess, ásamt súlfoxíð og súlfon afleiðum þeirra, reiknað sem forat.

- 24) Samanlögð gildi af E og Z ísómerum af fosfamidon og N-desetyl-fosfamidon.
- 25) Samanlögð gildi af fosmet og sýru afleiðu þess.
- 26) Samanlögð gildi af heptaklór og heptaklórepoxíð.
- 27) Samanlögð gildi þeirra efna er samanstanda m.a. af 3,5-díklóránilíni.
- 28) Samanlögð gildi af karbendazim ásamt benomyl og tiofanat-metyl, reiknað sem karbendazim.
- 29) Samanlögð gildi af karbofuran ásamt 3-hýdroxýkarbofuran, reiknað sem karbofuran.
- 30) Samanlögð gildi af cis- og trans-klórdan.
- 31) Samanlögð gildi af E- og Z-ísómerum af klórfenvinfos.
- 32) Samanlögð gildi af kvintozen, pentaklóránilín og metyl-pentaklórfenylsúlfíð.
- 33) Samanlögð gildi af linuron, diuron og naburon og afleiðum þeirra sem innihalda 3,4-díklóránítín-byggingu og reiknað sem 3,4-díklóránílín.
- 34) Samanlögð gildi af malation og malaaxon.
- 35) Samanlögð gildi af metomyl og thiodicarb r.s. metomyl.
- 36) Samanlögð gildi af cis- og trans- ísómerum af mevinfos, þar sem magnið af cis-ísómer má hæst vera 50 af hundraði hámarkgildisins.
- 37) Samanlögð gildi af ortofenylfenól og natríum ortofenylfenólat.
- 38) Gildir fyrir jákvæða parakvat jón.
- 39) Samanlögð gildi af paration og paraaxon.
- 40) Samanlögð gildi af parationmetyl og paraoxonmetyl.
- 41) Samanlagt gildi allra ísómera af permetrín.
- 42) Fyrir fisk er miðað við heildarmagn í fiskinum eins og hann kemur fyrir.
- 43) Prohexadíon og sölt prohexadíons gefið upp sem prohexadíon.
- 44) Samanlögð gildi af pýretrín I og II, cínerín I og II og jasmólín I og II.
- 45) Spíroxamín-karboxýlsýra, gefin upp sem spíroxamín
- 46) Samanlögð gildi af vamidotion og vamidotion súlfoxíð.

## VIÐAUKI 3

**Hámarksgildi þungmálma og annarra aðskotaefna í neysluvörum.**

Aðskotaefni:	Matvæli:	Hámarksgildi mg/kg:
<b>Blý</b>	Barnamatur	0,05
	Egg	0,05
	Niðursoðin kjötvara	0,5
	Innmatur úr villtum dýrum	0,2
	Ávextir niðursoðnir og grænmeti niðursoðið	0,3
	Kartöflur	0,1
	Maltdrykkir og svaladrykkir	0,05
	Salt til matargerðar	2
	Krydd til matargerðar	3
	Mjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á mjólkurvörum og hitameðhöndluð mjólk)	0,02
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur	0,02
	Nautakjöt, kindakjöt, svínakjöt, alifuglakjöt	
	að undanskildum innmat	0,1
	Innmatur úr nautgripum, kindum, svínunum og alifuglum	0,5
	Hold af eftirtöldum fiskum <sup>1</sup> :	
	Rákungur ( <i>Sarda sarda</i> )	
	Smásól ( <i>Dicologlossa cuneata</i> )	
	Áll ( <i>Anguilla anguilla</i> )	
	Blettbarri ( <i>Dicentrarchus punctatus</i> )	
	Hrossamakríll, Brynstirtla ( <i>Trachurus trachurus</i> )	
	Gráröndungur ( <i>Mugil labrosus labrosus</i> )	
	Tvírandaflökkur ( <i>Diplodus vulgaris</i> )	
	Flekkjarýtari ( <i>Pomadasy benneti</i> )	
	Sardínur ( <i>Sardina pilchardus</i> )	
	Aðrar Sardínutegundir ( <i>Sardinops</i> spp.)	
	Túnfisktegundir eða túnfiskar ( <i>Thunnus</i> spp. og <i>Euthynnus</i> spp.)	0,4
	Annar fiskur <sup>2</sup>	0,2
	Krabbadýr ( <i>Crustacea</i> ), dökkt krabbakjöt undanskilið	0,5
	Samlokur ( <i>Bivalve molluscs</i> )	1,0
	Smokkfiskar ( <i>Cephalopoda</i> ) (án innyfla)	1,0
	Korn þ.m.t. bókhveiti, belgjurtir og belgávextir	0,2
	Grænmeti, að undanskildu káli, blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum og afhýddum kartöflum	0,1
	Kál, blaðgrænmeti og ræktaðir sveppir	0,3
	Ávextir að undanskildum berjum og öðrum smáum ávöxtum	0,1
	Ber og aðrir smáir ávextir	0,2
	Fita og olía þ.m.t. mjólkurfita	0,1
	Ávaxtdrykkir, ávaxtaþykkni (tilbúið til neyslu) og ávaxtanektar	0,05
	Vín sem framleidd eru úr ávöxtum af uppskeru frá og með 2001, að undanskildum vínlíkjörum	0,2

1 Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

2 Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

**Díoxín<sup>3</sup>***Hámarksgildi**pg/kg<sup>4</sup>:***Kjöt og kjötvörur úr:**

Jórturdýrum	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>
Alifuglum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>
Svínum	1 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>
Lifur og afurðir úr lifur sláturdýra	6 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>
Fiskhold og fiskafurðir úr því	4 WHO-PCDD/F-TEQ/g ferskvigt eða votvigt <sup>5</sup>

**Mjólk og mjólkurafurðir þ.m.t.**

smjörfita	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>
Hænuegg og eggjafurðir	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5, 6</sup>

**Olía og fita:****Dýrafitu úr:**

Jórturdýrum	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5</sup>
Alifuglum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5</sup>
Svínum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu <sup>5</sup>

**Jurtaolía**0,75 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu<sup>5, 6</sup>**Lýsi til manneldis**2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu<sup>5, 6</sup>**Geislavirk efni***Hámarksgildi**Bq/kg:***Mjólk og barnamatur:**

Plútóníum 239 og americium 241	1
Joð 131 og strontíum 90	100
Cesium 134 og 137	1000
Öll önnur matvæli:	
Plútóníum 239 og americium 241	10
Strontíum 90	100
Joð 131 og cesium 134 og 137	1000

<sup>3</sup> Díoxín (summa af fjöklóruðum díbenzo-para-díoxínnum (PCDD) og fjöklóruðum díbenzofúrónnum (PCDF) gefin út sem eiturjafngildi af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) þar sem stuðst er við eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEF) frá 1997).

<sup>4</sup> Við útreikning á efri mörkum styrks er gert ráð fyrir að öll gildi fyrir mismunandi díoxín-ísómera sem eru undir greiningarmörkum séu jöfn greiningarmörkum.

<sup>5</sup> Fyrsta endurskoðun á þessum hámarksgildum skal fara fram í síðasta lagi fyrir 31. desember 2004 og taka mið af nýjum gögnum um díoxín-lík PCB efni í því augnamiði að setja hámarksgildi fyrir þau. Hámarksgildin skal svo endurskoða aftur í síðasta lagi fyrir 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka þau.

<sup>6</sup> Hámarksgildi eiga ekki við um matvæli sem innihalda minna en 1% fitu.

<i>Aðskotaefni:</i>	<i>Matvæli:</i>	<i>Hámarksgildi mg/kg:</i>
<b>Erukasýra</b> <sup>7</sup>	Matarolíur og steikingarfeiti	5%
<b>Glýkóalkalóíðar</b> <sup>8</sup>	Kartöflur	200
<b>Histamín</b>	Fiskur og fiskmeti	200
<b>Kadmín</b>	Lifur og nýru af villtum dýrum	0,5
	Nautakjöt, kindakjöt, svínakjöt og alifuglakjöt að utanskildum innmat	0,05
	Hrossakjöt	0,2
	Lifur nautgripa, kinda, svína og alifugla	0,5
	Nýru nautgripa, kinda, svína og alifugla	1,0
	Hold af eftirtöldum fiskum <sup>9</sup> :	
	Rákungar ( <i>Sarda sarda</i> ) sjá um blý	
	Smásól ( <i>Dicologlossa cuneata</i> )	
	Álar ( <i>Anguilla anguilla</i> ),	
	Ansjósur ( <i>Engraulis encrasicolus</i> )	
	Þverhausar ( <i>Luvarus imperialis</i> )	
	Hrossamakríll, Brynstirtla ( <i>Trachurus trachurus</i> )	
	Gráröndungar ( <i>Mugil labrosus labrosus</i> )	
	Tvírandaflekkar ( <i>Diplodus vulgaris</i> )	
	Sardínur ( <i>Sardina pilchardus</i> )	
	Sardínutegundir ( <i>Sardinops species</i> )	
	Túnfiskur ( <i>Thunnus species</i> og <i>Euthynnys species</i> )	0,1
	Annar fiskur <sup>10</sup>	0,05
	Krabbakjöt ( <i>Crustacea</i> ) að utanskildu dökku krabbakjöti	0,5
	Rækjur (pillaðar)	0,1
	Samlokur ( <i>Bivalve molluscs</i> )	1,0
	Smokkfiskur (án innyfla)	1,0
	Annar skelfiskur og innmatur úr fiski	0,5
	Korn, að undanskildu hveitiklíði, hveitikími, heilkorni og hrísgrjónum	0,1
	Hveitiklíð, hveitikím, heilkorn og hrísgrjón	0,2
	Sojabaunir	0,2
	Grænmeti og ávextir að undanskildu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum, stilkgrænmeti, rôtargrænmeti og kartöflum	0,05
	Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, hnúðselja og ræktaðir sveppir	0,2
	Stilkgrænmeti, rôtargrænmeti og afhýddar kartöflur að undanskilinni hnúðselju	0,1

<sup>7</sup> Reiknað af heildarmagni fitusýra í feitinni.

<sup>8</sup> Heildarmagn af sólanín glýkósíðum svo sem  $\alpha$ -chakonin og  $\alpha$ -sólanín.

<sup>9</sup> Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

<sup>10</sup> Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.



Aðskotaefni:

Matvæli:

Hámarksgildi

mg/kg:

**Kvikasilfur**

Barnamatur sem inniheldur fisk	0,05
Skötuselir ( <i>Lophius</i> spp.)	
Steinbítur ( <i>Anarhichas lupus</i> )	
Barri ( <i>Dicentrarchus labrax</i> )	
Blálanga ( <i>Molva dipterygia</i> )	
Rákungar ( <i>Sarda</i> spp.)	
Álar ( <i>Anguilla</i> spp.)	
Lúða/flyðra ( <i>Hippoglossus hippoglossus</i> )	
Oddnefir ( <i>Makaira</i> spp.)	
Gedda ( <i>Esox lucius</i> )	
Rákleysingi ( <i>Orcynopsis unicolor</i> )	
Portúgalskur deplaháfur ( <i>Centroscymnes coelolepis</i> )	
Skötur ( <i>Raja</i> spp.)	
Gullkarfi, djúpkarfi, litlikarfi ( <i>Sebastes marinus</i> <i>S. mentella</i> , <i>S. viviparus</i> ),	
Seglfiskur ( <i>Istiophorus platypterus</i> )	
Stinglax (marbendill) ( <i>Lepidopus caudatus</i> , <i>Aphanopus carbo</i> )	
Hákarl (allar tegundir)	
Slöngumakríll ( <i>Lepidocybium flavobrunneum</i> <i>Ruvettus pretiosus</i> , <i>Gempylus serpens</i> )	
Styrjur ( <i>Acipenser</i> spp.)	
Sverðfiskur ( <i>Xiphias gladius</i> )	
Túnfiskar ( <i>Thunnus</i> spp. og <i>Euthynnus</i> spp.)	
Búrfiskur ( <i>Hoplostethus atlanticus</i> )	
Slétthali ( <i>Coryphaenoides rupestris</i> )	1,0
Annar fiskur	0,5
<b>Nítrósamín<sup>11</sup></b>	
Fiskur og fiskvörur	0,007
Kjöt og kjötvörur	0,01
<b>PCB efni<sup>12</sup></b>	
Fiskur og fiskvörur	0,2
Kjöt og kjötvörur	0,02

<sup>11</sup> Heildarmagn rokgjarnra nítrósamína.

<sup>12</sup> Af hámarksgildi PCB efna, mega einstök efni ekki fara yfir neðangreind mörk, miðað við 10% fitu í matvæluunum. Sjá enn fremur skýringar við viðauka 2.

2, 4, 4' -tríklórbífenyl(28)	0,06 mg/kg
2, 2', 5, 5' -tetraklórbífenyl(52)	0,01 mg/kg
2, 2', 4, 5, 5' -pentaclórbífenyl(101)	0,02 mg/kg
2, 3', 4, 4', 5 -pentaclórbífenyl(118)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5' -hexaklórbífenyl(138)	0,02 mg/kg
2, 2', 4, 4', 5, 5' -hexaklórbífenyl(153)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5, 5' -heptaklórbífenyl(180)	0,02 mg/kg
Aðrir PCB - ísómerar	0,06 mg/kg.

<i>Aðskotaefni:</i>	<i>Matvæli:</i>	<i>Hámarksgildi mg/kg:</i>
<b>PSP toksín</b>	Skelfiskur	0,8
<b>Patulín</b>	Öll matvæli	0.05
<b>Tetraklóretýlen</b>	Öll matvæli	0,1
<b>Tin</b>	Barnamatur	50
	Drykkir	50
	Öll önnur matvæli	150

**3-mónóklór-  
propan-1,  
2-díol (3-MCPD)**

Vatnsrofin jurtaþrótein (HVP)	0,02
Sojasósa <sup>13</sup>	0,02

VIÐAUKI 4  
Hámarksgildi fyrir níturat í matjurtum.

Matvæli	Uppskerutími	Hámarksgildi (mg/kg) <sup>14</sup>
Spínat (ferskt) <sup>15</sup> ( <i>Spinacia oleracea</i> )	1. nóv.-31. mars 1. apríl-31. okt.	3000 2500
Salat (ferskt)	1. okt.-31. mars 1. apríl-30. sept. <sup>16</sup> 1. maí-31. ágúst <sup>16, 17</sup>	4500 3500 2500
Spínat (fryst, hraðfryst eða meðhöndlað á annan hátt til að hafa áhrif á geymsluþol)	1. jan.-31. des.	2000

<sup>13</sup> Hámarksgildi er gefið fyrir fljótandi vörur sem innihalda 40% þurrefni og jafngildir hámarkinu 0.05 mg/kg í þurrefni. Hámarkið verður að aðlaga hlutfallslega að þurrefnisinnihaldi vörunnar.

<sup>14</sup> Hámarksgildi reiknað sem NO<sub>3</sub> og gildir ekki um barnamat.

<sup>15</sup> Hámarksgildi eiga ekki við ferskt spínat sem ætlað er til vinnslu og er flutt í stórum einingum beint á vinnslustað.

<sup>16</sup> Ef ræktunaraðferðar er ekki getið á umbúðum skal miðað við hámarksgildi fyrir salat ræktað utan gróðurhúsa.

<sup>17</sup> Gildir fyrir salat sem ræktað er utan gróðurhúsa.

## VIÐAUKI 5

## Hámarksgildi fyrir aflatoksín í matvælum.

Matvæli <sup>18</sup>	Hámarksgildi <sup>19</sup> (µg/kg)		
	B <sub>1</sub>	B <sub>1</sub> + B <sub>2</sub> + G <sub>1</sub> + G <sub>2</sub>	M <sub>1</sub>
<b>1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir</b>			
1.1 Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og vörur unnar úr þeim, ætlaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	2 <sup>20, 21</sup>	4 <sup>20, 21</sup>	-
1.2 Jarðhnetur sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	8 <sup>20</sup>	15 <sup>20</sup>	-
1.3 Hnetur og þurrkaðir ávextir sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	5 <sup>20</sup>	10 <sup>20</sup>	-
<b>2. Korn</b> (þ.m.t. bókhveiti, <i>Fagopyrum</i> sp.)			
2.1 Korn og vörur unnar úr því, ætlað til manneldis eða sem hráefni í matvæli þ.m.t. bókhveiti, ( <i>Fagopyrum</i> sp.)	2	4	-
2.2 Korn sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en það er notað til manneldis eða sem hráefni í matvæli þ.m.t. bókhveiti, ( <i>Fagopyrum</i> sp.)	2	4	-
<b>3. Fljótandi mjólkurafurðir</b>	-	-	0,05
<b>4. Önnur matvæli</b>	-	5	-

<sup>18</sup> Um matvælin í þessari töflu gildir að bannað er:

- Að blanda saman vörum sem uppfylla kröfur um hámarksgildi og vörum sem ekki uppfylla þær kröfur, sem og að blanda saman vörum sem eiga að gangast undir flokkun eða hreinsun við vörur sem ætlaðar eru beint til manneldis eða sem hráefni í matvörur.
- Að nota vörur sem fara yfir hámarksgildi sem gefin eru í liðum 1.1, 2.1 og 3 sem hráefni í matvörur.
- Að fjarlægja eiturefni með efnafræðilegri meðhöndlun.

<sup>19</sup> Gildir ekki um barnamat.

<sup>20</sup> Hámarksgildin eiga við um æta hlutann af jarðhnetum, hnetum og þurrkuðum ávöxtum. Ef hnetur eru mældar með skel er gert ráð fyrir að aflatoksínið komi úr æta hlutanum.

<sup>21</sup> Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir sem ekki uppfylla skilyrði í lið 1.1 og kornmeti sem ekki uppfyllir skilyrði í lið 2.1, má setja á markað ef:

- a) Þessar vörur:
  - Eru ekki ætlaðar beint til manneldis eða sem hráefni í matvörur.
  - Uppfylla hámarksgildi sem fram koma í lið 1.2 fyrir jarðhnetur, í lið 1.3 fyrir hnetur og þurrkaða ávexti og í lið 2.2 fyrir korn.
  - Fara í gegnum flokkun eða hreinsun og að því loknu uppfylli vörurnar skilyrði í liðum 1.1 og 2.1. Meðferðin má ekki skilja eftir sig önnur skaðleg aðskotaefni.
- b) Á vörurni er greinileg merking sem segir að varan skuli gangast undir flokkun eða hreinsun til að minnka aflatoksíninnihald áður en hún er notuð til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

## VIÐAUKI 6

## A-hluti

**Leiðbeiningar um töku og meðhöndlun sýna.**

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa í og á ávöxtum og grænmeti, auk opinbers eftirlits með hámarki aflatoksíns, blýs, kadmíns, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum, skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum. Loka- og rannsóknarsýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

**Skilgreiningar***Framleiðslueining*

Sanngreinanlegt magn vöru sem hefur einsleit einkenni, t.d. varðandi meðhöndlun og uppruna. Framleiðslueining getur verið merkt með númeri framleiðanda, pökkunaraðila eða dreifingaraðila og þessar merkingar einkenna framleiðslueininguna. Sé um fisk að ræða ætti að taka þannig sýni að fiskar séu af svipaðri stærð.

*Framleiðsluhluti*

Tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.

*Hlutasýni*

Magn sýnis tekið á einum stað úr ákveðnum framleiðsluhluta eða framleiðslueiningu.

*Safnsýni*

Sameinuð hlutasýni sem tekin hafa verið úr sömu framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

*Lokasýni*

Safnsýni eða marktækt sýni af því.

*Rannsóknarsýni*

Sýni ætlað til rannsókna á rannsóknastofu. Dæmigerður skammtur tekinn af lokasýni.

**Almenn ákvæði***Efni til sýnatöku*

Taka skal sýni úr hverri framleiðslueiningu sem rannsaka á fyrir sig. Ef um stórar framleiðslueiningar fyrir jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn er að ræða skal samkvæmt sérákvæðum í töflu 6 skipta þeim í framleiðsluhluta og skal taka sýni úr hverjum þeirra fyrir sig.

*Varúðarráðstafanir*

Gera þarf varúðarráðstafanir þegar rannsóknarsýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem myndu hafa slæm áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera rannsóknarsýnin þannig að þau verði ekki dæmigerð.

*Hlutasýni*

Hlutasýni skulu tekin á eins ólíkum stöðum á víð og dreif um framleiðslueininguna eins og mögulegt er. Sé ekki farið eftir þessari aðferð skal það skrásett ásamt öðrum upplýsingum um sýni. Ekki skal nota til sýnatöku vörur sem eru skemmdar að einhverju eða öllu leyti. Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka þarf er gefinn upp í töflum í B-, C- og D-hluta þessa viðauka eftir því sem við á. Sýni skulu vera eins lík að stærð og mögulegt er.

Þegar um er að ræða vörur í fljótandi formi er nægilegt að taka eitt hlutasýni til greiningar í hverri framleiðslueiningu sem safnsýni. Vísa verður til framleiðslueiningarinnar. Vörur í fljótandi formi sem innihalda vatnsrofin jurtaþrótein (HVP) eða sojasósur þarf að hrista mjög vel eða gera einsleitar með öðrum hætti, áður en hlutasýni er tekið.

**B-hluti****Sýnatökuaðferðir fyrir mælingar á varnarefnaleifum í grænmeti og ávöxtum.***Undirbúningur safnsýna*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum.

*Undirbúningur lokasýna*

Safnsýnin má nota eins og þau koma fyrir sem lokasýni. Ef safnsýni er of stórt má undirbúa lokasýnið úr því með viðeigandi minnkunaraðferð. Með þessari aðferð má þó ekki skera niður einstaka ávexti eða grænmeti.

*Undirbúningur rannsóknarsýna*

Undirbúa skal eins mörg rannsóknarsýni og krafist er samkvæmt innlendum reglum. Hvert rannsóknarsýni af sveppum og kryddjurtum skal veга a.m.k. 0,5 kg. Hvert rannsóknarsýni af öðrum ávöxtum og grænmeti skal veга a.m.k. 1 kg og samanstanda af a.m.k. 10 einstökum stykkjum af ávöxtum eða grænmeti. Ef 10 einstakir ávextir eða grænmetistegundir veга samtals meira en 5 kg má rannsóknarsýnið samanstanda af einungis 5 stykkjum. Hvert rannsóknarsýni af öðrum matvælum skal veга a.m.k. 1 kg.

*Þökkun og flutningur á rannsóknarsýnum*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

**Tafla 1.****Lágmarksfjöldi hlutasýna fyrir mælingar á varnarefnaleifum í grænmeti og ávöxtum.**

<b>Þyngd framleiðslueiningar (kg)</b>	<b>Lágmarksfjöldi hlutasýna</b>
<50	3
50-100	5
>100	10

**Tafla 2.**

**Lágmarksfjöldi hlutasýna fyrir mælingar á leifum varnarefna í grænmeti og ávöxtum í þeim tilfellum þar sem ekki er unnt að meta þyngd framleiðslueiningar nógu nákvæmlega.**

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	5
>100	10

**C-hluti**

**Sýnatökur vegna mælinga á blýi, kadmíni, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.**

*Undirbúningur safnsýna*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin.

Þegar sýni eru tekin af samlokum (*Bivalve mollusc*), krabbadýrum (*Crusacea*) og smáfiskum sem venjulega eru borðaðir heilir skal taka innfyli með.

*Samhliða sýni*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknarsýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur. Algennt er að eftirlitsaðili taki þrjú sýni: eitt skilið eftir hjá framleiðanda/innflutningsaðila o.s.frv.; eitt geymt hjá eftirlitsaðilanum; eitt sent til rannsóknastofu/mælinga. Þannig er hagsmunum allra aðila málsins gætt.

*Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

**Tafla 3.**

**Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu til mælingar á blýi, kadmíni, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.**

Þyngd framleiðslueiningar (kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-500	5
>500	10

**Tafla 4.**  
**Fjöldi hlutasýna sem mynda safnsýni ef framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.**

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	Um 5%, a.m.k. 2 einingar
>100	Um 5%, mest 10 einingar

Rannsaaka skal tvö sýni og reikna meðaltal. Ef meðaltal er undir hámarksgildum er framleiðslueiningin í lagi. Ef meðaltal fer yfir hámarksgildi er framleiðslueiningin ekki ásættanleg.

### D-hluti

#### Sýnatökur fyrir mælingar á aflatoksíni í matvælum.

#### 1. Almenn

##### *Undirbúningur safnsýna*

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Að lokinni blöndun skal skipta safnsýninu í nokkur jafnstór undirsýni eins og lýst er hér að neðan.

##### *Samhliða sýni*

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

##### *Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum*

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

##### *Mismunandi framleiðslueiningar*

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Styðjast skal við eftirfarandi formúlu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} = \frac{\text{Þyngd}^{22} \text{ framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

<sup>22</sup> Þyngd í kg.

Sýnatökutíðni: n-ti hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

#### *Þyngd hlutasýnis*

Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í kafla um sýnatökuaðferðir hér að neðan. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

#### *Fjöldi hlutasýna í framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn*

Fjöldi hlutasýna, sem taka á, er kominn undir þyngd framleiðslueiningarinnar, skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Styðjast má við tölurnar í töflunni hér fyrir neðan við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka ber.

**Tafla 5.**

**Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.**

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
> 0,2 - ≤ 0,5	20
> 0,5 - ≤ 1,0	30
> 1,0 - ≤ 2,0	40
> 2,0 - ≤ 5,0	60
> 5,0 - ≤ 10,0	80
> 10,0 - ≤ 15,0	100

#### **1.1. Jarðhnetur, hnetur, þurrkaðir ávextir og korn.**

**Tafla 6.**

**Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.**

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fíkjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15	15-30 tonn	100	30
	< 15	—	10-100 <sup>23</sup>	≤ 30
Jarðhnetur, pistasúhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500	100 tonn	100	30
	> 125 og < 500	5 framleiðsluhlutar	100	30
	≥ 15 og ≤ 125	25 tonn	100	30
	< 15	—	10-100 <sup>23</sup>	≤ 30

<sup>23</sup> Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar.



## 1.2. Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur, þurrkaðar fíkjur og korn þar sem framleiðslueiningar eru $\geq 50$ tonn.

### *Sýnatökuaðferð*

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 6. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkuðum annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða

fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

## 60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

## 62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Áshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. apríl 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.**

## 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stöð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Tímagjald kr. 6.200

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfsemi, skv. eftirlitsáætlun:

	kr.		kr.
1. flokkur	7.500	11. flokkur	100.000
2. flokkur	15.000	12. flokkur	110.000
3. flokkur	20.000	13. flokkur	120.000
4. flokkur	25.000	14. flokkur	130.000
5. flokkur	30.000	15. flokkur	140.000
6. flokkur	40.000	16. flokkur	170.000
7. flokkur	50.000	17. flokkur	190.000
8. flokkur	60.000	18. flokkur	210.000
9. flokkur	80.000	19. flokkur	220.000
10. flokkur	90.000	20. flokkur	240.000

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

## 3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
Starfsleyfisgjald ásamt starfsleyfisskilyrðum 1,5 tímagjald  
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks  
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,  
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

## 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

## 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

## 6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtir jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

## 7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

## 8. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

## 9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 215/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 26. apríl 2002.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Elsa Ingjaldsdóttir** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Svinabú < 2000 stæði	4. fl.	Mjólkurbú og ostagerð	19. fl.
Svinabú > 2000 stæði	8. fl.	Mjólkurbú	14. fl.
Alifuglarækt < 40.000 stæði	4. fl.	Ostagerð	12. fl.
Alifuglarækt > 40.000 stæði	8. fl.	Ísgerð	11. fl.
Loðdýrabú	4. fl.	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni	
Hundahótel	2. fl.	< 300 tonn á dag	2. fl.
Kattahótel	2. fl.	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	6. fl.
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	6. fl.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	6. fl.
Malar- og sandnám; vikurnám	2. fl.	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1. fl.
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	2. fl.	Brauðverksmiðjur	17. fl.
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	1. fl.	Bakarí, lítið	4. fl.
Saltvinnsla	1. fl.	Bakarí, miðlungs	7. fl.
Sláturhús < 50 t/dag	1. fl.	Bakarí, stórt	12. fl.
Sláturhús > 50 t/dag	1. fl.	Kexverksmiðjur	11. fl.
Kjötvinnsla, alifuglakjöts	5. fl.	Kökugerð, lítil	4. fl.
Kjötvinnsla, lítil	7. fl.	Kökugerð, miðlungs	6. fl.
Kjötvinnsla, miðlungs	10. fl.	Kökugerð, stór	7. fl.
Kjötvinnsla, stór	7. fl.	Súkkulaði- og sælgætisgerð	8. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	6. fl.	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	4. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	11. fl.	Te- og kaffiframleiðsla	4. fl.
Kjötvinnsla með reykingu, stór	17. fl.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	2. fl.
Kjötpökkunarstöð	7. fl.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	6. fl.
Saltfiskverkun	13. fl.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	7. fl.
Heitloftspurrkun fiskafurða	18. fl.	Framleiðsla mjólkurdufts	8. fl.
Harðfiskverkun	11. fl.	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	7. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	5. fl.	Bjórgerð	8. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4. fl.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	7. fl.
Vinnsla á ferskum fiski, stór	5. fl.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	8. fl.
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	6. fl.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	15. fl.
Fiskmjölvinnsla	7. fl.	Trésmíðaverkstæði með lökkun	2. fl.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu lítil	7. fl.	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2. fl.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu, miðlungs	7. fl.	Ullarþvottastöðvar	9. fl.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu, stór	12. fl.	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1. fl.
Önnur ótalin fiskvinnsla	5. fl.	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	10. fl.
Kartöfluvinnsla – pökkun	3. fl.	Leðurvinnsla	2. fl.
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	6. fl.	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré	
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	9. fl.	o.þ.h.	8. fl.
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	6. fl.	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	1. fl.
Sultu- og ávaxtagrautargerð	6. fl.	Prentun dagblaða	8. fl.
Salatgerð	6. fl.	Offsett- og hæðarprentun	5. fl.
Lauksteikingarverksmiðjur	5. fl.	Sáldprentun	5. fl.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	6. fl.	Prentiðnaður, lítill	3. fl.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	6. fl.	Prentiðnaður, miðlungs	3. fl.
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	9. fl.	Prentiðnaður, stór	7. fl.
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	5. fl.	Prentiðnaður með framköllun	3. fl.
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	5. fl.	Prentsmíð	3. fl.
Kaldhreinsun lýsis	4. fl.	Framleiðsla á iðnaðargasi	2. fl.
Smjörlíkisgerð	4. fl.	Garðauðun	3. fl.
	6. fl.	Málningarverksmiðjur	10. fl.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Lyfjagerð	2. fl.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	4. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	5. fl.
Snyrtivöruframleiðsla	2. fl.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	7. fl.
Gúmmívinnsla	2. fl.	Heildverslun með sykurlaði og sælgæti	6. fl.
Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti	4. fl.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	4. fl.
Plastiðnaður	6. fl.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	5. fl.
Framleiðsla á umbúðaplasti	4. fl.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	7. fl.
Framleiðsla á glerplötum	1. fl.	Heildverslun með hreingerningarefni	9. fl.
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	2. fl.	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	9. fl.
Framleiðsla glerlíta	1. fl.	Heildverslun með snyrtivöru	9. fl.
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m <sup>3</sup>	4. fl.	Heildverslun með eitrefni og hættuleg efni	3. fl.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3. fl.	Niðurrif bifreiða	2. fl.
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	5. fl.	Móttaka brotamálms	15. fl.
Steinsmíði	1. fl.	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	2. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	3. fl.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	20. fl.
Málmsteypa < 20 tonn á dag	13. fl.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	11. fl.
Meðferð og húðun málma	3. fl.	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	5. fl.
Blikksmíði	2. fl.	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	6. fl.
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	2. fl.	Matvöruverslun með vinnslu, stór	12. fl.
Skrúfufframleiðsla, renniverkstæði	2. fl.	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	4. fl.
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	4. fl.	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	4. fl.
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	3. fl.	Matvöruverslun án vinnslu, stór	9. fl.
Rafvéilverkstæði	2. fl.	Söluturnar án óvarinna matvæla	2. fl.
Stálsmíði og stálskipagerð	6. fl.	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	2. fl.
Viðhald, niðurrif skipa og flotkvírar	6. fl.	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	5. fl.
Húsgagnaiðnaður með lökkun	1. fl.	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	6. fl.
Endurvinnsla úrgangs	3. fl.	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	5. fl.
Spennistöðvar, litlar	2. fl.	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	6. fl.
Spennistöðvar, aðal	5. fl.	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	7. fl.
Spennaviðgerðir	5. fl.	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	4. fl.
Vatnsveitur 5001 - 10000 íbúa	20. fl.	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	5. fl.
Vatnsveitur 1001 - 5000 íbúa	15. fl.	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	6. fl.
Vatnsveitur 501 - 1000 íbúa	13. fl.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	4. fl.
Vatnsveitur 150 - 500 íbúa	5. fl.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	5. fl.
Vatnsveitur < 150 íbúa	2. fl.	Smásala á brauði, kökum og sætingasölu	6. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði lítið	2. fl.	Áfengisverslun	3. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	2. fl.	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	6. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	3. fl.	Apótek, stór	3. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.	Snyrtivöruverslun	1. fl.
Smurstöðvar	3. fl.	Byggingavöruverslanir, stórar	9. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	2. fl.	Byggingavöruverslanir, litlar	4. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	3. fl.	Járnvöruverslanir	4. fl.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	4. fl.	Málningar- og veggfóðurverslun	4. fl.
Bifreiðasprautun	1. fl.	Málningavöruverslanir	3. fl.
Bifreiðaréttingar	2. fl.	Gæluþræverslun	1. fl.
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	2. fl.	Véla- og tækjasölu	4. fl.
Bifreiðavaraahlutaverslanir, lítið af efnavöru	3. fl.	Varahlutaverslanir ekki bíla	4. fl.
Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efnavöru	4. fl.	Smásala efna í flokkum X, A og B	4. fl.
Bílapartasölu	4. fl.	Sala eitrefna og hættulegra efna	8. fl.
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	4. fl.		
Bensínstöðvar án matvöru	5. fl.		
Bensínstöðvar með matvöru	7. fl.		
Bensínstöðvar með veitingasölu	9. fl.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Smásala með notaða muni í verslunum Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið	4. fl.	Gasbirgðastöðvar með < 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	2. fl.
Hótel með veitingasölu, lítið	4. fl.	Vöruflutningamiðstöðvar	2. fl.
Hótel með veitingasölu, miðlungs	5. fl.	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	8. fl.
Hótel með veitingasölu, stórt	10. fl.	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	5. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimgisting)	12. fl.	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	3. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	3. fl.	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	3. fl.
Gistiheimili án veitingasölu, stórt	5. fl.	Ljósmyndastofur með framköllun	3. fl.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, heilsársnotkun	6. fl.	Fangelsi, lítið	6. fl.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, sumarnotkun	7. fl.	Fangelsi, miðlungs	7. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	3. fl.	Fangelsi, stórt	14. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	1. fl.	Æfingasvæði slökkviliðs	1. fl.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	2. fl.	Grunnskólar án mótuneytis	3. fl.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	5. fl.	Grunnskólar með móttökueldhúsi	7. fl.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	6. fl.	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhús m/veitingum	2. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám án mótuneytis	3. fl.
Matsölustaðir, litlir	7. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með móttökueldhúsi	6. fl.
Matsölustaðir, miðlungs	5. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Matsölustaðir, stórir	6. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám án mótuneytis	3. fl.
Skyndibitastaðir, litlir	10. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	6. fl.
Skyndibitastaðir, miðlungs	5. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Skyndibitastaðir, stórir	7. fl.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – verknám í matvælavinnslu	8. fl.
Matsöluvagnar	8. fl.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	3. fl.
Brauðstofur	5. fl.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	6. fl.
Skemmtistaðir með matsölu	6. fl.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Skemmtistaðir án matsölu	9. fl.	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	1. fl.
Kaffihús, smurt brauð	2. fl.	Tónlistarskólar	2. fl.
Krár, kaffihús með matsölu	5. fl.	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	1. fl.
Krár, kaffihús án matsölu	7. fl.	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	3. fl.
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	4. fl.	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	6. fl.
Samkomusalir með móttökueldhúsi	2. fl.	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	9. fl.
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	3. fl.	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	3. fl.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	7. fl.	Endurhæfing	2. fl.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	5. fl.	Endurhæfing með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stór	12. fl.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	6. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	3. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	7. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	7. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	2. fl.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	7. fl.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	5. fl.	Vistheimili, lítil	3. fl.
Sala á tilbúnum mat, lítil	6. fl.	Áfengismeðferð	3. fl.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	5. fl.		
Sala á tilbúnum mat, stór	6. fl.		
Bið- og endastöðvar áætlanarþjónusta	10. fl.		
Biðstöðvar leigubifreiða	1. fl.		
Vörugeymslur, litlar	1. fl.		
Vörugeymslur, miðlungs	2. fl.		
Vörugeymslur, stórar	2. fl.		
Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.		
Kæli- og frystigeymslur	5. fl.		
Gasbirgðastöðvar með > 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	1. fl.		
	3. fl.		
	5. fl.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Heilsugæslustöðvar	3. fl.	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun	
Læknastofur	1. fl.	á seyru og ristarúrgangi	2. fl.
Læknahús með aðgerðarstofum	3. fl.	Sorpflytningar og sorphirða	5. fl.
Tannlæknastofur	3. fl.	Sorpförgun, flokkun og vinnsla	10. fl.
Tannsmíðar	2. fl.	Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana	4. fl.
Sjúkraþjálfun	2. fl.	Kirkjur	1. fl.
Rannsóknarstofur í læknisfræði	2. fl.	Kvikmyndahús	3. fl.
Röntgenstofur	2. fl.	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	1. fl.
Fótaaðgerðarstofur	2. fl.	Leikhús með móttökueldhúsi	3. fl.
Kírópraktor	1. fl.	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	6. fl.
Yogastofur, heilun o.fl.	1. fl.	Dansskólar	1. fl.
Húðflúrstofur	4. fl.	Húsdýragarðar	4. fl.
Húðgötun	4. fl.	Sundstaðir, litlir	6. fl.
Dýralæknastofur án röntgen	2. fl.	Sundstaðir, miðlungs	13. fl.
Dýralæknastofur með röntgen	2. fl.	Sundstaðir, stórir	16. fl.
Dýraspítalar	3. fl.	Íþróttahús, lítil	2. fl.
Heimili fyrir börn og unglínga	2. fl.	Íþróttahús, miðlungs	3. fl.
Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	5. fl.	Íþróttahús, stór	6. fl.
Dvalaheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	3. fl.	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggt	16. fl.
Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	6. fl.	Íþróttavellir	1. fl.
Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimilis-eldhús		Skíðaskálar, skíðasvæði	4. fl.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	2. fl.	Hestahald, tamingar, stóðhestahús	3. fl.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	4. fl.	Skotvellir	2. fl.
Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	4. fl.	Þvottahús og efnalaugar	3. fl.
Dagmómmur með > 6 börn	5. fl.	Þvottahús	2. fl.
Leikskólar með móttökueldhúsi	1. fl.	Efnalaugar	3. fl.
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1. fl.	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	2. fl.
Gæsluvellir	5. fl.	Hárgreiðslu- og rakarastofur	2. fl.
Skóladagheimili, fullbúið eldhús	7. fl.	Snyrtistofur	2. fl.
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	2. fl.	Baðhús	2. fl.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	4. fl.	Líkbrennslur	1. fl.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	3. fl.	Líkamsræktarstöðvar, litlar	2. fl.
Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe	5. fl.	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	5. fl.
Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2000		Líkamsræktarstöðvar, stórar	5. fl.
Aðrar skólphreinsistöðvar	7. fl.	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	5. fl.
Gámastöð	2. fl.	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	6. fl.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	9. fl.	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	6. fl.
	5. fl.	Sólbaðstofur án heitra potta	2. fl.
	4. fl.	Sólbaðstofur með heitum pottum	5. fl.
	4. fl.	Nuddstofur	2. fl.

## GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum



settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Tímagjald	kr. 6.040
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 5.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

## 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	hálf títímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu

hálf títímagjald

## 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

## 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlit

inu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samnngi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærr er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 301/2001 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

*Borgarnesi, 10. apríl 2002.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Helgi Helgason.**

## VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	Gjöld kr.	Atvinnugreinar	Gjöld kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	4.900	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	29.200
Alifuglarækt < 40.000 stæði	22.700	Garðauðun	4.500
Apótek	9.100	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.900
Áfengis meðferð	12.100	Gámastöð	10.600
Áfengisverslun	9.100	Grunnskólar án mótuneytis	12.100
Áhaldahús sveitarfélags	9.800	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	30.700
Bakarí, miðlungs	27.700	Gæsluvellir	9.100
Bensínstöðvar	21.100	Harðfiskverkun	16.600
Bensínstöðvar með matvöru	51.300	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	12.100
Bensínstöðvar með veitingasölu	68.400	Hárgreiðslustofur	10.600
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	12.800	Heilsugæslustöðvar	5.300
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	15.900	Heimili fyrir börn og unglinga	10.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	4.900	Heitloftspurrkun fiskafurða	19.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.300	Hestahald (hesthúsahverfi)	6.000
Blikksmíði	4.500	Hótel með veitingasölu, lítið	22.700
Bón- og bílaþvottur, handvirk	7.600	Hótel með veitingasölu, miðlungs	51.300
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	14.300	Hótel með veitingasölu, stórt	62.400
Byggingavörverslanir, litlar	11.300	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	25.700
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	9.800	Hundahótel	4.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	12.800	Íþróttahús, lítil	10.600
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	31.700	Íþróttahús, miðlungs	13.600
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	22.700	Íþróttavellir	4.900
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	32.200	Járnvörverslanir	11.300
Dýralæknastofur án röntgen	4.200	Kattahótel	3.800
Efnalaugar	12.100	Kirkjur	3.400
Fangelsi, lítið	6.000	Krár, kaffihús með matsölu	21.100
Fangelsi, miðlungs	12.800	Kvikmyndahús	11.300
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	9.800	Kökugerð, lítil	16.600
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	32.200	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá, lítil	27.700
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	24.200	Land- og kvíaelði	25.700
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	12.100	Leikskólar með fullbúið eldhús	26.100
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	19.600	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	10.600
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	22.700	Líkamsræktarstöðvar, stórar	11.300
Fótaaðgerðarstofur	9.100	Ljósmyndastofur með framköllun	9.800
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	11.300	Loðdýrabú	22.700
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	8.300	Læknastofur	4.500
Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	28.700	Malar- og sandnám; vikurnám	5.300
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	22.700	Matsölustaðir, litlir	30.200
Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.500	Matsölustaðir, miðlungs	41.200
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	12.800	Matvörverslun án vinnslu, miðlungs	23.100
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	29.200	Matvörverslun með vinnslu, lítil	30.700
		Matvörverslun með vinnslu, miðlungs	40.200
		Málningarvörverslanir	11.300
		Meðferð og húðun málma	14.300
		Mjólkurbú og ostagerð	156.800
		Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	24.200
		Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	11.300
		Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	18.100
		Nuddstofur	10.600
		Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	16.600
		Plastiðnaður	12.100

Atvinnugreinar	Gjöld kr.	Atvinnugreinar	Gjöld kr.
Prentiðnaður með framköllum	12.800	Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	28.700
Prentiðnaður, lítið	5.700	Svínarækt > 2.000 stæði alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur	45.300
Rafvélaverkstæði	4.500	Söluturnar með óvarin matvæla, litlir	16.600
Salatgerð	29.600	Tannlæknastofur	4.500
Saltfiskverkun	16.600	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	4.900
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	27.200	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	9.800
Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli	12.800	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	11.300
Sjúkraþjálfun	4.500	Tónlistarskólar	5.300
Skemmtistaðir með matsölu	24.200	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	5.300
Skíðaskálar, skíðasvæði	6.000	Trésmíðaverkstæði með lökkun	12.100
Skotvellir	11.300	Vatnsveitur <1.000 íbúa	10.000
Skyndibitastaðir, litlir	24.900	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	40.000
Sláturhús < 50 t/dag	51.300	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	60.000
Smurstöðvar	15.900	Vatnsveitur, einka	7.400
Snyrtistofur	10.600	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.900
Snyrtivöruslun	10.600	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	16.600
Sorpflutningar og sorphirða	6.800	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	22.700
Sólbaðstofur án heitra potta	10.600	Vinnsla á ferskum fiski, stór	28.700
Spennistöðvar	3.800	Vinnsla með plast- og frauðefni	12.100
Stálsmíði og stálskipagerð	22.700	Vistheimili	12.100
Sultu- og ávaxtagroutargerð	29.600	Vöruflutningamiðstöðvar	14.300
Sundstaðir, litlir	41.100	Yogastofur, heilun o.fl.	9.100
Sundstaðir, miðlungs	63.200	Þvottahús og efnalaugar	10.600
Súkkulaði- og sælgætisgerð	18.600		

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Kjarvalsstofu.

#### 1. gr.

##### *Stofnendur.*

Áskell Heiðar Ásgeirsson, kt. 290473-4039, Arngrímur Viðar Ásgeirsson, kt. 150768-4979, Kolbrún Kjarval, kt. 130145-3299, Jóhannes Sveinsson Kjarval, kt. 260643-3639 og Borgarfjarðarhreppur, kt. 480169-6549, stofna hér með sjálfseignarstofnunina *Kjarvalsstofu*. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan árs frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar teljast einnig til stofnenda. Heimili og varnarþing er á Borgarfirði eystri. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

#### 2. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Kjarvalsstofu skv. sérstökum samningum, þar sem það á við. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 570.000 sem óskerðanlegur höfuðstóll. Stofnfé skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stofnt skal að því að stofnfé verði kr. 2.000.000.

## 3. gr.

*Tilgangur og starfsemi.*

Tilgangur Kjarvalsstofu er að:

- Efla rannsóknir á og fræðslu um ævi og list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals listmálara.
- Efla rannsóknir á og fræðslu um byggðasögu Borgarfjarðar eystri, Víkna og Loðmundarfjarðar.
- Efla rannsóknir á og fræðslu um þjóðsögur frá Borgarfirði eystri.
- Stuðla að eflingu ferðapjónustu og menningarlífs á Borgarfirði eystri.

Til að ná þessum markmiðum mun Kjarvalsstofa setja á stofn *Kjarvalsstofu* á Borgarfirði eystri. Kjarvalsstofa skal vera samsett úr sögusýningum og sýningum á listaverkum Jóhannesar Kjarvals.

Viðfangsefni sögusýninganna skal einkum vera eftirfarandi:

1. Lífshlaup og list Jóhannesar Kjarvals.
2. Saga byggðar á Borgarfirði eystri, Víkum og Loðmundarfirði, með sérstakri áherslu á 19. og 20. öld.
3. Þjóðsögur frá Borgarfirði eystri og nágrenni, einkum sögur af álfum og huldufólki og öðrum vættum.

## 4. gr.

*Stjórn.*

Stjórn Kjarvalsstofu skal skipuð þremur mönnum. Stjórnina skipa þeir Áskell Heiðar Ásgeirsson, eða fulltrúi tilnefndur af honum, Arngrímur Viðar Ásgeirsson, eða fulltrúi tilnefndur af honum og fulltrúi Borgarfjarðarhrepps sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tilnefni. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn nema þeir aðilar sem tilnefna þá ákveði annað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmanna krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórn sé fullskipuð. Það sem gerist á fundum stjórnar skal færa til bókar.

## 5. gr.

*Starfssvið stjórnar.*

Stjórn Kjarvalsstofu fer með æðsta vald hennar, mótar stefnu og starfstilhögun hennar, vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr., setur henni starfsreglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

## 6. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn Kjarvalsstofu ræður framkvæmdastjóra Kjarvalsstofu, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórinn vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. grein, svo og því sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni.

Framkvæmdastjóri skal halda stofnaðilum Kjarvalsstofu vel upplýstum um starfsemi hennar.

Framkvæmdastjóri skal fyrir lok febrúar hvers árs leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Kjarvalsstofu til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.

- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.
- Fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir yfirstandandi starfsár.

## 7. gr.

*Aðalfundur.*

Aðalfund Kjarvalsstofu skal halda eigi síðar en 15. mars ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga allir stofnendur Kjarvalsstofu.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fram til kynningar eftirfarandi mál:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.
- Fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir yfirstandandi starfsár.

## 8. gr.

*Reikningshald.*

Reikningsár Kjarvalsstofu er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 145/1994 og nr. 144/1994 eftir því sem við á.

## 9. gr.

*Fjáröflun.*

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

## 10. gr.

*Ráðstöfun eigna.*

Stjórn stofnunarinnar má ráðstafa tekjum og eignum hennar til Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri og til málefna sem tengjast megingilgangi hennar sbr. 3. gr.

Fasteignir stofunnar má ekki selja eða veðsetja nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

## 11. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

## 12. gr.

*Slit stofnunarinnar.*

Kjarvalsstofu verður aðeins slitið með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir slitunum.

Verði starfsemi Kjarvalsstofu hætt og hún lögð niður skal eigum hennar varið til eflingar atvinnulífi og fræðastörfum á Borgarfirði eystri.

## 13. gr.

*Breytingar á formi stofnunarinnar.*

Stjórn stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að henni sé heimilt að stunda rekstur skv. lögum nr. 33/1999 og að gera nauðsynlegar breytingar á stofn-skrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga.

14. gr.  
*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. apríl 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi við Furuás 8.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Furuás 8 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að vesturmörkum byggingarreits lóðarinnar Furuáss nr. 8 og að þakkantur fer út fyrir byggingarreit til suðurs og norðurs. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Hraunás 7.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Hraunás 7 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að suðurmörkum byggingarreits lóðarinnar Hraunáss 7. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Bakkaföt 6.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Bakkaföt 6 í Garðabæ. Breytingin felst í því að viðauka er bætt við skipulagsskilmála varðandi leyfilega hæð þaks að Bakkaföt 6. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Myanmar, Tælandi og Víetnam.

#### 1. gr.

Af heilbrigðisráðgjafi er bannað að flytja inn rækju frá Myanmar sem nota á til manneldis.

#### 2. gr.

Af heilbrigðisráðgjafi er bannað að flytja inn rækju frá Tælandi sem nota á til manneldis.

#### 3. gr.

Af heilbrigðisráðgjafi er bannað að flytja inn rækju frá Víetnam sem nota á til manneldis.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. apríl 2002.*

F. h. r.

**Snorri Rúnar Pálmason.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hafnarsvæðis 5, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. apríl 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hafnarsvæðis 5, Búðahreppi, dagsetta 22. febrúar 2002. Gerðar breytingar felast m.a. í stækkun lóðar nr. 1 ásamt stækkun byggingareits auk kvaða. Hafnargata færist lítillega að hluta.

Uppdráttur og skilmálar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 14. október 1997.

*Fáskrúðsfirði, 19. apríl 2002.*

F.h. Búðahrepps,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.



## AUGLÝSING

### um tillögu að deiliskipulagi „Vellir 1. áfangi íbúðarhverfis“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2002 tillögu að deiliskipulagi „Vellir 1. áfangi íbúðarhverfis“

Farið var með tillögunna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 29. apríl 2002.*

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar.

##### 1. gr.

##### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Skagafjarðar er skipuð níu sveitarstjórnarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. einnig 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil.*

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Verkefni sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins, vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin með lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúana sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 4. gr.

##### *Önnur verkefni.*

Meðal verkefna sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og

stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.

2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og helstu starfsmenn sveitarfélagsins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga og V. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um störf sveitarstjórnar og málefni sveitarfélagsins, svo sem með útgáfu fréttabréfs og bæklinga og almennum borgarafundum. Þá skulu íbúar eiga þess kost að gerast áskrifendur að fundargerðum sveitarstjórnar gegn hæfilegu gjaldi.

Fundargerðir sveitarstjórnar, nefnda og ráða skulu færðar á heimasíðu sveitarfélagsins að loknum fundi.

## II. KAFLI

### Um fundarsköp sveitarstjórnar.

5. gr.

#### *Fundartími sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði ef mál eru fyrir hendi. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Skal byggðarráð hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða sveitarstjóra um slíka afgreiðslu, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og forseta sveitarstjórnar og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

6. gr.

#### *Fyrsti fundur nýkjörinnar sveitarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórninni kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr. Sá sem kveðja skal sveitarstjórn saman til fyrsta fundar getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar.

7. gr.

#### *Boðun sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri, sbr. þó 6. gr. samþykktar þessarar, boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki ákveðið það. Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir.

Dagskrá sveitarstjórnafunda skal vera aðgengileg, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins, auglýsingatöflum á þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu, skrifstofu sveitarfélagsins á afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

## 8. gr.

*Dagskrá sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta sveitarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

## 9. gr.

*Hæfi sveitarstjórnarfulltrúa.*

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfs á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um framkvæmdastjóra sveitarfélags.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 10. gr.

*Útsending fundarboða.*

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund hafa sent sveitarstjórnarfulltrúum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

## 11. gr.

*Boðun aukafunda.*

Sveitarstjóri skal boða til aukafundar í sveitarstjórn með dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

## 12. gr.

*Kosning forseta og varaforseta sveitarstjórnar.*

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórninni setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns forseti sveitarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta fulltrúa í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn forseti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti sveitarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgreinar hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan forseta.

Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja og forsetakjör fara fram á ný.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 13. gr.

*Kosning skrifara.*

Sveitarstjórn kýs tvo skrifara og tvo til vara úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

## 14. gr.

*Fundarstaður.*

Sveitarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingar- og skipulagsreglugerða um aðgang fatlaðs fólks. Ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt skal sveitarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á sveitarstjórnarfund.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Til laga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 15. gr.

*Lögmæti sveitarstjórnarfundar.*

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa er á fundi.

Sveitarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 16. gr.

Forseti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og

stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti skal kveðja til varaforseta vilji hann taka þátt í almennum umræðum.

Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að utanaðkomandi aðilar fái að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar sveitarstjórnar.

#### 17. gr.

##### *Afgreiðsla dagskrármála á fundi.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema forseti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dag-skrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

#### 18. gr.

##### *Afgreiðsla mála, tvær umræður.*

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikning sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætl-anir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 19. gr.

##### *Fundarsókn, varamenn.*

Sveitarstjórnarfulltrúa er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast í burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir. Að öðru leyti vísast til 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarfulltrúi.

Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundum.

#### 20. gr.

##### *Fundarsköp, málfrelsi.*

Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarfulltrúi sem vill taka til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

21. gr.

*Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi vill beina fyrirspurn til sveitarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu væri að ræða, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má sveitarstjórnarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi forseta.

22. gr.

*Fundarsköp, vítur á sveitarstjórnarfulltrúa.*

Beri sveitarstjórnarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

23. gr.

*Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

24. gr.

*Fundarsköp, meðferð tillagna.*

Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

25. gr.

*Fundarsköp, afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til

afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 26. gr.

*Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði fyrstur við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er sveitarstjórnarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.

## 27. gr.

*Fundarsköp, úrslit atkvæðagreiðslu.*

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og forsetakjör.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar.

## 28. gr.

*Fundarritun, fundargerð.*

Fundargerðir sveitarstjórnarfunda skal rita í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að ráða sér fundarritara.

Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar.

Sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók sveitarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 14. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Sveitarstjórnarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í sveitarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir sveitarstjórnarfulltrúar undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

##### 29. gr.

###### *Fundarseta.*

Sveitarstjórnarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lög-mæt forföll hamli, sbr. 19. gr. samþykktar þessarar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi er skyldur að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í byggðarráði eða öðrum nefndum á vegum sveitarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 30. gr.

###### *Hagsmunir sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórnarfulltrúa ber að gegna sveitarstjórnarfulltrúastörfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 31. gr.

###### *Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.*

Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er samkvæmt lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

##### 32. gr.

###### *Aðgangur að upplýsingum.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal eiga aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

##### 33. gr.

###### *Þagnarskylda.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.



## 34. gr.

*Lausn úr sveitarstjórn.*

Nú telur sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Verði sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 35. gr.

*Þóknun.*

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn setur reglur skv. 1. mgr. ásamt reglum um ferðakostnað innan sveitarfélagsins fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmenn.

## 36. gr.

*Orlof og fundartími.*

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 5. gr. samþykktar þessarar.

## 37. gr.

*Fjarvera vegna veikinda, varamenn.*

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast um stundarsakir.

## 38. gr.

*Varamenn.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna eiga einnig við um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn.

## IV. KAFLI

**Byggðarráð, aðrar nefndir og stjórnir.**

## 39. gr.

*Kosning í nefndir, ráð og stjórnir.*

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 40. gr.

*Kosning í byggðarráð.*

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð.

Sveitarstjóri á sæti í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarfulltrúi og kjörinn í byggðarráð.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúum flokks/framboðsaðila sem sæti á í sveitarstjórn kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

## 41. gr.

*Fundartími byggðarráðs.*

Byggðarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 42. gr.

*Undirbúningur og boðun byggðarráðsfunda.*

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra forföll og boðar hann þá varamann hans á fund.

## 43. gr.

*Kosning formanns og varaformanns byggðarráðs.*

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann og varaformann byggðarráðs. Formaður skal valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðs.

## 44. gr.

*Byggðarráð.*

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórnsmála sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhags- áætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda, ráða og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráðið um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir, ásamt ársreikningum stofnana sveitarfélagsins, lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórn- arlög mæla fyrir um.

Formaður byggðarráðs tekur ákvörðun um hvaða mál frá nefndum þurfi umfjöllunar við í byggðarráði áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Í sumarleyfi sveitarstjórnar er byggðarráði þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, sbr. 5. gr., enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þó ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmaður óskar þess.

Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar. Heimilt er að bóka afgreiðslur viðkvæmra mála í sérstaka trúnaðarbók.

45. gr.

*Starfsmenn á fundi byggðarráðs.*

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

46. gr.

*Boðun fyrsta fundar.*

Sveitarstjóri boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema ákvörðun sveitarstjórnar eða lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

Heimilt er þó að boða til fundar með styttri fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til. Fundir skulu að jafnaði boðaðir með dagskrá.

47. gr.

*Fundarseta.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá er tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

48. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

49. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

50. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn.

## 51. gr.

*Fundargerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundurinn er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

## 52. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Fundargerðir sem innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og sveitarstjórnar eru lagðar fram til kynningar.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórna sem hefur í för með sér aukin útgjöld eða tekjur umfram áður veittar heimildir skal ætíð lögð fyrir byggðarráð og síðan sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## 53. gr.

*Nefndir, ráð og stjórnir. Tilnefningar og kosningar.*

Sveitarstjórn kýs í eftirtalдар nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní á hvert:

1. Forseti sveitarstjórnar skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. Fyrsti varaforseti sveitarstjórnar.
3. Annar varaforseti sveitarstjórnar.
4. Tveir skrifarar sveitarstjórnar og jafnmargir til vara úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa.
5. *Byggðarráð.* Þrjú aðalfulltrúa úr sveitarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, hefur á hendi alla fjármálalega umsýslu og ber ábyrgð á stjórnarsýslu og áætlanagerð sveitarfélagsins.

B. **Fastanefndir kosnar til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Skoðunarmenn skulu þó kosnir á fyrsta fundi skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

1. *Fjölskyldu- og þjónusturáð.* Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í ráðið úr hópi nefndarmanna í þeim þremur nefndum sem undir ráðið heyra. Hlutverk ráðsins er að samræma og hafa yfirsýn yfir þá málaflokka sem tilheyra sviðinu og auka faglega og fjárhagslega ábyrgð deilda, starfsmanna og nefnda er undir ráðið heyra.
  - 1.1. *Fræðslu- og menningarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1997, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996, auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Nefndin fer og með málefni bókasafna samkvæmt lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997, málefni skjalasafna samkvæmt lögum nr. 66/1985 og verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989. Nefndin fer með málefni félagsheimila og almennt með menningarmál í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

- 1.2. *Félags- og tómstundanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, málefni félagsþjónustu eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, málefni fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992 og öldrunarmál samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál, vinnumál og heilbrigðismál. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur félagsmálastjóra sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
- 1.3. *Barnaverndarnefnd.* Nefndin skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn Skagafjarðar kýs fjóra en hreppsnefnd Akrahrepps kýs einn fulltrúa skv. D-lið þessarar greinar. Verkefni barnaverndarnefndar eru samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
2. *Umhverfis- og tækniráð.* Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í ráðið úr hópi nefndarmanna í þeim þremur nefndum sem undir það heyra. Hlutverk ráðsins er að samræma og hafa yfirsýn yfir þá málaflokka sem tilheyra sviðinu og auka faglega og fjárhagslega ábyrgð deilda, stofnana og nefnda er undir ráðið heyra. Ráðið hefur yfirumsjón með málefnum sem varða náttúruverndarlög nr. 93/1996 og heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- 2.1. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um afgreiðslur byggingarfulltrúa sem ekki þurfa staðfestingu nefndarinnar. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
- 2.2. *Landbúnaðarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Verkefni nefndarinnar eru m.a. að sjá um framkvæmd laga um búfjárhald nr. 46/1991 og hafa yfirumsjón með fjallskilamálum í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar Skagafjarðarsýslu nr. 488/1998. Undir starfs svið nefndarinnar falla lög um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin hefur umsjón með eyðingu refa og minka samkvæmt lögum nr. 4/1994. Nefndin hefur umsjón með þeim jarðeignum sveitarfélagsins sem nýttar eru til landbúnaðar. Nefndin gerir tillögu um kosningu í Skarðsárnefnd samkvæmt samningi þar um. Einnig hefur nefndin eftirlit með girðingum skv. VII. kafla vegalaga nr. 45/1994. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfum.
- 2.3. *Samgöngunefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Skulu þeir allir vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Nefndin fer með hafnamál samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Kjörstjórnir.*
- 3.1. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
- 3.2. *Undirkjörstjórnir.* Kosid er í undirkjörstjórnir fyrir kjördeildir á Hofsósi, Hólum, Sauðárkróki, í Skagaseli, Fljótum, á Steinsstöðum, í Varmahlíð og á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórn hversrar deildar. Fundargerðir fastanefnda skal afgreiða á fundum sveitarstjórnar.

Fundargerðir ráða fara til umfjöllunar og afgreiðslu í byggðarráði.

**C. Ráðgefandi nefndir kosnar til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Kjör þeirra er ekki bundið við fulltrúa í sveitarstjórn. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í atvinnu- og ferðamálum. Nefndin skal og sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.
2. *Starfsnefnd um umhverfisáætlun.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Kjör þeirra er ekki bundið við fulltrúa í sveitarstjórn. Meginhlutverk nefndarinnar er gerð umhverfisáætlunar fyrir sveitarfélagið, Staðardagskrá 21. Nefndin er auk þess eftirlits- og umsagnaraðili um ýmis þau málefni sem sveitarstjórn felur henni samkvæmt erindisbréfi.

Fundargerðir ráðgefandi nefnda skulu fara til afgreiðslu í byggðarráði.

**D. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára.**

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.
2. *Árþing SSNV.* Tíu aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt SSNV frá 6. maí 1998.
3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Stjórn Sparisjóðs Hólahrepps.* Tveir fulltrúar.
5. Kosnir fulltrúar á aðal- og hluthafafundi Húseigna Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna.
6. *Húsnaðissamvinnufélag Skagafjarðar.* Einn fulltrúi og annar til vara.
7. *Kjaranefnd.* Tveir fulltrúar.
8. *Starfskjaranefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.
9. *Starfsmenntunarsjóður.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt kjarasamningi frá 1. maí 1992.
10. *Almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.
11. *Stjórn Dvalarheimilis á Sauða.* Tveir fulltrúar.
12. *Þjónustuhópur aldraðra.* Tveir fulltrúar.
13. *Úttektarmenn.* Tveir úttektarmenn og tveir til vara.
14. *Stjórn Hestamiðstöðvar Íslands.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
15. *Fulltrúaráð Hestamiðstöðvar Íslands.* Einn fulltrúi.
16. *Framkvæmdastjórn Byggðasögu.* Einn aðalmaður og annar til vara.
17. *Utanfararsjóður sjúkra í Skagafirði.* Þrjú fulltrúar.
18. *Stjórn Minningarsjóðs Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
19. *Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur.* Tveir fulltrúar.
20. *Stjórn Skógræktarsjóðs Skagfirðinga.* Þrjú fulltrúar.
21. *Samstarfsnefnd með Akrahreppi.* Tveir fulltrúar.
22. *Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
23. *Stjórn Menningarseturs Skagafjarðar í Varmahlíð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
24. *Samvinnunefnd svæðisskipulags miðhálandis Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara.
25. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
26. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara (sjá 4. tölul. B-liðar).

Nefndir samkvæmt tölul. 21–26 eru sameiginlegar fyrir Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð í samræmi við samkomulag við Akrahrepp um hvernig að kosningum skuli staðið.

Fundargerðir framantalinna nefnda, þ.e. í D-lið, að barnaverndarnefnd undanskilinni, skulu fara til umfjöllunar og afgreiðslu í byggðarráði.

54. gr.

*Nefndir er vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum.*

Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni þeirra er lokið. Í slíkum nefndum skal ætíð sitja minnst einn aðal- eða varafulltrúi í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

**Um framkvæmdastjóra og starfslið sveitarfélagsins.**

55. gr.

*Ráðning sveitarstjóra.*

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

56. gr.

*Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og æðsti yfirmaður starfsliðs þess, fyrirtækja og stofnana. Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda skv. 7. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum byggðarráðs/ sveitarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur eða aðrar skuldbindingar sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórn ákveður hver skuli gegna störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

57. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Sveitarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og sviða sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum, að fengnum tillögum frá viðkomandi nefndum eftir því sem við getur átt.

Yfirmenn sviða og stofnana, í samráði við sveitarstjóra, ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 1. mgr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

Um starfskjör, réttindi og skyldur fastráðinna starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

## VI. KAFLI

## Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

*Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja sveitarfélagsins og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn, sbr. 18. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga sveitarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Fjárhagsáætlunin skal vera rammaáætlun. Sveitarstjórn setur reglur um vinnslu og framkvæmd fjárhagsáætlana.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

59. gr.

*Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

*Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu í sveitarstjórn, enda hafi breytingartillögur verið sendar sveitarstjórnarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

61. gr.

*Þriggja ára áætlun.*

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlunir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

*Miklar fjárfestingar.*

Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingar og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs



er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verk tíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

63. gr.

*Skil fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar.*

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

64. gr.

*Afgreiðsla ársreikninga.*

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu fyrir lok aprílmánaðar. Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningi skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

## VII. KAFLI

### **Afbrigði og breytingar á samþykkt.**

65. gr.

*Afbrigði frá samþykkt.*

Afbrigði frá samþykkt þessari getur sveitarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til ef meirihluti sveitarstjórnarmanna samþykkir það.

66. gr.

*Breytingar á samþykkt.*

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í sveitarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fundarskóp sveitarstjórnar, nr. 467/1998.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2002

2. maí 2002

1041

Nr. 345

## GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands á hvert hross: kr. 924

Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili á hvert hross: kr. 2.289

Gjald fyrir vallaraðstöðu á hvert hross: kr. 1.000

Gjald vegna reksturs tækja á hvert hross: kr. 221

Hér er um hámarksgjöld að ræða en einstök búnaðarsambönd geta ákveðið lægri gjaldtöku.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1999 nr. 491/1999.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. maí 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

6. maí 2002

Nr. 346

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 3. mgr. 3. gr. komi: 31. maí.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.**

## 1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 31. maí.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í norsk-íslenskri síld.**

## 1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til úthlutunar aflahlutdeildar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum, hvort sem er innan eða utan íslenskrar lögsögu.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum heimilt að veiða 132.080 lestir af síld og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 2. gr.

## 2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal úthlutað aflahlutdeild í síld og skal hún reiknuð í hlutfalli við aflareynslu þeirra við veiðar á norsk-íslenskri síld á almanaksárunum 1994-2001, að báðum árum meðtöldum. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum skal það skip er í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, er síð-

asta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú aflahlutdeild skuli skráð.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta 80% af leyfilegum heildarafla, sbr. 2. mgr. 1. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 15. maí 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflahlutdeilda og aflamarks eigi síðar en 24. maí 2002.

3. gr.

Um veiðar á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerða um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum og um veiðiefirlit á samningsvæði NEAFC.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

29. apríl 2002

Nr. 349

## AUGLÝSING

**um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverka-sveitum sem hafa aðsetur í Afganistan, sbr. og ályktanir öryggisráðsins nr. 1388 (2002) og 1390 (2002) um ástandið í Afganistan.**

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og íðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.

2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að

veita ráðgjöf, tækniástoð eða aðra fyrirgreiðslu án tillits til þess hvort gagngjald komi fyrir eða ekki í tengslum við herþjálfun, hernaðaraðstoð eða annars konar starfsemi sem ætla má að hafi hernaðarlegan tilgang á svæðum þeim í Afganistan sem lúta stjórn talibana.

3. Óheimilt er að nota loftför og skip skrásett á Íslandi til að flytja vörur sem um getur í 1. tl. til svæða í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Að sama skapi er óheimilt að flytja slíkar vörur um íslenskt yfirráðasvæði.

4. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, þar með talið afhendingu fjár og fjárverðmæta, úttektir, millifærslu sem og viðskipti með hvers konar fjárhagsleg verðmæti eða ígildi þeirra til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa, umbodsmanna þeirra eða einstaklinga sem starfa með einhverjum hætti á þeirra vegum og að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa fái slíkar greiðslur í hendur eða geti nýtt þær með öðrum hætti.

5. Þeim einstaklingum sem nefndir eru í viðauka við auglýsingu þessa er enn fremur óheimilt að dvelja hér á landi eða hafa hér viðkomu.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 776/2001 frá 15. október 2001.

*Utánríkisráðuneytinu, 29. apríl 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

## VIÐAUKI

### I. Liðsmenn Talibana í Afganistan:

#### *Einstaklingar:*

1. Mullah Mohammad Rabbani, forseti stjórnarráðs, formaður ráðherraráðs;
2. Mullah Hadji Mohammad Hassan, fyrsti varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Kandahar;
3. Maulavi Abdul Kabir, annar varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Nangahar, yfirmaður Austursvæðis;
4. Mullah Mohammed Omar, trúarleiðtogi (Ámir ul Mumineen), Afganistan;
5. Mullah Mohammad Tahre Anwari, stjórnarsýslufulltrúi;
6. Maulawi Sayyed Haqqan, ráðherra stjórnarsýslumála;
7. Maulavi Abdul Latif Mansur, landbúnaðaráðherra;
8. Mullah Shams-ur-Rahman, varalandbúnaðarráðherra;
9. Maulavi Attiqullah Akhund, varalandbúnaðarráðherra;
10. Maulavi Abdul Ghafoor, varalandbúnaðarráðherra;
11. Akhtar Mohammad Mansour, flugmála- og samgönguráðherra;
12. Hadji Tahis, varaflugmálaráðherra;

13. Mullah Mohammad Naim, varaflugmálaráðherra;
14. Hidayatullah Abu Turab, varaflugmálaráðherra;
15. Mullah Yar Mohammad Rahimi, samgönguráðherra;
16. Mullah Haji Alla Dad Tayeb, varasamgönguráðherra;
17. Maulavi Abdul Razaq, viðskiptaráðherra;
18. Maulavi Faiz Mohammad Faizan, varaviðskiptaráðherra;
19. Maulavi Nik Mohammad, varaviðskiptaráðherra;
20. Mullah Matiullah, tollafulltrúi, Kabul;
21. Maulavi Dadullah Akhund, ráðherra byggingamála;
22. Mullah Hadji Ubaidullah Akhund, varnarmálaráðherra;
23. Mullah Fazel M. Mazloom, staðgengill yfirmanns herráðs;
24. Mullah Baradar, varavarnarmálaráðherra;
25. Mullah Abdul Rauf, yfirmaður miðherja;
26. Mullah Amir Khan Motaqi, menntamálaráðherra;
27. Mullah Mohammad Nasim Hanafi, varamenntamálaráðherra;
28. Maulavi S. Ahmed Shahidkhel, varamenntamálaráðherra;
29. Mullah Abdul Wasay Aghajan Motasem, fjármálaráðherra;
30. Mullah Arefullah Aref, varafjármálaráðherra;
31. Mullah Haji M. Ahmadi, stjórnarformaður Da Afghanistan Bank;
32. Abdul Wakil Mutawakil, utanríkisráðherra;
33. Abdul Rahman Zahed, varautanríkisráðherra;
34. Mullah Abdul Jalil, varautanríkisráðherra;
35. Dr. Abdul Satar Paktis, protokolldeild utanríkisráðuneytisins;
36. Maulavi Faiz, upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins;
37. Shams-us-Safa Aminzai, fjölmiðlamiðstöð utanríkisráðuneytisins;
38. Maulavi Abdul Baqi, ræðismáladeild utanríkisráðuneytisins;
39. M. Jawaz Waziri, deild utanríkisráðuneytisins fyrir málefni Sameinuðu þjóðanna;
40. Maulavi Djallalouddine Haqani, landamæraráðherra;
41. Maulavi Abdul Hakim Monib, varalandamæraráðherra;
42. Alhaj M. Ibrahim Omari, varalandamæraráðherra;
43. Qari Din Mohammad, framhaldsmenntunarráðherra;
44. Maulavi Hamidullah Nomani, háttsettur embættismaður í framhaldsmenntunarráðuneyti;
45. Zabihullah Hamidi, varaframhaldsmenntunarráðherra;
46. Maulavi Arsalan Rahmani, varaframhaldsmenntunarráðherra;
47. Maulavi Qudratullah Jamal, upplýsingamálaráðherra;
48. Mullah Abdul Baqi, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
49. Maulavi Abdul Rahman Ahmad Hottak, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
50. Maulavi Rahimullah Zurmati, varaupplýsinga- (útgáfu-) og menningarmálaráðherra;
51. Abdulhai Motmaen, upplýsinga- og menningarmálaskrifstofa, Kandahar;
52. Maulavi Mohammad Yaqoub, yfirmaður BIA;
53. Mullah Abdul Razaq, innanríkisráðherra;
54. Mullah Abdul Samad Khaksar, varainnanríkis(öryggis)ráðherra;
55. Mohammad Sharif, varainnanríkisráðherra;
56. Maulavi Noor Jalal, varainnanríkisráðherra (rekstur);
57. Maulavi Saed M. Azim Agha, vegabréfa- og vegabréfsáritanadeild;
58. Mullah Nooruddin Turabi, dómsmálaráðherra;
59. Maulavi Jalaluddine Shinwari, varadómsmálaráðherra;
60. Alhaj Mullah Mohammad Essa Akhund, námu- og iðnaðarmálaráðherra;
61. Maulavi Sayeedur Rahman Haqani, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
62. Mullah Abdul Salam Zaief, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;

63. Maulavi Mohammad Azam Elmi, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
64. Qari Din Mohammad Hanif, skipulagsmálaráðherra;
65. Maulavi Ezatullah, varaskipulagsmálaráðherra;
66. Maulavi M. Musa Hottak, varaskipulagsmálaráðherra;
67. Mullah Mohammad Abbas Akhund, heilbrigðisráðherra;
68. Sher Abbas Stanekzai, varaheilbrigðisráðherra;
69. Maulavi Mohammadullah Mati, ráðherra opinberra framkvæmda;
70. Maulavi Rostam Nuristani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
71. Hadji Molla Atiqullah, vararáðherra opinberra framkvæmda;
72. Maulavi Najibullah Haqqani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
73. Maulavi Sayyed Ghiassouddine Agha, ráðherra pílagríma- og trúmála;
74. Maulavi Moslim Haqqani, vararáðherra pílagríma- og trúmála;
75. Maulavi Qalamudin Momand, vararáðherra pílagrímamála;
76. Maulavi Abdul Raqib Takhari, ráðherra mála er varða endurkomu til Afganistan;
77. Ramatullah Wahidyar, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
78. Mohammad Sediq Akhundzada, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
79. Maulavi Mohammad Wali, ráðherra glæpa- og siðferðismála;
80. Maulavi Mohammad Salim Haqqani, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Umferð vörubifreiða, sendibifreiða, fólksflutningabifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágur frá reglum 2. mgr., ef talið er að slíkt leiði ekki til slysaþattu, ónæðis og/eða óþæginda fyrir íbúa.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu, en eigi má hindra för ökutækis að óþörfu.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslur bæjarins bifreiðar og önnur skráningarskyld tæki, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna

skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni, ef hann er þekktur, um flutninginn og bera þessir aðilar kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

Allur akstur vélknúinna torfærutækja, svo sem fjórhjóla, er bannaður í landi bæjarins, en bæjarstjórn getur heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum.

#### 11. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarins skulu gæta þess, að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Allan óþrifnað, sem valdið er af þessum sökum, er farmflytjanda skylt að hreinsa upp þegar í stað.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er veldur óþrifnaði er bönnuð í bæjarlandinu nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra eða starfsstöð, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er óheimilt í bæjarlandinu, þ.m.t. fjörur, nema með samþykki bæjaryfirvalda.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, vinnuvéla og annarra ökutækja ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

#### 12. gr.

Lausaganga búfénaðar í umdæmi bæjarins er bönnuð og búfénað má ekki reka lausan um götur bæjarins.

#### 13. gr.

Hundahald er bannað í bæjarfélaginu að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Sá er leyfi hefur til hundahalds skal sjá til þess að hundur valdi eigi ónæði með spangóli eða gelti, að hann gangi aldrei laus á almannafæri og gæta fullkomins hreinlætis í meðferð hans og meðal annars fjarlægja hundaskít.

Nánari reglur og skilyrði eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Reykjanesbæ, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, sem nú gildir um hundahald í bæjarfélaginu, eða skv. gildandi samþykktum á hverjum tíma.

#### 14. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

#### 15. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri, eða nafni þar sem það á við, og sjá um viðhald og endurnýjun þess, ef á þarf að halda. Ef þess er kostur skal

velja húsnúmeri stað á viðkomandi fasteign þar sem það sést frá þeirri götu, sem hún stendur við.

## 16. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

## 17. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða og annað þessu skylt má selja á almannafæri.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu/farandsölu á torgum og öðrum stöðum. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða leyfisgjald, sem rennur í bæjarsjóð, með sérstakri gjaldskrá.

## 18. gr.

Opnunartími veitingastaða, verslana, annarra þjónustufyrirtækja og heimsendingarþjónustu er frjáls, að því marki sem heimilt er í lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim s.s reglum um leyfi til áfengisveitinga, en bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 19. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu skal sjá svo um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 20. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi sem tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en 4 ára og bundið við nafn leyfishafa. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða leyfisgjald, sem rennur í bæjarsjóð, með sérstakri gjaldskrá. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn, með 3 mánaða fyrirvara, afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal jafnan hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá, sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir.

Enginn má reka knattborð, spilakassa, tölvuspil, leiktæki eða skylda starfsemi gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega. Í leyfi skal kveðið á um aðgang ungmenna að starfsstöð leyfishafa.

## 21. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, ákveður gjald fyrir leyfið sem rennur

í bæjarsjóð, og getur takmarkað leyfi við ákveðinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði er þurfa þykir.

## 22. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt samkvæmt lögreglusamþykktinni eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

## 23. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama á við um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 24. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjanesbæ frá 29. september 1995.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Jón Þór Ólason.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í sveitarfélaginu Árborg.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg, annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

## 2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

## 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorplát sem bæjarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi, skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

## 4. gr.

Bæjarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

## 5. gr.

Öll förgun úrgangs er starfsleyfisskyld í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgangi eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

## II. KAFLI

**Sorphirðugjöld.**

## 6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

## 7. gr.

Bæjarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

## 9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið á fundi heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 26. febrúar 2002, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld frá sama tíma samþykkt nr. 157/1983 um sorphreinsun á Selfossi.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á viðauka 3.

Hámarksgildi þungmálma og annarra aðskotaefna í neysluvörum. Hámarksgildi fyrir díoxín skal vera pg/g.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af II. viðauka, XII. kafla EES samningsins (tilskipun 91/321/EEC og 96/4/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUR

**um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun  
við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.**

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 18.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:



1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að iðjuþjálfun (2 ein.)	15%
Líffærafræði I (3 ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 18 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. apríl 2002.

*Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2002.*

**Porsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson*  
varaforseti háskólaráðs.

## REGLUR

### um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. námsárs í iðjubjálfun við heilbrigðiseild Háskólans á Akureyri.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjubjálfun við heilbrigðiseild miðast við grunntöluna 18 nemendur.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. apríl 2002.

*Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2002.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson*  
*varaforseti háskólaráðs.*

## REGLUR

### um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðiseild Háskólans á Akureyri.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðiseild, miðast við grunntöluna 32.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skípa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðiseildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmíssisris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormíssisri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 32 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormíssisri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormíssisris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormíssisri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. apríl 2002.

*Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2002.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson*  
*varaforseti háskólaráðs.*

## REGLUR

### **um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám á vormíssisri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.**

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormíssisri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 32 nemendur.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 30. apríl 2002.

*Háskólanum á Akureyri, 30. apríl 2002.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

*Hermann Óskarsson*  
*varaforseti háskólaráðs.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund í Garðabæ, lóð fyrir minjaskála. Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir minjaskála er lengdur um 5 metra til suðausturs og nýtingarhlutfall hækkar. Áður samþykkt deiliskipulag af lóðinni fellur úr gildi. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

### fyrir Búðahrepp.

1. gr.

Notkun heitzinkhúðaðra röra fyrir neysluvatn er óheimil í Búðahreppi vegna staðbundinna áhrifa neysluvatns á þau.

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búðahrepps sem gerð er samkvæmt 6. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Smári Þorvaldsson.*

## AUGLÝSING


### um búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri, Borgarfirði.

Umhverfissráðherra hefur að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar ákveðið að friðlýsa Hvanneyrarjörðina sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 1/1978, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993 og samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 3/1995.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda búsvæði fyrir blesgæsir og þar með tryggja grænlenku blesgæsinni athvarf á Íslandi, en Hvanneyrarland er einn af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa hér á landi. Talið er að um 10% grænlenka blesgæsastofnsins hafi viðkomu í landi Hvanneyrar og næsta nágrenni þess vor og haust. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að tryggja almenningi landsvæði til náttúruskoðunar og fræðslu.

*Mörk svæðisins eru:*

Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri frá jarðamörkum sem liggja frá Stórástokk í Vatnshamravatn og þaðan um Ausulæk (landamerkjaskurð) í Andakílsá miðja og þaðan út í Hvítá. Mörk náttúruverndarsvæðisins í Hvítá liggja um jarðamörk.



Svæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| a (367929,2631;456389,7073) | e (368503,7604;455454,3859) |
| b (368063,4829;456174,3086) | f (367756,6389;452929,8296) |
| c (368209,0563;456268,7113) | g (364070,7144;451440,4161) |
| d (368757,7685;455624,0721) |                             |

Heildarstærð náttúruverndarsvæðisins er 1.744 ha, þ.a. landsvæði 727 ha sem skiptist í flæðiengjar 183 ha, útivist og fræðsla 326 ha og byggð og ræktun 218 ha.

*Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:*

- Fuglaveiðar eru bannaðar á náttúruverndarsvæðinu.
- Ef sérstaklega stendur á getur Náttúruvernd ríkisins eða umsjónaraðili veitt undanþágu frá veiðibanninu svo sem til að verja ræktarlönd, tilraunareiti, æðarvarp og vegna rannsókna.
- Mannvirkjagerð og jarðrask á Hvanneyrarengjum er háð leyfi Náttúruverndar ríkisins. Engjarnar má nytja á sama hátt og tíðkast hefur svo sem til slæгна og beitar á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur umsjón og eftirlit með búsvæðavernd blesgæsar í Hvanneyrarlandi í umboði Náttúruverndar ríkisins. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. maí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigurður Á. Þráinsson.*

## REGLUGERÐ

### um þorskfisknet.

#### 1. gr.

Heimilt er að stunda veiðar í þorskfisknet með þeim takmörkunum sem ákveðið er í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

- a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er réttvísandi 225° að Þormóðsskeri og þaðan um Hellnagölt til lands. Þó eru þorskfisknetaveiðar heimilar á tímabilinu frá 15. september til 31. mars norðan línu, sem dregin er úr Hellnagelti réttvísandi 53° að Búðahrauni.
- b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

#### 2. gr.

Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, skal vera 5 1/2 þumlungur (139,7 mm).

#### 3. gr.

Þegar möskvastærð er mæld skulu þrjár möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott.

Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

4. gr.

Allir netadrekar skulu greinilega merktir umdæmisnúmerum þeirra skipa, sem nota þá. Merki þessi skulu vera soðin á netadrekana.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer þess skips, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með kallmerki skipsins. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmerum þess skips, sem notar þá. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

Verði breytingar á umdæmisnúmerum skips, ber að breyta merkingum á veiðarfæra-útbúnaði í samræmi við þá breytingu.

Þegar netadrekar, netabaujur og belgir eru um borð í veiðiskipi, skulu þau vera merkt í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

5. gr.

Hverja netatrossu skal merkja þannig að á miðju baujustangar á vestari enda hennar skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

6. gr.

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, er óheimilt að hafa fleiri en 268 net í sjó.

Séu í áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 248 net í sjó.

Séu í áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 228 net í sjó.

Séu í áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 208 net í sjó.

Séu í áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 188 net í sjó.

Séu í áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 168 net í sjó.

Séu í áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 148 net í sjó.

Séu í áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 128 net í sjó.

Séu í áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 108 net í sjó.

Séu í áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 88 net í sjó.

Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 68 net í sjó.

Sé sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

Miðað er við að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

7. gr.

Þorsfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Týni skip þorsfisknetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

## 9. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

## 10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk, sbr. 20. gr. laga nr. 79/1997.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998 um þorskfisknet, ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. maí 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 9.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	Kr.
1	14.000	6	198.000
2	28.000	7	258.000
3	40.000	8	324.000
4	83.000	9	388.000
5	131.000	10	458.000



Aðilum er raðað í gjaldflokka eftir magni samkvæmt mælingu tækni- og umhverfissviðs Árborgar.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á urðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands greiða urðunarkostnað, samkvæmt viktunarseðlum frá sorpstöðinni, sem innheimtur er af sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 26. febrúar 2002.

*Selfossi, 13. maí 2002.*

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

**Karl Björnsson** bæjarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 2002

15. maí 2002

1081

Nr. 367

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. nóvember 2001, breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Efstaland 26 (Grímsbær) og nágrenni, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi Efstaland 26 og nágrenni.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi hvað varðar lóðina nr. 26 við Efstaland og breytingar tengdar henni. Gildistöku breytingar varðandi leikskólalóð neðan við hana er frestað þar til aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hefur verið staðfest. Verður auglýsing um gildistöku þess hluta breytingarinnar birt sérstaklega.

*Foldahverfi, Hverafold 142, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum og 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 13. mars 2002, breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis varðandi lóðina nr. 142 við Hverafold.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hraunbær (Hraunbær, Bæjarháls, Bæjarbraut), breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi við Hraunbæ, varðandi lóð C.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Jafnframt er afturkallaður hluti auglýsingar nr. 869/2001, um gildistöku sömu breytingar, þar sem breytingin var auglýst og samþykkt að nýju.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grafarholt, svæði 1, Þorláksgæisli 6-12, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. janúar 2002, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæðis 1, varðandi lóðirnar nr. 6-12 við Þorláksgæisla.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Álfheimar 74 (Glæsibær), breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi Álfheima 74 (Glæsibæjar).

Þar sem tillagan var hvorki grenndarkynnt né auglýst til kynningar telur Skipulagsstofnun að tillagan hafi ekki hlotið formlega rétta meðferð skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Reykjavíkurborg fellst ekki á athugasemd Skipulagsstofnunar, þar sem breytingin er óveruleg og varðar einungis hagsmuni lóðarhafa, og telur breytinguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 2002

---

21. maí 2002

1083

Nr. 368

## GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands á hvert hross: kr. 1.197

Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili á hvert hross: kr. 3.000

Gjald fyrir vallaraðstöðu á hvert hross: kr. 1.000

Gjald vegna reksturs tækja á hvert hross: kr. 221

Hér er um hámarksgjöld að ræða en einstök búnaðarsambönd geta ákveðið lægri gjaldtöku.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum nr. 345/2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2002

---

Nr. 369

1084

21. maí 2002

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 332, 2. maí 2002,  
um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2002.

1. gr.

2. málslíður 2. mgr. 3. gr. orðist svo: Aðeins er heimilt að veiða norðan 62°N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum við Noreg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. maí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristinn Hugason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 2002

22. maí 2002

1085

Nr. 370

## REGLUGERÐ

um beingreiðslur í garðyrkju árið 2002.

### I. KAFLI

**Heildarfjárhæð beingreiðslna, framkvæmd og skipting milli afurða.**

#### 1. gr.

*Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna.*

Árið 2002 skal greiða beingreiðslur að fjárhæð 195 milljónir kr. úr ríkissjóði til framleiðenda á gúrkum, tómötum og papriku eftir nánari ákvæðum í þessari reglugerð. Fjárhæðin skiptist upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðist til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

Bændasamtök Íslands hafa umsjón með og annast framkvæmd beingreiðslna á árinu 2002.

#### 2. gr.

*Skipting beingreiðslna milli afurða.*

Heildarfjárhæð beingreiðslna skiptist á afurðir sem hér segir:

- a) Tómatar (að meðtöldum kirsuberja-, kjöt- og klasatómötum) alls 81 milljón kr.
- b) Gúrkur alls 74 milljónir kr.
- c) Paprika alls 40 milljónir kr.

#### 3. gr.

*Útreikningur beingreiðslna á afurðaeiningar.*

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð samkvæmt 2. gr. skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar 2002 að telja. Flokka skal gúrkur, tómata og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Beingreiðslur sem koma á tómata skulu ákvarðaðar þannig að á hvert kg tómata sem seldir eru í maí greiðast tvöfalt hærri beingreiðslur en á hvert kg selt í öðrum mánuðum ársins.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands um solumagn þessara afurða yfir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg

miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör samkvæmt 12. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna samkvæmt 2. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frá-dregnum þeim greiðslum sem fram hafa farið. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

#### 4. gr.

##### *Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna.*

Bændasamtök Íslands skulu tvisvar á árinu 2002, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október endurskoða spár um framleiðslumagn ársins og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu sbr. 3. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa skulu þær endurreiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu. Bændasamtök Íslands tilkynna handhöfum beingreiðslna þessar ákvarðanir hverju sinni.

## II. KAFLI

### **Réttur til beingreiðslna, umsóknir, gjalddagar, ofgreiddar beingreiðslur o.fl.**

#### 5. gr.

##### *Réttur til beingreiðslna.*

Réttur til beingreiðslna árið 2002 er bundinn því skilyrði að framleiðsla á gúrkum, tómötum eða papriku sé hafin 1. mars 2002 á því garðyrkjubýli sem sótt er um beingreiðslur vegna, eða vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Þessi réttur er bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda. Með garðyrkjubýli er hér átt við lögaðila eða býli með virðisaukaskattskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

#### 6. gr.

##### *Umsóknir.*

Þeir sem vilja öðlast rétt til beingreiðslna að uppfylltum skilyrðum, sbr. 5. gr. skulu senda umsókn til Bændasamtaka Íslands eigi síðar en 7. júní 2002. Hverri umsókn skal fylgja útskrift úr tölvubókhaldbók haldi er beri með sér færslur á tekjulykla í virðisaukaskattsbókhaldbók haldi ásamt ljósriti af virðisaukaskattskýrslum þar sem sönnuð er virðisaukaskattskyld framleiðsla áður nefndra afurða á árinu 2001. Sé tölvubókhaldbók haldi ekki fært skal leggja fram ljósrit af tekjulistum virðisaukaskattsbókhaldbók haldi og afrit (ljósrit) af afreikningum eða sölunótum er sýni framleiðslu á gúrkum, papriku eða tómötum á áður nefndu tímabili. Einnig upplýsingar um selt magn í I. flokki og ræktunarflatarmál, eftir tegundum á árinu 2001.

Þá skal umsækjandi beingreiðslna á garðyrkjubýli sem hefur hafið framleiðslu fyrir 1. mars árið 2002, leggja fram sömu gögn um sölu afurða og áður eru nefnd sé sala hafin en að öðrum kosti sanna fyrir Bændasamtökum Íslands að sáning til framleiðslu þessara afurða hafi farið fram fyrir 1. mars. Þá skulu umsækjendur gera grein fyrir flatarmáli sem er ætlað til ræktunar fyrir hverja tegund og áætluðu framleiðslumagni hvorrar tegundar árið 2002.

Ef fullnægjandi gögnum samkvæmt 1.–2. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrir en framleiðendur hafa gert úrbætur.

## 7. gr.

*Handhafar beingreiðslna.*

Handhafi beingreiðslna er ábúandi lögbýlis eða einstaklingur/lögaðili sem stendur að rekstri garðyrkjubýlis. Á hverju garðyrkjubýli skal einungis vera einn handhafi beingreiðslna. Þó er heimilt þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.

Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Honum er óheimilt að framvísa þeim beingreiðslum sem honum ber til annars aðila.

Bændasamtök Íslands halda skrá yfir handhafa beingreiðslna.

## 8. gr.

*Gjalddagar beingreiðslna.*

Gjalddagi beingreiðslna er 1. hvers mánaðar vegna sölu næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu sé skilað á réttum tíma, sbr. 11. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

## 9. gr.

*Ofgreiddar beingreiðslur.*

Framleiðendur sem hafa tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skulu endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi. Ef til þess kemur að úrskurða þurfi um rétt til beingreiðslna skulu Bændasamtök Íslands halda eftir af beingreiðslum til framleiðandans þeirri fjárhæð sem ágreiningur er um að viðbættu 50% álagi.

## 10. gr.

*Viðskipti sem réttur til beingreiðslna takmarkast við.*

Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu. Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum sem hann hefur keypt af öðrum. Réttur framleiðanda til beingreiðslna fellur niður annist hann kaup á gúrkum, tómötum eða papriku til eigin rekstrar, endursölu eða umboðssölu.

## III. KAFLI

**Upplýsingar og gögn um sölu afurða o.fl.**

## 11. gr.

*Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.*

Handhafar beingreiðslna skulu senda Bændasamtökum Íslands mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 12. næsta mánaðar eftir að sala fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og landnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Afreikninga eða sölunótur sem bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu



Þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þau séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalsnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða á annan fullnægjandi hátt, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna. Bændasamtök Íslands geta hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum sendum Bændasamtökum Íslands til að vinna lokauppgjör ársins eftir, sbr. 4. mgr. 3. gr. og 12. gr.

12. gr.

*Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.*

Bændasamtök Íslands skulu fyrir 1. mars 2003 ljúka uppgjöri fyrir árið 2002. Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu skal senda Bændasamtökum Íslands fyrir 31. janúar 2003 heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn af gúrkum, tómötum og/eða papriku eftir tegundum, afbrigðum og gæðaflokkum. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum (afreikningum og sölunótum) skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gerð grein fyrir leiðréttingum.

Við lokauppgjör reikna Bændasamtök Íslands út og gera upp beingreiðslur á kg af gúrkum, tómötum og papriku, eftir seldu magni á árinu 2002. Þessir útreikningar skulu hljóta staðfestingu framkvæmdanefndar búvörusamninga áður en lokauppgjör fer fram.

Við lokauppgjör skal halda eftir fjárhæðum er svara til krafna vegna ágreinings sem vísað hefur verið til úrskurðar hjá úrskurðarnefnd, sbr. 13. gr.

IV. KAFLI

**Málskot.**

13. gr.

*Málskot.*

Ágreiningi um rétt til beingreiðslna er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar samkvæmt 42. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum.

14. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. maí 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

1. gr.

	kr.
Sæðingargjald/skýrsluhald	2.420
Sæðingargjald án skýrsluhalds	2.640
Sæðingargjald án mjólkurinnleggs	6.655
Holdasæði, Galloway	1.320 pr. strá
Holdasæði, Angus og Limousin	660 pr. strá

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni um-sögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá fyr-ir Búnaðarsamband Austurlands nr. 1008/2001.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. maí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Móaflöt 47 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Móaflöt 47 í Garðabæ. Breytingin felst í breyttum skipulagsskilmálum fyrir lóðina, og felst í heim-ildarákvæði fyrir 15,3 m<sup>2</sup> viðbyggingu við húsið með vísan til skýringarteikninga. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 23. maí 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir,** skipulagsfulltrúi.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Tónlistarskóli Kópavogs.

### I. Nafn og markmið.

#### 1. gr.

Tónlistarfélag Kópavogs stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Tónlistarskóli Kópavogs. Heimili skólans er í Kópavogi.

#### 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur tónlistarskóla sem starfar í Kópavogi.

#### 3. gr.

Stofnfé Tónlistarskóla Kópavogs er kr. 120.666.603. Stofnféð greiðist með hljóðfærum, áhöldum og tækjum að bókfærðu verði kr. 5.380.492 og 27,38% eignarhluta í Tónlistarhúsi Kópavogs, sem greitt hefur verið fyrir með kr. 115.286.111, þar af með skuldabréfi kr. 100.000.000.

Stofnfé skólans skal aldrei verða að raungildi minna en kr. 600.000.

### II. Stjórn og fjármál skólans.

#### 4. gr.

Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs skal skipuð fimm mönnum. Fyrstu stjórn skipa þrjú menn tilnefndir af núverandi stjórn Tónlistarfélags Kópavogs og tveir kjörnir af bæjarstjórn Kópavogs, til fjögurra ára í senn, að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þegar stjórnarmaður, sem ekki er kjörinn af bæjarstjórn Kópavogs, hverfur úr stjórninni skulu stjórnarmenn sammælast um mann í stjórnina í hans stað. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn skulu eiga lögheimili í Kópavogi.

Stjórnin ræður skólastjóra að skólanum, samþykkir fjárhags- og starfsáætlun skólans, fylgir henni fram og ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur um starfsemi tónlistarskóla. Nánar skal kveðið á um störf stjórnarinnar, þeirra sem fyrir hana starfa og störf nemenda í skólareglum sem stjórnin setur.

#### 5. gr.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skólans. Um laun kennara fer eftir kjarasamningum sem launanefnd sveitarfélaga gerir við stéttarfélag þeirra á hverjum tíma. Laun annarra starfsmanna ákvarðast með hliðsjón af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

#### 6. gr.

Tónlistarskóli Kópavogs er alhliða tónlistarskóli sem starfar í samræmi við ákvæði 1. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1995. Um nám og prófgráður fer eftir aðalnámskrá tónlistarskóla, útgefinni af menntamálaráðuneytinu.

Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs getur stofnað til háskólanáms á sviði tónlistar á eigin vegum og/eða í samvinnu við aðrar menntastofnanir á sviði tónlistar í samræmi við lög um háskóla, nr. 7/1998.

#### 7. gr.

Tekjur Tónlistarskóla Kópavogs byggjast á fjárveitingum opinberra aðila, svo sem

Kópavogsbæjar, með hliðsjón af lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Jafnframt innheimtir stofnunin skólagjöld af nemendum skólans til að standa að öðru leyti undir kostnaði af rekstri hans, ásamt öðrum tekjum sem skólanum kunna að áskotnast.

## 8. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal valinn af stjórn skólans til eins árs í senn. Starfsár og reikningsár er frá 1. ágúst til 31. júlí.

## 9. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Tónlistarskóli Kópavogs skal tekin af stjórn hennar. Þarf atkvæði minnst fjögurra stjórnarmanna til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunin lögð niður renna eignir hennar til Tónlistarhúss Kópavogs eftir að skuldir hafa verið greiddar.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir dómsmálaráðherra í samræmi við lög nr. 19/1988.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað samnefndrar skipulagsskrár, sem staðfest var 19. september 2001, nr. 732 í B-deild Stjórnartíðinda 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. maí 2002.*

F. h. r.

**Hjalti Zophoníasson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Flatahverfis, Akranesi.

#### 1. Klasi 1 og 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 1 og 2 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 5,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Þjóðbrautar í vestur, deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6 í norður, klasa 3 í austur og götunum Innnesvegi og Garðagrund í suður.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 1 og 2 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Klasi 7 og 8.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 7 og 8 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 2,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Flatahverfis klasa 3 í suðvestur, klasa 9 í suðaustur, klasa 11-12 í norðaustur og klasa 6 í norðvestur í Flatahverfi.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 7 og 8 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 15. maí 2002.*

**Skúli Lýðsson**, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2002

21. maí 2002

1093

Nr. 375

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Skólameistara er heimilt að setja skilyrði í skólanámskrá til viðbótar því sem segir í 2. gr. til inngöngu á starfsnámsbrautir. Slík skilyrði skulu miðast við frammistöðu nemenda í verk- eða listgreinum í grunnskóla og/eða aðra þætti sem snerta sérsvið brautarinnar sérstaklega eða starfsþjálfun sem henni tengist.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á meðan ekki eru haldin samræmd lokapróf í samfélagsgreinum miðast ákvæði 3. gr. b-liðar við skólaeinkunn við lok grunnskóla eingöngu.

3. gr.

Með reglugerð þessari hefur reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla verið endurskoðuð í samræmi við 10. gr. hennar. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 21. maí 2002.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Örlygur Geirsson.*

21. maí 2002

Nr. 376

## AUGLÝSING

### um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2002-2003.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 21. maí 2002 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2002-2003 samkvæmt fylgiskjali með

auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar samhljóða á fundi stjórnar Lána-sjóðs íslenskra námsmanna hinn 7. maí 2002.

*Menntamálaráðuneytinu, 21. maí 2002.*

**Tómas Ingi Olrich.**

Örlygur Geirsson.

## **Fylgiskjal.**

### **I. KAFLI – LÁNSHÆFT NÁM.**

#### **1.1. Almenn.**

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Gestánám er að öllu jöfnu ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða og hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá sjóðnum helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

#### **1.2. Lánshæft nám á Íslandi.**

##### **1.2.1. Á háskólastigi.**

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóli Íslands

Háskólinn á Akureyri

Háskólinn í Reykjavík

Kennaraháskóli Íslands

Landbúnaðarháskólinn

Listaháskóli Íslands

Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta og tónfræðideild

Tækniskóli Íslands, tæknifræði, heilbrigðisdeild og rekstrardeild

Viðskiptaháskólinn á Bifröst

##### **1.2.2. Sérnam á Íslandi.**

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða uppá nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhalds-skólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhalds-skólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnámstíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnám beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6-8 missera nám).

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

### **1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.**

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Hið sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi sbr. 4.2.

## **1.3. Lánshæft nám í útlöndum.**

### **1.3.1. Háskólanám.**

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.8. og 4.13. um lán vegna skólagjalda.

### **1.3.2. Sérnám.**

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikið, að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. grein 3.1.2.

### **1.3.3. Einkanám í tónlist.**

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

### **1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.**

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingaeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi í sambandi við skólagjöld sbr. gr. 4.8. og hámarkssvigrúm sbr.



gr. 2.4.3. hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámsstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Finnsku, grísku, hollensku, tékknesku, ungersku o.s.frv.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru þrjú misseri eða fimm fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu. Fáir námsmaður undirbúningsnámið metið til styttingar á nýju námi kemur matið til lækkunar á einingaskuld hans.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

### **1.3.5. Upplýsingar um láns hæft nám erlendis.**

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

## **II. KAFLI – NÁMSFRAMVINDA.**

### **2.1. Námsstími.**

#### **2.1.1. Almennt.**

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólalagd eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námsstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjú mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

#### **2.1.2. Sumartími.**

Námsmaður sem á sumarönn 2003 lýkur 75% af fullu námi á venjulegri önn, skv. skipulagi skóla, á rétt á sumarláni þegar námsárangur liggur fyrir. Ekki er lánað út á lægra hlutfall, sbr. gr. 2.3.5., nema fyrir liggja staðfest námslok á árinu 2003.

Aðstoð á sumarönn reiknast sem aðstoð í eitt misseri við ákvörðun heildarsvigrúms.

### **2.2. Framvinda náms.**

#### **2.2.1. Almennt um námsframvindu.**

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám

við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaþrófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka tillit til námskeiða umfram lokapróf sem nemur námi í allt að eitt misseri hafi námsmaður dvalið erlendis sem ERASMUS eða NORDPLUS skiptinemi og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarks-einingafjölda til lokaprófs.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á námslokum í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

### 2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaður telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir lán til þess að endurtaka misserið. Skipti slíkur námsmaður hins vegar um námsbraut áður en hann hefur lokið fyrsta námsárinu með fullnægjandi hætti, þá telst hann skulda árangur sem nemur öðru láninu fyrir fyrsta misserið.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

## 2.3. Aukið svigrúm í námi.

### 2.3.1. Almenn.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

### 2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi. Námsmaður sem ekki hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi á þó rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein vegna lánshæfs náms, ef hann skilar fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökuþróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Ákvæði þessarar málsgreinar getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka eða barns hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrir en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingavottorð liggja fyrir í þessu tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 50% af árangri einnar annar.

### 2.3.3. Örorka og lesblinda.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

### 2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita

mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

### **2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.**

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrri námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

### **2.3.6. Mat á ástundun.**

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

### **2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.**

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

### **2.3.8. Lágmarkseinkunn.**

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn.

## **2.4. Námslengd.**

### **2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?**

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

### **2.4.2. Fimm ára reglan.**

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri upphæð en 2,1 m.kr.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

### **2.4.3. Tíu ára reglan.**

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við doktors- eða licentiatnám,

meistaránám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

#### **2.4.4. Einkanám.**

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

### **2.5. Námslok.**

#### **2.5.1. Almenn.**

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám á næsta skólaári þar á eftir. Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár miðast námslok þannig við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé. Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

#### **2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.**

Eigi námsmaður rétt á frestun námsloka, sbr. gr. 2.5.4., skulu þau teljast á síðasta degi þess misseris sem hann lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

#### **2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.**

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

#### **2.5.4. Frestun námsloka.**

Stundi lánþegi lánshæft nám án þess að sækja um lán eða námsaðstoð frá sjóðnum er heimilt að fresta námslokum. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina. Eftir því sem við á skulu reglur um námsaðstoð gilda um þá umsókn, s.s. hvað varðar umsóknarfrest, gildistíma umsóknar, upplýsingar um tekjur og námsárangur.

#### **2.5.5. Vafi um námslok.**

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

## **III. KAFLI – FRAMFÆRSLA OG TEKJUR.**

### **3.1. Grunnframfærsla.**

#### **3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.**

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 2002 – 31. maí 2003 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 75.500. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

#### **3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.**

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma frá 1. júní 2002 – 31. maí 2003, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. (Sjá nánar fylgiskjal II.)

### 3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1.- 4.6. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

Lán samkvæmt gr. 4.4. og greinum 4.7.- 4.12. eru til viðbótar lánum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánum samkvæmt ákvæðum greina 4.1.- 4.6. eftir því sem við á.

### 3.3. Tekjur.

#### 3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2002 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 26. apríl 2002. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

Áhrifum tekna skal dreift á einstakar annir skólaársins í hlutfalli við dagafjölda þeirra.

#### 3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að tvöfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. fjárhæðir tilgreindar í gr. 4.1.-4.6., enda liggja fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 7,5 mánuð á árinu.

#### 3.3.3. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2002.

#### 3.3.4. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir 1. júní 2003 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

#### 3.3.5. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

### 3.4. Hvað telst til tekna.

#### 3.4.1. Tekjur á árinu 2002.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2002 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt greinum 4.1. - 4.12.

#### 3.4.2. Námsstyrkir.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. grein 4.8.

#### 3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sækja námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Sækja námsmaður um viðbótarlán skal reikna NORDPLUS/ERASMUS styrki sem tekjur sbr. gr. 4.8.

#### 3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 2002 eins og þeir eru reiknaðir m.v. reglur skattayfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir skv. gr.

4.8. að frádrægnum 32.500 kr. og föst afborgun R-, S- eða V-láns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

### **3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.**

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## **IV. KAFLI – LÁNAFLOKKAR.**

### **4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði.**

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á náms-tíma en 40% tekna umfram 280.000 kr. koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattayfirvalda.

### **4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.**

#### **4.2.1. Framfærsla.**

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 222.000 kr. koma til frádráttar.

#### **4.2.2. Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.**

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

### **4.3. Lán til einstæðs foreldris.**

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 280.000 kr. koma til frádráttar. Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.

### **4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna.**

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Lánað er vegna meðlags á námstíma 16.000 kr. á mánuði eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 26. apríl 2002.

### **4.5. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.**

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 280.000 kr. koma til frádráttar. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum samanber grein 4.6.

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap/staðfesta samvist.

## **4.6. Lán vegna maka.**

### **4.6.1. Lán vegna maka.**

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
- b) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilsstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 40% tekna námsmanns og maka umfram 420.000 kr. til frádráttar. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

### **4.6.2. Ófullnægjandi námsframvinda.**

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem sýnað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

## **4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.**

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Á heilu skólaári skal lán þetta nema 40.000 kr. á Íslandi og sambærilegu hlutfalli af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

## **4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.**

Viðbótarlán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn óskattskyldan styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.4.3.

Viðbótarlán vegna skólagjalda á Íslandi, umfram fenginn óskattskyldan styrk, eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsskólanáms.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

Samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3,1 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsupphæð (sbr. gr. 5.2.2.) eldri skólagjaldalána í mynt námslands 2002-2003 miðað við gengi 26. apríl 2002. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef námsmaður er verulega fatlaður, sbr. 1. mgr. gr. 2.3.3, getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

## **4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.**

### **4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.**

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema framfærslu eins mánaðar.



Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

#### 4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframsýslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

#### 4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögnum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaefirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

#### 4.11. Vaxtastyrkur.

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Styrkur vegna haustmíssis skal nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni míssisins, en styrkur vegna vormíssis 1,8% af framfærslu- og bókaláni míssisins. Ef lán eða hluti láns fyrir misseri er greitt út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðari mísserum námsársins eða niðurstaðna upptökuþrófa að hausti skal miða styrkinn við 3,7% af framfærslu- og bókaláninu, eða þeim hluta lánsins sem þá er greitt út. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla er 1,3% vegna haustfjórðungs, 1,2% vegna vetrar- og vorfjórðunga og 3,1% vegna láns sem greitt er út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðari fjórðungum.

Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

#### 4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

##### 4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um viðbótarlán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka, og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2.

#### 4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 2002-2003, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 26. apríl 2002.

#### 4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán sem námsmenn á Íslandi eiga kost á skólaárið 2002-2003 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 13.900 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

#### 4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils eða á námstíma og heim á námstíma eða allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

#### 4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust og vorannar.

Lánið er greitt út við upphaf námstíma hjá námsmönnum öðrum en fyrsta árs nemum sbr. gr. 5.2.1.

#### 4.13. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 500 þúsund krónur á námsári.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána. Reglur sjóðsins um undanþágur frá endurgreiðslum og niðurfellingu vegna andláts gilda ekki um lán sem veitt eru á markaðskjörum.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjoralán.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

## V. KAFLI – UMSÓKNIR OG ÚTBORGUN LÁNA.

### 5.1. Umsóknir um námslán.

#### 5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í lánshæfum skólum hérlendis, skrifstofum námsmannasamtaka og sendiráðum Íslands erlendis.

#### 5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

- 15. ágúst vegna aðstoðar á haustmissei;
- 1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
- 1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
- 15. maí 2003 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 2001-2002, gilda frá upphafi námsárs. Berist framhaldsumsókn á hinn bóginn eftir 1. desember er hún ekki tekin til afgreiðslu fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá því að hún barst. Framhaldsumsóknir sem berast eftir 1. mars eru ekki teknar gildar.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 2003 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilvikum 1. mars.

#### 5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

#### 5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

#### 5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnáráðgjöf.

#### 5.1.6. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.4.

#### 5.1.7. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldbréf fyrir hans hönd.

### **5.1.8. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.**

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

## **5.2. Útborgun námslána.**

### **5.2.1. Útborgun námslána.**

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2002-2003 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 2004, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8 og grein 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

Fyrsta árs nemar teljast námsmenn á fyrsta misseri í lánshæfu námi og eiga þeir ekki rétt á að lán vegna skólagjalda skv. gr. 4.8. og gr. 4.13. og ferða skv. gr. 4.12. séu greidd út fyrr en þeir hafa skilað fullnægjandi árangri við lok fyrsta misseris. Hafi námsmaður áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi telst hann ekki fyrsta árs nemi samkvæmt skilningi þessarar greinar þegar hann hefur nýtt nám.

### **5.2.2. Útreikningur lána erlendis.**

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 26. apríl 2002. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.

### **5.2.3. Staðfesting á tekjum.**

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2002 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

### **5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.**

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

### **5.2.5. Bóka- og aukalán.**

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

### **5.2.6. Hlutilán.**

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

### 5.2.7. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

## 5.3. Um ábyrgðir á námslánum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.

### 5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjald-daga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldar-ábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Hámarksábyrgð ábyrgðarmanns á láni til námsmanns skal að jafnaði vera 6 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram þetta vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem ábyrgðarupphæð hans nær 6 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

### 5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Einungis fjárráða einstaklingar geta verið ábyrgðarmenn hjá sjóðnum en ekki lögpersónur eða fyrirtæki. Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára en enginn hámarksaldur gildir um ábyrgðarmenn.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á skrá vegna gjaldþrots eða annarra verulegra fjárhagsörðugleika eða þeir teljist af öðum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgangið hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lán-takandi hefur fengið ásamt því sem hann kann að fá til viðbótar. Hin nýja ábyrgð getur þó ýmist verið til viðbótar fyrri ábyrgð eða samhliða henni. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp.

### 5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidariska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfufétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

#### **5.3.4. Veðtrygging.**

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

#### **5.4. Greiðsla félagsgjalda.**

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána og taka mið af gengi 26. apríl 2002 þegar útreikningurinn er í erlendri mynt, sbr. grein 5.2.2.

#### **5.5. Breytingar á aðstoð.**

##### **5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.**

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

##### **5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.**

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

#### **5.6. Vísitandi villandi upplýsingar.**

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga

verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

## **5.7. Ofgreidd lán.**

### **5.7.1. Ofgreidd lán.**

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis, eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 26. apríl 2002. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

### **5.7.2. Skuldabréf.**

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

### **5.7.3. Vextir.**

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

### **5.7.4. Innheimta.**

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð vegna á námsárinu.

## **5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.**

### **5.8.1. Námsmenn á Íslandi.**

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### **5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.**

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „års-opgørelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

### **5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.**

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### **5.8.4. Endurgreiðsla.**

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

## **5.9. Mistök sjóðsins.**

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum útlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

## 5.10. Vafamál.

### 5.10.1. Hlutverk stjórnar.

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

### 5.10.2. Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

### 5.10.3. Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

### 5.10.4. Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

### 5.10.5. Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

## VI. KAFLI – SAMNORRÆNAR REGLUR UM LÁN Á NORÐURLÖNDUM.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

*Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.*

### DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)  
 Danasvej 30  
 DK-1780 København V  
 Sími: 00-45-33268600  
 Bréfasími: 00-45-33268611  
 Veffang: <http://www.su.dk/>

### NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning(SLK)  
 P. boks 195, Østre Aker vei 20  
 N-0510 Oslo 5  
 Sími: 00-47-22726700  
 Bréfasími: 00-47-22642636  
 Veffang: <http://www.lanekassen.no/>



**FINNLAND**

Folkpensionsanstaltens Studiestödscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-20-4346770  
Bréfasími: 00-358-20-4346710  
Veffang: <http://www.kela.fi/opintotuki/>

**SVÍPJÓÐ**

Centrala studiestödsnämnden (CSN)  
Norra Tjörngatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 00-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60-186006  
Veffang: <http://www.csn.se/>

**VII. KAFLI – LÁNSKJÖR.****7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.****7.1.1. Lánskjör.**

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

**7.1.2. Verðtrygging.**

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

**7.1.3. Námslok.**

Þegar námslok hafa verið ákvörðuð, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu. Honum skal jafnframt tilkynnt um dagsetningu námsloka og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

**7.1.4. Fullnýtt svigrúm.**

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

**7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.**

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

**7.1.6. Námshlé o.fl.**

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfsmánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

**7.2. Endurgreiðslutími.****7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.**

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar - 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

### 7.2.2. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

### 7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 52.698 og miðast við vísitölu neysluverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 4,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Hafi skattayfirvöld áætlað útsvarstofn greiðanda tekur viðbótargreiðslan mið af þeirri áætlun. Fáí greiðandi síðan samþykktu breytingu á útsvarstofninum þarf hann að koma upplýsingum um breytinguna til sjóðsins vilji hann láta útreikning endurgreiðslu miðast við nýjan stofn. Útsvarstofn er leiðréttur í allt að fjögur ár frá gjalddaga viðbótargreiðslu. Ofgreidd fjárhæð skal endurgreidd með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnistæðum. Heimilt er að endurreikna greiðslur sem voru á gjalddaga 1. nóvember 1993 eða fyrr í allt að 10 ár frá gjalddaga.

Lánþegi sem ekki er skattskyldur af öllum tekjum sínum á Íslandi skal senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar erlendis og eftir atvikum einnig um tekjur maka. Geri lánþegi það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar ákvarðar stjórn sjóðsins honum útsvarstofn. Ákvarðaður útsvarstofn vegna gjalddaga á árinu 2002 skal samsvara tvöföldum eftirstöðvum heildarskuldur lánþegans við sjóðinn, þó aldrei lægri upphæð en 6,0 m.kr. Berist sjóðnum staðfestar tekjuupplýsingar eftir áætlaða afborgun er hún leiðrétt, sbr. ákvæði 2. mgr. hér að ofan.

### 7.4. Undanþágur.

#### 7.4.1. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.

Nú gefur útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

#### 7.4.2. Undanþága vegna lágra tekna.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri árgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

#### 7.4.3. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjölum.

Umsókn um frest á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um frestun ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að fresta afborguninni.

#### 7.4.4. Nám hafið að nýju.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþáguútímanum.

#### 7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X•	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

- nefnast V-lán eftir sameiningu
- nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

#### 7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Lánþegi sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992 hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

#### 7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög nr. 67/1997.

Reykjavík, 21. maí 2002

Tómas Ingi Olrich.

**Fylgiskjal I****Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2002-2003****Framfærslugrunnur LÍN**

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2002-2003 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 1.283.940 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjalda-liði sem hér segir:

<b>Helstu útgjaldaliðir (sbr. vísitölu neysluverðs)</b>	<b>Framfærslu- grunnur LÍN (kr.)</b>
Matur og drykkjarvörur	248.000
Föt og skór	81.170
Húsnæði, hiti og rafmagn	333.260
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl	67.450
Heilsugæsla	43.500
Ferðir og flutningar	140.010
Póstur og sími	32.270
Menntun, tómst. og menning	206.350
Ýmsar vörur og þjónusta	131.190
<b>Alls</b>	<b>1.283.940</b>

Að meðaltali hækkar framfærslugrunnurinn um 5,9% frá skólaárinu 2001-2002. Húsnæðiskostnaður er eini liðurinn í grunninum sem lækkar frá fyrra ári og stafar það af breyttum reglum um húsaleigubætur. Einnig er tekið tillit til húsaleigubótanna við útreikning á áætluðum tekjum námsmanna sbr. hér að neðan.

**Meðaltekjur**

Gert er ráð fyrir að einstaklingur í leiguhúsnæði hafi árið 2002 samtals kr. 820.752 í tekjur.

Árið 2000 höfðu allir barnlausir lánþegar LÍN á Íslandi sem bjuggu í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði samtals kr. 1.337.715.613 í tekjur. Um er að ræða 1.802 einstaklinga sem þýðir að tekjur þeirra voru kr. 742.351 að meðaltali. Frá janúar 2001 til janúar 2002 hækkaði launavísitalan um 10% en í apríl 2001 var gert ráð fyrir 4,9% hækkun launa. Viðmiðunarlaun fyrir árið 2001 eru því kr. 816.500.

Frá janúar 2002 til janúar 2003 gerir Íslandsbanki ráð fyrir 5,3% hækkun launa. Miðað við spá Íslandsbanka til janúar 2003 eru áætlaðar tekjur lánþega árið 2002 kr. 816.500 x 1,053 = 859.774 kr. Frá þessu dregst kr. 39.022 sem eru áætlaðar húsaleigubætur þar sem þær mynda ekki skattstofn.

**Meðalráðstöfunartekjur**

Við ákvörðun meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi er tekið fullt tillit til skerðingar á námsláni vegna tekna samkvæmt úthlutunarreglum LÍN. Gert er ráð fyrir 280.000 kr. frítekjumarki og að skerðingarhlutfall verði 40% af tekjum umfram frítekjumark. Þetta þýðir að námsmenn hafa tekjur upp að frítekjumarki að fullu til ráðstöfunar og síðan 60% af tekjum umfram frítekjumarkið eða með öðrum orðum:

$$280.000 \text{ kr.} + 0,6(820.752 \text{ kr.} - 280.000 \text{ kr.}) = 604.451 \text{ kr.}$$

**Grunnframfærsla LÍN**

Í samræmi við tillögur framfærslunefndar frá 2. maí sl. skal grunnframfærsla LÍN, sbr. gr. 3.1.1. í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði á

námstíma, sem telst samkvæmt núgildandi reglum almennt 9 mánuðir. Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismuni framfærslugrunnsins og meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnaði. Miðað við framangreindar forsendur verður grunnframfærsla LÍN 75.500 kr. skólaárið 2002 - 2003 (þ.e. 1/9 af 1.283.940 - 604.451 kr.). Skólaárið 2001 - 2002 var grunnframfærslan kr. 69.500. Hækkunin er því kr. 6.000 eða 8,6%.

## Fylgiskjal II

### Framfærsla erlendis og hámark skólagjaldalána

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Argentína	USD	713	33.038
Austurríki	EUR	1.235	36.817
Ástralía	AUD	1.395	60.457
Bandaríkin A	USD	1.461	33.038
Bandaríkin B	USD	1.293	33.038
Belgía	EUR	795	36.817
Danmörk	DKK	6.918	273.682
England	GBP	811	22.766
London	GBP	902	22.766
Filippseyjar	USD	749	33.038
Finnland	EUR	855	36.817
Frakkland	EUR	884	36.817
París	EUR	972	36.817
Grikkland	EUR	947	36.817
Holland	EUR	840	36.817
Hong Kong	USD	963	33.038
Írska Lýðveldið	EUR	959	36.817
Ítalía	EUR	1.008	36.817
Japan	JPY	162.535	4.244.831
Kanada	CAD	1.255	51.667
Kína	USD	536	33.038
Lúxemborg	EUR	757	36.817
Mexíkó	USD	1.293	33.038
Norður-Írland	GBP	811	22.766
Noregur	NOK	7.376	279.430
Nýja - Sjáland	NZD	1.686	73.117
Portúgal	EUR	630	36.817
Pólland	USD	563	33.038
Rússland	USD	889	33.038
Skotland	GBP	811	22.766
Spánn	EUR	867	36.817
Suður-Afríka	EUR	605	36.817
Sviss	CHF	2.128	53.941
Svíþjóð	SEK	7.619	340.847
Tékkland	CSK	21.319	1.114.960
Ungverjaland	HUF	252.704	8.839.464
Wales	GBP	811	22.766
Þýskaland	EUR	874	36.817
München	EUR	961	36.817

**Fylgiskjal III**

Sérnám á Íslandi, sbr. gr. 1.2.2. Samningsbundið iðnnám er merkt (s) og verknámsbundið (v).

	Óláns hæf misseri	Hámarksfj. láns hæfra missera
<b>Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar</b>		
<b>Iðngreinar</b>		
Bakaraiðn (s)	1. misserið	6
Bifreiðasmíði (v)	1. og 2. misseri	6
Bifvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Bílamálun (s)	1. misserið	5
Framreiðsla (s)	1. misserið	5
Gull- og silfursmíði (s)	1. misserið	6
Hársnyrtibraut (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnsmíði (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnsmíði (v)	1. misserið	6
Kjötiðn (s)	1. misserið	6
Klæðskurður/kjólasaumur (v)	1. og 2. misseri	6
Matreiðsla (s)	1. misserið	6
Málaraiðn (s)	1. misserið	6
Málmiðngreinar (fyrri hluti)	1. og 2. misseri	2
Málmiðngreinar (seinni hluti)	Ekkert	4
Meistaránám	Ekkert	1-4
Múrsníði (s)	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (s)	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafeindavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafveituvirkjun (s)	1. misserið	6
Símsníði (s)	1. misserið	6
Snyrtibraut (v)	Fornám	5
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	1. misserið	5
<b>Annað starfsnám</b>		
Félagsliðabraut	1. misserið	4
Leiðsögunám	Ekkert	2
Lýfjætæknaþraut	Aðfaranámið	4
Læknaritarabraut	Starfsnámið	3
Matartæknanám	1. misserið	5
Sjávarútvegsþraut	1. og 2. misseri	2
Sjúkraliðabraut	1. og 2. misseri	5
Tanntæknaþraut	1. misserið	4
Tækniteiknun	1. misserið	4
<b>Flugskóli Íslands</b>		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	2
<b>Garðyrkjuskóli ríkisins</b>		
Blómaskreytingabraut	Ekkert	3
Ylræktarþraut	Ekkert	6
Skógræktar- og umhverfisþraut	Ekkert	6
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	6

	Óláns hæf misseri	Hámarksfj. láns hæfra missera
<b>Hólaskóli</b>		
Ferðamálabraut	Ekkert	3
Fiskeldisbraut	Ekkert	5
Hrossabraut	Ekkert	5
<b>Landbúnaðarhásk. Hvanneyri</b>		
Búnaðarnám	Ekkert	4
<b>Lögregluskólinn</b>		
Lögreglunám	Starfsnám	1
<b>Stýrimannaskólinn í Reykjavík</b>		
Sjávarútvegsbraut	1. og 2. misseri	2
Skipstjórnarnám	Ekkert	5
<b>Vélskóli Íslands</b>		
Vélstjórnarbraut (4. stig)	1. og 2. misseri	8
<b>Tannsmiðaskóli Íslands</b>		
Tannsmíðanám	Starfsnámið	6
<b>Tækniskóli Íslands</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	4
Iðnfræðinám	Ekkert	3
<b>Viðskiptaháskólinn á Bifröst</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	2
<b>Myndlistaskólinn á Akureyri</b>		
Myndlist	Ekkert	6
Grafísk hönnun	Ekkert	6
<b>ATS-skólinn</b>		
Flugumferðarstj.nám	Ekkert	4
<b>Tónlistarskólar</b>		
Hljóðfæra- og sögnám, 7.- 8. stig	Ekkert	6
Burtfarar-, einleikar-, einsöngspr.	Ekkert	2 - 6
Kennaradeildir	Ekkert	6
Tónfræðadeild	Ekkert	33

# GJALDSKRÁ

## fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf.

### 1. gr.

Yfirdýralæknir skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir opinber eftirlitsstörf sem dýralæknar annast samkvæmt gildandi löggjöf um það efni á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi nær ekki yfir gjöld sem lögð eru á samkvæmt 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

### 2. gr.

Gjald fyrir opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnatöku og skoðanir dýralækna skal vera sem hér segir:

	kr.
Tímagjald	5.000
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni samkvæmt eftirlitsáætlun	6.500
Akstursgjald pr. km	50,85

Yfirdýralæknir skal innheimta gjald af starfsemi sem tilgreind er í viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, samkvæmt eftirlitsáætlun. Yfirdýralækni er heimilt að breyta umfangi og/eða tíðni eftirlits og sýnatöku hjá einstökum aðilum telji hann ástæðu til.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er yfirdýralækni heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða samkvæmt 1. mgr.

Héraðsdýralæknar skulu halda skrá yfir eftirlitsskylda aðila og vinna árlega eftirlitsáætlanir í umdæmum sínum í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari. Skrár yfir eftirlitsskylda aðila og eftirlitsáætlanir skulu héraðsdýralæknar vinna og afhenda yfirdýralækni fyrir 1. desember ár hvert.

### 3. gr.

Yfirdýralæknir skal innheimta gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. af eftirlitsskyldri starfsemi sem ekki er tilgreind í viðauka A, fyrir eftirlit, skoðanir og aðra þjónustu, s.s. vegna undirbúnings, ferðar, tímavinnu, frágangs, aksturs o.fl.

### 4. gr.

Yfirdýralæknir skal innheimta gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. af starfsleyfis skyldri starfsemi fyrir starfsleyfi s.s. vegna undirbúnings, ferðar, tímavinnu, frágangs, aksturs o.fl.

### 5. gr.

Fyrir vottorð sem dýralæknir gefur út vegna opinbers eftirlits og annarra opinberra þjónustustarfa skal innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
a) vottorð vegna útflutnings einstaklinga á matvælum allt að 5 kg	200
b) vottorð vegna útflutnings matvæla allt að 25 kg	1.500
c) vottorð vegna útflutnings matvæla yfir 25 kg	3.000
d) vottorð vegna útflutnings annarra afurða eða annars búnaðar	3.000



	kr.
e) vottorð vegna útflutnings dýra, gjald pr. dýr	1.500
f) vottorð vegna úttekta	3.000
g) önnur vottorð	3.000
h) útflutningsskoðun og vottorð hrossa, gjald pr. dýr	3.600

Fyrir aðra þjónustu sem dýralæknir annast samkvæmt liðum d-g skal auk gjalds samkvæmt 1. mgr. innheimt tíma- og akstursgjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr.

Gjald fyrir önnur þjónustuverkefni innheimtist samkvæmt reikningi sem miðaður skal við tíma- og akstursgjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr.

#### 6. gr.

Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari fer eftir almennum reglum. Gjald fyrir matvælaeftirlit samkvæmt 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms.

#### 7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2.-5. gr. er tíu dögum eftir dagsetningu reiknings og ein-dagi 1. næsta mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á ein-daga.

#### 8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt gjald samkvæmt viðauka A, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald. Við nauðsynlega endurkomu vegna eftirlits sem tilgreint er í viðauka A skal innheimta 75% af viðkomandi gjaldi.

#### 9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs embættis yfirdýralæknis.

#### 10. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr með síðari breytingum og 25. og 26. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og öðlast gildi 1. júní 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf nr. 140/2000.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Nordmann.*

## VIÐAUKI A

**Flokkur:Gjaldskyld starfsemi:****Gjald kr.:**

101	Sláturhús, einn slátursalur, < 500 tonn á ári	28.747
102	Sláturhús, einn slátursalur, > 500 tonn á ári	43.747
103	Sláturhús, fleiri en einn slátursalur, < 500 tonn á ári	36.247
104	Sláturhús, fleiri en einn slátursalur, > 500 tonn á ári	51.245
105	Alifuglasláturhús, < 500 tonn á ári	28.747
106	Alifuglasláturhús, > 500 tonn á ári	43.747
201	Kjötvinnsla, lítil	27.497
202	Kjötvinnsla, miðlungs	42.497
203	Kjötvinnsla, stór	71.243
204	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	42.497
205	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	62.493
206	Kjötvinnsla með reykingu, stór	101.240
207	Kjötfrystihús	37.497
208	Kjötpökkunarstöð	42.497
301	Mjólkurframleiðsla, < 50 kýr	14.248
302	Mjólkurframleiðsla, 51-100 kýr	19.248
303	Mjólkurframleiðsla, > 100 kýr	24.248
304	Eldi nautgripa til kjöt- og/eða mjólkurframleiðslu, < 50 gripir	9.248
305	Eldi nautgripa til kjöt- og/eða mjólkurframleiðslu, 51-100 gripir	14.248
306	Eldi nautgripa til kjöt- og/eða mjólkurframleiðslu, > 100 gripir	19.248
401	Svínabú, < 100 gyltur	18.498
402	Svínabú, 101-200 gyltur	28.497
403	Svínabú, 201-300 gyltur	43.497
404	Svínabú, > 300 gyltur	53.495
405	Varphænsnabú, < 2.500 fuglar	9.248
406	Varphænsnabú, 2.501-5.000 fuglar	14.248
407	Varphænsnabú, 5.001-7.500 fuglar	19.248
408	Varphænsnabú, > 7.500 fuglar	24.248
409	Kjúklingaeldi, < 10.000 fuglar	9.248
410	Kjúklingaeldi, 10.001-20.000 fuglar	14.248
411	Kjúklingaeldi, 20.001-30.000 fuglar	19.248
412	Kjúklingaeldi, > 30.000 fuglar	24.248
413	Kalkúnaeldi	14.248
414	Anda- og gæsaeldi	14.248
501	Klakstöð/seiðaelði, < 100.000 seiði	33.497
502	Klakstöð/seiðaelði, > 100.000 seiði	43.497
503	Matfiskaeldi, framleiðsla < 25 tonn á ári	14.248
504	Matfiskaeldi, framleiðsla 25 – 50 tonn á ári	23.498
505	Matfiskaeldi, framleiðsla > 50 tonn á ári	43.497
506	Klakstöð/seiðaelði, fleiri en 100.000 seiði og matfiskaeldi, < 50 tonn á ári	53.495
507	Klakstöð/seiðaelði, fleiri en 100.000 seiði og matfiskaeldi, > 50 tonn á ári	58.495
601	Loðdýrabú	14.248

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 197/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2002 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 8.100 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á hvert íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.500.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskráum fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2001, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 27. febrúar 2002, öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 13. maí 2002.*

**Brynjólfur Gíslason** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Grundarfirði.

#### 1. gr.

Hundahald í Grundarfirði sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Ekki þarf leyfi til að halda þarfahunda á lögbýlum.

#### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum á staðnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfið skal bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Óheimilt er að framsetja hundaleyfið.

Ef veitt er leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki þeirra eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými fylgja umsókn.

Eigandi skal tilkynna ef hundur drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

- b) Bæjarstjórn ákveður með gjaldskrá árlegt gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun hunda. Gjald skal standa straum af ábyrgðartryggingu hundsins, skráningu, merkingu og hundaeftirliti í Grundarfirði. Árgjaldið er með gjalddaga 1. mars. Hafí gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.

Gjaldskráin skal sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengun-  
arvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og skal bæjarstjórn láta birta hana í B-deild  
Stjórnartíðinda.

- c) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar.
- d) Eigandi er ábyrgur fyrir því að hundur hans raski ekki ró manna. Þá skal hundurinn  
ekki valda hættu, óþægindum eða óþrifnaði.  
Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri. Hann skal vera í taumi og í fylgd  
aðila sem hefur fullt vald yfir honum.  
Skyld er aðila að fjarlægja saur eftir hund sinn á tryggilegan hátt.
- g) Ekki má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, vatnsverndarsvæði, heilbrigðis-  
stofnanir, leikvelli, íþróttavelli, skóla, dvalarheimili, gististaði, samkomuhús, kirkju og  
kirkjugarða né húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli eða aðrar neyslu-  
vörur.  
Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og  
dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda, sem notaðir eru til löggæslu-  
eða björgunarstarfa eða sem leiðsöguhunda sjónskertra. Hundurinn skal merktur sem  
hjálpahundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir hundinum.
- h) Ekki eru tekin gjöld af einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að halda hund og  
skal slíkt staðfest með læknisvottorði. Ennfremur er heimilt að veita undanþágu frá  
skráningagjöldum fyrir hunda sem þjálfaðir hafa verið til björgunarstarfa.
- i) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án greiðslu leyfisgjalds. Hundar á  
lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir  
hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skyld er bændum á lögbýlum að sjá til  
þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

### 3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal send bæjarskrifstofu Grundarfjarðar, sem veitir  
leyfi samanber skilyrði samþykktar þessarar. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og  
önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig koma fram nafn og heimilisfang eiganda. Við  
skráningu fær eigandi hundsins afhent merki til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls  
hundsins. Á merkið er skráð nafn og númer hundsins og símanúmer eiganda. Lögreglunni  
í Grundarfirði og heilbrigðisnefnd skal sent afrit af leyfi.

### 4. gr.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu, þar sem hann skuldbindur sig til  
að hlíta í einu og öllu fyrirmælum í samþykkt þessari svo og síðari breytingum sem kunna  
að verða gerðar á henni.

### 5. gr.

Ef hundeigandi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar fellur leyfið úr gildi.

### 6. gr.

Lausaganga hunda er óheimil. Við ítekað brot skal leyfi afturkallað eða hundi lógað.  
Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eiganda.  
Hættulegum hundum t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur skal lóga þegar í stað. Aðra  
hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur.  
Að öðrum kosti skal hundinum lógað verði hann ekki sóttur innan viku.

7. gr.

Grundarfjarðarbær eða aðilar á hans vegum í samráði við heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundunum samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Eyrarsveit nr. 317/1990.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. maí 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að lækka leyfðan hámarkshraða á Súluhöfða úr 50 km/klst. í 30 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. maí 2002.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Hveravöllum, Svínavatnshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Svínavatnshrepps samþykkt deiliskipulag fyrir Hveravelli í Svínavatnshreppi.

Greinargerð, uppráttur og umhverfismat hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalsmynni, 9. maí 2002.*

**Jóhann Guðmundsson, oddviti Svínavatnshrepps.**

## AUGLÝSING

### um skipulag í Borgarbyggð.

*Óverulegar breytingar á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst.*

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Breytingarnar felast í því að lóð núverandi leikskóla og lóð undir þjónustubyggingu (leikskóla) fyrir sveitarfélagið eru sameinaðar í eina lóð og heildarstærð þeirra minnkuð. Jafnframt eru byggingarreitir á ofangreindum lóðum sameinaðir í einn byggingarreit.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag frístundabyggðar að Þiðriksbæli í landi Kvía í Þverárhlið.*

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag iðnaðarlóðar við Vallarás 15, Borgarnesi.*

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 15. maí 2002.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Á 10. gr. verða eftirgreindar breytingar:

- a. Í stað 1. málslíðar 1. mgr. 10. gr. komi tveir nýir málslíðir er orðast svo: Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til að veiðheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

- b. Í stað orðanna: „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 5. mgr. komi: 15 brúttótonnum.
- c. 7. mgr. orðist svo: Á hverju ári er aðeins heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns
- d. 8. mgr. orðist svo: Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

2. gr.

Í stað orðanna: „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 1. mgr. 11. gr. komi: 15 brúttótonnum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. maí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Pórður Eypórsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn í Aðaldal, Suður-Pingeyjarsýslu, Pingeyjarprófastsdæmi.**

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir.

Stofnunin yfirtók og eignaðist eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt gjafaafsali dagsett 23. mars 1992.

Eignir þessar voru afhentar skuldlausar og án allra kvaða.

Stofnfé stofnunarinnar var það húsnæði sem eigninni fylgdi.

2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana, svo og tekjur af eigin starfsemi.

## 4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru 3 menn og 3 til vara.

Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Kirkjuráð skipar einn stjórnarmann og einn til vara.

Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.

Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.

Kjörtímabil stjórnar og skoðunarmanna eru tvö ár, og heimilt er að endurkjósa sama einstaklinginn eins oft og vilji er til.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Eftir fyrsta árið skal einn stjórnarmaður dreginn úr á fyrsta fundi nýbyrjaðs árs, og skal þá viðkomandi héraðsfundur eða Kirkjuráð kjósa sér stjórnarmann og varamann hans til setu næstu tvö ár. Þannig er kosið um einn stjórnarmann og varamann hans annað hvort ár og tvo stjórnarmenn og varamenn þeirra hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin annast rekstur og uppbyggingu Kirkjumiðstöðvarinnar.

Heimilt er stjórninni að ráða sér framkvæmdastjóra, ef þurfa þykir og starfar hann þá undir stjórn og á ábyrgð hennar.

Stjórnin skal árlega skila ársskýrslu, sem lögð skal fyrir héraðsfundi Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, svo og fyrir Kirkjuráð.

Með ársskýrslunni skulu fylgja skoðaðir og áritaðir ársreikningar, svo og rekstrar- og framkvæmdaáætlun.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

## 6. gr.

Núverandi framkvæmdarstjóri skal kalla saman í fyrsta sinn hina nýskipuðu stjórn, eins fljótt og unnt reynist, eftir að þessi skipulagsskrá hefur tekið gildi.

## 7. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal biskup Íslands ásamt próföstum Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma sjá svo um, að landið (og þær byggingar sem þar standa) verði afhent landeigendum í Fagranesi og Fagraneskoti, en þeir gáfu ÆSK (Æskulýðssambandi kirkjunnar í Hólastifti) landið árið 1962.

## 8. gr.

Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn skal halda gjörðabók þar sem allar ákvarðanir hennar eru færðar svo og framlög aðila.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki Kirkjuráðs og héraðsfunda Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, og með staðfestingu kirkjuþings.

## 10. gr.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn, sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 30. júlí 1993.



11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. maí 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUR

### um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í bankanum skv. reglum þar um:

1. gr.

#### *Viðskiptareikningar og bindireikningar.*

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans og færast þeir í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn nema sérstaklega sé um annað samið. Bankinn getur án fyrirvara breytt kjörum viðskiptareikninga.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi, sem svarar í hverjum mánuði til bindiskyldrar fjárhæðar, greiðast vextir bundinna innstæðna skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans og færast mánaðarlega, en af innstæðu umfram þá fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga, sbr. 1. mgr. hér að ofan, og færast þá í árslok.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna greiðsluuppgjors, skal hlutaðeigandi lánastofnun án tafar eyða honum með því að fá daglán hjá Seðlabankanum, sbr. 4. gr., og fá lánið vaxtafært með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur lánsins. Við slíka færslu greiðist 0,01% gjald fyrir hvern dag sem það er gert. Hlutaðeigandi lánastofnun skal óska eftir fyrirgreiðslunni eigi síðar en kl. 10.30 á fyrsta almennum viðskiptadegi eftir að yfirdráttur myndaðist. Til tryggingar dagláninu skal lánastofnunin setja að veði verðbréf sem hæf eru til endurhverfra viðskipta skv. 3. gr. Bréfin skulu varðveitt í Seðlabankanum.

2. gr.

#### *Innstæðubrэф.*

Seðlabankinn selur 14 daga og 90 daga innstæðubrэф eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubrэф með 14 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega.

Innstæðubréf með 90 daga binditíma verða seld hverju sinni að ósk kaupanda, en Seðlabankinn getur þó fyrirvaralaust hætt sölu þeirra. Af innstæðubréfum þessum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Beiðni um kaup þeirra skal berast peningamálasviði bankans og verður hún afgreidd samdægurs ef hún berst fyrir kl. 15.00. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað kl. 12.00 skal beiðni um kaup innstæðubréfa berast fyrir kl. 11.30.

### 3. gr.

#### *Endurhverf verðbréfavíðskipti.*

Seðlabankinn efnir að jafnaði til uppboðs á endurhverfum verðbréfasamningum á þriðjudegi í hverri viku. Samningstími endurhverfra víðskipta er 14 dagar. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað á þriðjudegi fer uppboð fram næsta víðskiptadag á eftir, og styttest þá samningstíminn sem því nemur. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað á gjalddaga færast hann til næsta víðskiptadags á eftir, og lengist þá samningstíminn sem því nemur.

Seðlabankinn mun hverju sinni tilkynna þátttakendum um uppboðsskilmála eigi síðar en kl. 10.00 á mánudegi, meðal annars hvort bankinn býðst til að kaupa eða selja verðbréf. Þegar svo stendur á kunna einnig að verða boðin til sölu 14 daga innstæðubréf. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað á mánudegi tilkynnir bankinn um uppboðsskilmála eftir kl. 16.00 síðasta víðskiptadag fyrir uppboðsdag. Ýmist verður um að ræða fastverðsuppboð, þ.e. ávöxtun verður ákveðin fyrirfram, eða verðuppboð, en þá ræðst ávöxtun af tilboðum.

Hæf verðbréf í endurhverfum víðskiptum Seðlabankans eru innstæðubréf bankans, raf-rænt skráð spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvixlar og skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest sé að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánshæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard & Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.
3. Bréf með ábyrgð ríkissjóðs séu metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
4. Bréfin séu í víðskiptavakt á Verðbréfaþingi Íslands hf. eða sambærilegri stofnun.
5. Ekki sé um víkjandi skuldabréf að ræða og ekki er heimilt að útgefandi noti eigin bréf í víðskiptum við Seðlabankann.
6. Flokkar sem eru hæfir í endurhverfum víðskiptum samkvæmt viðauka reglna nr. 510 frá 28. júní 2001 verða áfram hæfir í endurhverfum víðskiptum eftir því sem við getur átt.
7. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans.

Séu bréf dregin út á samningstímanum, og óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu verðbréfa.

Frágangur endurhverfra víðskipta eða sölu 14 daga innstæðubréfa skal fara fram á uppboðsdegi. Ef verðbréf, sem Seðlabankinn er kaupandi að, hafa ekki borist bankanum fyrir kl. 15.00 þann dag þá getur bankinn fellt niður víðskiptin.

Þegar ávöxtun ræðst af tilboðum lánastofnana skal miða við lægstu ávöxtun sem samþykkt er af Seðlabankanum ef um endurhverf verðbréfakaup er að ræða, en hæstu ávöxtun sé um að ræða endurhverfa verðbréfasölu eða sölu innstæðubréfa (hollensk uppboðsaðferð).

Út frá ávöxtun tekinn tilboða skal reiknuð forvaxtaþrósentu með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar  $F$  er forvaxtaþrósentu,  $A$  ávöxtun,  $d$  dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur ( $\wedge$ ) táknar veldi, stjarna (\*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir þessi jafna:

$$F = [ 1 - 1/(1+A/100)^(d/360)] * 36000/d$$

Seðlabankinn og þeir aðilar, sem gera tilboð sem verða samþykkt, þurfa að gera með sér stakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

- a) Lýsing á verðbréfum sem notuð eru í viðskiptunum. Fram komi m.a. heiti bréfanna, eftirstöðvatími svo og upphafs- og lokaverð viðskiptanna sbr. lýsingu hér á eftir. Með lokaverði er átt við endurgreiðsluna, þ.e. þá fjárhæð sem seljandi greiðir kaupanda á endursöludegi. Upphafsverð er lokaverð að frádregnum forvöxtum. Lokaverð er markaðsverð verðbréfanna að frádregnum hundradshluta sem ræðst af eftirstöðvatíma bréfanna. Frádrag frá markaðsverði verður:
- 2% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er styttri en eitt ár.
  - 5% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er 1 til 5 ár.
  - 7% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.

Ekki skal beitt frádragi þegar Seðlabankinn er seljandi verðbréfa. Með markaðsverði er átt við verð í síðustu viðskiptum á síðasta viðskiptadegi fyrir uppboð á Verðbréfaþingi Íslands hf. hvort sem um er að ræða sölu bankans eða kaup. Sé slíkt verð ekki fyrir hendi skal miða við lægsta kaupverð þann dag.

- b) Ákvæði um að kaupandi bréfanna eigi rétt á að selja þau fyrir eigin reikning verði ekki staðið við endurkaup þeirra á lokadegi viðskiptanna.
- c) Ákvæði um geymslustað bréfanna, sem getur verið í Seðlabankanum eða hjá seljanda, enda lýsi hann yfir að hann felli sig við eftirlit ytri endurskoðanda með geymslunni.

#### 4. gr.

##### *Daglán.*

Seðlabankinn veitir lánastofnun daglán gegn handveði ef hún óskar þess og skal umsókn um slíkt lán berast á sérstöku eyðublaði. Hæf verðbréf til tryggingar dagláni eru þau sömu og gilda til tryggingar í endurhverfum viðskiptum sbr. 3. mgr. 3. gr. Fjárhæð úti-standandi daglána skal þó aldrei vera hærri en níutíu hundradshlutar af markaðsverði handveðsettra verðbréfa skv. 8. mgr. 3. gr. Beiðni um daglán skal berast peningamálsviði Seðlabankans fyrir kl. 17.15, og handveðsetningu skal lokið fyrir kl. 17.45, ef afgreiðsla á að fara fram samdægurs. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað kl. 12:00 skal beiðni um daglán berast fyrir kl. 11.30 og handveðsetningu lokið fyrir kl. 12.00. Daglán bera forvexti. Samningstíminn er einn dagur. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokað á gjalddaga frestast hann til næsta viðskiptadags. Seðlabankinn skuldar viðskiptareikning lán-taka í bankanum fyrir gjaldfallinni fjárhæð dagláns sé innstæða fyrir hendi á hlutaðeigandi viðskiptareikningi á þeirri stundu. Sé innstæða ekki fyrir hendi ber lántaka að grípa til við-eigandi ráðstafana til að tryggja endurgreiðslu daglánsins. Seðlabankanum er jafnan heim-ilt að halda í sinni vörslu sem handveði nægjanlegri fjárhæð hæfra verðbréfa til trygging-ar teknu dagláni hlutaðeigandi lántaka þar til tryggt er að slíkt lán hafi að fullu verið end-urgreitt. Handveð fyrir dagláni sem vaxtafært er með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og vegna ójafnaðs uppgjörs greiðslumiðlunar skal vera að lágmarki einn

viðskiptadag í vörslu bankans. Kjör daglána skulu tilkynnt fyrirfram þeim lánastofnunum sem aðgang hafa að þeim. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang lánastofnana að daglánum án fyrirvara.

## 5. gr.

*Verklagsreglur.*

Ef reglulegur gjalddagi afborgana og vaxta fellur á daga sem afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana er lokuð færist hann til næsta viðskiptadags. Gera má ráð fyrir í lánsamningum að vaxtatímabil geti verið mislangt sem þessu nemur.

Það er meginregla að ekki skal vaxtafæra („validera“) innborganir á reikninga í Seðlabankanum á öðrum degi en þegar þær eiga sér stað. Til slíkra vaxtafærslna á eingöngu að grípa þegar leiðréttá á skekkjur, t.d. færslumistök af hálfu Seðlabankans og til að loka neikvæðri stöðu sem kann að hafa myndast á viðskiptareikningi lánastofnunar í Seðlabankanum, sbr. 3. mgr. 1. gr. að framan.

Almenn vaxtaregla í viðskiptum við Seðlabankann er raun/360.

## 6. gr.

*Tilkynningar.*

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabankans um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda með símbréfi að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þeirra, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun sbr. 7. tl. 39. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði með síðari breytingum, sbr. enn fremur lista yfir aðila ásamt rithandarsýnishornum þeirra. Seðlabankinn krefst þess að lánastofnun staðfesti á tryggn hátt, t.d. með símtali, þegar tilkynning er send með símbréfi. Sama regla gildir um tilkynningar bankans til lánastofnana.

Þær lánastofnanir sem hafa ekki komið sér upp undirskriftalistum yfir þá aðila, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun sbr. áðurgreind lög um viðskiptabanka og sparisjóði, skulu staðfesta sérstaklega undirskriftir hlutaðeigandi starfsmanna gagnvart Seðlabankanum.

## 7. gr.

*Útilokun viðskipta.*

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þessara reglna.

## 8. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júlí 2002. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands nr. 115 frá 13. febrúar 2001, með síðari breytingu nr. 161/2002.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. taka ákvæði 3. gr. reglnanna um hæfi bréfa til tryggingar í endurhverfum viðskiptum og daglánum gildi frá og með 1. júní 2002.

*Reykjavík, 29. maí 2002.*

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

# REGLUR

## um lausafjórhlutfall.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur með vísan til 12. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um lausafjórhlutfall bindiskyldra lánastofnana.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lánastofnana sem starfa skv. lögum og ber að uppfylla reglur Seðlabankans um bindiskyldu.

### 2. gr.

#### *Mat á lausu fé.*

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

- a) Laust innan eins mánaðar.
- b) Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
- c) Laust eftir þrjá mánuði til allt að sex mánaða.
- d) Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjórhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabankans.

### 3. gr.

#### *Lágmark lausafjórhlutfalla.*

Með lausafjórhlutfalli er átt við hlutfall lausafjórkrafna og lausafjórskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjórhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna a) og b) í 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjórhlutfallið skv. a) lið hærra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjórhæð sem umfram stendur yfir á b) lið.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjórhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. c) og d) lið 1. mgr. 2. gr.

### 4. gr.

#### *Viðurlög.*

Nái lausafjórhlutföll lánastofnunar ekki því lágmarki sem sett er í 1. mgr. 3. gr. skal reikna dagsektir á þær fjórhæðir sem á vantar skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kærueimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. framangreindra reglna.

Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikninga viðkomandi lánastofnunar eða fyrirtækis hjá bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna í 1. mgr. hér að framan. Lánastofnun, sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda lánastofnun, heimilar Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög vegna viðkomandi stofnunar á reikning sinn í bankanum.

## 5. gr.

*Skilgreining á lausafjárkröfum.*

Eftirtaldar kröfur í eigu lánastofnunar skulu teljast til lausafjárkrafna og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Sjóður í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- b) Óbundnar innstæður í seðlabönkum, þar með talin innstæða á reikningi vegna bindiskyldu. Aðalviðskiptareikningur sparisjóðs hjá Sparisjóðabanka Íslands hf., þar með talinn innstæða sparisjóðs hjá Sparisjóðabankanum vegna milligöngu hans um bindiskyldu skv. 8. gr. gildandi reglna um bindiskyldu. Ef nýtt er heimild í 9. gr. reglna Seðlabanka Íslands um bindiskyldu um sérstakan bindireikning skal telja hann bæði með sem innstæðu á reikningi vegna bindiskyldu og sem bindifjárhæð til tryggingar í greiðsluferfum.
- c) Endurhverf verðbréfakaup af Seðlabankanum.
- d) 5% af sammingsbundnum veltilánum til lánastofnana vegna afurða- og rekstrarlána.
- e) Eigin reikningar (nostro) í lánastofnunum.
- f) 5% af yfirdráttarlánnum og afurðalánnum.
- g) 15% af öllum vanskilum sem eru eldri en þrjátíu daga, þ.m.t. greiddar óinnleystar ábyrgðir.
- h) 90% af markaðsverðmæti innlendra ríkisvixla, annarra endurseljanlegra bréfa í Seðlabankanum og erlendra ríkisvixla.
  - i) 80% af markaðsverðmæti vixla lánastofnana með viðskiptavakt, sem skráðir eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, skráðra erlendra markaðsskuldabréfa, skráðra erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.
  - j) 50% af markaðsverðmæti skráðra vixla- og skuldabréfaflokka með viðskiptavakt, sem eru ekki hæfir í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, og hlutabréfa í úrvals-vísitölu VPÍ.
- k) 25% af markaðsverðmæti annarra skráðra innlendra hlutabréfa.
  - l) 10% af markaðsverðmæti annarra skráðra skuldabréfa án viðskiptavaktar.
- m) 80% af ónýttum hluta sammingsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í ISK.
- n) Kröfur vegna ónýttu hluta sammingsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í erlendum gjaldmiðli.
- o) 10% af ónýttum lánsheimildum (lánalánnum) í innlendum og erlendum gjaldmiðli.

Aðrar eftirtaldar kröfur skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Innstæðubréf Seðlabankans.
- b) 90% af endurgreiðslum vegna krafna á innlendar lánastofnanir að undanskildum eigin reikningum (nostro).
- c) Endurgreiðslur vegna krafna á erlendar lánastofnanir bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðli að undanskildum eigin reikningum (nostro).
- d) 80% af endurgreiðslum vegna krafna á aðra aðila en lánastofnanir að frátöldum kröfum í vanskilum, yfirdráttar- og afurðalánnum.
- e) 90% af kröfum vegna endurhverfra verðbréfakaupa þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn. Þetta hlutfall skal þó vera 100% vegna milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir sparisjóði.
- f) 90% af jákvæðu markaðsvirði (óinnleystum hagnaði) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
- g) 80% af kröfum vegna sölutrygginga.

## 6. gr.

*Skilgreining á lausafjárskuldbindingum.*

Eftirtaldar skuldbindingar lánastofnunar skulu teljast til lausafjárskuldbindinga og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Gjaldkræfar skuldir við seðlabanka, þar með talin útreiknuð bindiskyldukvöð skv. reglum Seðlabanka Íslands um bindiskyldu og uppgjörskvöð vegna greiðslukerfa.
- b) Endurhverf verðbréfasala til Seðlabankans.
- c) 5% af lánasamningum við lánastofnanir vegna afurða- og rekstrarlána.
- d) 5% af bundnum innlánnum í krónum og 10% af öðrum innlánnum.
- e) 80% af skuldbindingum vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í ISK.
- f) 100% af skuldbindingum vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í erlendum gjaldmiðli.
- g) 25% af skuldbindingum vegna ónýtttra hluta veltilána til annarra en lánastofnana í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- h) 10% af ábyrgðum.
- i) 5% af innlendum kreditkortaheimildum.
- j) 0,5% af erlendum kreditkortaheimildum.

Aðrar eftirtaldar skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. miðað við eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Endurgreiðslur af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir.
- b) Endurgreiðslur af verðbréfaútgáfu á markaði.
- c) Endurgreiðslur af annarri lántöku.
- d) 100% af skuldbindingum vegna endurhverfrar verðbréfasölu þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn.
- e) 100% af neikvæðu markaðsvirði (óinnleystu tapi) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
- f) 25% af andvirði skuldbindinga vegna sölutrygginga.
- g) 80% af skuldbindingum vegna samþykktra lánsloforða.
- h) Greiðslur vegna samþykktar arðs.

## 7. gr.

*Frekari upplýsingar vegna viðskipta utan efnahags.*

Eftirtaldar kröfur og skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra og hvort um er að ræða erlendan eða innlendan gjaldmiðil:

- a) Höfuðstóll framvirkra samninga.
- b) Greiðsluflæði skiptasamninga.
- c) Höfuðstóll valréttarsamninga.

Ofangreindir stafliðir eru ekki teknir með í útreikningi á lausafjárhlutfalli.

## 8. gr.

*Skýrsluskil.*

Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum á grundvelli 2. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kæruehimild og innheimtu gilda ákvæði 6., 7. og 8. gr. greindra reglna eftir því sem við getur átt og um skuldun dagsekta á hlutaðeigandi aðila gildir 2. mgr. 4. gr. hér að framan eftir því sem við getur átt.

Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem honum er til að dreifa, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

## 9. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar taka gildi 1. september 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall nr. 905 frá 27. desember 1999.

*Reykjavík, 29. maí 2002.*

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

**REGLUR****um gjaldeyrisjöfnuð.**

Með tilvísun til 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð bindiskyldra lánastofnana og annarra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar taka til bindiskyldra lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. lög nr. 113/1996 með síðari breytingum og annarra lánastofnana, sbr. lög nr. 123/1993 með síðari breytingum, sem starfa hér á landi. Einnig taka þær til aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti frá Seðlabankanum þar sem áskilið er að leyfishafi hlíti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eigna- og skuldaliði svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun.



Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundna eigna- og skuldaliði í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

Til framvirkrar stöðu í gjaldmiðli skal telja öll gengisbundin viðskipti með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga.

Til opinnar gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal telja allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin ber sjálf gjaldeyrisáhættuna.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða stofnunar er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eigið fé í reglum þessum er eftir því sem við á skilgreint í eiginfjárvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 með síðari breytingum, laga um aðrar lánastofnanir nr. 123/1993 með síðari breytingum eða ákvæðum laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum. Þó skal telja með eigin fé hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. samtölu ábyrgðayfirlýsinga þeirra sem einstakir sparisjóðir hafa gefið út vegna viðskiptaskuldbindinga Sparisjóðabanka Íslands hf. gagnvart erlendum lánastofnunum.

### 3. gr.

#### *Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.*

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

- 1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
- 2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
- 3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
- 4) Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna nr. 693/2001 um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
- 5) Markaðsvirði annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.

Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta auk ofangreindra tölulíða tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni:

- 1) Framtíðartekna og -gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
- 2) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytinga gjaldmiðils á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikninga á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta upp samsettum mynteiningum eftir vægi hvernar myntar í viðkomandi mynteiningu.

## 4. gr.

*Gjaldeyrisjöfnuður.*

Gjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

- 1) Opín gjaldeyrisstaða stofnunar í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þó er heimilt að jöfnuður í Bandaríkjadal og evru sé jákvæður eða neikvæður um 20%.
- 2) Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skulu stofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann, og skal hann vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist aðila ekki með aðgerðum sínum að laga gjaldeyrisjöfnuð sinn innan greindra tímamarka er Seðlabankanum heimilt að reikna dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð. Um ákvörðun dagsekta, kæruehimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Bankanum er heimilt að skuldfæra reiknaðar dagsektir á viðskiptareikning hlutaðeigandi lánastofnunnar eða fyrirtækis í bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna.

## 5. gr.

*Skýrsluskil.*

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Seðlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð á því formi sem bankinn ákveður. Skal slíkum skýrslum skilað innan 10 viðskiptadaga frá lokum hvers mánaðar. Aðilar að millibankamarkaðnum með gjaldeyri skulu þó skila daglega skýrslum sbr. gildandi reglur þar að lútandi um gjaldeyrismarkað.

Seðlabankanum er heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum skv. 1. mgr. á grundvelli 2. mgr. 2. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kæruehimild og innheimtu gilda tilvitnuð ákvæði sömu reglna eftir því sem við getur átt, sbr. 2. mgr. 4. gr. hér að framan.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi hinn 1. júlí 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti nr. 421 frá 1. júlí 1997.

*Reykjavík, 29. maí 2002.*

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

# REGLUR

## um bindiskyldu.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið eftirfarandi reglur um bindiskyldu lána- stofnana skv. 11. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 með síðari breytingum.

1. gr.

### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu af ráðstöfunarfé innláns- stofnana og annarra lánastofnana, eins og það er fundið á grundvelli mánaðarskýrslu til töl- fræðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

2. gr.

### *Bindiskyldar stofnanir.*

Bindiskylda nær til viðskiptabanka og sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heim- ilt er skv. lögum að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og þeirra lánastofnana sem starfa á grundvelli laga nr. 123/1993 með síðari breytingum og eru ekki bundnar af ákvæðum sérlaga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar.

3. gr.

### *Bindifjárhæð.*

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinna stærða:

- a. 1,5% af bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.
- b. 4,0% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

Vanræki bindiskyld stofnun að skila skýrslum til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 7. gr. reglna þessara, er bankanum heimilt að úrskurða bindiskylda fjár- hæð á grundvelli meðaltals tveggja síðustu skýrslna sem borist hafa frá viðkomandi stofn- un auk 10% álags fyrir hvern mánuð og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.

4. gr.

### *Ráðstöfunarfé.*

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings bindi- skyldrar stofnunar þ.m.t. veðdeildar að meðtöldum tekjum en að frádregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

1. Skuldir við bindiskyldar stofnanir samkvæmt 2. gr. þessara reglna aðrar en markaðs- verðbréf.
2. Innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sbr. lög nr. 129/1997 með síðari breytingum.
3. Afskriftarreikningur útlána enda sé hann meðtalinn á skuldahlið efnahagsreiknings.
4. Eigið fé og víkjandi lán.
5. Gjöld enda séu þau tilgreind á eignahlið og tekjur meðtaldar á skuldahlið efnahags- reiknings.
6. Viðskiptareikningur sem myndast vegna innbyrðis viðskipta bindiskyldrar stofnunar t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga lána-

stofnunar eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eigna- og skuldahlíð. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bóknar, er hér í 6. tl. átt við lægri fjárhæðina.

5. gr.

*Bundið ráðstöfunarfé.*

Með bundnu ráðstöfunarfé er átt við eftirfarandi skuldaliði:

- a. Útistandandi verðbréf útgefin af hlutaðeigandi stofnun, enda hafi upphaflegur lánstími þeirra ekki verið skemmri en eitt ár.
- b. Innlán á bundnum sparireikningum, þ.e. reikningum sem aðeins eru opnaðir til úttektar í tiltekinn tíma, mest einn mánuð í senn, en þess á milli líði minnst eitt ár án þess að höfuðstóllinn sé aðgengilegur reikningseiganda að neinu leyti. Innlánsreikningar, sem um tiltekinn tíma eru opnir til úttektar, skulu teljast hér með, enda geri samningar eða reglur ráð fyrir að þeir lokist á ný. Innlánsreikningar, sem að hluta eða öllu leyti eru opnir til úttektar í ótiltekinn tíma, skulu ekki teljast hér með, enda þótt þeir hafi einhverju sinni verið lokaðir fyrir úttektum. Innlánsreikningar með ákvæði um bindingu þar sem innstæðueigandi getur tekið út innstæðu fyrir lok binditíma gegn gjaldi skulu ekki teljast hér með.
- c. Innlán á reikningum sem stofnaðir hafa verið vegna samninga um reglubundinn sparnað til a.m.k. eins árs, þó ekki innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, sbr. 2. tl. 4. gr. Slík innlán skulu þó ekki teljast hér með að loknum samningstímanum.
- d. Aðrar skuldir, þ.m.t. mótvirði endurkaupasamninga, til lengri tíma en eins árs.
- e. Áfallnir ófærðir vextir staflíða a, b, c og d.

6. gr.

*Uppgjör bindingar.*

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um meðalstöðu ráðstöfunarfjár sbr. 4., 5. og 7. gr. við lok síðustu tveggja mánaða. Binditímabil er frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum stofnunum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð.

Bindiskyldar stofnanir skulu sjá til þess að innstæða þeirra á bindireikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð.

Sé innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar bankinn dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða bindireiknings ná tilskilinni bindifjárhæð og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi stofnunar að liðnum að minnsta kosti sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Meðalinnstæða á bindireikningi umfram bindifjárhæð ber sömu vexti og viðskiptareikningar bindiskyldra lánastofnana í Seðlabankanum.

7. gr.

*Skýrsluskil.*

Mánaðarskýrslur frá bindiskyldum stofnunum skulu hafa borist Seðlabankanum eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

## 8. gr.

*Milliganga um bindiskyldu.*

Heimilt er einni bindiskyldri stofnun að fela annarri bindiskyldri stofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allar bindiskyldar stofnanir láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 7. gr. Bankinn mun tilkynna þeim stofnunum sem annast bindiskyldu fyrir aðrar stofnanir bindifjárhæðir þeirra. Heildarbindifjárhæð þeirrar stofnunar, sem fer með bindiskyldu fyrir aðrar bindiskyldar stofnanir, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar hennar og hvernar þeirrar stofnunar sem hún fer með bindiskyldu fyrir.

Bindiskyldar stofnanir sem fela öðrum bindiskyldum stofnunum að annast uppfyllingu bindiskyldu skulu tilkynna Seðlabankanum þar um með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og uppsögn slíks samkomulags skal tilkynnt bankanum með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Aðilar að slíku fyrirkomulagi skulu gera með sér sérstakan samning þar sem meðal annars komi fram að vanefndir einstakra aðila á uppfyllingu bindiskyldu beri sömu viðurlög og tilgreind eru í 6. gr. þessara reglna. Samningar þessir skulu háðir staðfestingu bankans.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga nú einungis við milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna sparisjóða sem fela bankanum að annast bindiskyldu fyrir sína hönd.

## 9. gr.

*Sérstakur bindireikningur.*

Bindiskyld stofnun sem er þátttakandi í greiðslukerfi getur óskað eftir því við Seðlabankann að stofnaður verði sérstakur bindireikningur með tiltekinni innstæðu sem bundin er til eins mánaðar í senn og nota skal við uppgjör ef stofnun vanefnir skuldbindingar sínar gagnvart öðrum þátttakendum í greiðslukerfinu. Bankinn setur nánari skilyrði fyrir stofnun og notkun reikningsins sem tilgreind skulu í samningi þar að lútandi. Innstæða á sérstökum bindireikningi telst vera hluti heildarinnstæðu stofnunar vegna bindiskyldu hennar.

Við vanefnd stofnunar við uppgjör í greiðslukerfinu hefur Seðlabankinn rétt til þess að ráðstafa innstæðunni eða hluta hennar án fyrirvara eða tilkynningar til greiðslu krafna sem aðrir þátttakendur í greiðslukerfinu eiga gagnvart honum. Um uppgjörð og tilhögun innlausnar er nánar kveðið á um í reglum um greiðslukerfi settum af bankanum.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2002. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands nr. 794 frá 30. desember 1998. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í júlí 2002.

*Reykjavík, 29. maí 2002.*

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

**REGLUR****um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.**

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur að fengnu samþykki og staðfestingu bankaráðs sett eftirfarandi reglur um beitingu Seðlabanka Íslands á dagsektum skv. 2. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

## 1. gr.

*Dagsektir vegna reglna um bindiskyldu, lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð.*

Hlíti lánastofnun eða verðbréfasjóður ekki neðangreindum reglum settum af Seðlabanka Íslands:

- a) reglum um grundvöll og framkvæmd bindingar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 36/2001,
- b) reglum um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana, sbr. 12. gr. laga nr. 36/2001, og
- c) reglum um gjaldeyrisjöfnuð, sbr. 13. gr. laga nr. 36/2001,

er Seðlabankanum heimilt að beita lánastofnun eða verðbréfasjóð viðurlögum í formi dagsekta eins og nánar greinir í 2. gr.

## 2. gr.

*Útreikningur og fjárhæðir dagsekta skv. 1. gr.*

Þegar innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili er lægri en tilskilin bindi-fjárhæð skal reikna dagsektir sem samsvara dráttarvöxtum yfir binditímabilið á þá fjárhæð sem á vantaði að meðalinnstæða bindireiknings næði tilskilinni bindifjárhæð. Þegar lausafjárhlutfall nær ekki tilskildu lágmarki skv. mánaðarskýrslu skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem á vantar. Þegar gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilin mörk skv. skýrslum, hvort sem þeirra er krafist daglega eða mánaðarlega, skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð.

Dagsektir vegna tafa eða vanrækslu á skýrsluskilum skulu vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem síðast bar að inna skylduna af hendi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

## 3. gr.

*Dagsektir vegna upplýsinga sem bankinn á rétt á skv. lögum.*

Vanræki aðilar að veita Seðlabankanum upplýsingar sem hann á rétt á samkvæmt 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem skila bar upplýsingunum í síðasta lagi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

## 4. gr.

*Dagsektir vegna vísitandi rangra upplýsinga.*

Veiti aðilar Seðlabankanum vísitandi rangar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með móttökudegi hinna vísitandi röngu upplýsinga og fram að þeim degi sem réttar upplýsingar eru móttæknar af Seðlabankanum.

## 5. gr.

*Ófullnægjandi upplýsingar.*

Ef í ljós kemur við úrvinnslu upplýsinga að efni þeirra er ófullnægjandi, leggur bankastjórn Seðlabankans fyrir aðila að bæta þar úr án ástæðulausra tafa. Heimilt er í slíkum tilvikum að beita dagsektum skv. 1. gr., sbr. 2., 3. og 4. gr., ef bankastjórn telur þörf á.

## 6. gr.

*Ákvörðun um dagsektir.*

Bankastjórn Seðlabankans leggur á dagsektir með sérstakri ákvörðun. Við ákvörðun fjárhæða dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks aðila, svo sem heildareigna hlutaðeigandi.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en bankastjórn Seðlabankans tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um dagsektir skal kynnt aðila skriflega með sannanlegum hætti án ástæðulausra tafa.

## 7. gr.

*Kæruheimild.*

Aðila sem bankastjórn Seðlabankans hefur gert að greiða dagsektir með sérstakri ákvörðun, er heimilt að kæra þá ákvörðun til forsætisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

## 8. gr.

*Innheimta dagsekta.*

Heimilt er að innheimta dagsektir að liðnum sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglna þessara. Dagsektir má innheimta með aðför að lögum, sbr. 2. ml. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001. Einnig má innheimta dagsektir með því að skulda viðskiptareikning hlutaðeigandi aðila hjá Seðlabanka Íslands.

Innheimt viðurlög skulu renna að  $\frac{3}{4}$  hlutum til ríkissjóðs (að frádrögnum kostnaði við innheimtuna) og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

## 9. gr.

*Kynning og gildistaka.*

Reglur þessar, sem hafa verið kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til, öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Reykjavík, 29. maí 2002.*

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**

## AUGLÝSING

### um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum.

Með tilvísun til 12. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528/1998 frá 4. september 1998, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan áspunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka I:

Vegur nr.	Heiti	Kaffi
1	Hringvegur	Reykjavík – Arnarvatn í Mývatnssveit Reykjavík – Reykjahlíð í Mývatnssveit
25	Pykkvabæjarvegur	
26	Landvegur	
264	Rangárvallavegur	Hringvegur við Hellu – Gunnarsholt

Vegur nr.	Heiti	Kaflí
F26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur – Hrauneyjafossvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur – Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	
34	Eyrbakkavegur	
35	Biskupstungnabraut	Hringvegur – Reykholt
37	Laugarvatnsvegur	Biskupstungnabr. hjá Svínavatni – Laugarvatn
38	Þorlákshafnarvegur	Ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja
39	Þrengslavegur	
305	Villingaholtsvegur	Hringvegur – Hrórsholtsnáma
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Norðan Vatnsskarðs
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	
49	Nesbraut	
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
421	Vogavegur	
422	Njarðvíkurvegur	
425	Nesvegur	
431	Hafravatnsvegur	Hringvegur í Mosfellsbæ – Reykjalandarvegur
433	Reykjalundarvegur	
51	Akrafjallsvegur	
50	Borgarfjarðarbraut	Hringvegur á Seleyri – Grjóteyri (náma)
54	Snæfellsnesvegur	Borgarnes – Vegamót Stykkishólmsvegur – Útnesvegur
56	Vatnaleið	
58	Stykkishólmsvegur	Ásamt ferju til Brjánslækjar
574	Útnesvegur	Snæfellsnesvegur – Móðulækur (náma)
575	Flugvallarvegur	
576	Framsveitarvegur	Snæfellsnesvegur – Spjör (náma)
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
509	Akranesvegur	
60	Vestfjarðavegur	Laxárdalsvegur – Króksfjarðarnes Barðastrandarvegur – Djúpvegur
61	Djúpvegur	
62	Barðastrandarvegur	Vestfjarðavegur – Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður – Ketildalavegur
64	Flateyrarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
612	Örlygshafnarvegur	Barðastrandarvegur – Flugvöllur
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur – Stóri-laugardalur
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur – Bíldudalur
625	Valþjófsdalsvegur	Vestfjarðavegur – Flugvöllur
640	Borðeyrarvegur	
643	Strandavegur	Djúpvegur – Drangnesvegur við Hálsgötugil
645	Drangnesvegur	Strandavegur – Drangnes um Selströnd
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	
77	Hofsósbraut	



Vegur nr.	Heiti	Kafli
704	Miðfjarðarvegur	Hringvegur – Urriðaá (náma)
715	Víðidalssvegur	Hringvegur – Víðidalstungunáma
711	Vatnsnesvegur	Hvammstangi – Kárastaðir (náma)
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Finnstunga (náma)
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Kleifar (náma)
734	Svartárdalsvegur	Hringvegur – Fjós (náma)
741	Neðribyggðarvegur	Skagastrandarv. hjá Enni – Steypustöð
753	Vindheimavegur	Hringvegur – Vallholtsnáma
7047	Svertingsstaðavegur	Hringvegur – Svertingsstaðir (náma)
7230	Uppsálavegur	Hringvegur – Uppsálim (náma)
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur – Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	
85	Norðausturvegur	Að undanskilinni brú yfir Skjálfandafljót
87	Kísilvegur	
805	Svarfaðadalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Bakki (náma)
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
815	Hörgárdalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Björg (náma)
816	Dagverðareyrarvegur	Hringvegur – Skipalón (náma)
817	Blómsturvallavegur	Hringvegur – Blómsturvellir (náma)
821	Eyjafjarðarbraut vestri	Hringvegur – Miðbraut
823	Miðbraut	
829	Eyjafjarðarbraut eystri	Hringvegur – Miðbraut
830	Svalbarðseyrarvegur	
845	Aðaldalsvegur	
846	Austurhlíðarvegur	Hringvegur – Laugafiskur (fyrirtæki)
848	Mývatnsvegur	
863	Kröfluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
92	Norðfjarðarvegur	
93	Seyðisfjarðarvegur	
94	Borgarfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðavegur	
98	Djúpavogsvegur	
99	Hafnarvegur	
984	Hoffellsvegur	

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

*Vegagerðinni, 21. maí 2002.*

**Helgi Hallgrímsson.**

*Björn Ólafsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2002

28. maí 2002

1145

Nr. 391

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999,  
um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

1. gr.

1. gr. orðist svo: Reglugerðin gildir um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

2. gr.

Í 2. gr. verður skilgreining á orðinu innflutningur svo: Koma vörusendingar til landsins hvort heldur ætlunin er að koma vörunum í frjálst flæði á Evrópska efnahagssvæðinu eða flytja þær áfram til þriðja ríkis.

3. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo: Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík, Siglufirði og Þorlákshöfn. Fiskimjöl má aðeins fara um landamærastöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

4. gr.

18. gr. orðist svo: Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu vörusendingu skal greiða 426 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 213 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 127 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.556 kr. Fyrir heilan farm af sömu vöru, í sama flutningsfari og á vegum sama innflytjanda skal gjaldið aldrei nema hærri upphæð en 150.000 kr. enda þótt farmurinn samanstandi af mörgum vörusendingum. Þessar fjárhæðir miðast við gengi evru í maí 2002, eða 85,2 kr.

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða í landamærastöð. Fiskistofu er heimilt að fela innheimtu gjaldsins tollfyrirvöldum þar sem eftirlitið fer fram. Gjaldið skal ávallt innt af hendi áður en tollafgreiðsla fer fram nema ef gild bankatrygging fyrir greiðslu þess hefur verið lögð fram áður.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvöruheymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvöruheymslu.

Ef við á ber innflytjanda að leggja fram bankatryggingu fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu  
er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

## 1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður .....	3.300
2. Sérfræðingur I .....	4.900
3. Sérfræðingur II .....	6.400
4. Sérfræðingur III .....	6.950

## 2. gr.

<b>Örverumælingar:</b>	kr./klst.
Undirbúningur sýna .....	1.450
<i>Bacillus</i> gró (hitun) .....	1.930
<i>Campylobacter</i> +/- .....	3.100
<i>Clostridium perfringens</i> , forpróf .....	1.930
<i>Clostridium perfringens</i> , staðfesting .....	1.880
Enterococci .....	1.510
Enterococci (sfun) .....	1.930
<i>Escherichia coli</i> , MUG eingöngu .....	1.450
Ger- og myglusveppir .....	1.770
*Iðragerlar .....	1.510
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN .....	1.860
Kólígerlar og <i>E. coli</i> .....	2.140
* Kólígerlar, MPN eingöngu .....	1.450
* <i>Listeria</i> +/- .....	3.100
* <i>Listeria</i> , greining ef forpróf er jákvætt .....	3.450
<i>Listeria</i> , talning .....	2.700
Mjólkursýrugerlar .....	1.820
<i>Pseudomonas</i> .....	1.820
RODAC-skálar með æti, stk. ....	230

Roðagerlar .....	kr./klst.
1.510	
* <i>Salmonella</i> .....	3.100
* Saurkólígerlar, MPN eingöngu .....	1.450
* Saurkólígerlar, MPN (eingöngu frárennsli) .....	2.530
* <i>Staphylococcus</i> (forpróf) .....	1.330
* <i>Staphylococcus</i> (staðfesting) .....	1.000
* Súlfit-afoxandi clostridia gró (hitun) .....	1.930
* Örverutalning, heildarfjöldi .....	1.300
Örverutalning, sérhæfð (t.d. járnagar) .....	1.820
Stjörnumerktar mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum ISO 17025	

**Efnamælingar:**

Undirbúningur sýna .....	kr./klst.
1.450	
Undirbúningur fljótandi sýnis .....	970
Undirbúningur stórra sýna .....	2.760
* Prótein (Kjeldahl) .....	2.730
* Fita .....	2.530
* Vatn .....	950
* Salt (NaCl, AOAC) .....	1.860
* Salt (NaCl, Volhard) .....	1.300
* Aska .....	1.460
TVN, heildarmagn reikulla basa .....	2.350
TMA, trimethylamin .....	2.780
TVN og TMA .....	3.200
Ammoníak .....	1.450
Rotamín .....	14.510
Níturít í fóðri og fóðurvörum .....	2.530
Pepsin-meltanleiki .....	11.150
Vatnsleysanlegt prótein .....	3.420
Drip (vatnstap við þiðnun) .....	1.240
Íshúð .....	1.690
Óbundnar fitusýrur í lýsi .....	1.150
Vatnsmæling með toluol .....	1.500
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu .....	3.890
Joðtala .....	3.750
Anisidín .....	4.473
Ósápanlegt .....	6.850
Peroxyðtala .....	1.920
TBA-gildi .....	7.300
Sáputala .....	3.030
Fitusýrugreining (hrein fita) .....	11.500
Fitusýrugreining með útdrætti .....	15.640
Ediksýra .....	1.520
Súlfit .....	8.300
Sýrustig pH.....	920
Stjörnumerktar mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum ISO 17025.	

**Snefilefnamælingar:**

Undirbúningur fyrir þungmálmamælingar .....	kr./klst.
4.370	
Arsen .....	5.300

	kr./klst.
Blý .....	5.300
Fosfór .....	4.140
Járn .....	4.140
Joð .....	6.520
Joð (kínétísk mæling) .....	7.613
Kadmín .....	4.140
Kalíum .....	4.140
Kalsíum .....	4.140
Kopar .....	4.140
Króm .....	4.140
Kvikasilfur .....	5.300
Mangan .....	4.140
Natríum .....	4.140
Nikkel .....	4.140
Selen .....	5.300
<b>MÆLINGAR Á SALTÍ:</b>	
Undirbúningur fyrir mælingu á sjávarsalti .....	2.790
Járn .....	4.140
Kalíum .....	4.140
Kalsíum .....	4.140
Klóríð (titer) .....	2.200
Kopar .....	4.140
Kornastærð .....	4.140
Magnésíum .....	4.140
Natríum .....	4.140
Óleysanlegt í vatni .....	3.910
Raki og bundið vatn .....	950
Súlfat .....	5.000

## 3. gr.

Innfalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. gr. er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

## 4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald kr. 2.200. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt skv. tímamælingu.

## 5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

## 6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

## 7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktíloðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxta sbr. 1. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 915 frá 29. desember 1999.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. maí 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2002

---

Nr. 393

1150

4. júní 2002

## REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 787, 22. október 2001,  
um bann við humarveiðum við Surtsey.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 787, 22. október 2001, um bann við humarveiðum við Surtsey.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júní 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. júní 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 394

3. júní 2002

## REGLUGERÐ

**um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 2002 til og með 30. apríl 2003.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2002/2003 er 410.022 lestir.

## 3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 16. ágúst - 15. september 2002. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildar-afla íslensku skipanna.

## 4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

## 5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflu. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla aflu úr nótt veiðiskips um borð í flutningaskip. Þá er óheimilt að flytja óvigtaðan aflu milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann aflu sem er í nóttinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nóttinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu.

## 6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nótt. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 cm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðsenda.

## 7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*



## REGLUGERÐ

### um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2002/2003.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenkra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 20. júní 2002 til 30. apríl 2003.

#### 2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu þar sem komi fram sömu upplýsingar og í umsókninni.

#### 3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 48.587 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2003 og norðan við 64°30'N.

Grænlenstum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænlenstum stjórnvöldum, þó með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar 2003 og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23.000 lestir til 30. apríl 2003.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir á loðnuvertíðinni 2002/2003.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2002. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

#### 4. gr.

Færeyskum, norskum og grænlenstum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Grænlenstum og færeyskum skipum sem stunda loðnuveiðar eftir 15. febrúar 2003 í fiskveiðilandhelgi Íslands er óheimilt að landa loðnuafla utan Íslands nema til bræðslu.

#### 5. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 30. nóvember 2002 skulu ekki fleiri en 35 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Á tímabilinu 1. desember 2002 til 15. febrúar 2003 skulu ekki fleiri en 25 norsk skip stunda loðnuveiðar í lögsögunni samtímis.

Ekki skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hverri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

## 6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

- |                      |                      |
|----------------------|----------------------|
| a) 65°00'N - 10°00'V | e) 69°15'N - 13°00'V |
| b) 66°15'N - 09°00'V | f) 68°40'N - 16°30'V |
| c) 67°30'N - 10°00'V | g) 68°00'N - 20°00'V |
| d) 68°30'N - 11°00'V |                      |

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða athugunarstað veiðiskip siglir um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra athugunarstöðva en tilgreindar eru í 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstað áður en tilkynntur komutími er liðinn, samkv. 8. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

## 7. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu. Norsk og grænensk skip skulu fara eftir milliríkjasamningum við Ísland um fjareftirlit.

## 8. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Athugunarstað sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

## 9. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

## 10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send.

#### 11. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 10. gr. og um komu á athugunarstað. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga við ákvæði þessarar greina að öðru leyti en því að í stað orðsins: „athugunartilkynning“ (control report) koma orðin: „loka- og athugunartilkynning“ (exit og control report).

#### 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

### 13. gr.

Skipstjórum erlendra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í erlend loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvasterð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og Veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók

Skipsdagbók

Mælibréfi

Teikningum af skipi

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrotu.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentímetra millibili frá ákvæðnum og merktum viðmiðunarstað.

### 14. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

### 15. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8. - 11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

### 17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2002

27. maí 2002

1157

Nr. 396

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. maí 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

30. apríl 2002

Nr. 397

## REGLUR

**samkeppnisráðs um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmeitt samráð fyrirtækja.**

### I. KAFLI

#### **Sekt felld niður.**

##### 1. gr.

Samkeppnisráð mun fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað ef:

- a) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögmeitu samráði á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eða
- b) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

##### 2. gr.

Niðurfelling á sekt á grundvelli a-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld, hafa ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að hefja rannsókn á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga þegar sönnunargögn eru lögð fram.

Niðurfelling á sekt á grundvelli b-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld hafa ekki fullnægjandi sönnunargögn til að sanna hið ólögmeita samráð, sbr. 10. gr. samkeppnislaga, og ekkert fyrirtæki hefur hlotið niðurfellingu á sektum á grundvelli a-liðar 1. gr. þegar sönnunargögn eru lögð fram.

## 3. gr.

Auk skilyrðanna í a-lið 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. eða b-lið 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. verður fyrirtæki að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) það verður að sýna fullan samstarfsvilja meðan á rannsókn málsins stendur og láta samkeppnisyfirvöldum í té öll sönnunargögn og allar upplýsingar sem það býr yfir í tengslum við meint samkeppnislagabrot á meðan á rannsókn málsins stendur.
- b) það verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta samkeppnislagabroti eigi síðar en þegar það kemur upp um hið ólögmeta samráð.
- c) það má ekki hafa þvingað önnur fyrirtæki til þátttöku í hinu ólögmeta samráði.

## 4. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt á grundvelli þessara reglna, skal hafa samband við Samkeppnisstofnun. Verði það augljóst að skilyrði 1.-3. gr. eru ekki uppfyllt, mun Samkeppnisstofnun skýra fyrirtækinu frá því án tafar að því standi niðurfelling á sekt ekki til boða vegna meints brots.

## 5. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og geti þar af leiðandi fengið niðurfellingu á sekt skal fyrirtækið:

- a) án tafar láta Samkeppnisstofnun í té öll sönnunargögn sem fyrirtækið býr yfir og varða meint ólögmett samráð eða
- b) byrja á því að kynna fyrir Samkeppnisstofnun upplýsingar um sönnunargögnin sem fyrirtækið hyggst leggja fram síðar, á tilteknum degi. Með upplýsingunum skal fylgja listi sem lýsir þeim sönnunargögnum sem fyrirtækið býr yfir og hyggst afhenda stofnuninni. Á listanum ber fyrirtækinu að gera grein fyrir eðli og innihaldi sönnunargagnanna. Fyrirtækið getur kynnt Samkeppnisstofnun afrit af gögnum þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið fjarlægðar en sýna samt sem áður fram á eðli og innihald gagnanna.

## 6. gr.

Samkeppnisstofnun mun afhenda fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt, skriflega yfirlýsingu þar sem fram kemur hvenær fyrirtækið annaðhvort lét Samkeppnisstofnun í té upplýsingar og sönnunargögn, sbr. a-lið 5. gr. eða kynnti fyrir Samkeppnisstofnun lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr.

## 7. gr.

Þegar Samkeppnisstofnun hefur fengið í hendur sönnunargögn sem fyrirtæki lætur stofnuninni í té á grundvelli a-liðar 5. gr. og stofnunin hefur staðreynt að fyrirtækið uppfyllir skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr., tilkynnir Samkeppnisstofnun skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

## 8. gr.

Ef fyrirtæki velur að fara þá leið sem lýst er í b-lið 5. gr. mun Samkeppnisstofnun staðreyna að eðli og innihald sönnunargagna, sem fram koma á lista með lýsingu á sönnunargögnum sem fyrirtækið leggur fram, fullnægi skilyrðunum í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og tilkynna fyrirtækinu um niðurstöðu sína. Þegar fyrirtæki hefur á tilskildum tíma lagt fram þau sönnunargögn sem um er fjallað í lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr., og Samkeppnisstofnun hefur staðreynt að gögnin séu í samræmi við lýsinguna tilkynnir stofnunin skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

## 9. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. má draga til baka sönnunargögnin sem það lagði fram eða óska eftir að Samkeppnisstofnun skoði þau með tilliti til lækkunar á sekt, sbr. II. kafli reglnanna. Þetta kemur ekki í veg fyrir að Samkeppnisstofnun beiti rannsóknarræðum samkvæmt samkeppnislögum til að afla umræddra gagna.

## 10. gr.

Samkeppnisyfirvöld munu ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um niðurfellingu á sekt fyrr en afstaða hefur verið tekin til beiðni sem þegar liggur fyrir vegna sama meinta brots á samkeppnislögum.

## 11. gr.

Ef fyrirtæki hefur uppfyllt öll skilyrði sem sett eru fram í 5. gr. við lok málsmeðferðar samkeppnisyfirvalda mun samkeppnisráð fella niður sekt í ákvörðun sinni í málinu.

## II. KAFLI

**Lækkun á sekt.**

## 12. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. kafla reglnanna getur engu að síður uppfyllt skilyrði til að fá fjárhæð sektar lækkaða í máli sem varðar ólögmeitt samráð fyrirtækja.

## 13. gr.

Til þess að njóta lækkunar sektar verður fyrirtækið að láta Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar í förum sínum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta ólögmeita samráði.

## 14. gr.

Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti sönnunargögn þau sem fyrirtækið lætur Samkeppnisstofnun í té, með tilliti til eðlis gagnanna og nákvæmni, hjálpa til við að upplýsa staðreyndir málsins. Samkeppnisráð mun almennt séð líta svo á að skrifleg sönnunargögn sem stafa frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi ríkari gildi heldur en gögn eða upplýsingar sem koma til síðar. Jafnframt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu heldur en þau sem tengjast málinu með óbeinum hætti.

## 15. gr.

Samkeppnisráð mun í ákvörðun sinni skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrirtækið lét í té hafi á þeim tímapunkti er það gerðist haft verulega þýðingu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá lágu þegar fyrir.

## 16. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin fyrir lækkun sektar mun sektin lækka eftir neðangreindum reglum:

- (i) fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupp-hæðina lækkaða um 30 til 50%,
- (ii) annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupp-hæðina lækkaða um 20 til 30%,



- (iii) önnur fyrirtæki sem á eftir koma og uppfylla skilyrðin fyrir lækkun sektar geta fengið allt að 20% lækkun á sektarupphæðinni.

17. gr.

Þegar metið er hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur er tekið tillit til þess á hvaða tímapunkti fyrirtækið lagði fram sönnunargögnin og hversu mikla þýðingu þau höfðu fyrir rannsókn málsins. Einnig hefur samkeppnisráð hliðsjón af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin.

18. gr.

Ef fyrirtæki lætur Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem varpa ljósi á áður óþekktar staðreyndir í málinu og hafa beina þýðingu varðandi mat á alvarleika hins meinta ólög-mæta samráðs og hversu lengi það hefur varað þá mun samkeppnisráð ekki nota þær upplýsingar til að hækka sektina hjá viðkomandi fyrirtæki.

19. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir lækkun á sektarfjárhæð á grundvelli þessara reglna verður að láta samkeppnisyfirvöldum í té skrifleg sönnunargögn og upplýsingar sem geta sannað hið ólög-mæta samráð sem fyrirtækið hefur verið þátttakandi í.

20. gr.

Fyrirtæki fær skriflega staðfestingu frá Samkeppnisstofnun þar sem fram kemur hvenær gögn eða upplýsingar sem fyrirtæki miðlar til Samkeppnisstofnunar bárust stofnuninni. Samkeppnisyfirvöld munu ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um lækkun sektar samkvæmt þessum reglum fyrr en beiðnir sem þegar liggja fyrir hjá samkeppnisyfirvöldum og varða sama meinta brot á samkeppnislögum, hafa verið afgreiddar.

21. gr.

Ef samkeppnisyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að upplýsingar og sönnunargögn sem fyrirtæki lætur í té séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem þegar liggja fyrir mun fyrirtækinu vera skýrt skriflega frá þeirri niðurstöðu að til standi að lækka fjárhæð sektar sem hugsanlega verður lögð á fyrirtækið. Samkeppnisstofnun mun tilkynna fyrirtæk-inu um þessa ákvörðun eigi síðar en þegar frumniðurstöður stofnunarinnar verða birtar máls-aðilum.

### III. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

22. gr.

Aðeins þeir aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækis í því skyni sem um ræðir í reglum þessum er heimilt að leita til Samkeppnisstofnunar vegna hugsan-legs samstarfs til niðurfellingar sektar eða lækknar sektar. Þessar reglur taka því ekki til beiðna frá einstökum starfsmönnum fyrirtækis.

23. gr.

Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. og II. kafla regln-anna á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, mun það leiða til þess að hætt verður við þá ívilnandi sektarmeðferð sem þar er kveðið á um.

## 24. gr.

Samstarfsvilji fyrirtækja er eingöngu einn þáttur af mörgum sem samkeppnisráði er heimilt að líta til við mat á sektum. Þessar reglur takmarka ekki heimildir samkeppnisráðs til að lækka sektir af öðrum ástæðum.

## 25. gr.

Það að fyrirtæki njóta ívilnunar við ákvörðun sekta veitir þeim ekki einkaréttarlega vernd vegna aðildar að ólögumætu samráði. Ef upplýsingar sem fyrirtækið lætur í té leiða til þess að samkeppnisráð tekur íþyngjandi ákvörðun verður fyrirtækið sem nýtur niðurfellingar eða lækkunar á sekt einnig tilgreint í þeirri ákvörðun og þess getið að það hafi brotið gegn samkeppnislögum og hlutverki þess lýst nákvæmlega. Sú staðreynd að fyrirtækið starfaði með Samkeppnisstofnun verður einnig nefnd í ákvörðuninni til að útskýra hvers vegna sekt var ekki lögð á eða hún lækkuð.

IV. KAFLI  
Gildistaka.

## 26. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Samkeppnisstofnun, 30. apríl 2002.*

**Georg Ólafsson.**

*Kirstín Flygenring.*

**GJALDSKRÁ**  
fyrir kattahald á Siglufirði.

## 1. gr.

Eigendur katta í Siglufjarðarkaupstað skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001, sbr. 2. gr. hennar.

## 2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1000.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar með vísan í samþykkt um Kattarhald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Siglufirði, 21. maí 2002.*

**Guðmundur Guðlaugsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

*Hvoll.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2002 deiliskipulag þriggja íbúðarlóða vestan við íbúðarhúsið Hvol í Bessastaðahreppi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 28. maí 2002.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

Nr. 400

## REIKNINGUR

### Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2001.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2001.

<b>Tekjur</b>	Kr.
Vextir af bankainnistæðum .....	16.093,53
	16.093,53
<b>Gjöld</b>	
Fjármagnsskattur .....	1.609,00
Tekjur umfram gjöld.....	14.484,53
	16.093,53

### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2001.

<b>Eignir</b>	
Bankainnistæður .....	159.533,20
	159.533,20
<b>Skuldir</b>	
Hrein eign pr. 1. janúar 2001 .....	145.048,67
Hreinar tekjur árið 2001.....	14.484,53
	159.533,20

*Samgönguráðuneytinu, 24. maí 2002.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

## REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2001.

**Rekstrarreikningur fyrir árið 2001.**

<b>Tekjur</b>	Kr.
Vextir af bankainnistæðum.....	8.839,56
	<u>8.839,56</u>
<b>Gjöld</b>	
Fjármagnsskattur.. .. .	882,00
Tekjur umfram gjöld.....	7.957,56
	<u>8.839,56</u>

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2001.**

<b>Eignir</b>	
Bankainnistæður.....	79.991,81
	<u>79.991,81</u>
<b>Skuldir</b>	
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>	
Hrein eign pr. 1. janúar 2001 .....	72.034,25
Hreinar tekjur árið 2001.....	7.957,56
	<u>79.991,81</u>

*Samgönguráðuneytinu, 24. maí 2002.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

24. maí 2002

Nr. 402

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (III).**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, sem verða liðir 15m og 15n í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2001 og 69/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum.

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2000 frá 27. apríl 2000 þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fátíðum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“.

2. gr.

Reglugerðirnar og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2001 og 69/2001, sbr. 1. gr., sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi nr. 12, frá 28. febrúar 2002, eru birtar sem fylgiskjöl I-IV með reglugerð þessari. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar sem getið er um í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2001 hefur þegar verið innleidd með lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum, og reglugerðum settum með stoð í þeim.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. maí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

**Fylgiskjal I.****REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 141/2000**

frá 16. desember 1999

**um lyf við fátíðum sjúkdómum**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sumir sjúkdómar eru svo sjaldgæfir að áætluð sala lyfsins myndi ekki standa undir kostnaði við að þróa og markaðssetja lyf til að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn. Lyfjaiðnaðurinn yrði ófús að þróa lyfið við hefðbundin markaðsskilyrði. Þessi lyf eru nefnd „lyf við fátíðum sjúkdómum“.
- 2) Sjúklingar, sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum, skulu eiga rétt á meðhöndlun af sömu gæðum og aðrir sjúklingar. Því er nauðsynlegt að hvetja til rannsókna, þróunar og markaðssetningar viðeigandi lyfja innan lyfjaiðnaðarinnar. Hvetjandi aðgerðir til að þróa lyf við fátíðum sjúkdómum hafa verið við lýði í Bandaríkjum Norður-Ameríku síðan 1983 og í Japan síðan 1993.
- 3) Í Evrópusambandinu hefur hingað til einungis verið gripið til takmarkaðra aðgerða, hvort sem er á landsvísu eða innan bandalagsins, til að hvetja til þróunar á lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Best er að grípa til slíkra aðgerða á vettvangi bandalagsins til að fullnýta kosti víðfeðms markaðar og til að koma í veg fyrir dreifingu takmarkaðra fjármuna. Bandalagsaðgerðum er helst beint að ósamræmdum ráðstöfunum

aðildarríkjanna sem geta haft í för með sér röskun á samkeppni og viðskiptahindranir innan bandalagsins.

- 4) Aðkenna skal á auðveldan og skýran hátt þau lyf við fátíðum sjúkdómum sem uppfylla skilyrði um hvetjandi aðgerðir. Heppilegast er að ná þessu markmiði með því að taka upp opna og gagnsæja málsmeðferð bandalagsins við tilnefningu lyfja sem eru hugsanlega lyf við fátíðum sjúkdómum.
- 5) Taka skal upp hlutlægar viðmiðanir við tilnefningar á lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Þessar viðmiðanir skulu byggjast á algengi sjúkdómsins sem á að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla. Talið er að algengi, þar sem í hæsta lagi fimm einstaklingar eru sýktir af hverjum 10 000, séu viðeigandi viðmiðunarmörk. Lyf, sem eru gefin við lífshættulegum sjúkdómum, sjúkdómum sem valda alvarlegri fötlun eða alvarlegum og langvinnum sjúkdómum, skulu teljast uppfylla skilyrðin jafnvel þótt algengið sé meira en fimm af hverjum 10 000 einstaklingum.
- 6) Koma skal á fót nefnd sérfræðinga, sem aðildarríkin tilnefna, til að skoða umsóknir um tilnefningu. Í þessari nefnd skulu einnig eiga sæti þrír fulltrúar frá samtökum sjúklinga, tilnefndir af framkvæmdastjórninni, og þrír aðrir einstaklingar, einnig tilnefndir af framkvæmdastjórninni samkvæmt tilmælum frá Lyfjamálastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Lyfjamálastofnunin“). Lyfjamálastofnunin skal vera ábyrg fyrir nægilegri samræmingu á milli nefndarinnar um lyf við fátíðum sjúkdómum og sérlyfjanefndarinnar.
- 7) Sjúklingar, sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum, skulu hafa aðgang að lyfjum af sömu gæðum, öryggi og virkni og aðrir sjúklingar. Hefðbundið matsferli skal sett af stað vegna lyfja við fátíðum sjúkdómum. Ábyrgðaraðilar lyfja við fátíðum sjúkdómum skulu eiga möguleika á að fá bandalagsleyfi. Til að auðveldara sé að veita bandalagsleyfi og halda því skal fella niður gjald sem greiða skal Lyfjamálastofnuninni, að minnsta kosti að hluta til. Sjóðir bandalagsins skulu bæta Lyfjamálastofnuninni tekjutapið sem af hlýst.

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB C 276, 4.9.1998, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjóð. EB C 101, 12.4.1999, bls. 37.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 1999 (Stjóð. EB C 175, 21.6.1999, bls. 61), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. september 1999 (Stjóð. EB C 317, 4.11.1999, bls. 34) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

- 8) Reynsla frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Japan sýnir að áhrifaríkasta aðferðin til að hvetja til fjárfestingar í þróun og markaðssetningu lyfja við fátíðum sjúkdómum innan iðnaðarins sé að veita einkarétt á markaðnum í tiltekinn árafjölda þannig að hluti fjárfestingarinnar skili sér til baka. Gagnavernd, samkvæmt iii-lið a-liðar 8. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 65/65/EBE frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnislyf-fyrirmælum um sérlyf<sup>(1)</sup>, er ekki nægileg hvetning í því skyni. Aðildarríki geta ekki gert slíkar ráðstafanir, hvert um sig, án stuðnings bandalagsins þar sem slíkt ákvæði gengi í berhögg við tilskipun 65/65/EBE. Ef aðildarríkin beittu slíkum ráðstöfunum á ósamræmdan hátt myndi það leiða til viðskiptahindrana innan bandalagsins sem raskaði samkeppni og væri í andstöðu við innri markaðinn. Þó skal takmarka einkarétt á markaðnum við ábendingu sem liggja til grundvallar tilnefningu lyfja við fátíðum sjúkdómum með fyrirvara um gildandi hugverkarétt. Einkaréttur á markaðnum, sem er veittur í þágu sjúklinga fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum, ætti ekki að koma í veg fyrir markaðsetningu samsvarandi lyfs sem gæti verið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af sjúkdómnum.
- 9) Ábyrgðaraðilar lyfja við fátíðum sjúkdómum, sem eru tilnefnd samkvæmt þessari reglugerð, skulu hafa fullan ávinning af öllum hvetjandi aðgerðum sem bandalagið eða aðildarríkin gera til að efla rannsóknir og þróun á lyfjum til að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla slíka sjúkdóma, þar með talið sjaldgæfa sjúkdóma.
- 10) Með séráætlun, Biomed 2, innan fjórðu rammaáætlunarinnar um rannsóknir og tækniþróun (1994-1998), var stuðlað að rannsóknum á meðhöndlun sjaldgæfra sjúkdóma, þar með talin aðferð við að koma á fót kerfi sem gerir kleift að þróa hratt lyf við fátíðum sjúkdómum og búa til skrá yfir þau lyf við fátíðum sjúkdómum sem eru fáanleg í Evrópu. Markmiðið með styrkjum áætlunarinnar var að stuðla að samvinnu á milli þjóða í því skyni að hefja grunnrannsóknir og klínískar rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum. Rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum halda áfram að vera forgangsverkefni innan bandalagsins og þær hafa verið felldar inn í fimmtu rammaáætlunina um rannsóknir og tækniþróun (1998-2002). Með þessari reglugerð er settur lagarammi sem gerir kleift að koma niðurstöðum þessara rannsókna til framkvæmda hratt og á árangursríkan hátt.
- 11) Sjaldgæfir sjúkdómar hafa verið skilgreindir sem forgangsverkefni bandalagsins innan aðgerðaáætlunar um að efla almannaeilbrigði. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið, í orðsendingu um aðgerðaáætlun bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaeilbrigðis, að veita sjaldgæfum sjúkdómum forgang innan ramma

aðgerðaáætlunar almannaeilbrigðis. Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt ákvörðun nr. 1295/1999/EB frá 29. apríl 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaeilbrigðis (1999 til 2003)<sup>(2)</sup>, þar með taldar aðgerðir til að veita upplýsingar, rannsaka hópa tilfella af sjaldgæfum sjúkdómum í tilteknu þýði og til að efla hlutaðeigandi samtök sjúklinga. Með þessari reglugerð er hrint í framkvæmd einu af forgangsverkefnum sem mælt er fyrir um í framangreindri aðgerðaáætlun.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að ákveða málsmeðferð bandalagsins við tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum og að efla rannsóknir, þróun og markaðssetningu tilnefndra lyfja við fátíðum sjúkdómum.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „lyf“: lyf sem er ætlað mönnum, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 65/65/EBE;
- „lyf við fátíðum sjúkdómum“: lyf sem er tilnefnt sem slíkt samkvæmt skilmálum og skilyrðum þessarar reglugerðar;
- „ábyrgðaraðili“: hvaða lögpersóna eða einstaklingur sem er með staðfestu í bandalaginu sem sækist eftir að fá eða hefur fengið lyf tilnefnt sem lyf við fátíðum sjúkdómum;
- „Lyfjamálastofnunin“: Lyfjamálastofnun Evrópu.

##### 3. gr.

##### Viðmiðun fyrir tilnefningu

1. Tilnefna skal lyf sem lyf við fátíðum sjúkdómum ef ábyrgðaraðili þess getur staðfest:

- að því sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur varanlegri fötlun og sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af þegar umsóknin er lögð fram, eða

að því sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm, sjúkdóm sem veldur alvarlegri fötlun eða alvarlegan, langvinnan sjúkdóm í bandalaginu og að án hvetjandi aðgerða væri ólíklegt að markaðssetningu í bandalaginu gæfi af sér nægilegar tekjur sem réttlætti nauðsynlegar fjárfestingar.

(1) Stjóð. EB 22, 9.2.1965, bls. 369. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjóð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 22).

(2) Stjóð. EB L 155, 22.6.1999, bls. 1.

og

b) að ekki finnist fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem er leyfð í bandalaginu eða, ef slík meðhöndlun er til staðar, að lyfið verði marktækt framlag fyrir þá sem þjást af sjúkdómnum.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykka nauðsynleg ákvæði til að hrinda þessari grein í framkvæmd með framkvæmdarreglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 72. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93 (<sup>1</sup>).

#### 4. gr.

##### Nefnd um lyf við fátíðum sjúkdómum

1. Nefnd um lyf við fátíðum sjúkdómum, hér á eftir kölluð „nefndin“, er hér með komið á fót innan Lyfjamálastofnunarinnar.

2. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að skoða allar umsóknir um tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum sem eru lagðar fyrir hana í samræmi við þessa reglugerð;

b) að veita framkvæmdastjórninni ráð við mótun og þróun stefnu varðandi lyf við fátíðum sjúkdómum í Evrópu-sambandinu.

c) að aðstoða framkvæmdastjórnina við að koma á alþjóðlegum tengslum í málum sem varða lyf við fátíðum sjúkdómum og mynda tengsl við samtök sjúklinga;

d) að aðstoða framkvæmdastjórnina við að semja nákvæmar viðmiðunarreglur.

3. Hvert aðildarríki tilnefnir einn mann í nefndina, framkvæmdastjórnin tilnefnir þrjá menn, sem eru fulltrúar fyrir samtök sjúklinga, og aðra þrjá á grundvelli tilmæla frá Lyfjamálastofnuninni. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára og má framlengja tímabilið. Nefndarmenn geta notið aðstoðar sérfræðinga.

4. Nefndin skal kjósa sér formann til þriggja ára og má framlengja tímabilið einu sinni.

5. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjóri Lyfjamálastofnunarinnar eða fulltrúi hans mega sitja alla fundi nefndarinnar.

6. Lyfjamálastofnunin skal leggja til stjórnarskrifstofu nefndarinnar.

7. Þeir sem sæti eiga í nefndinni skulu, jafnvel þótt skyldum þeirra sé lokið, ekki láta af hendi neinar upplýsingar sem þagnarskylda gildir um.

#### 5. gr.

##### Málsmeðferð um tilnefningu og eyðingu úr skránni

1. Ábyrgðaraðilinn skal, til að öðlast tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum, senda umsókn til Lyfjamálastofnunarinnar hvenær sem er meðan á þróun

lyfsins stendur áður en umsókn fyrir markaðsleyfi er lögð fram.

2. Umsókninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar og skjöl:

a) nafn eða firmaheiti og varanlegt póstfang ábyrgðaraðila;

b) virk innihaldsefni lyfsins;

c) fyrirhuguð ábending;

d) rök fyrir því að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr., séu uppfylltar og lýsing á stöðu þróunar lyfsins, þar með taldar þær ábendingar sem búist var við.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framsetningu og innihald umsókna um tilnefningu.

4. Lyfjamálastofnunin skal sannprófa lögmæti umsókna-rinnar og semja yfirlitsskýrslu fyrir nefndina. Lyfjamálastofnunin getur farið fram á það, ef við á, að ábyrgðaraðilinn leggi fram upplýsingar og skjöl til viðbótar þeim sem fylgja umsókninni.

5. Lyfjamálastofnunin skal sjá til þess að nefndin skili álit sínu innan 90 daga frá viðtöku gildrar umsóknar.

6. Þegar nefndin vinnur að álit sínu skal hún leitast við, eftir bestu getu, að ná samstöðu. Náist slík samstaða ekki skal álitíð samþykkt af tveimur þriðju hlutum nefndarmanna. Hægt er að skila álitinu með skriflegri málsmeðferð.

7. Ef álit nefndarinnar er á þá leið að umsóknin uppfylli ekki viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skal Lyfjamálastofnunin tilkynna ábyrgðaraðilanum það þegar í stað. Ábyrgðaraðilinn getur, innan 90 daga frá viðtöku álitsins, lagt fram nákvæmar ástæður fyrir áfrýjun og skal Lyfjamálastofnunin leggja þær fyrir nefndina. Nefndin skal fluga hvort hún breytir álit sínu á næsta fundi.

8. Lyfjamálastofnunin skal þegar í stað senda endanlegt álit nefndarinnar til framkvæmdastjórnarinnar sem skal samþykka ákvörðun innan 30 daga frá móttöku álitsins. Ef drögin að ákvörðuninni eru, í sérstökum tilvikum, ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal ákvörðunin samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 73. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93. Tilkynna skal ábyrgðaraðilanum um ákvörðunina og senda hana til Lyfjamálastofnunarinnar og lögbærri yfirvalda aðildarríkjanna.

9. Færa skal tilnefnda lyfið inn í skrá bandalagsins yfir lyf við fátíðum sjúkdómum.

10. Ábyrgðaraðilinn skal árlega senda Lyfjamálastofnuninni skýrslu um stöðu þróunar tilnefnda lyfsins.

11. Ef framselja á tilnefnda lyfið við fátíðum sjúkdómum til annars ábyrgðaraðila skal handhafi tilnefningarinnar senda sérstaka umsókn til Lyfjamálastofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framsetningu og innihald umsókna um framsal. Í umsóknunum skulu einnig vera allar upplýsingar um nýja ábyrgðaraðilann.

(<sup>1</sup>) Stjótt. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 (Stjótt. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7).



12. Tilnefnd lyf við fátíðum sjúkdómum skulu tekin úr skrá bandalagsins yfir lyf við fátíðum sjúkdómum:

a) að beiðni ábyrgðaraðilans;

b) ef staðfest er, áður en markaðsleyfi er veitt, að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr., séu ekki lengur uppfylltar að því er varðar hlutaðeigandi lyf;

c) við lok tímabils einkaréttar á markaði eins og mælt er fyrir um í 8. gr.

6. gr.

#### Aðstoð við aðferðarlýsingu

1. Ábyrgðaraðili lyfs við fátíðum sjúkdómum getur, áður en hann leggur fram umsókn um markaðsleyfi, óskað eftir aðstoð frá Lyfjamálastofnuninni um framkvæmd hinna ýmsu prófana og rannsóknna sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á gæði, öryggi og virkni lyfsins í samræmi við j-lið 51. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

2. Lyfjamálastofnunin skal semja málsmeðferð um þróun lyfs við fátíðum sjúkdómum sem tekur til aðstoðar svo að farið sé að fyrirmælum við skilgreiningu á innihaldi leyfisumsóknarinnar í skilningi 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

7. gr.

#### Markaðsleyfi í bandalaginu

1. Sá sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lyfs við fátíðum sjúkdómum getur óskað eftir því að bandalagið veiti leyfi til markaðssetningar lyfs í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 án þess að réttlæta þurfi að lyfið uppfylli ákvæði B-hluta viðaukans við þá reglugerð.

2. Lyfjamálastofnunin fær árlega úthlutað sérstöku fjárframlagi frá bandalaginu sem er skýrt afmarkað frá því sem kveðið er á um í 57. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93. Lyfjamálastofnunin skal eingöngu nota fjárframlagið til að fella niður, að hluta til eða að fullu, þau gjöld sem ber að greiða samkvæmt bandalagsreglum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2309/93. Framkvæmdastjóri Lyfjamálastofnunarinnar skal í lok hvers árs leggja fram nákvæma skýrslu um það hvernig þessum sérstöku fjárframlögum hefur verið varið. Allar umframtekjur tiltekns árs skulu færðar á næsta ár og dregnar frá sérstökum fjárframlögum þess árs.

3. Markaðsleyfi, sem er veitt fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum, tekur aðeins til þeirra ábendinga sem uppfylla viðmiðanirnar í 3. gr. Þetta hefur þó ekki áhrif á

möguleikann á að sækja um aðgreint markaðsleyfi fyrir aðrar ábendingar sem eru utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

8. gr.

#### Einkaréttur á markaði

1. Ef veitt er markaðsleyfi fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2309/93 eða ef öll aðildarríkin hafa veitt markaðsleyfi í samræmi við málsmeðferðina um gagnkvæma viðurkenningu, sem mælt er fyrir um í 7. gr. og 7. gr. a í tilskipun 65/65/EBE eða 4. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 75/319/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnisýslu-fyrirmælum um sérlyf<sup>(1)</sup>, og með fyrirvara um lög um hugverkarétt eða önnur ákvæði bandalagslaga skulu bandalagið og aðildarríkin ekki samþykkja næstu 10 ár aðra umsókn um markaðsleyfi eða veita markaðsleyfi eða samþykkja umsókn um framlengingu gildandi markaðsleyfis fyrir sömu ábendinguna að því er varðar samsvarandi lyf.

2. Þó er hægt að stytta þetta tímabil í sex ár ef það liggur fyrir, í lok fimmta ársins, varðandi hlutaðeigandi lyf, að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr., séu ekki lengur uppfylltar, meðal annars þar sem hægt er að sýna fram á, á grundvelli tiltækra sönnunargagna, að hagnaður af lyfinu sé það mikill að einkaréttur á markaði sé ekki lengur réttlætanlegur. Aðildarríkið skal, í því skyni, tilkynna Lyfjamálastofnuninni að viðmiðanirnar, sem einkaréttur á markaði byggist á, séu ekki lengur uppfylltar og Lyfjamálastofnunin skal síðan taka upp málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. Ábyrgðaraðilinn skal senda Lyfjamálastofnuninni nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um lög um hugverkarétt eða önnur ákvæði í bandalagslögum er heimilt að veita leyfi vegna sömu ábendinga fyrir samsvarandi lyf ef:

a) handhafi markaðsleyfis upprunalega lyfsins við fátíðum sjúkdómum hefur gefið hinum umsækjandanum samþykki sitt, eða

b) handhafi markaðsleyfis upprunalega lyfsins við fátíðum sjúkdómum er ekki fær um að útvega nægilegt magn af lyfinu, eða

c) hinn umsækjandinn getur staðfest í umsókninni að viðkomandi lyf, jafnvel þó það sé svipað lyfinu við fátíðum sjúkdómum sem þegar hefur fengið leyfi, sé öruggara, virkara eða hafi klínísku yfirburði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skilgreiningar fyrir hugtökin „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“ með framkvæmdarreglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 72. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

5. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar greinar.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 147, 9.6.1975, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 93/39/EBE (Stjótt. EB L 214, 24.8.1993, bls. 22).

9. gr.

#### Aðrar hvetjandi aðgerðir

1. Lyf, sem eru tilnefnd sem lyf við fátíðum sjúkdómum samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skulu teljast uppfylla skilyrði um hvetjandi aðgerðir sem bandalagið og aðildarríkin bjóða til að efla rannsóknir, þróun og framboð á lyfjum við fátíðum sjúkdómum og sérstaklega aðstoð við rannsóknir lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun fyrir rannsóknir og tækniþróun.
2. Aðildarríkin skulu, fyrir 22. júní 2000, senda framkvæmdastjórninni nákvæmar upplýsingar varðandi ráðstafanir sem þau hafa beitt til að efla rannsóknir, þróun og framboð á lyfjum við fátíðum sjúkdómum eða lyfjum sem hægt er að tilnefna sem slík. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar reglulega.
3. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 22. janúar 2001, birta nákvæma skrá yfir hvetjandi aðgerðir sem bandalagið og aðildarríkin bjóða til að efla rannsóknir, þróun og framboð á

lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Skrána skal uppfæra reglulega.

10. gr.

#### Almenn skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 22. janúar 2006, birta almenna skýrslu um reynslu sem hefur fengist við beitingu þessarar reglugerðar, ásamt umfjöllun um árangur sem hefur náðst á sviði almannaheilbrigðis.

11. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal gilda frá þeim degi sem framkvæmdarreglugerðin var samþykkt, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 1999.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*  
N. FONTAINE  
*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*  
K. HEMILÄ  
*forseti.*

**Fylgiskjal II.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 847/2000**

frá 27. apríl 2000

**þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fátíðum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum<sup>(1)</sup>, einkum 3. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 141/2000 er framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja nauðsynleg ákvæði til framkvæmdar 3. gr. og til að samþykkja skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“.
- 2) Til framkvæmdar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 geta viðbótaratriði varðandi þætti, sem hafa skal í huga við ákvörðun á algengi, hugsanlegri arðsemi fjárfestingar og því hvaða aðrar aðferðir séu fullnægjandi við greiningu, forvarnarstarf og meðferð, verið gagnleg fyrir ábyrgðaraðila og nefndina um lyf við fátíðum sjúkdómum.
- 3) Þessar upplýsingar skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem framkvæmdastjórnin hefur samið samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000.
- 4) Ekki er heppilegt að setja of strangar kröfur til að tryggja að viðmiðin séu uppfyllt, að teknu tilliti til eðlis hlutaðeigandi lyfs og þess að sjúkdómarnir, sem á að meðhöndla, eru sjaldgæfir.
- 5) Mat á þeim viðmiðunum, sem um getur í 3. gr., skal byggjast á því að upplýsingarnar séu eins hlutlægar og kostur er.
- 6) Taka skal tillit til annarra ráðstafana bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma.
- 7) Til að tryggja að ákvæði um einkarétt á markaði, sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, séu nægilega virt er nauðsynlegt að mæla fyrir um skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“. Þessar skilgreiningar skulu taka mið af starfi og reynslu nefndarinnar um sérlyf við mat á fyrirbyggjandi lyfjum og áliti vísindanefndarinnar um lyf og lækningatæki þar að lútandi.
- 8) Skilgreiningarnar skulu enn fremur studdar af viðmiðunarreglunum í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000.
- 9) Þessi ákvæði skulu uppfærð reglulega í ljósi framfara í tækni og vísindum og reynslu af tilnefningu og

lagasetningu um lyf við fátíðum sjúkdómum.

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um lyf sem ætluð eru mönnum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Tilgangur

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um þætti sem hafa ber í huga við framkvæmd 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 um lyf við fátíðum sjúkdómum og fastsettar skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“ til framkvæmdar 8. gr. framangreindrar reglugerðar. Markmiðið er að aðstoða mögulega ábyrgðaraðila, nefndina um lyf við fátíðum sjúkdómum og lögbær yfirvöld við að túlka reglugerð (EB) nr. 141/2000.

2. gr.

#### Viðmiðanir fyrir tilnefningu

##### 1. Algengi sjúkdóms í bandalaginu

Í því skyni að ákveða, samkvæmt fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að lyf sem ætlað er að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur langvarandi fötlun sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af, skulu eftirfarandi reglur gilda og upplýsingarnar, sem eru taldar upp hér á eftir, skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru samdar samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000:

- a) gögnunum skulu fylgja tilvísanir til yfirvalda, ef þær eru fyrir hendi, sem sýna að sjúkdómurinn eða ástandið, sem nota á lyfið við, hrjáir ekki meira en 5 af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu á þeim tíma sem umsóknin er lögð fram;
- b) gögnin skulu fela í sér viðeigandi upplýsingar um sjúkdóminn, sem ætlunin er að meðhöndla, og rök fyrir lífshættulegum sjúkdómi eða sjúkdómi, sem veldur varanlegri fötlun og vera studd vísindalegum eða læknisfræðilegum tilvísunum;
- c) upplýsingarnar, sem ábyrgðaraðilinn leggur fram, skulu fela í sér eða vísa í yfirlit um fræðirit og innihalda upplýsingar úr viðeigandi gagnaböndum í bandalaginu ef slíkt fyrirfinnst. Ef ekki fyrirfinnst gagnabankar í bandalaginu má vísa í gagnabanka í þriðju löndum, að því tilskildu að viðeigandi útgáskanir séu gerðar;

(<sup>1</sup>) Sjtið. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1.

d) ef sjúkdómur eða ástand hefur verið rannsakað innan ramma annarrar starfsemi bandalagsins um sjaldgæfa sjúkdóma skal greina frá þeim upplýsingum. Ef um er að ræða sjúkdóma eða ástand sem eru hluti af verkefnum sem eru styrkt fjárhagslega af bandalaginu til að auka upplýsingar um sjaldgæfa sjúkdóma skal leggja fram viðeigandi útdrátt úr þessum upplýsingum, þar með talin gögn um algengi sjúkdómsins eða ástandsins sem um ræðir.

## 2. Möguleiki á arðsemi af fjárfestingu

Í því skyni að ákveða, samkvæmt annarri undirgrein a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að lyfi sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur alvarlegri fötlun, eða alvarlegan langvinnan sjúkdóm sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af, og að án hvetjandi aðgerða væri ólíklegt að markaðssetning lyfs í bandalaginu gæfi af sér nægilegar tekjur sem réttlætti nauðsynlegar fjárfestingar, skulu eftirfarandi sérreglur gilda og viðeigandi upplýsingar skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru samdar samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000:

- a) gögnin skulu fela í sér viðeigandi upplýsingar um sjúkdóminn sem ætlunin er að meðhöndla og rök fyrir því að um sé að ræða lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur varanlegri fötlun og vera studd vísindalegum eða læknisfræðilegum tilvisunum;
- b) gögnin, sem ábyrgðaraðilinn leggur fram, skulu fela í sér upplýsingar um allan kostnað sem ábyrgðaraðilinn hefur stofnað til við þróun lyfsins;
- c) gögnin skulu fela í sér upplýsingar um styrki, skattaávilnanir og önnur framlög sem lækka kostnað, annaðhvort innan bandalagsins eða í þriðju löndum;
- d) ef um er að ræða lyf sem þegar hefur fengið leyfi vegna ábendingar eða ef lyfið er í rannsókn vegna einnar eða fleiri ábendinga skal leggja fram greinargöða útskýringu og færa rök fyrir því hvernig þróunarkostnaðurinn skiptist niður á ólíkar ábendingar;
- e) gera skal grein fyrir og færa rök fyrir öllum þróunarkostnaði sem ábyrgðaraðilinn reiknar með að verði eftir að umsókn um tilnefningu er lögð fram;
- f) gera skal grein fyrir og færa rök fyrir framleiðslu- og markaðskostnaði sem ábyrgðaraðilinn hefur stofnað til og sem hann reiknar með að stofna til fyrstu 10 árin eftir leyfisveitingu lyfsins;
- g) leggja skal fram mat og rök fyrir áætluðum tekjum af sölu lyfsins í bandalaginu fyrstu 10 árin eftir að leyfið hefur verið veitt;
- h) upplýsingar um allan kostnað og tekjur skulu færðar í samræmi við göðar reikningsskilavenjur og staðfestar af löggiltum endurskoðanda í bandalaginu;
- i) gögnin, sem lögð eru fram, skulu fela í sér upplýsingar um algengi og nýgengi sjúkdómsins í bandalaginu, sem

lyfið verður notað gegn. á þeim tíma sem umsókn um tilnefningu er lögð fram.

## 3. Aðrar aðferðir við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð

Hægt er að leggja fram umsókn um tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum í samræmi við annaðhvort 1. eða 2. mgr. þessarar greinar. Óháð því, hvort umsókn um tilnefningu er lögð fram í samræmi við 1. eða 2. mgr., skal ábyrgðaraðilinn þar að auki staðfesta að ekki finnst fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem um ræðir eða, ef slík aðferð er til, verði lyfið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af þessum sjúkdómi.

Í því skyni að staðfesta, samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að ekki finnst fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem um ræðir eða, ef slík aðferð er til, verði lyfið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af þessum sjúkdómi, skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) leggja skal fram upplýsingar um þær aðferðir, sem eru til við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð sjúkdómsins, sem um ræðir, sem hafa verið leyfðar í bandalaginu, með tilvísun í fræðirit á sviði vísinda og læknisfræði eða aðrar viðeigandi upplýsingar. Þessar aðferðir geta falið í sér leyfð lyf, lækningatæki eða aðrar aðferðir við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð sem eru notaðar í bandalaginu;
tímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitapolnum campylobactersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum. Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað strangara eftirlit en hér segir fyrir um, til að hindra eins og kostur er að campylobactermengaðar sláturafurðir fari ferskar á markað.

Heimilt er að pakka vel hreinsuðum innnyflum, þ.e. lifur, hjarta, fóarni og hálsi í hreinan plastpoka og setja með heilum sláturafurðum. Slíkar afurðir skulu sérstaklega merktar: „Með innmat“.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað og gildir til 25. júlí 2002. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 87/2000 og 434/2000 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglaslátruhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun. Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## VIÐAUKI I

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í þessum viðauka og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annað hvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni. Merking skal vera sem hér segir:

### Gerum rétt

- Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld
- Látið frosið fuglakjöt þiðna í um búðunum
- Gætið að hreinlæti
- Kjötið skal vel steikt eða soðið

# STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 2002

13. maí 2002

1197

Nr. 418

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2002 breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 13. maí 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

7. júní 2002

Nr. 419

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð 78 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur húss er stækkaður fyrir 25 m<sup>2</sup> viðbyggingu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 7. júní 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

3. júní 2002

Nr. 420

## REGLUGERÐ

### um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 1.2. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 1.3 orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingarhluta í lokunarflokkum A og B sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanyting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á landnotkunareit eða göturreit og flatarmáls reitsins.

## 3. gr.

8. mgr. grein 3.1.4. orðast svo:

Ef gert er ráð fyrir bílastæðum neðanjarðar í deiliskipulagi reiknast þau ekki með við útreikning nýtingarhlutfalls.

## 4. gr.

Við 2. mgr. greinar 7.2.3. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef allir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsuppdrátt, áður en fjórar vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

*Deiliskipulag tveggja spildna úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir tvær spildur úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegur í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundum sínum þann 13. og 24. apríl 2002.

Skipulagið nær til tveggja spildna sunnan við Þingvallavegin að Suðurá. Á spildunni næst Þingvallavegi gerir tillagan ráð fyrir að reist verði tvö einbýlishús á tveimur afmörkuðum lóðum. Á spildunni næst Suðurá verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt hesthúsi/fóður- og tækjageymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 34.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. apríl 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 34 færist til um 2,75 m til austurs og vesturs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 24. maí 2002.

Helstu breytingar eru:

Heimilt er að breyta landnotkun jarðhæða Þverholts 5-11 í íbúðir.

Breyting á húshæðum Þverholts 13 og 15. Á lóð nr. 13 má reisa fimm hæða hús ásamt niðurgrofnum kjallara. Á lóð nr. 15 má reisa fjögurra hæða hús og turnhæð.

Íbúðum í Þverholti 13 og 15 fjölgar um 9.

Breyting á lóðarmörkum Þverholts 13 og 15 vegna bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

*F.h. Bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. júní 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Dalbrautarreitir, deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002, deiliskipulag fyrir Dalbrautarreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Lóð KHÍ, Stakkahlíð.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskóla Íslands þar sem afmörkuð var lóð fyrir dreifistöð Orkuveitunnar. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 4. júní 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**



## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. kemur nýr málsl. svohljóðandi: Seljandi skal festa greiðslukvittun sjóðsvélar við frumrit ávísunarinnar.
- b. Við greinina bætist svohljóðandi málsgrein: Ríkisskattstjóri staðfestir form endurgreiðsluávísana.

#### 2. gr.

Orðin: „í innsigliðum umbúðum“ í 1. málsl. 2. og 3. mgr. 5. gr. falla brott.

#### 3. gr.

Tafla í lið C í fylgiskjali orðist svo:

Sölufrjárhæðir í viðkomandi þrepi	Endurgreiðsla á 14% virðisaukaskatti	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti
1.001-2.000	150	250
2.001-3.000	200	350
3.001-4.000	250	450

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Páll Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### deiliskipulags fyrir Brúnir II, Fellahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Fellahrepps þann 13. mars 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir Brúnir II í Fellahreppi.

Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis vestan við Brekkubrún og norðan Einhleypings.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Fellahreppi, 5. júní 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

**Jens P. Jensen** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Gr. 2.5 orðist svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðarinnar.

#### 2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 4.27. orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingahluta í lokunarflokkum A og B, sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

#### 3. gr.

Við gr. 12.5 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsupprátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.

#### 4. gr.

Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í grein 14.2, kemur „sveitarstjórn“.

#### 5. gr.

1. ml. gr. 26.1 orðist svo:

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hönnuðar.

#### 6. gr.

Gr. 27 orðist svo:

- 27.1 Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, sbr. gr. 11. Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.
- 27.2 Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 7. gr.

Lokamálsliður greinar 28.1 orðist svo:

Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 8. gr.

Í stað b) liðar í grein 31.1 komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

b) Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.

- c) Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði a) eða b) liðar, enda annist hann störf byggingarstjóra.

9. gr.

2. mgr. greinar 120.2 orðist svo:

Á meðan ekki eru til samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykki til þess að ákvæði 1. mgr. verði virk skulu byggingarvörur á markaði hafa vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

10. gr.

Grein 126.2 gr. orðast svo:

Um hönnun og útreikninga á burðarvirkjum gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar. Annars vegar er heimilt að nota staðla sem byggja á dönsku þolhönnunarstöðlunum með íslenskum sérákvæðum og hins vegar evrópsku forstaðlana um þolhönnun ásamt íslenskum þjóðarskjölum en þá aðeins þegar þau hafa verið gefin út. Einungis má nota annað staðla-settið við hönnun hvers mannvirkis.

11. gr.

Gr. 129.1 orðast svo:

Um timbur og festingar sem nota á í burðarvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2. Jafnframt gilda INSTA 142 „Norrænar reglur um styrkleikaflokkun timburs“ og NTR skjal nr. 1:1998 „Norrænir gagnavarnarflokkar“ (NTR Dokument nr. 1:1998 Nordiske træbeskyttelsesklasser).

12. gr.

Grein 130.1 orðast svo:

Um stál, stálvirki, ál og álvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2.

13. gr.

Grein 131.1 orðast svo:

Um sement, steinsteypu og steinsteypuvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2. Jafnframt gilda staðlarnir ÍST EN 197-1, ÍST EN 206 og ákvæði um niðurlögn steypu í staðlinum ÍST 10:1971 um niðurlögn steinsteypu.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi nema greinar 10 – 13 sem öðlast gildi 1. júlí.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

# AUGLÝSING

## um kröfur til viðhaldsvotta, JAR-66.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 73. gr. samanber 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, að kröfur þær sem gerðar eru til viðhaldsvotta sem ábyrgð bera á útgáfu viðhaldsvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir skulu vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna, JAR-66 sem gefnar voru út 3. apríl 1998.

Kröfur JAA-ríkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 4. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Kristín Helga Markúsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### **JAR-66 Viðhaldsvottar**

Fylgiskjal þetta hefur að geyma JAR-66 úttekið af JAA þann 3. apríl 1998. JAR-66 er gefinn út af JAA í tveimur þáttum. 1. þáttur (Section 1) hefur að geyma þær reglur sem hér eru birtar. 2. þáttur (Section 2) hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „Acceptable Means of Compliance, AMC“) ásamt leiðbeinandi skýringarefni („Interpretative/Explanatory Material, IEM“). Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en annan þátt JAR-66 er hægt að pantast á skrifstofu flugöryggisviðs Flugmálastjórnar Íslands.

#### **JAR 66.1 – Almenn ákvæði.**

- a) Í JAR-145 er þess krafist að viðhaldsvottar með viðeigandi heimild gefi út viðhaldsvottorð fyrir hönd samþykkrar JAR-145 viðhaldsstöðvar þegar gengið hefur verið úr skugga um að öllu tilskildu viðhaldi sé lokið.
- b) Ef ekki kemur annað fram í c-, d-, e- og f-liðum skulu viðhaldsvottar, sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða, uppfylla viðeigandi kröfur JAR-66 um hæfi.
- c) JAR-66 takmarkast við viðhaldsvotta sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir.  
Athn.: Um beitingu JAR-66 hvað varðar flugvélar og þyrlur með hámarksflugtaksmassa undir 5.700 kg, loftskip og íhluti loftfara verður fjallað síðar. Til íhluta loftfara teljast hreyflar, aukaafstöðvar og loftskrúfur.
- d) Starfsmenn sem hafa heimild til að neyta vottunarréttinda í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir um flug fyrir gildistökudag JAR-66 mega neyta þeirra réttinda áfram.
- e) Starfsmenn, sem eru í samþykktari grunn- eða tegundarþjálfun í samræmi við gildandi

innlendar reglugerðir um flug þegar b-liður JAR-66.3 öðlast gildi teljast áfram hæfir í samræmi við þær reglugerðir. Hæfið, sem fæst við slíka þjálfun, er viðurkennt til vottunarréttinda í samræmi við d-lið JAR-66.1.

f) Viðhaldsvottar með hæfi skv. d- eða e-lið, mega áfram neyta heimildarinnar nema öðrum grunnflokkum eða undirflokkum hæfis sé bætt við þá heimild þegar viðeigandi viðbótarkröfur JAR-66 gilda um slíka vikkun heimildar. Víkka má heimild viðhaldsvotta með hæfi í samræmi við d- eða e-lið þannig að hún nái til fleiri tegunda loftfara, með fyrirvara um samræmi við innlendar reglugerðir um flug sem í gildi voru fyrir gildistökudag JAR-66.

g) Þrátt fyrir d-, e- og f-lið mega starfsmennn áfram neyta réttinda sinna og skulu þeir fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltækni á grundvelli innlends hæfis án frekari prófa en innan tímamarka d-liðar JAR-66.3. Í JAR-66 skírteini flugvéltækni geta verið tæknilegar takmarkanir, sem tengjast JAR-66, hafi viðkomandi ekki viðunandi hæfi en það breytir ekki gildandi vottunarréttindum. Tæknilegar takmarkanir verða felldar niður, eftir því sem við á, eftir að viðkomandi hefur staðist próf vegna skírteinaskipta.

### JAR 66.3 – Gildistaka.

a) JAR-66 reglur voru fyrst gefnar út 3. apríl 1998 og öðluðust gildi 1. janúar 1999 samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/1998.

b) Eftir 1. júní 2001 skulu allir, sem krafist er að hafi samþykki í samræmi við b- eða f-lið JAR-66.1, uppfylla kröfur JAR-66.

c) Flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt að gefa út JAR-66 skírteini flugvéltækni á aðlögunartímabilinu skv. b-lið.

d) Allir sem þurfa að fá innlendu hæfi sínu skipt yfir í JAR-66 skírteini flugvéltækni samkvæmt ákvæðum g-liðar JAR-66.1 skulu gera það eigi síðar en 10 árum eftir að aðlögunartímabilinu skv. b-lið lýkur.

### JAR 66.5 – Skilgreiningar.

Þegar orð eða orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau þá merkingu sem hér greinir:

*Skírteini flugvéltækni* (Aircraft maintenance licence) merkir skjal sem gefið er út sem sönnun á hæfi og til staðfestingar því að sá sem í hlut á standist kröfur JAR-66 um þekkingu og reynslu er varðar grunnflokk loftfara og tegundaráritun sem tilgreint er í skjalinu.

Aths.: Skírteini flugvéltækni eitt sér leyfir ekki að handhafi þess gefi út viðhaldsvottorð vegna loftfara sem notuð eru í flutningaflugi. Til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir slík loftför verður handhafinn að auki að hafa JAR-145 vottunarheimild sem samþykktá JAR-145 viðhaldsstöðin hefur gefið út.

*Vottun* (Certification) merkir útgáfa viðhaldsvottorðs.

*Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA* (JAA full member Authority) merkir flugmálayfirvöld sem eiga fulla aðild að JAA, en það þýðir að samþykkisvottorð eða skírteini, sem slík yfirvöld gefa út í samræmi við JAR-reglurnar, eru viðurkennd af öllum slíkum yfirvöldum.

Aths.: Ríkin, sem eiga fulla aðild að JAA, eru talin upp í 3. viðbæti í 2. þætti JAR-66. Sjá einnig 10. tölul. inngangsorðanna.

*Verklagsreglur viðhaldsstöðvar* (Organization Procedures) merkir verklagsreglur sem samþykktá JAR-145 viðhaldsstöðin notar í samræmi við starfsemis lýsingu viðhaldsstöðvarinnar innan gildissviðs samþykkisins.

**JAR 66.10 – Gildissvið.**

a) Í JAR-66 reglunum er kveðið á um kröfur sem gerðar eru um hæfi þeirra starfsmanna sem hafa heimild frá samþykkttri JAR-145 viðhaldsstöð til að gefa út viðhaldsvottorð í samræmi við JAR-145.50. Er þess krafist að slíkur starfsmaður hafi gilt JAR-66 skírteini flugvéltæknis með tegundaráritun til vitnis um þekkingu hans og reynslu svo og gilda JAR-145 vottunarheimild sem veitir honum vottunarréttindi.

b) Til þess að fá JAR-66 skírteini flugvéltæknis þarf að uppfylla kröfur JAR-66.15, JAR-66.25 og JAR-66.30 að því er varðar viðeigandi grunnflokk eða -flokka JAR-66.20. JAR-66 skírteini flugvéltæknis er áritað með viðkomandi JAR-66.20 grunnflokki eða -flokkum og, eftir atvikum, tegundaráritunum veittum samkvæmt JAR-66.45.

Aths.: Gefa má út JAR-66 skírteini flugvéltæknis án tegundaráritunar en hafa ber í huga að tegundaráritun er eitt af frumskilyrðunum fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar.

c) Til að öðlast JAR-145 vottunarheimild er þess krafist að kröfur b-liðar JAR-66.40, JAR-66.45, JAR-66.50 og JAR-66.55 séu uppfylltar.

Aths.: Í JAR-145 eru viðbótarkröfur um hæfi sem þarf að uppfylla til að öðlast JAR-145 vottunarheimild.

**JAR 66.13 – Beiting og útgáfa.**

a) Umsókn um skírteini flugvéltæknis skv. b-lið JAR-66.10 eða um breytingu á slíku skírteini ber að fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um og leggja inn hjá þeim yfirvöldum.

Aths.: Í 2. viðbæti 2. þáttar eru dæmi um umsóknareyðublöð.

b) Umsækjandi sem uppfyllir viðeigandi kröfur b-liðar JAR-66.10 og hefur greitt öll gjöld, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um, á rétt á JAR-66 skírteini flugvéltæknis.

c) JAR-66 skírteini flugvéltæknis er gefið út af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA en fela má samþykktum JAR-145 viðhaldsstöðvum að undirbúa útgáfu leyfisins.

Aths.: JAR-145 vottunarheimild er gefin út af samþykkttri JAR-145 viðhaldsstöð eftir að samræmi við viðeigandi liði JAR-66 og JAR-145 hefur verið staðfest.

**JAR 66.15 Lágmarksskilyrði.**

(Sjá IEM 66.15)

a) Viðhaldsvottar skulu vera minnst tuttugu og eins árs að aldri.

b) Viðhaldsvottar skulu geta lesið, skrifað og tjáð sig svo vel sé á því tungumáli eða tungumálum sem tækniskjöl og verklagsreglur viðhaldsstöðvarinnar eru skrifaðar á svo sem nauðsynlegt er til að annast útgáfu viðhaldsvottorða.

**JAR 66.20 – Flokkar og vottunarréttindi.**

(Sjá AMC 66.20)

a) Vottun er gerð í samræmi við verklagsreglur samþykktar JAR-145 viðhaldsstöðvar og innan gildissviðs heimildarinnar.

b) Viðhaldsvottar, sem eru hæfir skv. JAR-66 og handhafar gilds skírteinis flugvéltæknis, með viðeigandi tegundarréttindi ef við á, eru gjaldgengir sem handhafar JAR-145 vottunarheimildar í einum eða fleiri af eftirfarandi flokkum:

1) Vottunarheimild viðhaldsvotta í A-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun, eins og tilgreint er í JAR-145, innan marka þess verksviðs sem áritað er í heimildinni. Vottunarréttindi eru bundin við þau verk sem handhafi heimildarinnar hefur sjálfur innt af hendi. A-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þyrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla.

Aths.: Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir sjálfkrafa leyfi til vottunar í viðeigandi undirflokkum A. Viðhaldsvottar í flokki B2 geta talist hæfir í öllum undirflokkum A og sömuleiðis allir flugvélarafeindavirkjar svo fremi þeir fullnægi kröfum í viðeigandi undirflokki A.

2) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi, þ.m.t. á burðarvirki loftfars, hreyflum og vélvirkum kerfum og rafkerfum. Skipti á rafeindatækjum, sem hægt er að skipta um í leiðarviðhaldi og kalla á einfaldar prófanir til að kanna nothæfi þeirra, fylgir einnig þessum réttindum. B1-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þyrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla.

3) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B2 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi á rafeindabúnaði og rafkerfum.

4) Vottunarheimild viðhaldsvotta í C-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu aðalviðhaldi. Heimildin gildir fyrir loftfarið í heild, þ.m.t. öll kerfi.

Aths.: Í JAR-145 er tilgreint hvaða starfsmenn skuli vera viðhaldsvottum í C-flokki til aðstoðar við aðalviðhald, einkum og sér í lagi eru tilgreindar kröfur um hæfi sem starfsmenn í flokkum B1 og B2 þurfa að uppfylla.

#### **JAR 66.25 – Kröfur um grunnþekkingu.**

(Sjá AMC 66.25 og IEM 66.25)

a) Viðhaldsvottar skulu sýna þekkingu sína í prófi, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta fallist á, á efnissviðum sem svara til JAR-66.20 flokksins sem JAR-66 skírteini flugvéltæknis er gefið út eða framlengt fyrir.

b) Þekkingarstiginn er í beinu samhengi við það hve flókin vottunin í hverjum tilteknum JAR-66 flokki er, en það merkir að viðhaldsvottar í A-flokki þurfa að hafa til að bera viðunandi þekkingu á takmörkuðu sviði, en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 þurfa að geta sýnt fram á að þeir hafi fulla þekkingu á viðeigandi efnissviðum. Viðhaldsvottar í C-flokki þurfa að uppfylla sömu kröfur um þekkingu og í flokkum B1 eða B2.

Aths.: Í 1. viðbæti 2. þáttar JAR-66 eru nákvæmar upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu viðhaldsvotta í A-flokki og í flokkum B1 og B2.

c) Viðurkennt verður að grunnþekking, og próf sem henni tengist, sé að fullu eða að hluta í samræmi við annað tæknilegt hæfi sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA telja jafngilt JAR-66 stöðlum um þekkingu.

#### **JAR 66.30 – Kröfur um reynslu.**

(Sjá AMC 66.30)

a) Viðhaldsvottur skal uppfylla lágmarkskröfur um reynslu af viðhaldsvinnu við almenn loftför þegar sótt er um JAR-66 skírteini flugvéltæknis, en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mega slaka á þeim kröfum hafi þau gengið úr skugga um að viðhaldsvotturinn hafi annaðhvort fengið samþykka JAR-147 þjálfun eða aðra viðeigandi tækniþjálfun. Fyrir þá sem eru í A-flokki og flokki B1 eða B2 verður reynslan að vera hagnýt, sem merk-

ir að þeir verða að hafa unnið við það sem teljast má dæmigerður þverskurður af viðhalds-  
verkefnum við loftför.

b) Lágmarkskrafa um starfsreynslu við viðhald á almennum loftförum áður en tilslakanir  
skv. a-lið koma til greina er þrjú ár fyrir A-flokk og fimm ár fyrir flokka B1 og B2.

c) Viðhaldsvottur í C-flokki skal að lágmarki hafa þriggja ára starfsreynslu í viðhaldi al-  
menningsloftfara með hæfi í flokki B1 eða B2 við leiðarviðhald eða sem aðstoðarmaður  
viðhaldsvotta í C-flokki við aðalviðhald, eða sambland af hvoru tveggja. Auk þess skulu  
viðhaldsvottar í C-flokki með hæfi sem handhafar prófgráðu í tæknigrein frá háskóla eða  
annarri kennslustofnun á háskólastigi, sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með fulla  
aðild að JAA, hafa að lágmarki þriggja ára reynslu af viðhaldi almenningloftfara og dæmi-  
gerðu úrvali verkefna sem tengjast beint viðhaldi loftfara, þ.m.t. því að fylgjast með verk-  
efnum við aðalviðhald um sex mánaða skeið.

d) Af tilskilinni reynslu þarf að vera að minnsta kosti eitt ár sem nýleg reynsla af viðhaldi  
loftfars sem telst dæmigert fyrir flokkinn eða undirflokkinn sem sótt er um JAR-66 skír-  
teini flugvéltæknis fyrir. Þetta á við um alla viðhaldsvotta.

e) Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA munu viðurkenna reynslu af viðhaldi loftfara  
sem fengin er utan þess umhverfis sem telst til viðhalds almennra loftfara þegar þau hafa  
gengið úr skugga um að slíkt viðhald sé sambærilegt því sem krafist er í JAR-66, en kraf-  
ist verður viðbótarreynslu af viðhaldi almenningloftfara til að tryggja skilning á því um-  
hverfi sem viðhald almennra loftfara fer fram í.

#### **JAR 66.40 – Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis.**

(Sjá AMC og IEM 66.40)

Handhafi JAR-66 skírteinis flugvéltæknis skal sjá til þess að upplýsingarnar í skírteininu  
séu þær sömu og skráðar eru í afrit skírteinisins, sem er í vörslu hjá þeim flugmálayfir-  
völdum með fulla aðild að JAA sem upphaflega gáfu skírteinið út, með því að leggja inn  
áður nefnt skírteini til endurskoðunar hjá þeim flugmálayfirvöldum eigi síðar en fimm ár-  
um eftir síðustu útgáfu eða breytingu á skírteininu, eftir því sem við á. Sé það ekki gert  
telst JAR-145 vottunarheimild, sem gefin er út á grundvelli slíks JAR-66 skírteinis flug-  
véltæknis, ógild og kann að verða krafist nýrrar viðhaldsreynslu og/eða endurupptöku sumra  
prófanna áður en skírteinið fæst endurútgefið. Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA  
taka ákvörðun í hverju máli fyrir sig.

#### **JAR 66.45 – Tegundar- eða verkefnaþjálfun og áritanir.**

(Sjá AMC og IEM 66.45)

a) Áður en viðhaldsvottar í A-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loft-  
fars skulu þeir vera handhafar viðeigandi JAR-66 skírteinis flugvéltæknis. JAR-145 vott-  
unarheimildir eru aðeins veittar að lokinni verkþjálfun í viðhaldi í A-flokki á viðkomandi  
loftfari með fullnægjandi árangri sem fer fram í viðeigandi samþykkttri JAR-145 viðhalds-  
stöð eða JAR-147 þjálfunarstöð.

b) Áður en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna teg-  
und loftfars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltæknis með viðeigandi teg-  
undaráritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundarþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki  
B1 eða B2 fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með  
fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykkttri JAR-147 þjálfunarstöð.

c) Áður en viðhaldsvottar í C-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loft-  
fars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltæknis með viðeigandi tegundar-



áritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundarþjálfun með fullnægjandi árangri í C-flokki fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfivöldum með fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykkttri JAR-147 þjálfunarstöð, nema um sé að ræða viðhaldsvott í C-flokki, með hæfi sem handhafi prófgráðu frá háskóla eins og tilgreint er í c-lið JAR-66.30, þar sem fyrsta tegundarþjálfun á loftfar verður að vera á sama stigi og í flokkum B1 eða B2.

d) Samþykkttri verkefna- eða tegundarþjálfun, eins og krafist er í a- til c-lið hér að framan, skal ljúka með prófi með fullnægjandi árangri.

#### **JAR 66.50 – Líkamlegt ástand.**

(Sjá AMC 66.50)

Viðhaldsvottur skal ekki neyta þeirra réttinda sem vottunarheimild hans veitir ef hann veit eða hefur grun um að líkamlegt ástand hans gerir hann ófæran um að neyta slíkra réttinda.

#### **JAR 66.55 – Sönnun á hæfi.**

(Sjá IEM 66.55)

Viðhaldsvottar sem uppfylla kröfur JAR-66 um hæfi fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltækni hjá flugmálayfivöldum með fulla aðild að JAA og er það sönnun þess að einni af þeim kröfum um hæfi sem gerðar eru fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar hafi verið fullnægt. Viðhaldsvottur verður að geta framvísað skírteini sínu innan sanngjarns frests ef til þess bær maður fer fram á það.

#### **JAR 66.60 - Sambærilegt öryggi.**

(Sjá AMC 66.60)

Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta veitt hverjum þeim, sem krafist er að sé hæfur skv. JAR-66, undanþágu frá hvaða ákvæði JAR-66 sem er hafi þau gengið úr skugga um að fyrir hendi séu aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir í JAR-66 og með fyrirvara um að farið sé að öllum viðbótarskilyrðum sem áður nefnd yfirvöld telja nauðsynlegt að setja til að tryggja sambærilegt öryggi. Undantekningin og viðbótarskilyrðin þurfa að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA til að tryggja að hlutaðeigandi sé áfram viðurkenndur.

#### **JAR 66.65 – JAR-66 skírteini flugvéltækni afturkallað, fellt úr gildi tímabundið eða takmarkað.**

(Sjá IEM 66.65)

a) Flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt, að lokinni tilhlýðilegri athugun og á eðlilegum forsendum, að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltækni eða gefa fyrirmæli til samþykkrar JAR-145 viðhaldsstöðvar um að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-145 vottunarheimild ef þau eru ekki fullviss um að handhafi skírteinisins og heimildarinnar sé hæfur til að vera handhafi skírteinisins og heimildarinnar, með fyrirvara um skilyrði 1. eða 2. tölul. a-liðar, eftir því sem við á.

1) Áður en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA afturkalla eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltækni, eða gefa fyrirmæli um það til samþykktu JAR-145 viðhaldsstöðvarinnar, skulu þau tilkynna þeim sem hlut á að máli skriflega með minnst 28 daga

fyrirvara um þessa fyrirætlan sína og ástæður tillagna að þessu lútandi og gefa honum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri og skulu flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA taka þær athugasemdir til umfjöllunar.

2) Hafi flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA ákvarðað að tvísýnt sé um örugga starfrækslu loftfarsins geta þau, til viðbótar ákvæðum 1. tölul. a-liðar, fyrirvaralaust afturkallað JAR-66 skírteini flugvéltæknis til bráðabirgða þar til málsmeðferð 1. tölul. a-liðar er lokið.

b) Telji flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mann vera óhæfan í starfi merkir það að ótvíræðar sannanir séu fyrir því að hann hafi vitandi vits framkvæmt eða tekið þátt í einhverju af því sem hér fer á eftir:

- 1) fengið JAR-66 skírteini flugvéltæknis og/eða JAR-145 vottunarheimild með því að leggja fram fölsuð gögn;
- 2) vanrækt að framkvæma það viðhald sem óskað var eftir ásamt því að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem óskaði eftir viðhaldsvinnunni;
- 3) vanrækt að framkvæma það viðhald sem hann hefði átt að gera að lokinni eigin skoðun ásamt því að að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem hann átti að vinna viðhaldið fyrir;
- 4) sýnt kæruleysi við viðhaldsstörf;
- 5) falsað viðhaldsskrár;
- 6) gefið út viðhaldsvottorð vitandi að viðhaldið, sem tilgreint var á viðhaldsvottorðinu, hafi ekki verið framkvæmt eða án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið framkvæmt;
- 7) unnið viðhaldsvinnu eða gefið út viðhaldsvottorð undir áhrifum áfengis eða lyfja.

## REGLUGERÐ

### um merkingar búfjár.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjárefirliti, skráningu búfjárjúkdóma og meðhöndlun þeirra.

#### 2. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

1. *Búfé*: Hross, nautgripir, svín og alifuglar.
2. *Eftirlitsaðili*: Héraðsdýralæknir eða hver annar sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.
3. *Einstaklingsnúmer*: Einkvæmt númer/bókstafir fyrir hvern ásetningsgrip á landsvísu.
4. *Framleiðandanúmer*: Tveggja stafa númer svínahjarðar, ákveðið af landbúnaðar-ráðuneyti í samvinnu við Svínaræktarfélag Íslands.
5. *Gripanúmer*: Númer grips innan hjarðar sem jafnframt er síðasti hluti einstaklingsnúmers.

6. *Gylta*: Gylta sem hefur gotið.
7. *Heilsukort*: Safn upplýsinga með gögnum um meðhöndlun sjúkdóma og fyrirbyggjandi aðgerðir.
8. *Hjarðbók*: Gagnagrunnur eða skýrsluhaldsform sem umráðamanni búfjár, að alifuglum undanskildum, er skylt að skrá í tilgreindar upplýsingar um dýr í hans umsjón.
9. *Hjörð*: Hópur tiltekinnar búfjártegundar frá sama býli.
10. *Hópnúmer*: Átta stafa númer hóps í alifuglabúi.
11. *Landmarkaskrá*: Sbr. reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.
12. *Líf-lásetningsdýr*: Dýr sem sett eru á til undaneldis og/eða nytja.
13. *Merki*: Plötumerki, frostmerki, örmerki, húðflúr og skráning sem yfirdýralæknir viðurkennir fyrir einstakar búfjártegundir.
14. *Skráningaraðili*: Aðili sem annast skráningu upplýsinga í umboði landbúnaðarráðuneytisins, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
15. *Spenagrís*: Grís sem er hjá gyltu.
16. *Stofn*: Sérstök ræktunarlína innan sömu búfjártegundar.
17. *Tölvuskráningarkerfi*: Skráningarkerfi sem yfirdýralæknir hefur yfirumsjón með.
18. *Valnúmer*: Númer sem umráðamaður búfjár velur.
19. *Unggylta*: Gylta sem hefur fest fang í fyrsta sinn en ekki gotið.
20. *Umráðamaður búfjár*: Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.
21. *Slátrun*: Varðar bæði slátrun í slátruhúsi og heimaslátrun til eigin nota á lögbýli.

## 3. gr.

*Skráningarskylda.*

Allir umráðamenn búfjár skulu vera skráðir í tölvuskráningarkerfi fyrir merkingar búfjár, sbr. ákvæði 4. og 13. gr.

## 4. gr.

*Merkingarskylda.*

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé sem alið er á hans vegum sé merkt innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki, sem fylgir dýrinu alla ævi þess, sbr. ákvæðin fyrir einstakar búfjártegundir. Ákvæði þessi gilda ekki um merkingar sauðfjár og geitfjár.

Öheimilt er að breyta eða fjarlægja einstaklingsnúmer/merki dýrs eða eldishóps, nema það sé orðið ólæsilegt eða skemmt. Missi dýr merki eða það sé orðið ólæsilegt, skal endurmerkja dýrið með merki í sama lit og með sama auðkennisnúmeri. Glatist merki dýrs skal það merkt á ný. Nýja merkið skal vera forprentað með upplýsingunum skv. 1.-2. lið 6. gr. og með bókstafnum N aftan við bæjar- eða eigandanúmer, sem sýnir að um nýtt merki sé að ræða. Ef dýr ferst eða týnist skal það tilkynnt skráningaraðila.

## 5. gr.

*Kröfur um gerð plötumerkja fyrir ásetningsdýr.*

Plötumerki skulu þannig gerð að ekki sé unnt að nota þau aftur eftir að þau hafa verið fjarlægð. Upplýsingar á merkjum skal prenta fyrirfram með skýru letri sem ekki er hægt að breyta. Plötumerki til notkunar samkvæmt reglugerð þessari skulu viðurkennd af yfirdýralækni.

## 6. gr.

*Kröfur um upplýsingar á plötumerkjum ásetningsdýra.*

Grunnlitir merkja fyrir svín: Litaskipt eftir stofni skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Eftirfarandi upplýsingar skal forprenta á merkin:

- 1) Fyrir nautgripi:
  - a) Landnúmer
  - b) Ártal.
  - c) Gripanúmer
- 2) Fyrir svín:
  - a) Framleiðandanúmer.
  - b) Gripanúmer.

Ekki er krafist einstaklingsmerkis á grísi og alifugla. Hafi grís fengið lyfjameðhöndlun skal viðkomandi grís auðkenndur við upphaf lyfjagjafar og skulu þær upplýsingar aðgengilegar eftirlitsaðila.

Heimilt er að nota eigin valnúmerakerfi til viðbótar forprentuðum upplýsingum.

Óheimilt er að nota númer sem þegar eru í notkun innan hjarðarinnar. Líða skulu 10 ár milli notkunar á sama einstaklingsnúmeri innan hjarðar.

## 7. gr.

*Hjarðbók.*

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir færslu upplýsinga um öll dýr hjarðarinnar, annaðhvort í gagnagrunn eða í skýrsluform, viðurkennt af yfirdýralækni, sem skráningar- aðili lætur í té.

Eftirfarandi upplýsingar um nautgripi skal skrá:

- 1) Fæðingardag/fæðingarmánuð og ár.
- 2) Einstaklingsnúmer dýrs.
- 3) Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
- 4) Kyn og stofn dýrsins.
- 5) Einstaklingsnúmer móður og föður.
- 6) Dagsetningu slátrunar og ef dýrið ferst eða glatast.
- 7) Alla flutninga lífdýra til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess:
  - a) Nafn, heimilfang og eigenda- eða bæjarnúmer sendanda og móttakanda.
  - b) Fjöldi dýra sem flutt/seld eru,
  - c) Dagsetning flutnings.
- 8) Móttekin plötumerki.

Eftirfarandi upplýsingar um lífdýr svína skal skrá í hjarðbók:

- 1) Einstaklingsnúmer.
- 2) Fæðingardag.
- 3) Einstaklingsnúmer móður og föður.
- 4) Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
- 5) Stofn.
- 6) Dagsetningu dauða eða slátrunar.
- 7) Alla lífdýraflutninga og grísaflutninga til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess:
  - a) Nafn, heimilifang og framleiðandanúmer sendanda og móttakanda.
  - b) Fjöldi dýra sem flutt/seld eru.
  - c) Dagsetningu flutnings.

d) Nafn og kennitölu flutningsaðila.

Þegar nýtt dýr kemur inn í hjörð skal skrá einstaklingsnúmer dýrsins.

8. gr.

*Heilsukort.*

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir að sjúkdómar í búfé hans og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Upplýsingar skulu skráðar á eyðublöð sem yfirdýralæknir viðurkennir eða í tölvuskrár. Við flutning dýra milli hjarða skal afrit heilsukorts fylgja dýrinu til móttakanda.

9. gr.

*Varðveisla hjarðbókar og heilsukorta.*

Hjarðbækur og heilsukort skulu umráðamenn búfjár varðveita í a.m.k. 10 ár. Sama gildir þótt framleiðslu sé hætt.

Umráðamaður búfjár skal, að ósk héraðsdýralæknis, veita allar umbeðnar upplýsingar um uppruna, númer og eftir því sem við á, áfangastað þeirra dýra sem hann hefur átt, alið, selt á fæti eða slátrað.

10. gr.

*Ábyrgð sláturhúsa.*

Að slátrun lokinni tilkynnir umsjónarmaður sláturhúss skráningaraðila á tölvutæku formi númer dýrs eða dýra, fjölda, uppruna þeirra, auk nafns og heimilisfangs sláturhúss.

Afurðum sem fluttar eru frá sláturhúsi til frekari vinnslu og sölu (heilum skrokkum og skrokkhlutum) skal fylgja framleiðandanúmer og/eða hópnúmer dýrs eða eldishóps. Auk þess skal afurðum fylgja bæjar- eða eigendanúmer og einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

11. gr.

*Óskráð dýr.*

Komi í ljós að skráningu dýra í tiltekinni hjörð sé ábótavant skal stöðva allan flutning dýra frá hjörðinni þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.

*Grunur um smitsjúkdóm.*

Vakni grunur um smitsjúkdóm í hjörð skal umráðamaður búfjár þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæði reglugerðar nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

13. gr.

*Tölvuskráningarkerfi.*

Vegna skráningar á upplýsingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri skráningarkerfisins en felur Bændasamtökum Íslands eða öðrum til þess bærum aðilum að hafa umsjón með skráningu upplýsinga í tölvuskráningarkerfið skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Upplýsingar úr skráningarkerfi skv. 1. mgr. skulu heimilar Hagstofu Íslands, yfirdýralækni, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum aðilum skv. nánari ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

## 14. gr.

*Merkingar nautgripa.*

Nautgripi skal merkja með plötumerki innan 30 daga frá fæðingu eða áður en þeir eru fluttir frá viðkomandi hjörð.

## 15. gr.

*Merkingar alifugla.*

Framleiðandi skal einkenna hvern alifuglahóp í útungunarstöð með sérstöku auðkennisnúmeri. Númer þetta skal vera minnst átta tölustafir og þannig uppbyggt að fyrstu þrjú tölustafirnir merkja alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir og að lokum einn stafur fyrir eldihópinn. Frjálst er að hafa fleiri stafi í númeri til frekari merkingar, telji aðilar þess þörf.

## 16. gr.

*Merkingar svína.*

Allir spenagrísir skulu merktir innan 20 daga frá fæðingu með tveggja stafa framleiðandanúmeri (húðflúri) í eyra. Húðflúrið skal vera sýnilegt alla ævi dýrsins. Heimilt er að merkja með valnúmeri ef spenagrísir eru ætlaðir til ásetnings. Aðkeyptir gripir skulu merktir skv. 6. gr. í upprunahjörð. Kaupandi merkir aðkeyptar ásetningsgyltur, unggyltur og gelti með nýju númeri ekki seinna en 7 dögum eftir móttöku. Heimaaldar ásetningsgyltur skal merkja skv. 6. gr. við tilhleypingu. Heimaalda ásetningsgelti skal merkja skv. 6. gr. eigi síðar en við 6 mánaða aldur.

## 17. gr.

*Merkingar hrossa.*

Öll ásetningsfolöld skulu einstaklingsmerkt við hlið móður fyrir 10 mánaða aldur. Folöld sem slátrað er fyrir þann tíma skulu auðkennd þannig að númer móður sé gefið upp við slátrun.

## 18. gr.

*Eftirlit.*

Eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar er í höndum yfirdýralæknis.

## 19. gr.

*Kostnaður.*

Kostnað sem hlýst af framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar bera eigendur búfjár, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 10. gr.

## 20. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 19. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

## 21. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. tl. 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin er auk þess sett með hliðsjón af reglugerð þingsins og ráðsins, nr. 1760/2000/EB, reglugerðum ráðsins nr.

2628/1997/EB og 2629/1997/EB, reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2630/1997/EB og 494/98/EB, tilskipunum ráðsins nr. 64/432/EBE og 92/102/EBE. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Bráðabirgðákvæði.*

I.

Gildistaka fyrir *hross*: Öll ásetningsfólöld, fædd eftir 1. janúar 2003, skulu merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Ekki er gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir þann tíma séu merkt samkvæmt ákvæðum þessum nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist.

Gildistaka fyrir *nautgripi*: Allir kálfar, fæddir eftir 1. september 2003, skulu merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Frá 1. janúar ázið 2005 skulu allir nautgripir merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Gildistaka fyrir *alifugla*: Allir alifuglar, sem slátrað er eftir 1. september 2003, skulu merktir samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Gildistaka fyrir *svín*: Öll svín, sem slátrað er eftir 1. september 2003, skulu merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um upphafsstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja upphafsstuðla auglýsingar þessarar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 511, 18 ágúst 1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

2. gr.

Afurðir sem miðast við slægðan fisk með haus:

Þorskur		Nýtingarstuðull
	-hausaður með klumbu	77,0%
	-hausaður án klumbu	70,0%
	-flattur	70,0%
	-saltaður flattur	49,5%
	-flök, með roði og beinum	44,5%
	-flök, roðflett, með beinum	41,5%
	-flök, með roði, beinlaus	40,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	37,0%
	-söltuð flök	32,5%

Ýsa		Nýtingarstuðull
	-hausuð með klumbu	80,0%
	-hausuð án klumbu	74,0%
	-flök, með roði og beinum	43,0%
	-flök, roðflett, með beinum	41,0%
	-flök, með roði, beinlaus	41,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	39,0%

Ufsi		Nýtingarstuðull
	-hausaður með klumbu	85,0%
	-hausaður án klumbu	80,0%
	-flattur	76,0%
	-saltaður, flattur	53,5%
	-flök, með roði og beinum	53,0%
	-flök, með roði og beinlaus	51,0%
	-flök, roðflett, með beinum	50,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	48,0%
	-söltuð flök	39,4%

Lýsa		Nýtingarstuðull
	-hausuð	74,0%
	-flök, með roði og beinum	46,5%
	-flök, roðflett, með beinum	41,0%

Langa/blálanga		Nýtingarstuðull
	-hausuð með klumbu	85,0%
	-hausuð án klumbu	77,0%
	-flött	76,0%
	-söltuð, flött	53,5%
	-flök, með roði og beinum	54,0%
	-flök, roðflett, með beinum	45,0%
	-söltuð flök	39,5%

Keila		Nýtingarstuðull
	-hausuð með klumbu	80,0%
	-hausuð án klumbu	75,5%
	-flött	74,0%
	-söltuð, flött	52,5%
	-flök með roði og beinum	51,0%
	-söltuð flök	38,5%

Steinbítur/hlýri		Nýtingarstuðull
	-hausaður með klumbu	70,0%
	-hausaður án klumbu	67,0%
	-flök með roði og beini	40,0%
	-flök, roðflett, með beinum	35,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	30,0%



Tindaskata	Nýtingarstuðull	
	-börðuð með roði	43,0%
	-börðuð, roðlaus	34,0%

Skötuselur	Nýtingarstuðull	
	-halar með roði	35,0%
	-halar, roðlausir án sporðs	27,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	20,0%

Skata/náskata		Nýtingarstuðull
	-börðuð	43,5%

Háfur		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	52,0%
	-haus- og sporðskorinn	49,5%

Svartháfur		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	55,0%
	-haus- og sporðskorinn	52,5%

Gljáháfur		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	55,0%
	-haus- og sporðskorinn	52,5%

Hákarl		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	70,0%
	-beitur	50,0%

Lúða		Nýtingarstuðull
	-haussskorin	80,0%
	-flök	54,0%

Grálúða		Nýtingarstuðull
	-sporðskorin	97,5%
	-haussskorin	74,5%
	-hausuð og sporðskorin	72,0%
	-flök	50,0%

Sandkoli		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	75,0%
	-hausaður og sporðskorinn	72,5%

Skarkoli		Nýtingarstuðull
	-haussskorinn	72,0%
	-hausaður og sporðskorinn	69,5%

Þykkvalúra		Nýtingarstuðull
	-hausskorin	82,0%
	-hausuð og sporðskorin	79,5%

Langlúra		Nýtingarstuðull
	-hausskorin	78,0%
	-hausuð og sporðskorin	75,5%

Skrápflúra		Nýtingarstuðull
	-hausskorin	73,0%
	-hausuð og sporðskorin	70,5%

Öfugkjafta		Nýtingarstuðull
	-hausskorin	73,0%
	-hausuð og sporðskorin	70,5%

## 3. gr.

Afurðir sem miðast við óslægðan afla:

Gullkarfi		Nýtingarstuðull
	-slægður með haus	94,0%
	-hausaður með klumbu	61,0%
	-hausaður án klumbu	55,0%
	-flök, með roði og beinum	30,5%
	-flök, með roði og beinlaus	28,5%
	-flök, roðflett, með beinum	27,5%
	-flök, roðflett og beinlaus	26,0%

Djúpkarfi		Nýtingarstuðull
	-slægður með haus	94,0%
	-hausaður með klumbu	60,0%
	-hausaður án klumbu	54,0%
	-flök, með roði og beinum	30,0%
	-flök, með roði og beinlaus	28,0%
	-flök, roðflett, með beinum	27,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	26,0%

Slétthali		Nýtingarstuðull
	-hausaður	50,0%
	-hausaður og sporðskorinn	47,5%
	-flök, með roði og beini	22,0%
	-flök, roðlaus með beini	17,0%

Snarphali		Nýtingarstuðull
	-hausaður	47,0%
	-hausaður og sporðskorinn	44,5%
	-flök, með roði og beini	21,0%
	-flök, roðlaus með beini	16,0%

Gulllax		Nýtingarstuðull
	-hauskorinn	67,0%
	-flök, með roði og beini	33,0%
	-marningur	27,0%

Búri		Nýtingarstuðull
	-hauskorinn	50,5%
	-flök, með roði og beini	36,0%
	-flök, roðflett, með beinum	31,0%

Geirnytt		Nýtingarstuðull
	-hausuð og sporðskorin	43,0%
	-flök, roðflett og beinlaus	14,0%

Rauðmagi		Nýtingarstuðull
	-kamb-, haus- og kviðskorinn	33,5%

Grásleppa		Nýtingarstuðull
	-kamb-, haus- og kviðskorin	29,5%

Broddabakur		Nýtingarstuðull
	-hauskorinn	72,5%
	-hausaður og sporðskorinn	70,0%

Stinglax		Nýtingarstuðull
	-hauskorinn	71,0%
	-hausaður og sporðskorinn	69,0%

## 4. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, með síðari breytingum til að taka gildi 1. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 766, 18. desember 1998, um upphafsstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júní 2002.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 11/2002 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003.

Á árinu 2003 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2002 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XLI í lögum nr. 75/1981. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2002 til desember 2002. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2002 og skal vera 7% af tekjuskattsstofni umfram 3.980.000 kr. hjá einstaklingi og 7.960.000 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hefur orðið hjá honum milli árana 2001 og 2002. Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003:

#### 1. gr.

Telji skattaðili að tekjur hans muni lækka verulega á árinu 2002 frá því sem var á árinu 2001 getur hann sent til skattstjóra rökstudda umsókn, studda nauðsynlegum gögnum, þar sem óskað er eftir lækkun á fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003. Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2002.

#### 2. gr.

Skattstjóri taki umsókn til greina og lækki þegar ákveðna fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærri en hún yrði miðað við rökstudda áætlun um tekjur ársins 2002.

#### 3. gr.

Innan 15 daga frá því að umsókn berst skal skattstjóri hafa úrskurðað umsókn. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 149/2000 eins og því var breytt með 41. gr. laga nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, o.fl. lögum. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 13. júní 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 543 13. október 1995.

#### 1. gr.

2. mgr. 31. gr. orðist svo:

A.m.k. tveimur leikjum í hverri ágiskun skal hafa lokið innan umferðar, annars fellur getraunin niður og þáttökugjald er endurgreitt. Undantekning frá þessu er ef einn leikur stendur eftir og sá leikur er boðinn sem stakur (sérmerkt S í leikskrá) ræður sá leikur útkomu getraunarinnar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2002.

#### 1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2002:

- a) Í júlí 2002 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2002 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 388/1997, nr. 341/1998, nr. 425/1999, nr. 438/2000 og nr. 466/2001.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2002

---

13. júní 2002

1221

Nr. 432

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

### *Hamraborg 7. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. desember 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Hamraborg. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að byggja inndregna þakhæð á núverandi byggingu um 300 m<sup>2</sup> að flatarmáli

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Álfhólsvegur 135. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 135 við Álfhólsveg. Í deiliskipulaginu felst að 83 m<sup>2</sup> íbúðarhús byggt 1939 verður rífið og parhús á tveimur hæðum um 180 m<sup>2</sup> að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Borgarholtsbraut 15. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Borgarholtsbraut 15. Í deiliskipulaginu felst að núverandi íbúðarhús sem er 41 m<sup>2</sup> að grunnfleti byggt 1943 verður rífið og einbýlishús á einni hæð, að hámarki 180 m<sup>2</sup> að grunnfleti byggt í þess stað. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0.3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 13. júní 2002.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 2002

Nr. 433

1222

24. júní 2002

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breytt deiliskipulag Ása- og Traðabakkalands.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. febrúar 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ása- og Traðabakkalands á Akranesi.

Um er að ræða lengingu á botnlangagötum innan hverfisins um 2,5 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Undirskriftalisti barst frá eigendum viðkomandi lóða, þar sem óskað var eftir lengingu á botnlangagötum um 2,5 m.

*Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 3, lóðirnar 1-17 við Tindaflöt.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt til-laga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 3 á Akranesi.

Breytingin felst í því að heimilt verður að byggja tvílyft fjölbýlishús 6-8 íbúða í stað 2ja hæða raðhúsa.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingar-laga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir voru gerðar.

*Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 1-3, 5-7 við Steinsstaðflöt.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt til-laga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að það er heimilt að reisa raðhús eða parhús á lóðunum, verður heimilt að reisa parhús eða einbýlishús.

Tillagan var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

*Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 2-4 við Steinsstaðflöt.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt til-laga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðvesturs um 2,0 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

*Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 4, lóðirnar 6-8 við Steinsstaðflöt.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. júní 2002, var samþykkt tilaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasa 4 á Akranesi.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til suðvesturs um 2,0 m.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

*Breytt deiliskipulag Akratorgsreits.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldin var þann 11. júní 2002, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi.

Breytingin felst í að gatnamótum Suðurgötu og Akursbrautar er breytt þannig að Akursbraut verður að aðalbraut og biðskylda verður á umferð af neðri hluta Suðurgötu.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

*Akranesi, 24. júní 2002.*

**Skúli Lýðsson,**  
byggingar- og skipulagsfulltrúi.



# STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2002

Nr. 434

1224

7. júní 2002

## FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarsýslur.

### I. KAFLI

#### Um stjórn fjallskilamála.

##### 1. gr.

Ísafjarðarsýslur skiptast í þrjár fjallskiladeildir og skiptast þær eftir sveitarfélagamörkum.

Sveitarstjórnir hafa umsjón allra fjallskilamála, hver innan lögsögu síns sveitarfélags. Sveitarstjórnnum er heimilt að fela undirnefndum, t.d. landbúnaðarnefndum, umsjón mála-flokksins.

##### 2. gr.

Sveitarstjórnir geta kveðið nánar á um fjallskil í einstökum atriðum innan marka samþykktar þessarar hver í sínu umdæmi. Sveitarstjórnir tilnefna fjallskilastjóra, hver í sínu umdæmi og annan til vara. Þar sem sveitarfélag skiptist upp í fjallskiladeildir skulu sveitarstjórnir skipa tengiliði við hverja þeirra.

Sveitarstjórnir skera úr um ágreining sem upp kann að koma, hver í sínu umdæmi.

##### 3. gr.

Fjallskiladeildir í Ísafjarðarsýslum eru:

#### Ísafjarðarbær:

- |                                    |                             |
|------------------------------------|-----------------------------|
| 1. Arnarfjörður norðanverður       | (Auðkúluhreppur)            |
| 2. Dýrafjörður sunnanverður        | (Þingeyrarhreppur)          |
| 3. Dýrafjörður norðanverður        | (Mýrahreppur)               |
| 4. Önundarfjörður                  | (Mosvalla- Flateyrahreppur) |
| 5. Súgandafjörður, þ.m.t. Keflavík | (Suðureyrahreppur)          |
| 7. Skutulsfjörður, Hnífsdalur      | (Ísafjarðarkaupstaður)      |
| 11. Við Ísafjarðardjúp             | (Snæfjallahreppur)          |

#### Bolungarvík:

- |                                 |               |
|---------------------------------|---------------|
| 6. Bolungarvík, þ.m.t. Skálavík | (Bolungarvík) |
|---------------------------------|---------------|

#### Súðavíkurhreppur:

- |   |                        |
|---|------------------------|
| 8. Frá Hestfjarðarbotni að landamerkjum Ísafjarðarbæjar (á Súðavíkurhlíð) | (Súðavíkurhreppur)     |
| 9. Ögursveit  | (Ögurhreppur)          |
| 10. Vatnsfjarðarsveit   | (Reykjafjarðarhreppur) |

##### 4. gr.

Sveitarstjórnir ákveða hvar lögréttir skulu vera.

##### 5. gr.

Land, sem fjallskil samkvæmt samþykkt þessari taka til undir stjórn sveitarstjórna, eru beitolönd þau sem nýttu eru sem sumarhagar fyrir sauðfé.

## II. KAFLI

### Um mörk og markaskrá.

#### 6. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glögg eynamark á fé sínu ásamt plötumerki með númeri bæjar og sveitarfélags sbr. 1. og 4. gr. reglugerðar nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum. Ekki mega menn nota önnur eynamörk á fé sitt en þau sem þeir eru löglegir eigendur að.

#### 7. gr.

Sveitarstjórnirnar skulu í sameiningu láta prenta markaskrá Ísafjarðarsýslna, svo sem lög mæla fyrir. Markavörður annast söfnun marka í Ísafjarðarsýslum. Heimilt er að birta mörkin í sameiginlegri Vestfjarðaskrá.

Hverjum fjáreiganda er skylt að koma mörkum sínum í markaskrá gegn gjaldi sem nægja skal fyrir öllum kostnaði við söfnun marka svo og skráningu, prentun og útsendingu markaskrár. Greiða skal gjaldið til markavarðar um leið og tilkynnt er um mark. Markaskrá skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eintak. Einnig skal markaskránni dreift til annarra þeirra er málið varðar.

#### 8. gr.

Sveitarstjórnir í Ísafjarðarsýslum ráða sameiginlega markavörð er sér um mörk sýslanna og útgáfu markaskrár. Skal hann gæta þess við upptöku nýrra marka að ekki sé sammerkt innan sýslu, né utan samanber 12. gr. reglugerðar nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum.

#### 9. gr.

Eynamörk skulu vera samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum og skal birt skrá um þau í markaskrá.

#### 10. gr.

Nú flytur markaeigandi inn í Ísafjarðarsýslur og skal hann þar tilkynna markaverði mark sitt eða mörk og leita samþykkis hans fyrir notkun þess (þeirra). Vanræki einhver markaeigandi að láta prenta mark sitt í markaskrá, má hann búast við því, að með fé hans verði farið sem óskilafé.

#### 11. gr.

Brennimörk og plötumerki fjallskiladeildanna eru þessi:

- |           |      |                              |
|-----------|------|------------------------------|
| 1. deild  | VÍ 1 | (Auðkúluhreppur)             |
| 2. deild  | VÍ 2 | (Þingeyrarhreppur)           |
| 3. deild  | VÍ 3 | (Mýrahreppur)                |
| 4. deild  | VÍ 4 | (Mosvallahreppur)            |
| 4. deild  | VÍ 5 | (Flateyrarhreppur)           |
| 5. deild  | VÍ 6 | (Suðureyrarhreppur)          |
| 6. deild  | NÍ 1 | (Bolungarvík)                |
| 7. deild  | NÍ 2 | (Hnífsdalur, Skutulsfjörður) |
| 8. deild  | NÍ 3 | (Fyrrum Súðavíkurhreppur)    |
| 9. deild  | NÍ 4 | (Ögursveit)                  |
| 10. deild | NÍ 5 | (Vatnsfjarðarsveit)          |
| 11. deild | NÍ 7 | (Snæfjallahreppur)           |

### III. KAFLI Um fjallskil o.fl.

#### 12. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og leggur hann til fjallskila á þann hátt, sem sveitarstjórn ákveður. Skyldur er bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað. Eigendur sauðlausra jarða skulu gera fjallskil eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sama gildir um eigendur eyðjarða.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gangnamanna og deilir þeim niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu vetrarfóðraðs fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum og jarðeignum.

Niðurröðun fjallskila skal birta hlutaðeigendum minnst með viku fyrirvara. Skal þar taka fram, hvað hver og einn á að leggja til, tilnefndir leitarstjórar og skýrt frá tilhögun leita.

#### 13. gr.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu eftir því sem við verður komið, en ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Ef maður vanrækir án lögmætra ástæðna, að inna fjallskil af hendi, skal hann eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð allt að helmingi af matsverði fjallskilanna, sbr. 44. gr. laga nr. 6/1986 um afrettamálefni, fjallskil, o.fl. Fjallskilagjöld má taka lögtaki.

#### 14. gr.

Sveitarstjórn skipar svo marga leitarstjóra, sem henni þykir hæfa og ákveður svæði hvers þeirra. Hver leitarstjóri kveður með nægum fyrirvara gangnamenn sína saman á ákveðinn stað á ákveðnum tíma. Skipar hann svo fyrir, hvar hver skuli ganga og hvernig göngum í heild skuli hagað. Hver fjallskiladeild sér um smölun á sínu svæði. Heimilt er sveitarstjórn að láta fjáreiganda leggja til fjallskila utan sinnar fjallskiladeildar nýti hann þar beitolönd að einhverju marki.

#### 15. gr.

Leitarstjórar sjá til þess svo sem unnt er að hver gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi. Þeir líta eftir því að gangnamenn séu fullgildir og vel útbúnir. Skulu gangnamenn allir skyldir að hlýða forsögn leitarstjóra.

#### 16. gr.

Reglulegar leitir skulu vera tvennar á hausti, fyrst í tuttugustu og annarri viku sumars og auk þess eftirleit þegar bæjarstjórn ákveður. Sveitarstjórn getur vikið frá þessu, að fengnum tillögum frá viðkomandi fjallskiladeildum. Um breytingar á fyrirkomulagi leita, skal tilkynna aðliggjandi fjallskiladeildum.

#### 17. gr.

Hver bóndi er skyldur að hirða fé, er finnst í heimalöndum eftir að almennum fjallskilum er lokið og greiða fyrir því, að það komist til réttra eigenda.

#### 18. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt er sér, að tilkynna það leitarstjóra viðkomandi leitar svæðis. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir

eigandi kindar hálfvirkni hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kindur hins vegar ekki lifandi skal viðkomandi sveitarsjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar.

Sama skal gilda um fé sem er á útgangi eftir að haustleitum er að fullu lokið og ekki verður sótt af eigendum sínum.

#### IV. KAFLI

##### Um réttir.

###### 19. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar í hverri fjallskiladeild lögréttir skuli vera, sbr. 4. gr. og hvaða lönd skulu ganga til hversrar réttar. Hún getur leyft að fé úr heimalöndum einstakra jarða sé rekið þar inn. Aðkomufé skal síðan flutt til næstu réttar.

###### 20. gr.

Sveitarstjórn skipar einn réttarbónda við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með fjallskilum. Réttarbóndi stjórnar fjárrætti og leggur áherslu á að fljótt gangi og skipulega. Hann gætir þess að misdráttur eigi sér ekki stað. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en réttarbóndi leyfir og búið er að athuga féð. Hann getur hvatt menn sér til aðstoðar og eftirlits. Fjáreigendur mega ekki fara úr rétt fyrir en fjárrætti er lokið.

###### 21. gr.

Réttarbóndi sér um að mæður helgi sér ómerkinga eftir því sem kostur er og má enginn marka kind á rétt nema með leyfi réttarbónda.

###### 22. gr.

Réttarbóndi sér um að úrtíningur sé rekinn, fluttur eða geymdur eftir því sem bæjarstjórn hefur ákveðið og eftir því sem samræmist lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, og reglum um sauðfjárveikivarnir. Úrtíningur telst það fé sem ekki á heima á svæði því sem smalað er til réttarinnar. Fé sem komið er langt að skal ekki hýsa með heimafé vegna hugsanlegrar smitsjúkdómahættu.

###### 23. gr.

Skylt er hverjum þeim sem á kind í réttum að hirða sitt fé eða fá annan til þess.

###### 24. gr.

Lóga skal fé sem fer yfir varnarlínu sauðfjárveikivarna. Óskilafé sem enginn eigandi finnst að, skal auglýst í dag- eða héraðsblöðum. Ef eigandi gefur sig ekki fram fyrir tilskilinn frest, skal féð selt á uppboði eða sent í sláturhús. Sú upphæð sem fæst fyrir féð skal varið til greiðslu áfallins kostnaðar en afgangur skal renna í viðkomandi sveitarsjóð.

#### V. KAFLI

##### Önnur atriði.

###### 25. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálssir. Sveitarstjórnnum er þó skylt að samræma vorsmölun ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því.

###### 26. gr.

Að öðru leyti en greint er í samþykkt þessari fer um fjallskilamálefni eftir því sem segir í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum og lögum

nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim svo og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar fjallskilasamþykktar varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

28. gr.

Samþykkt þessi sem samin hefur verið að tilhlutan Ísafjarðarbæjar og í samráði við bæjarstjórn Bolungarvíkur, sveitarstjórn Súðavíkur og án athugasemda frá héraðsnefnd Strandasýslu, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi fjallskilasamþykktir Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 705/1983 og Norður-Ísafjarðarsýslu, nr. 427/1987.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

Neðangreind deiliskipulög hafa verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, eftir að hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin taka gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*1) Naustahverfi, 1. áfangi.*

Skipulagssvæðið afmarkast að austan af Þórunnarstræti vestan kirkjugarðs og að norðan af fyrirhugaðri Miðhúsabraut sunnan Teigahverfis. Skipulagið gerir ráð fyrir 327 íbúðum, auk grunnskóla, leikskóla og húsnæðis fyrir þjónustu. Um er að ræða fyrsta áfanga Naustahverfis, sem áætlað er að teygi sig allt frá núverandi byggð sunnan VMA og suður undir Kjarnaskóg.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 23. apríl 2002.

*2) Naust III, lóð Minjasafnsins á Akureyri.*

Skipulagssvæðið er lóð Minjasafnsins í Naustahverfi ásamt umlykjandi opnu svæði. Gert er ráð fyrir að helstu núverandi byggingar að Naustum III standi áfram, og að til viðbótar verði reist geymsluhús og verkstæði á lóðinni.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 19. mars 2002.

*3) Íbúðarsvæði v. Lindasíðu.*

Deiliskipulagið tekur til reits milli Hlíðarbrautar og Lindasíðu, næst Austursíðu, og gerir ráð fyrir allt að 22 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum.

Innan marka skipulagsins er einnig opið svæði meðfram Hlíðarbraut, með hljóðmön næst íbúðarlóðunum.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 7. maí 2002.

*Akureyri, 18. júní 2002.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 11. júní 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Smáratún 13 í Bessastaðahreppi frá deiliskipulagi Túnahverfis, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 12. júní 2002.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2002-2003.

#### 1. gr.

##### *Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.*

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2002-2003 skal vera 106 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2001-2002.

#### 2. gr.

##### *Aðilaskipti að greiðslumarki.*

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir. skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og leggja frammi

á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölunni. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 2002-2003 skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi 20. júní 2003 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

### 3. gr.

#### *Nýting greiðslumarks lögbýla.*

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hafa forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
- Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggja fyrir heimild Bændasamtakanna, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

### 4. gr.

#### *Brottfall og geymsla greiðslumarks.*

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 31. ágúst 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

### 5. gr.

#### *Beingreiðslur.*

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af lágmarksverði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- 53,5% beingreiðslna skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 85% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2002.
- 31,5% beingreiðslna skal greiða eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2002.
- 15,0% beingreiðslna skal ráðstafað með eftirfarandi hætti: greiða skal 16/30 hluta fjárhæðarinnar á innvegið magn mjólkur í mánuðunum nóvember til og með febrúar. Finna skal meðalgreiðslu fyrir hvern dag í þessum mánuðum að teknu tilliti til breytinga á lágmarksverði mjólkur og þeirri fjárhæð sem þannig er fundin skal deilt á innvegið magn mjólkur í hverjum mánuði fyrir sig. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg

næstsíðasta mánaðar. Á sama hátt skal greiða 4/30 hluta fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt samkvæmt stafliðum A og B hlutfallslega út á framleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

Framleiðendur geta einungis öðlast rétt til beingreiðslna fyrir mjólk sem framleidd er á því lögbýli sem greiðslumark fylgir innan verðlagsárs.

#### 6. gr.

##### *Handhafi beingreiðslna.*

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

#### 7. gr.

##### *Uppgjör beingreiðslna.*

Sjá handhafi beingreiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 85% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skulu haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

#### 8. gr.

##### *Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.*

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Bændasamtakanna og þær geta veitt.

#### 9. gr.

##### *Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýla. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr.



## 10. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

## 11. gr.

*Viðurlög og gildistaka.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 472/2001 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og bein-greiðslur til bænda verðlagsárið 2001-2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. júní 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Sigríður Nordmann.*

**REGLUGERÐ****um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.**

## 1. gr.

*Tilgangur og gildissvið.*

Tryggja skal svo sem kostur er góða meðferð og aðbúnað nautgripa svo að þörfum þeirra sé fullnægt, hvort sem þeir eru á húsi, á beit eða útigangi.

Eingöngu skal nota gripi til framleiðslu mjólkur og sláturafurða, sem eru heilbrigðir og lausir við sjúkdóma hættulega mönnum.

Reglugerð þessi gildir um nautgripi sem aldir eru til framleiðslu afurða til neyslu.

## 2. gr.

*Orðskýringar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

*Geldneyti:* Nautgripir eldri en 6 mánaða.

*Kálfar:* Nautgripir, yngri en 6 mánaða.

*Mjaltþjónn:* Alsjálfvirkt mjaltataeki.

*Spillt mjólk:* Mjólk sem inniheldur lyfjaleifar.

*Sýnakanna:* Sérstakt ílát sem ætlað er til að kanna gæði mjólkur.

*Þvottaklútar:* Klútar sem notaðir eru til að þrifa júgur og spena.

*Umráðamaður nautgripa:* Eigandi nautgripa eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þeirra í samræmi við gildandi reglur.

*Útigangsgripir:* Nautgripir sem ganga úti yfir vetrarmánuðina.

*Varmaframleiðslueining:* Sá fjöldi gripa sem framleiðir þúsund vött af hitaorku við útgufun hita og raka. Ein kýr í fullri nyt er u.þ.b. 1,1 varmaframleiðslueining.

## 3. gr.

*Yfirstjórn og eftirlit.*

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og hafa undir sinni stjórn dýralækni júgursjúkdóma sem starfar samkvæmt erindisbréfi.

Dýralæknir júgursjúkdóma skal stuðla að góðri meðferð og heilbrigði nautgripa, bættum framleiðsluháttum, vörnum og greiningu sjúkdóma í samvinnu við dýralækna, ráðnauta, bændur, mjólkureftirlitsmenn og búfjáreftirlitsmenn. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningastarfi leitast við að auka skilning manna á nautgripasjúkdómum, vörnum gegn þeim og því tjóni sem þeir geta valdið. Hann skal gera tillögur að reglum um innra eftirlit, skráningu sjúkdóma og lyfjanotkun við mjólkurframleiðslu.

Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Héraðsdýralæknar skulu reglulega sækja sérstakt námskeið á vegum yfirdýralæknis og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, til samræmingar á eftirliti samkvæmt reglugerð þessari.

## 4. gr.

*Umhverfi gripahúsa.*

Umhverfi og næsta nágrenni fjóss skal vera þrífalegt til varnar því að óhreinindi og smitefni berist inn í það. Við inngang skal vera viðunandi aðstaða til þrifa á fótabúnaði og höndum. Hlað framan við mjólkurhús skal vera hreint og þrífalegt og það stórt að mjólkurbílar geti auðveldlega athafnað sig þar. Sömuleiðis skal aðkoma fyrir sláturbíla vera greið og snyrtileg.

Geymsla fyrir mykju skal vera við hvert fjós og tryggja skal að ekki berist frá henni lyktarmengun eða óþrifnaður, þ.m.t. skordýr, né að hætta stafi af fyrir skepnur, menn og umhverfi, eins má flutningur á mykju ekki valda óþrifnaði eða hættu fyrir skepnur menn og umhverfi, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri,

Frárennsli frá salerni skal leiða í rotþró með viðurkenndri siturlögn, en frárennsli frá mjólkurhúsi og mjaltabás í hauggeymslu eða viðurkennda siturlögn. Heimilt er að hafa sameiginlega siturlögn frá rotþró og frá mjólkurhúsi og mjaltabás.

## 5. gr.

*Fóðrun og umhirða.*

Vinna við hirðingu nautgripa skal vera í höndum starfsfólks með þekkingu og getu til að sinna starfinu vel. Hafa skal daglegt eftirlit með öllum nautgripum sem eru á húsi. Eftirlit með gripum á útingangi skal vera nægjanlega mikið til að tryggja þeim viðunandi vellíðan. Að vetri til skal daglega líta eftir nautgripum á útingangi.

Tryggja skal öllum gripum, nema graðnautum eldri en sex mánaða, 8 vikna útivist hið minnsta ár hvert.

Gripir skulu ávallt hafa nægan aðgang að hreinu, ómengduðu drykkjarvatni.

Fóður skal að magni, gæðum og efnainnihaldi fullnægja þörfum gripanna til vaxtar, viðhalds og framleiðslu.

Klaufir skulu vera vel hirtar og gripum haldið hreinum og klipptir eftir því sem þörf er á.

Óheimilt er að hafa sauðfé, svín, alifugla og hunda í sama rými innanhúss og nautgripi.

## 6. gr.

*Aðbúnaður og innréttingar.*

Í húsum, þar sem nautgripir eru hýstir, skulu dyr og gangar vera þannig frágengnir að fljótlegt sé að rýma húsin í neyðartilfellum. Tryggja skal nægjanlegt rými í gönguleiðum gripa innan fjóss.

Tryggja skal öryggi gripa og smitgát við flutning á dýrum innan fjóss og út úr fjósi.

Loftræsting skal vera góð og í samræmi við viðauka 2. Koma skal í veg fyrir að gripir á húsi verði fyrir dragsúg. Magn varhugaverðra lofttegunda skal að jafnaði vera innan viðurkenndra hættumarka, sbr. viðauka 4. Ryki og annarri loftmengun skal haldið í lágmarki. Hita- og rakastigi skal haldið innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka 2.

Í öllum húsum skal tryggt að þar gæti dagsbirtu. Viðbótarlýsing skal vera til staðar sem fullnægir lýsingarþörf, sbr. viðauka 3. Ljós skulu þannig staðsett að þau valdi gripunum ekki óþægindum. Óheimilt er að hafa stöðuga sterka lýsingu allan sólarhringinn og tryggja skal öllum nautgripum næturlýsingu, sbr. viðauka 3.

Óheimilt er að hafa gripi í stöðugum hávaða og varast ber að þeir verði fyrir miklum óvæntum hávaða. Hávaði skal að jafnaði vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka 5.

Gólf, veggir og loft skulu vera úr traustu efni og með yfirborði, sem auðvelt er að þrifa. Flór og föst gólf skulu vera með góðu frárennsli.

Innréttingar, gólf og annað umhverfi gripa skal þannig gert og viðhaldið að eðlilegar hreyfingar gripanna séu ekki heftar, að þeir sjái hverjir aðra, að ekki sé hætt á að þeir skaði sig og að þeir haldist þurrir og hreinir.

Óheimilt er að nota rafstraum til að hindra nautgripi í að óhreinka bása eða til að skilja að gripi.

Að öðru leyti skulu innréttingar vera í samræmi við viðauka 1.

## 7. gr.

*Básafjós.*

Básar, milligerðir og beislur skulu vera þannig að gripirnir geti lagst niður, legið eðlilega, risið á fætur, staðið og sleikt sig án erfiðleika. Básagólf skal hafa vatnshalla frá jötu í samræmi við viðauka 1 og skal í þeim vera mjúkt undirlag með óskreipu yfirborði. Básam skal haldið þurrum og hreinum. Eitt drykkjarker skal vera fyrir hverjar tvær kýr hið minnsta. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1.

## 8. gr.

*Lausagöngufjós.*

Í lausagöngufjósum, þar sem eru mjólkurkýr, skulu allar kýr geta legið samtímis á legubásam eða á til þess gerðu legusvæði. Í því skal vera mjúkt undirlag með óskreipu yfirborði. Í lausagöngufjósum skal einnig vera ein eða fleiri burðar- og sjúkrastíur, nægjanlega rúmgóðar til að þar sé hægt að veita öllum kúm nauðsynlega burðaraðstoð og sjúkum gripum umönnun. Burðar- og sjúkrastíur skal þrifa og sótthreinsa eftir þörfum. Jöturými skal vera nægjanlegt til að tryggja jafnan og öruggan aðgang kúa að því fóðri sem þeim er ætlað, sbr. viðauka 1. Fjöldi drykkjarkerja skal vera nægjanlegur og þau þannig staðsett að gripirnir komist auðveldlega að þeim. Að öðru leyti skulu básar og innréttingar vera í samræmi við viðauka 1.

## 9. gr.

*Aðbúnaður kálfa og geldneyta.*

Sérstakar stíur skulu ætlaðar til uppeldis á kálfum fram að 8 vikna aldri. Þetta geta

verið einstaklings- eða hópstíur, sem skulu hafa þurrt og hreint undirlag sem tryggir vellíðan kálfanna. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kálfarnir sjúgi hvern annan, en fái fullnægt sogþörf sinni á annan hátt. Tryggja skal að kálfar geti legið með útrétta fætur. Sérstaklega skal gætt að gæðum loftræstingar hjá kálfum, sbr. viðauka 2. Gripi, eldri en 8 vikna, skal halda í hópstíum. Óheimilt er að binda kálfa og geldneyti nema þegar sérstakar aðstæður, eins og sjúkdómar eða sérstök meðhöndlun, krefjast þess. Í básafjósum má binda kvígur á bás þrem mánuðum fyrir burð. Kálfar og geldneyti skulu geta legið, hvílst, staðið upp og sleikt sig án erfiðleika. Stærð stúa, legubása, jöturými, fjöldi og staðsetning drykkjaríláta og rimla- og rifubreidd í gólfum skal vera í samræmi við viðauka 1.

## 10. gr.

*Útígangur nautgripa.*

Gripir sem ganga úti skulu geta leitað skjóls fyrir óveðrum í gripahúsi eða sérstöku skýli sem hefur þrjá veggj hið minnsta, nema jafngilt náttúrulegt skjól sé til staðar. Héraðs-dýralæknir tekur út slíkt skjól og getur bannað útigöngu ef viðunandi skjól er ekki til staðar. Umhverfi, hönnun og viðhald skýla og húsa skal vera þannig að gripir haldist hreinir. Tryggja skal útígangsgripum þrífalegt legusvæði og tryggja að næringarþarfir þeirra séu uppfylltar. Ætíð skal vera til staðar rými innanhúss fyrir gripi á útígangi sem þurfa sérstakrar umönnunar við.

## 11. gr.

*Mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi.*

Eftirfarandi reglur skulu gilda um mjaltir og meðferð mjólkur í fjósi:

1. Fjósum skal haldið hreinum. Flórar skulu hreinsaðir a.m.k. kvölds og morgna. Veggj og loft skal þvo árlega eða oftar ef þurfa þykir og mála eða kalka eftir þörfum.
2. Vothey má ekki gefa fyrir en að mjöltum loknum, nema þar sem ekki er hætt á að ryk berist í mjólkina.
3. Óheimilt er að hafa sauðfé, svín, alifugla og hunda í rými sem tengist mjólkurframleiðslu.
4. Fjós skulu varin flugum og meindýrum með viðurkenndum aðferðum.
5. Notkun tóbaks í fjósi er óheimil meðan á mjöltum stendur.
6. Ljósstyrkur við mjaltir skal vera í samræmi við viðauka 3.
7. Mjaltafólk skal þvo sér vandlega um hendur fyrir mjaltir og meðan á mjöltum stendur ef með þarf. Það skal klæðast hreinum hentugum vinnufatnaði. Hafi mjaltafólk sár á höndum eða handleggjum skulu þau hulin með einnota hönskum eða á annan viðunandi hátt. Mjaltafólk skal ekki sinna öðrum störfum sem geta haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar meðan á mjöltum stendur.
8. Mjaltafólk má ekki vera haldið sjúkdómum sem geta borist með mjólkinni í fólk.
9. Starfsmenn í fjósi skulu hafa greiðan aðgang að salerni og handlaug og þeirri aðstöðu skal haldið þrífalegri.
10. Júgur og spenar skulu vera hreinir og þurrir áður en kýr er mjólkuð. Ef mjólkað er með mjaltapjóni skulu júgur og spenar vera hreinir og ekki blautir áður en kýr er mjólkuð. Ef þvottaklútar eru notaðir skulu þeir þvegnir vandlega á milli mjalta og soðnir eða sóthreinsaðir með viðurkenndum aðferðum, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
11. Hefja skal mjaltir strax eftir hreinsun júgurs og spena. Fyrstu bogar mjólkurinnar skulu mjólkaðir í sýnakönnu eða í til þess gert ílát mjaltapjóns. Gæði mjólkurinnar skulu athuguð fyrir mjaltir eða á meðan á mjöltun einstakra kúa stendur. Ef mjólkin

reynist óeðlileg, skal koma í veg fyrir að hún blandist sölumjólki. Ef spenar eru smurðir, úðaðir eða dýft í sóttthreinsilög skal það einungis gert strax eftir mjaltir með efnum samþykktum af Hollustuvernd ríkisins, sbr. ákvæði 2. t. l. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

12. Sé kýr með jógursjúkdóm, þannig að líklegt sé að neytendum mjólkurinnar stafi hætta af, skal mjólka hana síðast, eða með sérstökum mjaltatækjum, ella skulu mjaltatækin þrífín strax að loknum mjöltum hennar. Mjólki úr viðkomandi kú skal aldrei blanda sölumjólki. Það sama gildir um kýr með aðra sjúkdóma sem spillt geta mjólkinni og kýr sem hafa fengið lyf sem geta borist í mjólkina. Spilltri mjólki vegna lyfjameðhöndlunar skal hellt í haughús eða viðurkennda siturlögn.
13. Broddmjólki og geldmjólki, sbr. A-lið viðauka I við, reglugerð nr. 392/1997 um mjólki og mjólkurvörur, má ekki blanda saman við sölumjólki.
14. Bannað er að kæla og geyma mjólki í fjósi.
15. Við mjaltir, kælingu, geymslu og flutninga mjólkur skal verja hana fyrir flugum, frosti, sólskini, ryki, reyki, óþef, lyktarsterkum efnum og öðru sem gæti spillt henni.
16. Mjólkurframleiðendur skulu starfrækja innra eftirlit samkvæmt reglum sem yfir-dýralæknir setur.

#### 12. gr.

##### *Mjólkurhús og mjaltabúnaður.*

Mjólkurhús skal vera við hvert fjós. Það skal vera áfast við fjósið og skilið frá því með sjálflokandi dyrum. Mjólkurhús skal vera rúmgott, vel umgengið, bjart og vel loftræst. Ljósstyrkur skal vera í samræmi við viðauka 3.

Loft og veggir mjólkurhúsa skulu vera úr traustu efni með yfirborði sem auðvelt er að þrifa og skulu málaðir í ljósum lit eða lagðir flísnum eða öðru hliðstæðu efni. Gólf skulu vera steinsteypt og vatnsheld, með nægum vatnshalla að góðu niðurfalli. Þau skulu vera slétt en þó ekki hál. Mjólkurhús má einungis nota til þess að sía, kæla og geyma mjólki og þvo mjólkurbúnað. Dýrum má ekki hleypa inn í mjólkurhús og skulu þau einnig varin flugum og meindyrum.

Lyf, hreinsiefni og önnur hættuleg efni, sem notuð eru í mjólkurhúsi skulu geymd í lokuðum skápum, þar sem börn ná ekki til. Notkun tóbaks er óheimil í mjólkurhúsi og mjaltabás.

Í mjólkurhúsi skal vera viðunandi aðstaða til þvotta á mjaltabúnaði og nægjanlegt rennandi heitt og kalt vatn sem fullnægir kröfum reglugerðar nr. 535/2001 um neysluvatn. Þar skal einnig vera sérstök handlaug til handþvotta og við hana skal vera gerileyðandi sápuögur og einnota handþurrkur.

Mjaltabúnaður skal vandlega hreinsaður og síðan sóttthreinsaður samkvæmt viðurkenndum þvotta- og sóttthreinsiaðferðum svo fljótt sem verða má eftir notkun, eða að lágmarki tvisvar á dag ef um samfelldar mjaltir er að ræða, og síðan varinn óhreinindum milli mjalta. Öll mjólki skal síuð með einnota síu eða á annan sambærilegan hátt.

Kæling mjólkur skal fara fram í mjólkurhúsi í geymi úr ryðfríu sýrubolnu stáli. Nægi-legt rými skal vera undir og umhverfis kæligeyma svo auðvelt sé að þvo þá og sóttthreinsa. Mjólki skal kæld niður í 2-4°C svo fljótt sem unnt er að loknum mjöltum og geymd við það hitastig. Hitamælur skulu vera á öllum kæligeymum.

Við uppsetningu og eftirlit mjaltabúnaðar skal stuðst við ISO/DIS 5707, 6609 og 3918. Áhöld og tæki, sem koma í snertingu við mjólki, mega ekki vera úr oxandi efnum eða efnum sem geta mengað hana. Mjólkurbílstjórar, frjótækjar, dýralæknar, ráðunautar og aðrir sem koma í mjólkurhús og/eða fjós skulu gæta ítrasta hreinlætis til að koma í veg fyrir að smit berist í fjósið.

## 13. gr.

*Leyfi til mjólkur- og kjötframleiðslu.*

Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, annast árlegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa, kálfa og annarra nautgripa hjá mjólkur- og kjötframleiðendum samkvæmt reglugerð þessari. Úttektin skal a.m.k. ná til eftirfarandi þátta: húsakosts, gildandi úttekt mjólkureftirlitsmanns á mjaltakerfi og mjólkurhúsi, gæða vatns í mjólkurhúsi, mjaltaaðstöðu, hreinlætis, umgengni og öðru sem að framleiðslunni snýr. Telji héraðsdýralæknir að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari, gefur hann út framleiðsluleyfi fyrir viðkomandi framleiðanda sem veitir honum heimild til sölu nautgripaafurða. Úttekt héraðsdýralæknis skal send til viðkomandi framleiðanda ásamt framleiðsluleyfinu. Afrit af framleiðsluleyfi skulu varðveitt af héraðsdýralækni og viðkomandi afurðastöðvum. Framleiðsluleyfi skal skráð samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Gildistími leyfisins er þar til næsta skoðun fer fram. Afurðastöðvum er óheimilt að taka við mjólk eða sláturgripum frá framleiðanda sem ekki hefur gilt framleiðsluleyfi. Árlega skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og senda yfirdýralækni fyrir 1. júlí ár hvert.

Komi í ljós að aðstaðan brýtur í bága við eða fullnægir ekki ákvæðum reglugerðar þessarar, skal héraðsdýralæknir krefjast úrbóta skriflega. Héraðsdýralæknir skal gefa framleiðanda hæfilegan, tímabundinn frest til nauðsynlegra lagfæringa og endurbóta. Afrit af fyrirmælum þessum skal þegar í stað senda afurðastöð. Héraðsdýralæknir skal gefa heilbrigðisnefnd upplýsingar um málið, telji hann þess þörf. Héraðsdýralæknir getur veitt frekari frest til úrbóta ef óviðráðanlegar ástæður hafa tafið þær, svo sem slys eða náttúruhamfarir. Hyggist framleiðandi hætta framleiðslu í viðkomandi aðstöðu, má veita honum undanþágu í allt að 6 mánuði, án þess að úrbætur fari fram.

Þegar veittur er tímabundinn frestur til úrbóta, skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda tímabundið framleiðsluleyfi er veitir honum undanþágu til sölu á afurðum sínum, á meðan á hinum tilskilda fresti stendur. Afrit þessa leyfis skal senda afurðastöðvum og fellur þá eldra framleiðsluleyfi sjálfkrafa úr gildi. Jafnskjótt og úrbótum er lokið skal framleiðandi tilkynna það héraðsdýralækni. Telji héraðsdýralæknir eftir að veittur frestur er liðinn, að enn sé ástand í fjósi framleiðanda óviðunandi, ekki hafi verið sinnt ítrekuðum kröfum eða þeim eigi sinnt á viðunandi hátt, getur héraðsdýralæknir veitt stuttan lokafrest. Hafi viðhlítandi úrbætur ekki verið gerðar að lokafresti liðnum, skal sala afurða viðkomandi framleiðanda stöðvuð. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust senda skýrslu um veittan lokafrest og kröfu um stöðvun á móttöku mjólkur og/eða nautgripum og aðdraganda hennar til viðkomandi afurðastöðva og yfirdýralæknis.

Verði héraðsdýralæknir þess var, að svo miklu sé áfátt, heilbrigði nautgripa, umgengni, þrifnaði eða að mjólk sé þannig spillt í meðferð, að hætta geti stafað af fyrir neytendur t.d. vegna bráðra smitsjúkdóma, þá skal héraðsdýralæknir þegar í stað stöðva sölu afurða frá búinu og láta framleiðanda í té rökstudd, skrifleg fyrirmæli um það. Framleiðsluleyfi fellur þá sjálfkrafa úr gildi á meðan á slíkri sölustöðvun stendur. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust tilkynna afurðastöðvum um ákvörðun sína og krefjast þess, að hætt verði móttöku afurða frá viðkomandi kúabúi uns úrbætur hafa farið fram eða sjúkdómur afstaðinn. Héraðsdýralæknir skal senda yfirdýralækni greinargerð um málið. Afurðastöðvum er skylt að fara eftir fyrirmælum héraðsdýralæknis um tímabundið sölubann og tilkynna framleiðanda tafarlaust að móttaka afurða frá honum sé stöðvuð. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til úrskurðar yfirdýralæknis. Hafi bann verið lagt við sölu afurða frá framleiðanda um stundarsakir, skal héraðsdýralæknir fylgjast með gangi sjúkdóms, sé slíku til að dreifa. Þegar héraðsdýralæknir telur fært, að undangenginni athugun, að heimila sölu afurða á nýjan leik, skal hann án tafar tilkynna

framleiðanda það, viðkomandi afurðastöðvum og yfirdýralækni með bréfi. Framleiðanda er skylt að leyfa eftirlitsmönnum aðgang að búi sínu til skoðunar, samkvæmt reglugerð þessarari, hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun að gefnu tilefni. Synji framleiðandi eftirlitsaðilum um leyfi til skoðunar skal eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi lögreglustjóra og óska eftir dómsúrskurði, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald, o.fl., auk þess að krefjast þess að afurðastöðvar stöðvi móttöku afurða frá viðkomandi framleiðanda þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar að mati héraðsdýralæknis.

## 14. gr.

*Sjúkdómar og lyfjameðhöndlun.*

Við lyfjagjöf og sölu á lyfjum er dýralækni skylt að sjá til þess skriflega að útskolunartími viðkomandi lyfja sé umráðamanni gripanna kunnur. Gripir sem meðhöndlaðir hafa verið með lyfjum sem áhrif hafa á neysluhæfi afurða skulu merktir á tryggilegan hátt meðan á meðhöndlun stendur og þar til útskolunartíma lyfjanna er lokið og afurðir eru hæfar til manneldis á ný.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur á nautgripabúi eða grunur um slíkan sjúkdóm skal dýralæknir búsins þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni og/eða eftir atvikum yfirdýralækni.

## 15. gr.

*Skráning sjúkdóma.*

Umráðamaður nautgripa skal halda nákvæma skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum, sem héraðsdýralæknir lætur í té, eða á annan viðurkenndan hátt, um heilsufar einstakra gripa, aðgerðir og þá lyfjameðferð sem hann framkvæmir eða dýralæknir viðkomandi bús. Skýrslur þessar skulu ávallt vera aðgengilegar fyrir héraðsdýralækna.

Dýralæknum er skylt í lok hverrar vitjunar að skrá á eyðublöð sem yfirdýralæknir lætur í té, eða á annan viðurkenndan hátt, upplýsingar um sjúkdómsgreiningu, meðhöndlun og lyfjanotkun. Þetta skal gert fyrir hvern grip þegar það á við. Einnig skal hann skrá leiðbeiningar um framhaldsmeðferð og nýtingu afurða. Þessar upplýsingar skulu afhentar umráðamanni gripanna en afrit varðveitt af viðkomandi dýralækni.

Upplýsingar þessar skulu ávallt vera aðgengilegar fyrir yfirdýralækni, héraðsdýralækni og dýralækni jógursjúkdóma.

## 16. gr.

*Samvinna kúabús, mjólkurstöðvar og sláturhúss.*

Afurðastöð skal sjá um að upplýsingar er varða gæði afurðanna séu varðveittar og niðurstöður sendar viðkomandi framleiðanda eins fljótt og unnt er eftir að þær liggja fyrir. Afurðastöð skal ennfremur tryggja dýralækni jógursjúkdóma og héraðsdýralækni aðgengi að þessum upplýsingum.

Sláturleyfishafi skal sjá um að skýrslur eftirlitsdýralæknis um sjúkdóma og sjúkdóms-einkenni séu varðveittar og niðurstöður sendar viðkomandi framleiðanda reglulega.

## 17. gr.

*Refsiákvæði og gildistaka.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald, o.fl., lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 25/1993 um

dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra ásamt reglugerð nr. 616/1999 um breytingu á reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

*Bráðabirgðaákvæði.*

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar fram til ársloka 2003. Sú undanþága gildir ekki um ákvæði 11. gr. og 12. gr. Héraðsdýralæknir leggur fram tillögur sínar um undanþágur ásamt rökum til yfirdýralæknis, sem synjar eða veitir umbeðnar undanþágur. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita lengri aðlögunartíma, en þó aldrei lengur en til 10 ára.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

**VIÐAUKI I**

*Básastærðir (ráðlögð mál):*

	Mesta þyngd kg	Básar, sem gripir eru festir/bundnir á		Legubásar gripa í lausgöngufjósi		
		lengd m	breidd m	lengd* m	lengd** m	breidd m
Kálfar	100			1,50	1,40	0,55
Kálfar	200			1,70	1,60	0,70
Geldneyti	300	1,30	0,90	1,90	1,75	0,85
Geldneyti	400	1,40	1,00	2,10	1,95	0,95
Mjólkurkúr	450	1,40	1,05	2,30	2,15	1,05
Mjólkurkúr	500	1,45	1,10	2,40	2,25	1,10
Mjólkurkúr	550	1,50	1,15	2,50	2,35	1,15

\* Miðað við legubása með lokaðri framhlið.

\*\* Miðað við legubása með opinni framhlið.

Bás lengd: Mæld frá aftanverðum jötukanti að flór.

Básbreidd: Mæld frá miðju milligerða.

Mesta hæð fasts jötukants frá básgólfi í básafjósum: 20 cm.

Fóðurgangur (jata) sé a.m.k. 6 cm hærrí en það gólf sem gripir standa á.

Halli á bás sé lágmark 3%.

Halli á legubás sé 4-6%.

Flórristar: Breidd teina: 16 mm. Rifubreidd: 36 mm.

*Stíustærð/rýmisþörf í stíu (lágmarksmál):*

	Mesta þyngd gripa kg	Einstaklingsstía		Fjöldastía m <sup>2</sup> /grip
		lengd m	breidd m	
Kálfar	60	1,00	0,80	0,80
Kálfar	100	1,20	1,00	1,00
Geldneyti	100-150			1,50
Geldneyti	150-220			1,70
Geldneyti	>220			1,80



*Átpláss við fódurgrind í lausagöngu, þar sem ekki er stöðugt aðgengi að fódri:*

	Mesta þyngd gripa, kg	Jöturými á grip lágmark, m
Geldneyti	50	0,20
Geldneyti	100	0,30
Geldneyti	200	0,40
Geldneyti	300	0,45
Geldneyti	400	0,55
Mjólkurkýr	450	0,60
Mjólkurkýr	500	0,65

*Hámarksfjöldi gripa við fódurgrind í lausagöngu, þar sem stöðugt aðgengi er að fódri:*  
Geldneyti: 4 gripir um hvert átpláss.  
Kelfdar kvígur og kýr: 3 gripir um hvert átpláss.

*Rimlagólf í fjósum:*

	Mesta þyngd gripa kg	Rimlabreidd mm	Rifubreidd hámark mm
Geldneyti	100	100-120	30
Geldneyti	300	120-150	35
Geldneyti/kýr	400	120-150	40
Kýr	500	120-150	40

*Aðgengi að vatni (viðmiðun):*

Gripir sem bundnir eru á bása skulu hafa tryggt aðgengi að vatni. Lágmarksrennsli drykkjarskála skal vera 10 lítrar á mínútu. Fyrir gripa í fjöldastíu gildir eftirfarandi:

Þyngd gripa, kg	50	100	200	300	400	500	600	700
Hæð bryningarskál, m	0,45	0,5	0,5	0,6	0,6	0,7	0,7	0,7
Fjöldi dýra pr. bryningarskál		10	10	8	8	6	6	6
Hæð drykkjarkars, m		0,6	0,7	0,8	0,8	0,9	0,9	0,9
Fjöldi dýra pr. m drykkjarkars	20	17	13	12	11	10	10	

## VIÐAUKI 2

*Loftræsting:*

Vélrænt loftræstikerfi skal anna að lágmarki 200 m<sup>3</sup>/klst. á hverja varmaframleiðslu-  
einingu.

*Loftraki:*

Lágmarksloftræstingu í fjósum skal miða við að unnt sé að halda loftraka í fjósinu  
innan við eftirfarandi mörk:

Hitastig, °C	Loftraki, %
-20 til -5	95
-5 til 0	95-90
0 til 5	90-85
5 til 10	85-80
10 til 15	80-75
15 til 20	75-70

*Lofthraði:*

Við hönnun loftræstikerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis gripina verði ekki meiri en 0,2 m/sek. Í óeinangruðum fjósum má þó lofthraði vera meiri, enda geti gripir fært sig á trekkminni staði innan fjóssins.

*Hitastig:*

Hiti í fjósi skal að jafnaði ekki vera hærri en 15°C hjá fullorðnum nautgripum.

## VIÐAUKI 3

*Viðmiðunargildi fyrir lýsingu í fjósum og mjólkurhúsum:*

Mjólkurhús	400 lux
Mjaltabás	400 lux
Básar (í jógurhæð, ef mjólkað er á bás)	200 lux
Legusvæði	100 lux
Fóðurgangur	100 lux
Geldneyta- og kálfastiur	100 lux
Sjúkra- og burðarstiur	200 lux
Næturljós	u.þ.b. 3 lux

## VIÐAUKI 4

*Hættulegar lofttegundir:*

Magn eftirtalinnna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir:

CO<sub>2</sub>: 3000 ppm

NH<sub>3</sub>: 20 ppm

H<sub>2</sub>S : 0,5 ppm

## VIÐAUKI 5

*Hávaði:*

Hávaði skal að jafnaði ekki vera meiri en 65 dB(A).

## FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar.

### I. KAFLI

#### Um stjórn fjallskila.

##### 1. gr.

Sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins er sérstök fjallskiladeild, nema þar sem sveitarfélög eru sameinuð, þar skulu umdæmi fjallskiladeilda haldast óbreytt frá

því sem áður gildi og upprekstrarréttur standa óbreyttur miðað við eldri skipan nema um annað sé samið. Héraðsnefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meirihluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

#### 2. gr.

Héraðsnefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl.

#### 3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa fjallskilanefnd, sem sér um framkvæmd fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar. Þá skal kjósa fjallskilastjóra, sem er framkvæmdastjóri fjallskilanefndar, eða sveitarstjórnar eftir því sem við á, varðandi fjallskilamál. Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, skulu sveitarstjórnir kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr sveitarsjóði.

## II. KAFLI

### Um bókhald og fjallskilasjóði.

#### 4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að skrá í sérstaka fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar allt það sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Þar skal vera skrá yfir allar afréttir og ógirt heimalönd sem liggja að afréttum innan deildarinnar, lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt svo og hverjir séu afréttar-eigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá yfir afrétti ber að senda til skrifstofu héraðsnefndar og skal hún þar varðveitt með öðrum skjölum nefndarinnar. Auk þessa getur héraðsnefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum eða gerðabókum sveitarstjórna að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

#### 5. gr.

Hver fjallskiladeild færir bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur og fylgja honum, sbr. 43. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl.

Til að standa straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalrétta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðunum sveitarstjórna. Kostnað við smöln og leitir, sem og öll önnur gjöld, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á búfjár-eigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Niðurjafnað gjald á allt búfé í afréttum og ógirtum heimalöndum.
- b. Andvirði óskilabúfjár.
- c. Bætur fyrir gangnarof skv. 44. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- d. Tillag úr sveitarsjóði eftir ákvörðun sveitarstjórnar sbr. 46. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- e. Álag á landverð jarða sbr. 42. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

## III. KAFLI

**Um afrétti og notkun þeirra.**

## 6. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afrétti og ógirt heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og samþykkt þessari.

## 7. gr.

Eigendum og/eða ábúendum jarða er heimilt að nota ógirt heimaland og afrétt, sem liggur undir einstaka jörð til upprekstrar eigin búfjár, svo og leyfa innansveitarmönnum upprekstur, enda sé beitoland viðkomandi aðila viðurkennt nægilegt að mati gróðurverndarnefndar sýslunnar. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Enginn má hins vegar leyfa utansveitarmönnum að nota ógirt heimaland sitt eða afrétt til upprekstrar nema það sé heimilað af sveitarstjórn.

Ábúendum eða eigendum jarða er skylt að hafa girðingar sem aðskilja tún, engi og bithaga frá upprekstrarheimalandi, fjárheldar hverjum á sínu landi og bera kostnað af því. Ef ábúendur jarða er næst liggja afrétti verða fyrir ágangi afréttarfénaðar geta þeir óskað eftir girðingu er varni áganginum, sbr. 32. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Kostnaði við girðingu skal skipt skv. ákvæði girðingalaga nr. 135/2001 og er þá bæði átt við stofnkostnað og viðhaldskostnað. Sá er tekur fénað í hagagöngu ber sömu ábyrgð á honum og væri hann hans eigin, hvað varðar fjallskil, ágang og usla í annarra landi.

Liggi heimalönd fjallskiladeilda saman og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og ætti ein fjallskiladeild í hlut. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afrétt, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarlönd öðlast því aðeins gildi að héraðsnefnd samþykki þær.

## 8. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landnot hafa í sveitarfélagi eða á félagssvæði.

Um afréttargjald til eigenda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna, sbr. 33. gr. um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

## 9. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt eða ógirt heimaland fer eftir III. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

## IV. KAFLI

**Rekstur til afrétta.**

## 10. gr.

Vorsmölun skal aðeins gerð ef almenn ósk bænda liggur fyrir og þá eftir nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

## 11. gr.

Sveitarstjórn ákveður að fengnum tillögum gróðurverndarnefndar sýslunnar, hvenær búfé má reka til afréttar. Frá 15. júní til 1. september eru smalanir eða annað það er ónáði veldur afréttarpeningi óheimilar, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Geti búfjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar.

Eigendum og umráðamönnum afrétta og aðliggjandi heimalanda ber skylda til að sjá um að vörslugirðingum sé vel við haldið, svo að þær varni fullkomlega ágangi í tún og önnur nytjalönd heimafyrir.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað og getur þá sá er fyrir verður leitað til sveitarstjórnar um aðstoð. Sveitarstjórn ber þá að láta smala ágangsfénaði og reka þangað sem hann á að vera á kostnað eiganda, sbr. 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Búfé sem sérstaklega er áleitíð við girðingar, matjurtagarða og skrudgarða, skal eigandi sækja, þegar tilkynnt er um það og setja í örugga vörslu. Um framkvæmdina fer eftir ákvæðum 34. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl.

## 12. gr.

Hverjum búfjáreiganda er skylt að hafa glöggt mark á búfé sínu, sbr. 63. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Búfjármörk eru örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Heimilt er að brennimerkja númer lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags á horn. Við sönnun á eign á búfé er örmerki réthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark. Öll ásetningsfolöld, fædd eftir 1. janúar 2003, skulu merkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 427/2002 um merkingar búfjár. Ekki er gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir þann tíma séu merkt samkvæmt ákvæðum þessum nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist.

## 13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands skal gefa upp hverjir noti það og fyrir hve margt búfé þegar sveitarstjórn óskar eftir.

## V. KAFLI

**Um fjallskil að hausti.**

## 14. gr.

Haustgöngur skulu vera tvennar. Þær fyrri skulu að öðru jöfnu gerðar frá fimmtudegi til laugardags í 22. viku sumars. Seinni göngur skulu gerðar frá fimmtudegi til laugardags í 23. viku sumars. Heimilt er þó sveitarstjórn að víkja frá þessu en slík breyting skal gerð í samráði við sveitarstjórnir nágrennasveitarfélaga.

Eftir fyrri göngur er fjáreigendum óheimilt að sleppa fé á afrétt nema með leyfi sveitarstjórnar. Samhliða seinni göngum skulu landeigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.

Í fjallskiladeildum sem eiga land að öðrum fjallskilaumdæmum skal leitast við að hafa samráð um gangnadaga við viðkomandi aðila.

Að göngum loknum ber að gera eftirleit á afréttum og í ógirtum heimalöndum eftir því sem fjallskilanefnd eða sveitarstjórn ákveður.

## 15. gr.

Í síðasta lagi viku fyrir göngur skal tilkynning um gangnaskyldu manna send út. Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd í umboði hennar hefur þá ásamt fjallskilastjóra lokið við að raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í

fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkum niður eftir fjártölu sem að öðru jöfnu er fengin úr forðagæsluskýrslum. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Sveitarstjórn er þó heimilt að víkja frá þessari reglu og ákveður nánar hvernig sú breyting skuli gerð. Heimilt er einnig að leggja hluta gangnadagsverka á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtúningsmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

## 16. gr.

Noti fjáreigendur upprekstur á utansveitarafrétt eða innan fjallskilaumdæmisins, ber honum að gera þar fjallskil eftir þeim fjárfjölda, er hann hefur á afréttina rekið og samkvæmt þeim reglum er þar gilda. Þó hefur sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem hann býr í, rétt til að leggja á hann dagsverk í heimasveitinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, og hann hafi hlutfallslega jafna fjallskilaskyldu og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan fjallskilaumdæmis síns og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

## 17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera öll sín fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Vegna sérstakra aðstæðna svo sem aldurs og veikinda má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim sem hafa fé sitt í sauðheldum girðingum sumarlangt.

## 18. gr.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl. eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað og getur þá sá, er fyrir verulegum ágangi verður, krafist hinn aðilann um gjald fyrir, eða að hann sendi menn í göngur, eftir því sem hæfilegt þykir miðað við gangnakostnað og usla í högum. Viðkomandi fjallskilaneftindum er skylt að semja sín á milli um hæfilega gjaldtöku í tilvikum sem þessum og/eða setja sér reglur um fyrirkomulag. Náist ekki samkomulag skal krafist mats dómkvaddra manna, sbr. 33. gr., um gjaldhæð.

## 19. gr.

Sveitarstjórnir eða fjallskilaneftindir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli hagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar.

## 20. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja í staðinn fullgilda menn, að mati fjallskilastjóra. Gangnaforingi sker úr um það hverjir séu fullgildir gangnamenn. Ber þeim að raða mönnum í göngur eftir getu þeirra og kunnugleika, en forðast að óvanir gangnamenn fari á þau svæði þar sem þeim getur verið hætta búin.

Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá sem ekki mætir í göngur á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu dagsverki eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

## 21. gr.

Sveitarstjórnnum er skylt að sjá um að gangnamenn sem sérstaklega eru ráðnir á þeirra vegum séu slysatryggðir meðan á smölun og skilum stendur. Kostnaður sem af því leiðir greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði.

## 22. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Sveitarstjórn má leyfa að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar, ef gangnaforingi ábyrgist úrtíning til skilaréttar.

## 23. gr.

Reynist fé enn á afréttum eða ógirtum heimalöndum eftir að haustgöngum er lokið, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er.

## 24. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngu- löndum og skal þá héraðsnefnd hlutast til um að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé sem finnst í öræfaleitum má sveitarstjórn láta lóga.

## 25. gr.

Skyldur er hver bóndi að hirða kindur sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið, sbr. 53. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl. Sé það innansveitarfé ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn.

## 26. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum og er þá þeim, er það sér, skylt að tilkynna það fjallskilastjóra. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns, eða aðstæður það örðugar að tvöfalt verð fjárens hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggja hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður þar sem eigandi er heimilisfastur hinn hluta kostnaðar, sbr. 57. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl.

## VI. KAFLI

## Um réttir og réttahald.

## 27. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkarými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið, sbr. 49. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl.

Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

Sveitarfélög og deildir	Aðalréttir	Aukaréttir
<b>Grýtubakkahreppur</b>	Gljúfurárrétt	
<b>Svalbarðsstrandarhreppur</b>	Dálksstaðarétt	Geldingsárrétt, Svalbarðsrétt
<b>Eyjafjarðarsveit</b>	Þverárrétt	Munkaþverárrétt Rifkelsstaðarétt
	Möðruvallarétt	Vallarétt, Þormóðsstaðarétt, Vatnsendarétt,
		Jórunnarstaðarétt, Ystagerðisrétt
	Öldurétt	Hraungerðisrétt

<b>Hörgárbyggð:</b>		
- Glæsibæjardeild	Þórustaðarétt	Skógarétt, Bægisárrétt
- Öxnadalsdeild	Þverárrétt	Gloppurétt
- Skriðudeild	Melarétt	Þorvaldsdalsrétt, Saurbæjarrétt, Staðarbakkarétt
<b>Arnarneshreppur</b>	Reistarárrétt	
<b>Dalvíkurbyggð:</b>		
- Árskógsdeild	Árskógsrétt	
- Svarfaðardalsdeild	Tungurétt	
- Dalvíkurdeild	Dalvíkurrétt	
<b>Akureyri</b>	Glerárrétt	
<b>Ólafsfjörður</b>	Reykjarétt	

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar skal tilkynnt héraðsnefnd og skráð í fjallskilabók eða gerðabók sveitarstjórnar.

#### 28. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeilda. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar, af mönnum sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að draga upp í hverri rétt. Vegna hættu á dreifingu sauðfjár-sjúkdóma getur sveitarstjórn bannað flutning milli rétta. Enginn má reka eða flytja fé frá rétt fyrir en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri eða réttarstjóri leyfi.

#### 29. gr.

Sundurdráttur í réttum skal hafinn svo fljótt sem unnt er. Draga skal eftir markaskrá eftir því sem þörf krefur. Hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns tilnefni tvo markskoðunarmenn sem skera úr um vafamörk. Verði markskoðunarmenn ósammála sker hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns úr.

Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

### VII. KAFLI

#### Um markaskrá.

#### 30. gr.

Markaskrá skal gefin út eigi sjaldnar en 8. hvert ár sbr. 66. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum nr. 30/2000.

### VIII. KAFLI

#### Um hross og geldneyti.

#### 31. gr.

Upprekstri stórgripa (hrossa og geldneyta) í afrétt, skal haga í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar og samkvæmt ákvæðum 11. gr. þessarar samþykktar.

#### 32. gr.

Gangi stórgripir úr afrétti í heimalönd, geta þeir sem fyrir áganginum verða, gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar sbr. 31. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Heimilt er að innheimta allt að 1/3 kostnaðar vegna ágangspenings hjá eiganda þess.



## 33. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum stórgripa skylda til að sjá um að þeir gangi ekki í heimalönd annarra og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna er hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns tilnefnir.

## 34. gr.

Gangi stórgripir af utanhéraðsafréttum á afréttir eða heimalönd fjallskilasvæðisins, getur sveitarstjórn sú sem hlut á að máli, kært það til oddvita héraðsnefndar. Ber honum þá að leita samninga við viðkomandi héraðsnefnd um að áganginum verið aflétt.

## 35. gr.

Sveitarstjórnnum ber að láta smala öllum stórgripum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þeir dregnir þar í sundur. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir. Með óskilagripi sem þá koma fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

### IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

## 36. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir héraðsnefnd og fengið úrskurð hennar.

## 37. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

## 38. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl., öðlast þegar gildi. Samþykkt þessa hefur héraðsnefnd Eyjafjarðar samið og samþykkt skv. I. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 235/1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 29b, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 29b, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur hússins er stækkaður um 8 m<sup>2</sup> og heimilt verður að hækka þak hússins.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.  
Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 12. júní 2002.*

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Anna M. Tómasdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Bleikjukvísl nr. 10.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar Bleikjukvísl 10 þar sem svæði sem nú er skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni: kr. 3.900

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross: kr. 4.600

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa og öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

#### *Bleikjukvísl 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bleikjukvísl 10. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Lindargata 60, Skúlagötusvæði.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Lindargötu 60.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 26. júní 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 7. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Eyrarlandsholts frá 1998.

Breytingin tekur til reits milli Þórunnarstrætis og Hringteigs, frá Mímisbraut að Mosa-teigi og einbýlishúsalóðum við hann. Breytingin felst í því að í stað heimavistar/sumarhótelis og íbúða fyrir aldraða með einhverri verslun og þjónustu er nú gert ráð fyrir almennum íbúðum. Byggingarreitir og önnur skipulagsatriði á reitnum eru útfærð með skýrari hætti en í eldra skipulagi.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði eldra deiliskipulags frá 1. september 1998 sem varða þennan reit.

*Akureyri, 18. júní 2002.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hríseyjarheppi.

*Deiliskipulag við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hríseyjarheppi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Hríseyjarhrepps þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga í Hrísey.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir íbúðarhús og 20 lóðum fyrir frístundahús. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 12. apríl 2002 og greinargerð dags. 18. mars 2002.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hrísey, 21. júní 2002.*

**Pétur Bolli Jóhannesson** sveitarstjóri/skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Fornhaga fyrir umferð um Hjarðarhaga.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júní 2002.*

F.h. Böðvars Bragasonar lögreglustjóra,

**Ingimundur Einarsson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Langatanga fyrir umferð um Skeiðholt og að biðskylda verði á Skeiðholti fyrir umferð um Þverholt.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Reykjavík, 21. júní 2002.*

F.h. Böðvars Bragasonar lögreglustjóra,

**Ingimundur Einarsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

Í stað orðanna „6,43 kr.“ í 4. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 7,23 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „6,43 kr.“ í 3. málsl. komi: 7,23 kr.

b. Í stað orðanna „5,63 kr.“ í 4. málsl. komi: 6,43 kr.

c. Í stað orðanna „6,43 kr.“ í 4. málsl. komi: 7,23 kr.

d. Í stað orðanna „7,00 krónum.“ í 4. málsl. komi: 8,00 krónum.

e. Í stað orðanna „8,00 krónum.“ í 4. málsl. komi: 9,00 krónum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. júní 2002.*

F. h. r.

**Pórhur H. Ólafsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2002

25. júní 2002

1253

Nr. 449

## REGLUGERÐ

### um útflutning hrossa.

#### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

##### 1. gr.

Reglugerðin gildir um útflutning hrossa. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að skoðun fari fram á útflutningshrossum, hestavegabréf fylgi þeim og að aðbúnaður útflutningshrossa sé fullnægjandi.

##### 2. gr.

Í þessari reglugerð hafa eftirtalin orð eftirfarandi merkingu:

*Embættisdýralæknir:* Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir.

*Útflutningshöfn:* Höfn, flugvallarsvæði eða annað það svæði þar sem útflutningsskoðun fer fram.

#### II. KAFLI

#### Um flutning útflutningshrossa.

##### 3. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur. Áður en folöld eru flutt úr landi ber að hafa þau á gjöf í að minnsta kosti í 10 daga. Folöld má ekki flytja í stúum með fullorðnum hrossum nema þegar folald er flutt sér í stú með móður sinni.

##### 4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur krafist þess, að fengnum tillögum yfirdýralæknis að dýralæknir sé um borð í flutningsfari og hafi yfirumsjón með gæslu hrossa í flutningi.

Flutningsför sem notuð eru til útflutnings hrossa skulu fullnægja þeim fyrirmælum um aðbúnað hrossa sem sett eru í þessari reglugerð, kröfum innflutningslands og stöðlum IATA (International Air Transport Association).

Óheimilt er að flytja hross frá Íslandi með sama farartæki og samtímis flytur dýr frá öðrum löndum. Ef um er að ræða farartæki sem áður hafa verið notuð til flutnings á erlendum dýrum skal stjórnandi farartækisins skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra eða tollstjóra frá því og skal farartækið þá sótthreinsað á kostnað eiganda þess samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis og skal það gert áður en farartækið kemur í íslenska höfn.

Áður en hross eru flutt um borð í flutningsfar skal viðkomandi embættisdýralæknir fullvissa sig um að allur útbúnaður og sóttþreinsun flutningatækis sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Óheimilt er að nota erlent hey eða hálm í farartækjum sem flytja hross frá Íslandi.

### III. KAFLI

#### Um kynbótamat, stofnverndarsjóð o.fl.

##### 5. gr.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar. Bændasamtök Íslands skulu halda sérstaka skrá yfir úrvalskynbótagripi sem fluttir eru úr landi.

##### 6. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð sbr. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins og skal það greitt samhliða gjaldi vegna útgáfu hestavegabréfs.

##### 7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, félag hrossabænda, yfirdýralæknir og félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

### IV. KAFLI

#### Skoðun og merking útflutningshrossa.

##### 8. gr.

Óheimilt er að flytja hross úr landi nema embættisdýralæknir á útflutningshöfn hafi skoðað það og metið hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi.

Óheimilt er að flytja úr landi hross sem eru mögur og illa útlítandi, illa hirt, meidd, sýnilega hölt, eða með öðrum sýnilegum lýtum eða göllum. Frekari skoðun útflutningshrossa en að framan greinir er á ábyrgð kaupanda og seljanda.

Eigi að flytja fylsugur úr landi án folalds skal venja undan þeim að minnsta kosti tveimur vikum áður en útflutningur á sér stað.

Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt.

##### 9. gr.

Útflytjandi skal tilkynna embættisdýralækni á útflutningshöfn um útflutning með þriggja daga fyrirvara. Skyld er útflytjanda eða fulltrúa hans að veita embættisdýralækni aðstoð við skoðun hrossa á útflutningsstað svo að starfið geti gengið sem greiðast. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Þurfi að gera sérstök próf á hrossunum, að kröfu yfirvalda í innflutningslandi, getur embættisdýralæknir krafist þess að hrossin komi til skoðunar eigi síðar en þremur sólarhringum áður en útskipun fer fram. Kostnað vegna slíkrar skoðunar greiðir útflytjandi.

## 10. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver sé eigandi þess við útflutning. Í hestavegabréfið skal skrá örmerki/frostmerki hrossins, upplýsingar um aldur, lit og kynferði í samræmi við kröfur innflutningslands. Embættisdýralæknir staðfestir að hestavegabréfið tilheyrir viðkomandi hrossi og gefur út heilbrigðisvottorð. Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands.

## 11. gr.

Óheimilt er að flytja hross lengur en 8 klst. í flutningsfari á landi án hvíldar á sama sólarhring og þeim er skipað um borð í flutningsfar. Hross skulu komin á útflutningshöfn eigi síðar en 2 klst. fyrir áætlaða brottför.

## V. KAFLI

**Flutningur hrossa með flugvélum.**

## 12. gr.

Þegar hross eru flutt flugleiðis skulu þau höfð í gámum eða stíum. Hvert fullorðið hross skal að minnsta kosti hafa 1,1 m<sup>2</sup> gólfplatar. Stíuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb og þannig gerðir að hross geti ekki fest fætur í þeim. Gólf skulu gerð stöm svo hrossin, sem ávallt skulu ójárnuð, hafi trausta fótfestu. Gæta skal þess að hross verði ekki fyrir snöggum og miklum breytingum á hita- og loftþrýstingi, en að loftræsting sé þó nægileg.

Ef flytja þarf nokkur hross í stíu skal velja saman hross sem eru jöfnust að stærð. Stóðhesta skal flytja sér í bás eða stíu og skulu þeir bundnir. Önnur hross skulu vera með múl. Leitast skal við að flytja hross um borð í flugvél eins skömmu fyrir brottför og fært þykir (1/2-1 klst.), og færa þau úr flugvélinni strax að lokinni flugferð.

Gæslumenn skulu að staðaldri hafa eftirlit með hrossunum meðan á flutningi stendur. Ávallt skal vera fyrir hendi hentugt verkfæri til aflífunar, ef hross lemstrast eða veikjast. Hrossum sem flutt eru flugleiðis má ekki gefa róandi lyf, nema samkvæmt ráði embættisdýralæknis, þótt þau séu óróleg eða sýni ótta við flugtak og landingu.

## VI. KAFLI

**Flutningur hrossa með skipum.**

## 13. gr.

Heimilt er að flytja hross til útlanda með skipum á tímabilinu 15. maí til 30. september. Þegar hross eru flutt með skipum skal hafa þau í stíum svo traustgerðum að ekki bili þótt þau hross sem í þeim eru kastist á vegg í sjógangi. Stíur og básar skulu gerðir úr traustu efni með sléttu yfirborði sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Stíuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb. Við útbúnað stía skal þess gætt að hrossin geti hvergi fest fætur milli bita og hvergi séu skarpir kantar eða horn sem valdið geta meiðslum á hrossunum.

Stíubreidd skal vera rúmlega hestlengd (2 m) svo nægilegt rými sé til gjafa og brynningar. Fyrir hvert fullvaxið hross skal ætla að lágmarki 1,5 m<sup>2</sup> rými og 70 cm breidd á jötu. Eigi má hafa fleiri en fjögur fullvaxin hross saman í hverri stíu.

Greiður og öruggur gangur, að minnsta kosti 50 cm á breidd, skal vera að hverri stíu, þannig að auðvelt sé að komast að hrossunum til gjafa, brynningar og eftirlits. Stíugólf skal gera eins stöm og frekast er unnt með nægjanlegum spónum eða hálmi. Þegar hross eru flutt með skipum skal þess gætt að þau snúi þvert í skipinu. Stóðhesta skal flytja sér í stíum og er heimilt að binda þá. Önnur hross skulu vera með múl en óbundin meðan á flutningi stendur. Hross skulu vera ójárnuð í flutningum.



## 14. gr.

Þegar hross eru flutt undir þiljum skal þess gætt að birta sé nægileg og jöfn svo unnt sé að hafa eftirlit með þeim. Lestar skulu hafa loftræstikerfi svo nóg loft sé í lestunum þótt þeim sé lokað til fulls í óveðrum. Fóður og vatn skal geymt svo nærri hrossunum að það sé ávallt tiltækt og gæta skal þess að fóðrið spillist ekki af sjó eða vatni.

Einangra skal sjúk eða slösuð hross svo þau verði ekki fyrir óþægindum af öðrum hrossum meðan á ferð stendur og veita þeim þá umönnun og læknishjálp sem við verður komið.

Hross, sem flutt eru ofan þilja, á tímabilinu 15. maí til 1. júní og 1. til 30. september skulu höfð í gámum, sem hægt er að loka með hlerum eða á annan traustan hátt og þeim þannig skýlt gegn sjó og veðri.

## 15. gr.

Skipstjóri á hverju skipi, sem flytur hross, skal sjá fyrir mannafla til að hirða hrossin, sem skulu fóðruð og þeim brynnt amk. með 8 tíma millibili meðan á ferð stendur.

Sá embættisdýralæknir sem hefur eftirlit með útflutningi hrossa á hverjum stað skal ganga úr skugga um að nægilegt fóður og drykkjarvatn sé í skipinu handa hrossunum á leiðinni. Skal fóður eigi vera minna en 7 kg af vel verkuðu, en ekki of kraftmiklu heyi á dag fyrir hvert fullorðið hross, miðað við áætlun skipsins og ætla skal hverju hrossi 20 lítra af vatni á dag.

Á skipinu skal vera tiltækt hentugt verkfæri til aflífunar ef gæslumenn þurfa að lóga hrossi vegna lemstra eða sjúkdóms.

## VII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

## 16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 8. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/2002 um útflutning hrossa og bún- aðarlögum nr. 70/1998 og öðlast gildi 1. júlí 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 220/1995 um útflutning hrossa ásamt síðari breytingum.

### *Bráðabirgðaákvæði.*

Þar til 2. gr. laga um útflutning hrossa, nr. 55/2002, um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur gildi hinn 1. janúar 2003 skal merkja útflutningshross með bókstöfum og númeri sem klippt eru á vinstri síðu og glöggt skráð á múl hrossins. Númer skulu færð á skýrslu embættisdýralæknis, skýrslu flutningsaðila og í hestavegabréf skv. 10. gr. Númerin skulu samanstanda af tveimur bókstöfum og raðnúmeri. Fyrri bók- stafurinn er einkennisstafur útflytjanda en síðari þess lands er hrossið verður flutt til. Benda- samtök Íslands úthluta þeim útflytjendum sem árlega flytja út fleiri en 10 hross sérstökum bókstaf jafnframt því sem þau ákveða bókstaf fyrir hvert land. Útflytjendur sem flytja út 10 hross eða færri nota allir bókstafinn X auk bókstafs innflutningslands og raðnúmer er Bændasamtök Íslands úthluta. Allir útflytjendur eru ábyrgir fyrir því að hrossin séu rétt merkt í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skal embættisdýralæknir í útflutningshöfn líta eftir að svo sé.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Úr tollnúmeri:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökun 65 mm og stærri	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	30
<i>Tollnúmer:</i>					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-01.09.02	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	02.09.-08.09.02	ótilgr.	0	114
0703.9001	Blaðlaukur	09.09.-15.09.02	ótilgr.	0	159
0703.9001	Blaðlaukur	16.09.-30.09.02	ótilgr.	0	227
0704.1000	Blómkál	01.07.-07.07.02	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	08.07.-14.07.02	ótilgr.	0	88
0704.1000	Blómkál	15.07.-21.07.02	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	22.07.-30.09.02	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-21.07.02	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	22.07.-28.07.02	ótilgr.	0	40
0704.9001	Hvítkál	29.07.-30.09.02	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-14.07.02	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	15.07.-21.07.02	ótilgr.	0	141
0704.9004	Spergilkál	22.07.-28.07.02	ótilgr.	0	197
0704.9004	Spergilkál	29.07.-30.09.02	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-28.07.02	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	29.07.-04.08.02	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	05.08.-30.09.02	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-28.07.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	29.07.-04.08.02	ótilgr.	0	83
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	05.08.-11.08.02	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	12.08.-30.09.02	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.02	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

### um skipan heilsugæslulækna til að sinna sóttvörnum.

## 1. gr.

Yfirlæknar eftirtalinnna heilsugæslustöðva skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis.

Í Reykjavík: Lækningaforstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fyrir Norðurland: Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akureyri.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 4. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2002

---

28. júní 2002

1259

Nr. 452

## REGLUR

### um nafnastimpla samkvæmt lögum um vörur unnar úr eðalmálum.

Hinn 1. júlí 2002 öðlast gildi lög nr. 77/2002 um vörur unnar úr eðalmálum. Með hliðsjón af því tilkynnist hér með að stimplar þeir sem gullsmiðir hafa notað til auðkenningar á vörum sínum teljast viðurkenndir nafnastimplar, skv. 2. gr. laga nr. 77/2002, til 1. janúar 2003.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 77/2002, öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Löggildingarstofu, 28. júní 2002.*

**Gylfi Gautur Pétursson.**

*Þórunn Erhardsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Innri-Akraneshrepps.

#### I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Innri-Akraneshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

##### 5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.**

## 7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, hefjast þeir kl. 21.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 5. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# SAMÞYKKT

## um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Austur-Hérað annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Austurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Bæjarstjórn sér til þess, í samráði við heilbrigðiseftirlit og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

##### 2. gr.

Austur-Hérað annast sorphreinsun á öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfsemi. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

Sorpförgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

##### 3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau flát við geymslu og meðferð úrgangs sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsimenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda flátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpflátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

##### 4. gr.

Austur-Hérað leggur íbúðum og fyrirtækjum til sorpflát undir venjulegan heimilisúrgang þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi sorphirðu sbr. 3. gr. samþykktar þessarar.

##### 5. gr.

Í sorpflát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphreinsimönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpflát.

Oheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpflát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpflát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta

skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Hirða heimilissorps skal fara fram reglulega eftir fyrir fram gerðri áætlun staðfestri af bæjarstjórn.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örur en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi gáma á fyrir fram ákveðnum stöðum.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um flutning og losun framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir byggingarnefndar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

## II. KAFLI

### Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðugjöld samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að haga gjaldskrárflokkum eftir þjónustustigi. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu, umsýslu og eftirlit með einstökum þáttum.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Austur-Hérað sér um sorphirðu neysluúrgangs sem til fellur í eldhúsum og kaffistofum fyrirtækja og stofnana, gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr sorpmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

## III. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

10. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við umhverfissvið Austur-Héraðs eða framkvæmdaaðila.

Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

11. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

12. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skal umhverfissvið Austur-Héraðs aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 10/1993 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) á Egilsstöðum.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 27. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í Grundarfirði.

## 1. gr.

Grundarfjarðarbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) í Grundarfirði samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn bygginga- og skipulagsdeildar og eftirliti heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Grundarfjarðarbær getur falið verkötökum að annast innsöfnun á sorpi í Grundarfirði, flutning og förgun.

## 2. gr.

Verktakar sem annast sorphirðu skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, eftir því sem við á.

## 3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Grundarfirði er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd ákveður.

## 4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

## 5. gr.

Grundarfjarðarbæ leggur til sorphilát fyrir heimilissorp til einstaklinga.

## 6. gr.

Í almenn sorphilát við heimili í þéttbýli og dreifbýli má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp í samræmi við nánari fyrirsmáli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í þau mold, mól, grjót, byggingaúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorphilát né heldur lyf.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaða þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið svo frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Móttaka á sorpi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát, er á gámastöð í iðnaðarhverfi við Kverná þar sem rekin er móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang.

Greiða skal fyrir móttöku sorps samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn Grundarfjarðar setur.

7. gr.

Sorphreinsun fer fram að jafnaði á 10 daga fresti en þó eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi.

8. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 5. gr. ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Frágangur og umgengni um sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Flutning á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðiseftirlits.

9. gr.

Almenn sorphreinsun samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framan- greindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp. Heimilt er að innheimta sorphirðugjald hjá lögaðila samkvæmt rúmmáli, þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld ef álagning gjaldsins verður ekki tengd innheimtu fasteignagjalda. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

10. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til skipulags- og byggingafulltrúa eða heilbrigðiseftirlits.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það til skipulags- og byggingafulltrúa eða heilbrigðiseftirlits sem hlutast til að úr verði bætt.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 26. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um umgengni og þrífnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

#### 1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annara mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

#### 2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflok, bílhluta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

#### 3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

#### 4. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

#### 5. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

#### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 7 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörðunar.

Bílflokum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist.

Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélarnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum. Heimilt er að

selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

## 7. gr.

Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrirmælum innan tiltekins frests, sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999 eða ekki fylgt tímasettri áætlun um úrbætur, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 500.000 á dag.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabrigða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi.

Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhvirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

## 8. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

## 9. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrreæði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með áorðnum breytingum.

## 10. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.

#### 1. gr.

Fiskveiðiárin 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur sjávarútvegsráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema árlega 500 lestum af óslægðum þorski sem skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylg-ist með tilraununum og birtir niðurstöður um gang þeirra. Úthlutun fer fram einu sinni á ári og gildir til árs í senn. Aflaheimildirnar eru ekki framseljanlegar, hvorki til annarra eldisfyrirtækja né til almennra veiða.

#### 2. gr.

Hafrannsóknastofnunin leggur mat á fræðilegt framlag eldistilraunanna og tekur tillit til gildis þeirra sem þáttar í víðtækum rannsóknnum á áframeldi á þorski sem miða m.a. að því að kanna möguleika á þorskeldi við mismunandi umhverfisaðstæður við landið, einnig skal miðað við að tilraunirnar taki til þátta sem dragi úr afföllum við föngun fisks og flutning hans í eldiskvíar og við eldi, svo og að auka vöxt og holdgæði eldisfisks.

#### 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal við úthlutun þessara aflaheimilda taka tillit til aðstöðu umsækjenda til að stunda áframeldi, þ.e. stærð og gerð kvía, frágang þeirra og staðsetningu. Ráðherra getur óskað upplýsinga um aðrar aflaheimildir sem umsækjandi hefur til ráðstöfunar vegna áframeldisins og tekið tillit til þess við úthlutunina ásamt fyrri reynslu og framtíðaráætlunum umsækjenda þegar hann leggur mat á hæfni umsækjenda til að takast á við viðfangsefnið.

#### 4. gr.

Fiskistofa sér um framkvæmd úthlutunar aflaheimildanna til fiskeldisfyrirtækjanna sem við úthlutun skulu greiða veiðieftirlitsgjald í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald. Fiskistofa veitir jafnframt leyfi til áframeldisins og hefur eftirlit með framkvæmd þess, skv. ákvæðum laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar og setur nánari skilyrði um framkvæmd eldisins. Fiskiskip sem eldisfyrirtæki felur að fanga fyrir sig fisk skal hafa almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni og skal við það verk og aðra þætti starfseminnar hlíta ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og varða brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar refsingum samkvæmt ákvæðum þeirra laga eða laga nr. 33, 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Kristinn Hugason.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 192/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

#### 1. gr.

Við 1. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Prátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipti og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi undanþága gildir þó ekki um krabbadýr, nema þau sem veidd eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipti og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.

Prátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn frá Kína heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af alaskaufsa, þorski og karfa sem veiddir eru í sjó að því tilskildu að 20% hvernar sendingar sé skoðað á landamærastöð og rannsakað með tilliti til efnaleyfa. Þessi skoðunarskylda gildir til 30. september 2002.

Fiskistofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um niðurstöður skoðananna sem mælt er fyrir um í 3. mgr., með notkun tilkynningarkerfisins „Rapid alert system“.

#### 2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2002.*

F. h. r.

**Snorri Rúnar Pálmason.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 15. maí 2002 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að byggingareitum er breytt og bátaskýlum fjölgar um þrjú. Einnig breytist aðkoma að frístundahúsi nr. 1 sem færð er inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grund, 25. júní 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 6. júní 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi austurbæjar í Vestmannaeyjum, dags. 26. nóvember 1987.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af skipulögðum lóðum að Litlagerði 2-12 og felst í að þeim lóðum er breytt úr sex íbúða raðhúsalóð í tvær parhúsalóðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum 20. júní 2002.*

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

**Páll Einarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um nafn sameinaðs sveitarfélags Biskupstungnahrepps Laugardalshrepps og Þingvallahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Selfossi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 268/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Bláskógabyggð.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um nafn sameinaðs sveitarfélags Skagahrepps og Vindhælishrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 1010/2001.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Skagabyggð.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um nafn sameinaðs sveitarfélags Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli hinn 9. júní 2002 við sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 318/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Rangárþing ytra.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Hlíðarhús 3-5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhús 3-5. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Grensásvegur 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 29. maí 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grensásveg 13. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 28. júní 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Efri-Vík í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 5. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir ferðabjónustu við Efri-Vík í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagsuppdráttur með breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir hluta af svæðinu frá 22. júlí 1996.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skafthreppi, 28. júní 2002.*

**Ólafía Jakobsdóttir** sveitarstjóri.

1. júlí 2002

Nr. 473

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar nr. 381/1999, með síðari breytingum.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á því sviði. Jafnframt fari atvinnumálanefnd með framkvæmd fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar, sbr. 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar, nr. 235/1996, og málefni sem snerta búfjárhald, forðagæslu o.fl. skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl.
2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast nefndin m.a. málefni heimþjónustu, framfærslumál og áfengisvarnir. Félagsmálanefnd fer jafnframt með stjórn og samræmingu húsnæðismála sveitarfélagsins, sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, og jafnréttismál, sbr. 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
3. *Íþrótt- og tómstundaneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í íþrótt- og tómstundamálum og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Henni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún á samstarf við aðrar nefndir, svo sem skólaneftnd, um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist.
4. *Launanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í launa- og kjaramálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélagið hafi umboð til kjarasamninga ekki verið falið öðrum, svo sem sameiginlegri launanefnd sveitarfélaga.
5. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í menningarmálum og hefur frumkvæði að tillögugerð á þeim vettvangi. Menningarmálanefnd fer auk þess með bókasafnmál, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningubókasöfn, lög nr. 66/1995 um grunnskóla og samning um bókasafn Eyjafjarðarsveitar, dags. 2. febrúar 1999.
6. *Skipulagsneftnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
7. *Sköðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
8. *Skólaneftnd.* Skólaneftnd fari bæði með málefni leikskólans og grunnskólans og sitji í

- henni fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis í málefnum skólanna, sbr. 12. og 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla, sbr. einnig erindisbréf fyrir skólanefnd Eyjafjarðarsveitar.
9. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnakosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
  10. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
  11. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í umhverfismálum og skal hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á sviði umhverfismála í samræmi við samþykktu umhverfisstefnu eins og hún er á hverjum tíma.
  12. *Stjórn félagsheimilanna*. Stjórn félagsheimila Eyjafjarðarsveitar skal skipuð fimm fulltrúum sem þannig eru valdir:
    - a. Sveitarstjórn skipar einn fulltrúa án tilnefningar og annan að fenginni tilnefningu menningarmálanefndar.
    - b. Aðrir eigendur hvers húss tilnefna sameiginlega einn fulltrúa fyrir hvert hús til að taka sæti í stjórninni.
    - c. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti og segir í a- og b-lið.
- B. Nefnda- og fulltrúaskipan samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar, Eyþings eða við einstök sveitarfélög.**
1. *Aðalfundur Eyþings*. Tveir aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.
  2. *Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. lög nr. 94/1962 um almannavarnir og samning sveitarfélaga í lögsagnarumdæmi sýslumannsins á Akureyri frá 22. mars 1996.
  3. *Barnaverndarnefnd*. Eyjafjarðarsveit á aðild að sameiginlegri barnaverndarnefnd átta sveitarfélaga við Eyjafjörð, sbr. samning frá 24. nóvember 1999, sbr. heimild í 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Aðildarsveitarfélög þessa samnings, önnur en Akureyrarkaupstaður, kjósa einn fulltrúa í nefndina og varamann á fyrsta fundi (vorfundi) héraðsnefndar Eyjafjarðar sem haldinn er að afloknum sveitarstjórnakosningum.
  4. *Héraðsnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, samning um héraðsnefnd frá 1. ágúst 1990 og samþykkt um héraðsnefnd frá 9. desember 1998.
  5. *Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samning frá árinu 1988.
  6. *Svæðisbyggingarnefnd*. Einn aðalfulltrúi og einn til vara, sbr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og tölul. 1.2 í samningi sveitarfélaga við Eyjafjörð, dags. 12. desember 2001.
  7. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs*. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Þar af tilnefnir Akureyrarkaupstaður þrjá fulltrúa og einn til vara og önnur aðildarsveitarfélög tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa og einn til vara. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár og fer skipan hennar fram á aðalfundi, sbr. stofnsamning frá 15. október 1998, með síðari breytingum.
  8. *Byggingarnefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúi sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.
  9. *Byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúi sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

10. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Heilbrigðisnefnd skal skipuð til fjögurra ára á aðalfundi Eypings að afloknum sveitarstjórnakosningum, sbr. 2. gr. samstarfssamnings sveitarfélaga á Norðurlandi eystra um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðisefirlits, sbr. samþykkt frá aðalfundi Eypings 4. september 1998, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar, aðrar en bæjarstjórn Akureyrar, tilnefna einn aðalmann og einn varamann í heilbrigðisnefnd.
11. *Minjasafnið á Akureyri*. Samkvæmt 7. gr. stofnskrár um Minjasafnið á Akureyri frá 9. desember 1998 skulu sveitarfélög í héraðsnefnd Eyjafjarðar, önnur en Akureyri, skipa sameiginlega tvo fulltrúa í stjórn safnsins og jafnmarga til vara. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna.
12. *Náttúruverndarnefnd*. Sveitarfélög á svæði héraðsnefndarinnar skulu kjósa fimm fulltrúa í náttúruverndarnefnd, sbr. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
13. *Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar*. Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skal skipuð sjö mönnum til eins árs í senn. Sveitarfélög í Eyjafirði, sbr. 4. gr. skipulagskrár Símenntunarmiðstöðvarinnar frá 29. mars 2000, tilnefna tvo fulltrúa, þar af Akureyrarkaupstaður annan en hin sveitarfélögin tilnefna sameiginlega hinn fulltrúann. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.
14. *Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, með síðari breytingum.
15. *Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyri innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, með síðari breytingum.
16. *Sorpeyðing Eyjafjarðar bs*. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 9. gr. stofnsamnings frá 9. desember 1998. Skal stjórnin kosin af héraðsnefnd Eyjafjarðar og skal kjörtímabil hennar vera hið sama og héraðsnefndar, þ.e. fjögur ár.
17. *Veganefnd*. Sveitarfélög sem aðild eiga að héraðsnefndinni, önnur en Akureyri, kjósa fimm aðalmenn, sbr. samþykkt héraðsnefndar frá 13. júlí 1994 og 5. gr. vegalaga nr. 45/1994, með síðari breytingum.
18. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmum skulu skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra, þar af tvo án tilnefningar, sbr. 7. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 791/2001 um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra (Akureyrarkaupstaður hefur skipað einn og önnur sveitarfélög í heilsugæsluumdæminu einn sameiginlega).

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Guðjón Bragason.*

## SAMPYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar nr. 517/2000, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 44. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og á árs fresti eftir það á hverjum fundi þegar heilt ár hefur liðið frá sveitarstjórnarkosningum. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Varamenn í bæjarráði eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður og skulu þeir taka sæti í ráðinu eftir þeirri röð sem þeir skipuðu á framboðslista viðkomandi bæjarráðsmanns.

#### 2. gr.

57. gr. orðast svo:

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

*Bæjarráð.* Þrjú bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til bæjarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og atvinnumála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
3. *Búfjárefntirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
4. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin annast húsverndunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Byggingarnefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum.
5. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
6. *Fulltrúaráð Grundatangahafnar.* Fjórir aðalmenn og fjórir til vara samkvæmt reglugerð um Grundatangahöfn nr. 214/1980.
7. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samningi sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur skólans dags. í janúar 1987.
8. *Hafnarstjórn Grundatangahafnar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð um Grundatangahöfn nr. 214/1980.
9. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
10. *Tómstunda- og forvarnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tómstunda- og forvarnanefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar í tómstunda-, íþrótta-, æskulýðs- og forvarnamálum. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Þá fer nefndin með æskulýðsmál, menningarmál

- æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarins og æskulýðsfélög. Nefndin fer með málefni Bíóhallar samkvæmt skipulagsskrá frá 1986.
11. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál, sbr. lög nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Félagsmálaráð annast þau mál sem húsnæðisnefndum eru falin samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál.
  12. *Skipulags- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarins og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Þá fer nefndin með umhverfismál á Akranesi. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd, sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Enn fremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
  13. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  14. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  15. *Meningarmála- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:  
Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal samkvæmt lögum nr. 36/1997 um almenningubókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
  16. *Skóðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
  17. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin annast einnig málefni leikskóla, sbr. lög nr. 78/1994, og Tónlistarskóla Akraness.
  18. *Starfskjaranefnd*. Þrír aðalmenn samkvæmt grein 12.1 kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar.
  19. *Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Stjórnin starfar samkvæmt skipulagsskrá.
  20. *Stjórn Dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt skipulagsskrá frá júní 1974.
  21. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 15. janúar 1990.
  22. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Akraness*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
  23. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
  24. *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur*. Kosning eins aðalmanns og eins til vara.



25. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.  
 26. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum SSV.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hríseyjarhrepps nr. 381/1999, með síðari breytingum.

51. gr. samþykktarinnar orðast svo:

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:  
 Oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
  2. *Jafnréttis- og félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
  3. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun staðarins, holræsamál o.fl.
  4. *Menningar- og ferðamálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um málefni ferðaþjónustu. Nefndin sér um rekstur bókasafns skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og vinnur að öðrum menningarmálum á vegum sveitarfélagsins.
  5. *Hafnarsamlag Eyjafjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
  6. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að og kemur með ábendingar til sveitarstjórnar um atvinnumál.
  7. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  8. *Skólanefnd grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 18. og 19. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 48/1991 og lögum um fjárhagslegan stuðning tónlistarskóla nr. 75/1985.
  9. *Æskulýðsnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins, sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og lög um æskulýðsmál nr. 24/1970.

10. *Samninganefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin semur við starfsmenn sveitarfélagsins um kaup og kjör.
11. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
12. *Fulltrúi í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs*. Einn aðalmaður í stjórn og annar til vara á móti Dalvíkurbyggð, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Fulltrúi í byggingarnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 12. desember 2001 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
14. *Heilbrigðisnefnd Norðurlandskjördæmis eystra*. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn til vara, Akureyrarbær tvo aðalmenn og tvo til vara, Húsavíkurbær skipar einn aðalmann og einn til vara og héraðsnefnd Þingeyinga einn aðalmann og einn til vara, alls fimm aðalmenn og fimm til vara.
15. *Fulltrúi í héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
16. *Fulltrúi á aðalfund Eyþings*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
17. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
18. *Fulltrúi á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
20. Sveitarstjórn fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUR

### fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshreppa er skipuð 2 fulltrúum frá Bláskógabyggð, 2 fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi, 1 fulltrúa frá Þingvallanefnd og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun. Fulltrúar Þingvallanefndar og Skipulagsstofnunar hafa full réttindi annarra nefndarmanna fyrir utan atkvæðisrétt.

#### 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag fyrir umrædd

sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingar-  
arlaga nr. 73/1997.

## 3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og oddvita sveitarfélaganna.

## 4. gr.

Um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulagsins fer skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 5. gr.

Samvinnunefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. desember árið 2002. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

## 6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisráðuneytinu, 27. júní 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.**

## 1. gr.

Í stað: „14 cm“ í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi: 13 cm.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi .

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Borgarbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Borgarbyggðar hefur verið ákveðið að banna alla umferð hrossa eftir Vallarási í Borgarnesi.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Sýslumaðurinn í Borgarnesi, 27. júní 2002.*

**Stefán Skarphéðinsson.**

## REGLUR

### um breytingu á reglum um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996.

1. gr.

3. gr. reglnanna orðast svo:

Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annaðhvort þannig:

1. að auglýsing birtist á netinu á sérstöku vefsvæði um laus störf hjá ríkinu og til hennar sé jafnframt vísað að minnsta kosti einu sinni í yfirliti um laus störf hjá ríkinu sem birtist í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Í yfirlitinu skal tilgreina starfsheiti, nafn stofnunar, í hvaða sveitarfélagi starfsmaður verður staðsettur og hvert leita skuli varðandi frekari upplýsingar. Umsóknarfrestur skal miðast við fyrstu birtingu yfirlits í dagblaði, eða
2. að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í dagblaði sem gefið er út á landsvísu.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi þann 1. október 2002.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Sonja María Hreiðarsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands.

2. gr.

Á milli orðanna „gera“ og „grein“ í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: skattstjóra.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 2002

5. júlí 2002

1301

Nr. 481

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Reitur 1.174.3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.174.3 sem afmarkast af Laugavegi, Snorrabraut, Grettisgötu og Barónsstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.171.5.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.171.5 sem afmarkast af Laugavegi, Vegamótastíg, Grettisgötu og Klapparstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.180.3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. maí 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.180.3 sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Spítalastíg og Óðinsgötu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.190.1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.190.1 sem afmarkast af Njálsgötu, Vitastíg Grettisgötu og Barónsstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hraunbær.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunbæ, svæði sem afmarkast af Hraunbæ,

Bæjarhálsi og Bæjarbraut. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Fjörgyn.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjörgyn. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kristnibraut 91-93.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 14. júní 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kristnibraut 91-93. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. júlí 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2002

4. júlí 2002

1303

Nr. 482

## REGLUR

### um úreldingu gróðurhúsa á árunum 2002-2006.

#### 1. gr.

##### *Fjármunir til úreldingar.*

Ríkissjóður greiðir á árunum 2002-2006 bætur fyrir úreldingu gróðurhúsa sem ylræktað grænmeti var framleitt í á árunum 2000 og 2001.

Heimilt er að verja allt að 30 milljónum króna á ári til greiðslu bóta fyrir úreldingu gróðurhúsa samkvæmt 1. mgr.

Einungis er heimilt að greiða bætur fyrir úreldingu gróðurhúsa með burðarvirki úr stáli og með tré-, ál- eða stálgrind og ef þekjuefni er gler, polycarbonat eða acryl auk búnaðar til upphitunar og loftunar (kælingar). Þökkunaraðstaða er ekki meðtalin í því flatarmáli sem úrelt er og úreldingarbætur eru greiddar út á. Flatarmál skal reikna miðað við ytri brún sökkuls á gróðurhúsi.

Heimilt er að greiða að hámarki 5.000 krónur á fermetra til úreldingar en að hámarki 2.500 krónur á fermetra til hlutaúreldingar, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Þá er heimilt að færa fjármuni af ónýttu fé til úreldingar milli ára, þó eigi hærrí fjárhæð hverju sinni en sem nemur 20 milljónum króna.

#### 2. gr.

##### *Réttur til úreldingar.*

Rétt til greiðslu bóta fyrir úreldingu hafa eigendur gróðurhúsa, sem framleiddu ylræktað grænmeti í gróðurhúsum á árunum 2000-2001.

Úrelding getur náð til allra gróðurhúsa á garðyrkjubýli en einnig er heimilt að úrelða einstök gróðurhús sem framleiðsla ylræktaðs grænmetis fór fram í á árunum 2000-2001.

Þá er heimilt að verja eftirstöðvum af framlagi ársins, sbr. 1. gr. til hlutaúreldingar gróðurhúsa. Undir þennan flokk geta fallið ný og nýleg gróðurhús sem þarfnast endurbóta til að hægt sé að vera með heilsársræktun með raflýsingu í þeim.

#### 3. gr.

##### *Auglýsingar og umsóknir.*

Bændasamtök Íslands skulu árlega auglýsa eftir umsóknnum um úreldingu gróðurhúsa eigi síðar en 1. júní ár hvert í fjölmiðlum og skal umsóknarfrestur vera til 1. júlí ár hvert. Umsóknir um úreldingu skulu sendar Bændasamtökum Íslands sem annast gerð samninga



um úreldingu. Í umsókn um úreldingu skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer umsækjanda, nafn lögbýlis, sveitarfélags og sýslu, landnúmer og bankareikning sem leggja má greiðslu bóta inn á. Einnig skal fylgja samþykki sameiganda ef hann er fyrir hendi, samþykki veðhafa, staðfesting á framleiðslu garðyrkjubýlisins á árunum 2000 og 2001, staðfesting ráðunauta Bændasamtaka Íslands um notkun húsanna og veðbókarvottorð er ekki sé eldra en viku gamalt. Með umsókn um úreldingu einstakra gróðurhúsa og hlutaúreldingu skulu að auki fylgja teikningar af áætluðum framkvæmdum ef við á. Þegar sótt er um hlutaúreldingu skal koma fram fasteignanúmer þeirra gróðurhúsa sem áformað er að úrelða. Umsækjandi skal undirrita umsókn eigin hendi. Bændasamtök Íslands gera umsóknareyðublöð um úreldingu og skulu þau liggja frammi á skrifstofum Bændasamtakanna og búnaðarsambanda en einnig skulu þau birt á heimasíðu Bændasamtaka Íslands.

#### 4. gr.

##### *Forgangsröðun umsókna.*

Bændasamtökum Íslands er heimilt að fela búnaðarsamböndum að taka við umsóknum, staðfesta móttöku þeirra með dagstimpli og skila umsóknum til Bændasamtakanna. Umsóknir sem borist hafa fyrir 1. júlí ár hvert verða bindandi þá, hafi umsækjendur ekki afturkallað umsóknir skriflega fyrir þann tíma. Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast innan tilskilins umsóknarfrests. Berist umsóknir á sama ári um úreldingu umfram 30 milljónir króna skal þeim raðað í forgangsröð.

Ef umsóknir um úreldingu fara umfram þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar skal fyrst taka til úreldingar gróðurhús á garðyrkjubýlum þar sem hætt er með öllu framleiðslu grænmetis og flyst sá forgangur milli ára ef fleiri umsóknir berast en hægt er að verða við. Berist fleiri slíkar umsóknir en hægt er að verða við skal þeim raðað í forgangsröð sem miðist við hvenær umsóknir bárust samkvæmt dagstimpli Bændasamtaka Íslands eða búnaðarsambands. Allar umsóknir sem bárust sama dag skulu vera jafnréttáar. Umsóknir sem berast innan tilskilins tíma en ekki er unnt að verða við vegna skorts á fjármunum skulu hafa forgang við úreldingu á næsta ári. Þó er heimilt að gera þegar samninga um úreldingu við aðila með forgangsumsóknir sem flytjast á milli ára og koma þeir til greiðslu í byrjun næsta árs.

#### 5. gr.

##### *Samningar um úreldingu og tilhögun greiðslna.*

Þegar umbeðin gögn liggja fyrir og umsókn um úreldingu hefur verið samþykkt gera Bændasamtök Íslands samninga um úreldingu gróðurhúsa við umsækjendur og skulu þeir þinglýsa samningum um úreldingu sem kvöð á viðkomandi garðyrkjubýli eða gróðurhúsi eftir því sem við á. Í þeim samningum skal tilgreina þær fasteignir sem óheimilt er að nota til framleiðslu grænmetis. Þegar samningum um úreldingu hefur verið þinglýst skal greiða úreldingarbætur að fjárhæð 5.000 krónur á hvern fermetra gróðurhúss.

Bændasamtök Íslands annast úthlutun úreldingarbóta. Afgreiðslu úreldingarbóta samkvæmt 1. mgr. skal vera lokið fyrir 1. desember ár hvert og skal framleiðslu hætt eigi síðar en þá.

Við hlutaúreldingu skv. 3. mgr. 2. gr. skal greiða úreldingarbætur að fjárhæð 2.500 krónur á hvern fermetra gróðurhúss þegar endurbótum er lokið.

#### 6. gr.

##### *Takmörkun á notkun gróðurhúsa sem hafa verið úrelt.*

Gróðurhús sem hafa verið úrelt má ekki nota til framleiðslu og sölu garðyrkjuafurða til 31. desember 2011. Eigendur gróðurhúsa skulu jafnframt undirrita yfirlýsingu um að

gengið verði þannig frá úreltum gróðurhúsum að ekki skapist hætta af þeim né að þau séu lýti á umhverfinu.

Úrelding á einstökum gróðurhúsum, sbr. 2. mgr. 2. gr. kemur ekki í veg fyrir áframhaldandi framleiðslu grænmetis á viðkomandi garðyrkjubýli og hagræðingu í rekstri þess með byggingu nýrra og hagkvæmari húsa.

7. gr.

*Viðurlög.*

Í samningum um úreldingu skal kveðið á um að viðtakanda úreldingarbóta sem brotið hefur gegn ákvæðum samnings skuli gert að endurgreiða úreldingarbætur að viðbættu 50% álagi.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 84/2002 og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Á árinu 2002 skal frestur Bændasamtaka Íslands til að auglýsa eftir umsóknum um úreldingarbætur vera til 12. júlí 2002 og frestur eigenda gróðurhúsa til að sækja um úreldingarbætur vera til 15. september 2002, án tillits til 1. mgr. 3. gr.

Umsóknir sem berast á árinu 2002 verða bindandi 15. september 2002 án tillits til 1. mgr. 4. gr.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. júlí 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.**

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota í málmiðnaði öðrum en járneðnaði efni í B-hluta 4. viðauka.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á I. viðauka, *Krabbameinsvaldandi efni*:

Við B-hluta, flokk 2, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali I við reglugerð þessa.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á III. viðauka, *Efni sem geta haft skaðleg áhrif á æxlun*:

Við B-hluta, flokk 2, bætast efni sem birt eru í fylgiskjali II við reglugerð þessa.

## 3. gr.

Í stað *Skýringa* við I. viðauka, komi *Skýringar* sem birtar eru í fylgiskjali III við reglugerð þessa. Við II. til VI. viðauka komi *Skýringar* sem birtar eru í fylgiskjali IV við reglugerð þessa.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum svo og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslu-fyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipunum 2001/41/EB og 2001/91/EB.

Reglugerðin tekur gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. júlí 2002.*

## Siv Friðleifsdóttir.

*Ingimar Sigurðsson.*

**Fylgiskjal I.**

Efni sem talið er að geti valdið krabbameini í mönnum.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga-semnd
4-klóránilín	612-137-00-9	203-401-0	106-47-8	
keramiktréffjar; tréffjar til sérstakra nota, að undanskildum þeim sem tilgreindar eru sérstaklega í fylgiskjali I við reglugerð 236/1990; [Tilbúnar glerkenndar (sílikat-)tréffjar með handahófsáttun sem innihalda ≤ 18% af alkálí- og jarðalkalíoxíðum (Na <sub>2</sub> O+ K <sub>2</sub> O+ CaO+ MgO+ BaO) miðað við þyngd]	650-017-00-8			R

**Fylgiskjal II.**

Efni sem talið er að geti haft skaðleg áhrif á æxlun.

Heiti efna	Raðnúmer	EB-nr.	CAS-nr.	Athuga-semnd
6-(2-klóretýl)-6-(2-metoxýetoxý)-2,5,7,10-tetraoxa-6- sílaundekan	014-014-00-X	253-704-7	37894-46-5	
etaselásífl	014-014-00-X	253-704-7	37894-46-5	

**Fylgiskjal III.**

## I. VIÐAUKI

**Skýringar:**

1. dálkur Heiti efna.
2. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna).  
Númerið er talnaröð af gerðinni *ABC-RST-VW-Y*, þar sem:
- *ABC* er annaðhvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna,
  - *RST* er raðtala efnisins í röðinni *ABC*,
  - *VW* gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðssett,
  - *Y* er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).
3. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Númerin eru sjö stafa talnaraðir, xxx-xxx-x og eru þau birt í einhverri af eftirtöldum skráum:
- EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni (byrja á 200-001-8).
  - ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (byrja á 400-010-9).
4. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number – Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.<sup>1), 2)</sup>
5. dálkur Athugasemdir:
- J: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1%<sup>3)</sup> af benzeni (CAS-nr. 71-43-2).
- K: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (CAS-nr. 106-99-0).
- L: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 3% DMSO úrdrátt, mælt með IP 346.
- M: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,005% af benzó[a]pýreni (CAS-nr. 50-32-8).
- N: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef framleiðsluferli þess er þekkt og hægt er að sýna fram á að hráefnið sé ekki krabbameinsvaldandi.
- P: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1% af benzeni (CAS-nr. 71-43-2).
- R: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að fráreginni tvöfaldrí staðal-skekkju, er meira en 6 µm.

<sup>1)</sup> CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfríar og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfríar myndir en EB- nr. á hins vegar við um báðar myndir.

<sup>2)</sup> EB- eða CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en þriggja einstakra efna.

<sup>3)</sup> %: Hlutfall miðað við þyngd.

**Fylgiskjal IV.**

II., III., IV., V. og VI. viðauki.

**Skýringar:**

1. dálkur Heiti efna.
2. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna).  
Númerið er talnaröð af gerðinni *ABC-RST-VW-Y*, þar sem:
  - *ABC* er annaðhvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna,
  - *RST* er raðtala efnisins í röðinni *ABC*,
  - *VW* gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðssett,
  - *Y* er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).
3. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efna-hagssvæðinu. Númerin eru sjö stafa talnaraðir, xxx-xxx-x og eru þau birt í einhverri af eftirtöldum skráum:
  - EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni (byrja á 200-001-8).
  - ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni (byrja á 400-010-9).
4. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number – Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.<sup>1), 2)</sup>
5. dálkur Athugasemdir.

<sup>1)</sup> CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfrjár og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfrjár myndir en EB-nr. á hins vegar við um báðar myndir.

<sup>2)</sup> EB- eða CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en þriggja einstakra efna.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2002

10. júlí 2002

1309

Nr. 484

## REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með fiskibotnvörpu við Suðausturland án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Á svæði við Suðausturströndina eru veiðar með fiskibotnvörpu aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°05'64 N – 13°14'96 V | 8. 64°44'15 N – 11°58'19 V  |
| 2. 64°03'00 N – 13°12'20 V | 9. 64°50'70 N – 12°07'73 V  |
| 3. 64°07'00 N – 13°00'50 V | 10. 64°33'00 N – 12°40'00 V |
| 4. 64°25'57 N – 12°25'00 V | 11. 64°25'00 N – 12°34'00 V |
| 5. 64°33'28 N – 12°31'36 V | 12. 64°16'00 N – 12°46'80 V |
| 6. 64°36'73 N – 12°20'81 V | 13. 64°08'00 N – 13°02'55 V |
| 7. 64°34'46 N – 12°13'45 V |                             |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. júlí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 2002

Nr. 485

1310

12. júlí 2002

## REGLUGERÐ

### um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

#### 1. gr.

Hreindýraráð ráðstafar arði af hreindýraveiðum. Skulu eingöngu þeir sem fyrir ágangi hreindýra verða á lönd sín njóta arðsins. Við úthlutun veiðileyfa er leyfum skipt niður á ágangssvæði. Með ágangssvæði er átt við nánar skilgreint svæði, þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

Úthluta skal arði á einstök ágangssvæði í samræmi við úthlutuð veiðileyfi. Hreindýraráð gerir ár hvert tillögu til umhverfissráðuneytisins um fjölda og mörk ágangssvæða að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Skal þar tekið mið af dreifingu hreindýra á síðustu 10 árum, en tillit skal taka til breytinga á ágangi og dreifingu hreindýra á undan-  
göngu ári séu umtalsverð frávik milli ára.

Af hverju felldu dýri fara kr. 5.000 til ábúenda eða umráðenda, eftir atvikum, þeirrar jarðar sem dýr er fellt á. Eftirstöðvar skiptast sem hér segir:

1. Á allar jarðir innan hvers ágangssvæðis sem verða fyrir ágangi (30%):
  - a. Samkvæmt fasteignamati lands, þriðjungur.
  - b. Samkvæmt landstærð (mæld eða flokkuð), tveir þriðju hlutar.
2. Samkvæmt mati á ágangi (70%):
  - a. Lítill ágangur, 5%.
  - b. Nokkur ágangur 15%.
  - c. Töluverður ágangur 30%.
  - d. Mikill ágangur 50%.

Heimilt er að hnika frá ágangi í a-d lið um allt að 5% ef veigamiklar ástæður mæla með.

Hreindýraráð metur ágang á einstakar jarðir með hliðsjón af ofangreindu að fenginni umsögn Náttúrustofu Austurlands. Óheimilt er að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu.

#### 2. gr.

Hreindýraráð skal leggja fram drög að úthlutunargerð til kynningar í viðkomandi sveit-  
arfélagum. Innan tveggja vikna geta landeigendur eða ábúendur gert skriflegar athugasemdir við skiptingu arðs. Að þeim tíma liðnum metur hreindýraráð þær athugasemdir sem borist hafa og úthlutar síðan arði til þeirra ábúenda eða landeigenda þeirra jarða sem arðs njóta.

Úthluta skal hreindýraarði til ábúanda viðkomandi jarðar nema samkomulag sé um annað við landeigendur eða ef ábúð er ekki á jörðinni.

Arður skal greiddur út fyrir áramót vegna síðasta veiðitímabils. Heimilt er að vísa mati hreindýraráðs til umhverfisráðherra til úrskurðar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað og gildir fyrir ráðstöfun arðs sem fellur til frá og með árinu 2002 að telja. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 454/2000.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

## 1. gr.

Ómskoðun og stigun:		kr.
Fyrir fyrstu 25 kindur		2.900
Fyrir 1-25 kindur til viðbótar.	pr. kind	100
Fyrir kindur umfram 50.	pr. kind	70

## 2. gr.

Ýmiss konar áætlanagerð, (t.d. vegna reksturs, áburðarnotkunar o.fl.), svo og fyrir aðra sérhæfða vinnu fyrir einstaklinga samkvæmt ósk þeirra (þ.m.t. matsgerðir, umsóknir og vottorð) er:

	pr. klst.	kr.
		2.500

Félagar í búnaðarfélögum njóta afsláttar skv. 2. gr. sem nemur árgjaldi þeirra til B.S.V. (af samanlögðum verkefnum ársins).

## 3. gr.

	kr.
Gjald fyrir venjulegt sæði	2.300
fyrir sæði úr holdanautum.	2.900
Þar sem ekki er mjólkurframleiðsla greiðist:	
fyrir venjulegt sæði	4.300
fyrir sæði úr holdanautum	4.900

## 4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.



## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða nr. 856/2001.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**


---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*
**GJALDSKRÁ**

**fyrir Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga.**

## 1. gr.

	Félagsmenn: kr. án vsk.	Utanfélagsmenn: kr. án vsk.
Markmiðstengd búrekstraráætlun:		
1. ár	0	20.000
frá 2. ári	10.000	15.000
Áætlanagerð:	5.000	7.500
Sæðingargjald, aurar/lítrar grm.:	5,75	5,75
Lambaskoðun, pr. klst.:	2.000	3.000
Hrútaskoðun, pr. hrút:	150	300
Komugjald:	1.000	1.000
Árgjald:  Búsgjald	8.500	
Einstaklingsgjald	1.500	
Samingsgerð:	0	500

## 2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga nr. 855/2001.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**


---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 452/2000 um stjórn hreindýraveiða.

#### 1. gr.

##### 2. mgr. 6. gr. orðast svo:

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum eftir ágangssvæðum með hliðsjón af ágangi hreindýra, að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Með ágangssvæði er átt við nánar skilgreint svæði, þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu. Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Hreindýraráð getur þó heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí. Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað hreindýraráði veiðar í nóvember og desember. Arður af þeim veiðum rennur til hreindýraráðs. Umhverfisráðherra getur í vísindaskyni heimilað veiðar utan veiðitíma að fenginni umsögn hreindýraráðs og veiðistjóra.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með breytingum nr. 100/2000 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigrún Ágústs dóttir.*

15. júlí 2002

Nr. 489

## GJALDSKRÁ

### fyrir Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda.

#### 1. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki við áætlanagerð, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu, að hámarki, pr. klst. kr. 3.000.

#### 2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 11. júní 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í að lóðin verði stækkuð í átt að Garðabraut og skilgreind fyrir blandaða landnotkun þ.e. verslunar- og þjónustulóð og íbúðalóð, í stað verslunar- og þjónustulóðar.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 3. apríl til og með 2. maí 2002.

Athugasemdafrestur var til 15. maí 2002.

Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 15. júlí 2002.*

**Skúli Lýðsson**, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um almannaflyg nr. 488/1997.

#### 1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við grein 1.0:

*Atvinnuflug* (Commercial aviation). Almenn hugtak um flugstarfsemi sem stendur almenníngi til boða gegn gjaldi.

*Flutningaflug* (Commercial air transport operation): Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Eftirfarandi orðskýring fellur brott úr gr. 1.0:

*Atvinnuflutningar* (Commercial air transport Aviation).

#### 2. gr.

Við grein 4.4.1 d) lið bætist eftirfarandi málslíður:

Við útreikninga á massa flugvélarinnar og staðsetningu þyngdarmiðju skal farið eftir flughandbók vélarinnar og skal nota raunmassa við útreikninga.

#### 3. gr.

Eftirfarandi málslíður bætist við grein 4.8.1 eftir orðinu „fluginu“: Fyrir hvert flug skal mæla, með kvarða eða á annan jafngildan hátt, eldsneytismagn á tönkum flugvélarinnar og niðurstaðan skráð sérstaklega og kvittað fyrir.

#### 4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 137. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um mannflutninga í loftförum nr. 53/1976 ásamt síðari breytingum.

## 1. gr.

A-liður 1. gr. breytist svo:

*Flugrekandi* (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi Flugmálastjórnar Íslands til þess að stunda atvinnuflug.

## 2. gr.

4. gr. hljóðar svo:

liður 4.1.: Tóbaksreykingar eru óheimilar um borð í loftförum í atvinnuflugi. Öll salerni og önnur afmörkuð svæði sem farþegar hafa aðgang að skulu greinilega merkt með textanum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og eða „NO SMOKING“.

Liðir 4.1.1 og 4.1.2 falla brott.

liður 4.2.: Þó skal flugrekanda heimilt að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja. Reykingar má aðeins leyfa í hluta farþegarýmis, en ekki í stjórnklefa, salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

4.2.1. Í loftförum í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi skal þó óheimilt að reykja í hluta farþegarýmis í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar loftfarið er á jörðu niðri,
- b) í flugtaki og við landingu,
- c) við flug í ókyrru lofti þegar flugstjórinn ákveður svo,
- d) í loftförum sem hafa mestan flugtaksþunga 5700 kg eða minni ef einhverjum um borð er gefið súrefni eða notar það,
- e) í loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg þegar súrefni er gefið farþegum í meira en 30% farþegasæta. Ef aðeins einstökum farþegum er gefið súrefni eru tóbaksreykingar bannaðar í sömu sætaröð, næstu sætaröð fyrir framan og næstu sætaröð aftan við þá farþega sem gefið er súrefni.

4.2.2. Á þeim flugleiðum sem heimilt er að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis og þar

sem stjórnklefi og farþegaklefi eru aðgreindir skal vera greinilegt ljósaskilti í farþegaklefa með textanum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og/eða „NO SMOKING“. Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem reykingar eru bannaðar. Flugstjóri skal sjá um að farþegar skilji merkingu textans.

## 3. gr.

8. gr. 1. liður breytist svo:

**Áhöfn í farþegarými og flutningur farþega í flugmannssæti.**

liður 8.1. Þegar loftfar hefur tvö flugmannssæti og einungis einn flugmaður er í áhöfn skal leyfilegt að nýta annað flugmannssætið fyrir flutning farþega þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- A) Farþeginn er ekki hreyfihamlaður eða andlega fatlaður.
- B) Farþegi í flugmannssæti má ekki sitja með barn í fanginu.
- C) Farþegi skal fá ítarlegar leiðbeiningar frá flugstjóra varðandi skilyrði fyrir setu sinni í flugmannssæti, sérstaklega varðandi stjórnþeki vélarinnar.
- D) Farþegi skal sitja með sætisbelti spennt allan flugtímann.

## 4. gr.

Við bætist ný grein, 9. gr. sem orðast svo:

**Farþegalisti í atvinnuflutningum.**

9.1. Um borð í íslensku loftfari skal vera farþegalisti. Farþegalisti skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn.

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar í farþegalista:

- a) nöfn allra einstaklinga um borð;
- b) hvaða aldursflokki (fullorðinn, barn (2-12) eða ungabarn (0-2)) þeir tilheyra eða aldur eða fæðingarár;
- c) upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur;
- d) flugnúmer flugs, brottfararflughöfn og flugvöllur á áfangastað.

9.2. Farþegalisti skal varðveittur í 3 mánuði. Heimilt skal að varðveita farþegalista á raf-rænu formi.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt IX. kafla, 19. gr. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur flugrekandi notar og ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977 - 1997, hafnarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að á nýrri landfyllingu í botni fjarðarins verður komið fyrir hafnarsvæði, lón myndast þar sem Fjarðará rennur út í fjörðinn og ný brú verður lögð yfir ána. Blönduð byggð íbúða og þjónustu verður meðfram Hafnargötunni og norðaustan við lónið í stað íbúðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis og stofnanasvæðis, nýjar götur/vegtengingar verða lagðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar er skipuð sjö bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sandgerðisbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra bæjarfélagsins og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundar-efni.

## 8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með trygguum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.



## 12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

## 13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu á skrifstofu Sandgerðisbæjar á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

## 14. gr.

Bæjarstjóri bæjarfélagsins skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabili hans.

## 16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

## 17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarsjóðs, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

## 23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

## 25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

## 26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn bríglum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið

fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

## 32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun

fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

##### 33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

## 36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða að þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

Gilda sömu reglur um varamenn áheyrnarfulltrúans og aðalmanna í bæjarráði.

## 45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar kl. 17.30 Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

## 47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðs. Formaður stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við

bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefnda/ráða skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd/ráð saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður boðar eða lætur boða fundi með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd/ráð getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef



fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

## 57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. Kosning forseta og tveggja varaforseta.
2. Kosning tveggja skrifara og tveggja varaskrifara.
3. *Bæjarráð*. Þrjú bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Heimilt er að ákveða í samþykkt um stjórn og fundarsköp að þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Hafnarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
2. *Skólaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
3. *Húsnæðis-, skipulags- og byggingarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ráðið annast störf húsnæðis- og umferðarnefndar samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga.
4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 96/2000 og samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ráðið annast málefni jafnréttisnefnda og barnaverndarnefnda skv. ákvæðum tilvitnaðra laga.
5. *Umhverfissráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfismála á vegum bæjarfélagsins hverju sinni, þar á meðal verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996.
6. *Ferða- og menningarráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði ferða- og menningarmála á vegum bæjarfélagsins hverju sinni.
7. *Íþróttaráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu og snertir íþróttamál á vegum bæjarfélagsins hverju sinni og tengsl við íþróttahreyfinguna.
8. *Tómstundaráð*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu og snerta tómstundastörf á vegum bæjarfélagsins hverju sinni.
9. *Atvinnumálanefnd*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara.
10. *Almannavarnarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
11. *Búfjárefnirlitsmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
12. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
13. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Bæjarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm

- aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
14. *Kjörstjórn við bæjarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  15. *Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja*. Einn fulltrúi, sbr. samkomulag milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og í samræmi við 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
  16. *Stjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, í samræmi við samkomulag við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.
  17. *Skoðunarmenn reikninga*. Tveir aðalmenn og tveir til vara. Skipaðir af meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra bæjarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögu-rétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða/nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

61. gr.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

62. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

63. gr.

Bæjarstjóri í samráði við bæjarráð ræður aðra starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr. og veitir þeim lausn frá störfum nema bæjarráð ákveði annað eða á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

## 64. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

## 65. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.**

## 66. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

## 67. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 68. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

## 69. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 70. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

## 71. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar nr. 403/2001.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUR

### um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands.

## 1. gr.

*Almennt.*

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu.

Stofnunin starfar á vegum stjórn málafræðiskorar og heyrir undir félagsvísindadeild.

Deildarforseti gerir samstarfssamninga um stofnunina við aðila utan Háskóla Íslands.

## 2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er:

- að efla framhaldsnám, starfsmenntun og rannsóknir á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði innan stjórn málafræðiskorar, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmunaaðila í þjóðlífi,
- að efla tengsl milli fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórn málamanna, stjórnsýslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka), m.a. með fundum, ráðstefnum og útgáfu,
- að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála,
- að stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði,

- e. að veita ráðgjöf um stefnumótun vegna framhaldsnáms stjórn málafræðiskorar,
- f. að sinna kynningarstarfi fyrir stjórn málafræðiskor, sjá um heimasíðu skorarinnar og veita framhaldsnemendum ýmsa þjónustu,
- g. að standa fyrir námskeiðahaldi,
- h. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, m.a. ritröð um íslenska stjórn málafræði, og sjá um að halda úti vef tímaritum og lifandi umræðuvettvangi um stjórn málafræði og stjórnsýslu,
- i. að sinna þjónustu á sviði stjórnsýslu og stjórn málafræði fyrir félagsvísindadeild og aðra aðila, innan og utan Háskóla Íslands.

## 3. gr.

*Aðstaða.*

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

## 4. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar er skipuð sex mönnum. Skorarfundur í stjórn málafræðiskor tilnefnir þrjú menn í stjórnina til þriggja ára og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti félagsvísindadeildar tilnefnir tvo stjórnarmenn frá samstarfsaðilum stofnunarinnar, sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr. Deildarráð staðfestir skipun stjórnar. Stjórnin kýs sér formann úr hópi fulltrúa stjórn málafræðiskorar.

## 5. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfllega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti félagsvísindadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundir ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðarbók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta félagsvísindadeildar.

## 6. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

## 7. gr.

*Forstöðumaður og starfsmenn.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða forstöðumann. Hann skal að jafnaði uppfylla almenn hæfisskilyrði skv. reglum um Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar annast daglegan rekstur hennar, þar á meðal eftirlit með starfsmönnum hennar, fjármálum og

rannsóknarverkefnum. Stjórnin setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

*Fjármál.*

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. framlag frá stjórn málafræðiskor,
- b. framlag frá samstarfsaðilum,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en stjórn málafræðiskor og félagsvísindadeild bera á henni fjár-ábyrgð. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu kynnt forseta félagsvísindadeildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um nafn sameinaðs sveitarfélags Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Selfossi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 238/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

**Páll Pétursson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðjón Bragason.*

# REGLUR

## um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands.

### I. KAFLI

#### Almenn atriði.

##### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Stúdentar við Háskóla Íslands, sem búa við fötlun, hömlun eða sérþarfir sem á einhvær hátt geta verið hindrun í háskólanámi, eiga rétt á að njóta sértækra úrræða lögum samkvæmt og eftir því sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Tilgangurinn með því að veita sértæk úrræði í námi er að þeir sem búa við fötlun eða sérþarfir hafi sambærileg tækifæri og aðrir til þess að nýta hæfileika sína til náms. Aðstoðin felur á engan hátt í sér að dregið sé úr eðlilegum námskröfum eða þeim hagað með öðrum hætti gagnvart þessum hópi stúdenta en almennt gildir.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Með *fötlun*, í skilningi þessara reglna er vísað til skilgreiningar í 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, sem tekur bæði til andlegrar og líkamlegrar fötlunar.

Með *sérþörfum / hömlun*, í skilningi þessara reglna er vísað til sértækra námsörðugleika og vandamála sem hljótast af slysum, langvinnum veikindum eða öðrum orsökum.

Með *sértækum úrræðum* er í reglum þessum átt við ýmis atriði sem ætlað er að jafna aðstöðu stúdenta til náms og tryggja að fyrirlögn prófa taki sanngjarnt og eðlilegt tillit til fötlunar eða sérþarfa nemenda. Sértæk úrræði ná ekki til námskrafna. Í fylgiskjali með reglum þessum koma fram helstu úrræði sem Háskóli Íslands veitir í þessu skyni.

##### 3. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til þeirra sem óskað hafa eftir skrásetningu til náms við Háskóla Íslands í samræmi við 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

Það er skilyrði fyrir veitingu sértækra úrræða að hlutaðeigandi stúdent hafi verið skráður til náms skv. 4. mgr. 13. gr. laganna. Það er hins vegar ekki skilyrði fyrir málsmeðferð skv. V. kafla reglna þessara að hlutaðeigandi hafi fengið slíka skráningu.

Þá er það skilyrði fyrir því að stúdent hljóti sérúrræði, að fyrir liggja námsáætlun sem stúdentinn semur í samráði við námsráðgjöf Háskóla Íslands (NHÍ) og ábyrgðaraðila náms innan deildar í samræmi við IV. kafla.

### II. KAFLI

#### Ráð um málefni fatlaðra.

##### 4. gr.

##### *Skipun.*

Háskólaráð skipar níu manna ráð um málefni fatlaðra nemenda til þriggja ára í senn. Jafnréttisfulltrúi Háskólans er formaður ráðsins og stýrir störfum þess. Skrifstofustjóri námsráðgjafar Háskólans á sæti í ráðinu og ráðgjafi sem hefur umsjón með málaflokknum innan NHÍ. Aðrir í ráðinu eru skipaðir samkvæmt tilnefningum þannig að hver eftirtalinna stjórnunareininga innan Háskólans tilnefna einn fulltrúa til setu í ráðinu: Rekstrar- og framkvæmdasvið, kennslusvið og starfsmannasvið. Þá tilnefna skrifstofustjórar deilda og stúdentaráð Háskóla Íslands einn fulltrúa til setu í ráðinu og Félag Háskólakennara og Félag prófessora tilnefna sameiginlega einn fulltrúa úr hópi fastráðinna kennara til setu í ráðinu.

Ráðið leitar álits hjá starfsmönnum Háskólans eftir því sem tilefni þykir til. Þá er ráðinu heimilt að afla ráðgjafar frá aðilum utan Háskólans.

## 5. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk ráðs um málefni fatlaðra nemenda er:

- a) að gera tillögur til háskólaráðs um stefnu í málefnum fatlaðra
- b) að vinna að lausn ágreinings sem upp kann að koma um málefni fatlaðra og taka ákvarðanir í málum skv. V. kafla
- c) að undirbúa og fylgja eftir áætlunum um framkvæmd á stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra
- d) að samhæfa vinnu þeirra aðila sem koma að málaflokknum
- e) að gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra
- f) að afla tölulegra upplýsinga og birta skýrslu um málaflokkinn á þriggja ára fresti
- g) að hafa frumkvæði að fræðslu um málefni fatlaðra innan háskólasamfélagsins
- h) að fylgjast með nýmælum og því hvernig málefnum fatlaðra er háttað við háskóla og aðrar sambærilegar stofnanir heima og erlendis.

## III. KAFLI

**Inntaka nemenda.**

## 6. gr.

*Umsóknir um skrásetningu.*

Allar umsóknir um skrásetningu til náms við Háskóla Íslands eru metnar á grundvelli fyrri menntunar og inntökuskilyrða á þeirri námsleið sem valin er, sbr. 1. og 2. mgr. 13. gr. laga um Háskóla Íslands. Ákvarðanataka um veitingu sértækra úrræða skv. IV. kafla fer fram aðskilið frá umfjöllun um inntöku stúdenta.

Til þess að auðvelða væntanlegum stúdentum námsval eiga þeir rétt á skýrum upplýsingum um aðgengi að byggingum og stuðningsúrræðum. Ber Háskólanum skylda til þess að upplýsa fatlaða um réttindi þeirra og úrræði á öllum stigum námsins og eiga frumkvæði að almennri kynningu um þessi atriði innan háskólasamfélagsins.

Jafnframt skulu ábyrgðaraðilar innan Háskólans grípa til eðlilegra ráðstafana til að tryggja að skipulag einstakra námskeiða (þ.m.t. staðsetning og sértækar lausnir) skapi fötl- uðum stúdentum bestu möguleg tækifæri til fullrar þátttöku í náminu.

## IV. KAFLI

**Veiting sértækra úrræða.**

## 7. gr.

*Staðfest greining á fötlun eða sérþörfum.*

Nemandi sem óskar eftir sértækum úrræðum snýr sér til NHÍ sem hefur umsjón með þjónustu við fatlaða stúdenta. Úrræði eru aðeins veitt á grundvelli faglegs mats eða sérfræðiálits um fötlun/hömlun. Hægt er að fara fram á við stúdenta sem verða fyrir áfalli á námstíma sem dregur verulega úr námsgetu þeirra að þeir leggi fram vottorð frá viðeig- andi sérfræðingi þar sem hæfni til náms á háskólastigi er metin.

## 8. gr.

*Mat á þörf og úrræðum.*

Háskólinn veitir stúdentum skv. reglum þessum, sértæk úrræði í samræmi við mat á þörf fyrir slík úrræði.



Standi val á milli ólíkra úrræða sem veita stúdentinum sambærilegan stuðning áskilur Háskólinn sér rétt til að velja á milli þeirra.

Í undantekningartilvikum er Háskóla Íslands heimilt að synja nemanda um sérúrræði vegna fötlunar enda liggi fyrir með óyggjandi hætti:

- a) að innihald, uppbygging eða framsetning þess náms sem nemandinn hefur valið sé þess eðlis að honum sé fyrirsjáanlega ókleift að uppfylla stærstan hluta þeirra krafna sem í náminu felast, eða
- b) að ekki sé unnt að útvega aðstoðarmenn eða aðstöðu til þess að veita þau úrræði sem þörf er á.

Sérúrræði sem Háskólinn veitir, eru nemandanum að kostnaðarlausu. Nemendur greiða skrásetningargjald skv. reglum sem um það gilda, en að öðru leyti eru ekki innheimt gjöld af þjónustu við fatlaða nemendur.

Stúdentar geta óskað eftir þjónustu í tveimur aðgengissetrum í Þjóðarbókhöllu sem búin eru tölvum og sérhæfðum hugbúnaði. Háskólinn styrkir ekki stúdenta til kaupa á tækjum, tölvum, hugbúnaði eða öðrum búnaði. Þá greiðir Háskólinn ekki fyrir þau vottorð sem skólinn kann að óska eftir frá stúdentum.

#### 9. gr.

##### *Samkomulag um sérúrræði og námsáætlun.*

Námsráðgjöf gerir, fyrir hönd Háskóla Íslands, skriflegt samkomulag við stúdent þar sem fram kemur hvaða úrræði skólinn ábyrgist að veita meðan á námi stendur. Í samkomulaginu komi fram mat á áhrifum fötlunar vegna fyrirhugaðs náms.

Samkomulagið tilgreinir þau námskeið sem stúdentinn hyggst taka og í hvaða námskeiðum sértæk úrræði eru veitt. Samkomulagið er sent viðkomandi deild eða kennara til umfjöllunar ef þörf krefur.

#### 10. gr.

##### *Tímamörk.*

Samkomulag um sértæk úrræði verður að liggja fyrir áður en námið hefst.

Verði sértæk úrræði eingöngu próffyrirkomulag er þó nægjanlegt að samkomulag liggi fyrir mánuði fyrir auglýst upphaf prófa.

Verði breytingar á námsáætlun nemandans ber að tilkynna þær til námsráðgjafar Háskóla Íslands.

#### 11. gr.

##### *Hlutur deilda í samkomulagi.*

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að leita samþykkis viðkomandi deildar, skorar eða kennara vegna úrræða sem veitt eru samkvæmt reglum þessum. Undantekningar frá þeirri reglu eru til að mynda breytt prófform, úrræði í samkeppnisprófum, hljóðupptaka fyrirlestra eða aðrar þær kringumstæður sem krefjast þess að deildir, skorar eða kennarar komi með beinum hætti að framkvæmd úrræða. Sé þörf á öðrum aðferðum við prófun og námsmat en almennt eru viðhafðar, verður, eftir því sem við á, ákveðið viðeigandi prófform í samráði við stúdentinn, viðkomandi kennara, prófstjóra og námsráðgjafa til að gera stúdentinum kleift að sýna fram á að hann hafi uppfyllt skilyrði til áframhaldandi náms eða unnið til viðurkenningar.

Hafi samkomulag ekki verið endursent til NHÍ frá deild eða tilkynnt um að það sé til sérstakrar skoðunar tveimur vikum eftir að deildarskrifstofan fékk það í hendur getur NHÍ litið svo á að það sé samþykkt og hrint úrræðum þess í framkvæmd.

## 12. gr.

*Meðferð upplýsinga.*

Námsráðgjöf Háskólans varðveitir trúnaðargögn um fatlaða stúdenta og stúdenta með sértæka námsörðugleika við Háskólann. Meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd og reglur Háskólans.

Námsráðgjöf Háskólans sér um að miðla nauðsynlegum upplýsingum til starfsfólks sem þarf að koma að framkvæmd úrræða.

Trúnaðarupplýsingar eru einungis veittar í þeim tilvikum þar sem mat og framkvæmd úrræða krefjast þess og þá aðeins að fyrir liggji skriflegt leyfi viðkomandi stúdents.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð og ákvarðanataka.**

## 13. gr.

*Málsmeðferð NHÍ.*

Námsráðgjöf Háskólans undirbýr og gengur frá samkomulagi við stúdent sem leitar eftir sértækum úrræðum í námi, sbr. 9. gr. Námsráðgjöf endurskoðar jafnframt samkomulag sem þegar hefur verið gert, óski stúdentinn eftir því eða tilefni er til endurskoðunar af öðrum ástæðum.

Þegar fyrir liggur námsáætlun býður námsráðgjöf stúdentum tiltekin úrræði, eftir atvikum þegar fram hefur farið val skv. 2. mgr. 8. gr. Stúdent tekur afstöðu til þeirra úrræða sem eru í boði. NHÍ tekur ekki ákvarðanir um rétt til úrræða.

## 14. gr.

*Málskot til ráðs um málefni fatlaðra.*

Sætti stúdent sig ekki við úrræði sem NHÍ hefur boðið er honum heimilt að skjóta máli sínu til ráðs um málefni fatlaðra stúdenta sem starfar skv. II. kafla.

Ráðið fjallar um mál stúdentsins og leitar upplýsinga um það frá námsráðgjöf Háskóla Íslands.

Ráðið leitar lausnar ágreinings í slíkum málum og gengur frá samkomulagi við stúdent.

Um undirbúning máls þar sem tekin er ákvörðun um mál stúdents gilda ákvæði stjórnarsýslulaga. Ákvörðun verður ekki tekin nema stúdent hafi notið andmælaréttar og öll málsatvik verið leidd í ljós. Ákvörðun skal vera rökstudd.

Ákvörðun skal ætíð tekin í máli nemanda ef rannsókn skv. 10. gr. stjórnarsýslulaga hefur leitt í ljós að a- eða b-liður 3. mgr. 8. gr. eigi við.

## 15. gr.

*Álit ráðs um málefni fatlaðra.*

Ráð um málefni fatlaðra endurskoðar ekki ákvarðanir sem teknar hafa verið innan deilda eða sameiginlegrar stjórnarsýslu Háskólans.

Telji stúdent á sér brotið við framkvæmd úrræðis eða að honum hafi verið mismunað vegna fötlunar sinnar við ákvarðanatöku innan deilda eða sameiginlegrar stjórnarsýslu er honum heimilt að leita álits hjá ráði um málefni fatlaðra. Sé mál stúdentsins enn til meðferðar innan Háskólans skal álit ráðsins sent þeim er þá hefur með málið að gera.

Rektor, háskólaráð og aðilar innan deilda og sameiginlegrar stjórnarsýslu geta ennfremur óskað eftir áliti ráðsins í einstökum efnum.

## 16. gr.

*Úrskurðarvald háskólaráðs.*

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 41/1999 fer háskólaráð með úrskurðarvald innan Háskólans í málefnum fatlaðra stúdenta.

Ákvarðanir í málum fatlaðra stúdenta sem teknar eru innan deilda eða sameiginlegrar stjórnarsýslu eða af ráði um málefni fatlaðra, sbr. 14. gr., eru kærnanlegar til háskólaráðs. Geta skal kærnuheimildar í öllum slíkum ákvörðunum.

## 17. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

**Fylgiskjal.****Helstu sértæk úrræði sem Háskóli Íslands veitir fötluðum stúdentum.****Kennsluúrræði fela meðal annars í sér:**

- val á hentugu/aðgengilegu kennsluhúsnæði
- hreyfanlegur tónmöskvi fyrir heyrnar-daufa
- hljóðritun fyrirlestra
- glósuvinur
- táknmálstúlkur
- táknmálsritari
- sveigjanleg námsáætlun

**Námsúrræði fela meðal annars í sér:**

- stuðningsviðtöl
- sálfræðilega aðstoð
- námstækninámskeið (þ. á m. námskeið sérstaklega löguð að þörfum nemenda með dyslexíu)
- skönnun námsefnis á tölvutækt form

- aðstoðarmenn við nám
- hljóðritun fyrirlestra
- ljósrit af glærum kennara
- aðgengissetur, vinnuaðstaða með tölvum og sérhæfðum búnaði

**Prófúrræði fela meðal annars í sér:**

- lengingu á próftíma
- ritara í prófum
- prófkvíðanámskeið
- stækkuð prófblöð
- lituð prófblöð
- sérstakt prófherbergi með tölvum
- einrými í prófum
- munnleg próf
- próf á blindralettri
- hvíld í prófum

## REGLUR

### **læknadeildar Háskóla Íslands um ráðningu og framgang starfsmanna með hæfnisdóm.**

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessara reglna er að hvetja akademíska starfsmenn til virkni og árangurs í starfi og auka þannig gæði kennslu og rannsókna innan læknadeildar Háskóla Íslands.

Framgangur og ráðning starfsmanna læknadeildar sem hafa hæfnisdóm, byggist á faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu og stjórnun í þágu læknadeildar og stofnunar sem tengjast Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

##### *Almenn skilyrði.*

Um almenn skilyrði ráðningar og framgang á grundvelli hæfnisdóms fer eftir sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000 og sérákvæðum í reglum Háskóla Íslands um ráðningar og framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna nr. 863/2001. Ennfremur er, eftir því sem við á, tekið tillit til kjarasamnings Félags háskólakennara og fjármálaráðherra þegar lektorar, dósentar, sérfræðingar, fræðmenn og vísindamenn eiga í hlut, og úrskurða kjaranefndar þegar próffessorar eiga í hlut.

Við stigagjöf og mat á heildarstigafjölda er farið eftir samræmdum matsreglum kjaranefndar, Háskóla Íslands og Félags háskólakennara.

Framgangur í starf próffessors við læknadeild Háskóla Íslands skal að öllu jöfnu miðast við, að um fullt starf sé að ræða, þ.m.t. tengt eða samhliða starf á sama fræðasviði á stofnun sem Háskóli Íslands hefur samstarfssamning við.

Almennt gildir að dómnefnd metur umsækjendur um laus störf við læknadeild einungis með tilliti til þess hvort þeir uppfylla þau lágmarksskilyrði sem sett eru vegna starfsins, enda hefur deildarfundur í læknadeild mótað þá stefnu að dómnefndir um störf við deildina forgangsraði ekki umsækjendum nema þess sé sérstaklega óskað.

Valnefnd forgangsraðar umsækjendum og mælir með veitingu lausra starfa í samræmi við reglur læknadeildar um valnefndir nr. 830/2001.

Dómnefndir, framgangsnefndir og valnefndir skulu byggja mat sitt og niðurstöður á málefnalegum sjónarmiðum. Sérstaklega skal gætt að jafnræði umsækjenda og sjónarmiðum um jafnrétti kynjanna eftir því sem við á.

Forseti læknadeildar getur óskað eftir því að umsækjandi flytji opinn fyrirlestur innan læknadeildar um rannsóknir sínar eða sitt sérsvið meðan á mati umsóknar stendur.

#### 3. gr.

##### *Frekari menntunarkröfur og sérstakar hæfniskröfur.*

Til viðbótar almennum skilyrðum fyrir ráðningu og framgang í störf háskólamanna með hæfnisdóm er læknadeild heimilt að gera frekari menntunarkröfur og sérstakar hæfniskröfur eftir því sem mælt er fyrir um í þessum reglum.

Læknadeild er ennfremur heimilt að setja sem skilyrði fyrir ráðningu starfsmanns með hæfnisdóm, að hann hafi samhliða með höndum starf við stofnun eða fyrirtæki sem tengist fræðasviðum deildarinnar samkvæmt samningi sem gerður er um það efni á grundvelli 30. gr. sameiginlegra reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000.

## 4. gr.

*Ráðning/framgangur í starf lektors eða sérfræðings.*

Til þess að hljóta ráðningu í starf lektors eða sérfræðings við læknadeild skal umsækjandi hafa lokið háskólaprófi og hafa sérfræðingsviðurkenningu á viðkomandi fræðasviði/fræðigrein. Umsækjandi skal hafa sannað hæfni sína til sjálfstæðra vísindalegra rannsóknarstarfa með framlögðum ritverkum og sýnt með námsferli sínum, rannsóknum og öðru starfi að hann sé hæfur til að gegna starfinu.

Þegar um klínísk störf er að ræða ber sérstaklega að meta klíníska þjálfun og sérfræðipróf, kennslureynslu og hæfni á viðkomandi sviði.

## 5. gr.

*Ráðning/framgangur í starf dósents eða fræðimanns.*

Til þess að hljóta ráðningu eða framgang í starf dósents eða fræðimanns við læknadeild skal umsækjandi uppfylla eitthvert neðangreindra skilyrða:

- a) að hann hafi lokið doktorsprófi eða
- b) að hann hafi prófgráðu frá viðurkenndri innlendri eða erlendri menntastofnun sem jafnað verður til doktorsprófs eða
- c) að hann hafi sýnt, að mati dómnefndar, jafngilda hæfni og felst í doktorsprófi.

Umsækjandi um starf/framgang skal hafa sýnt sjálfstæði sitt og frumkvæði í rannsóknum með áframhaldandi fræðastörfum og góðri rannsóknavirkni eftir doktorspróf eða sambærileg próf, einkum á þeim tíma sem fór á undan umsókninni. Dómnefnd getur haft til hliðsjónar upplýsingar frá umsækjanda um framlag hans til þeirrar vinnu sem lýst er í einstökum ritverkum og rannsóknum.

Umsækjandi um starf eða framgang í stöðu dósents þarf að hafa kennslureynslu og að hafa tekið beinan þátt í að leiðbeina í rannsóknatengdu námi (grunnám, fagnám eða æðra nám). Forseti læknadeildar getur óskað eftir að umsækjandi flytji opinn fyrirlestur innan læknadeildar um rannsóknir sínar eða sérsvið sitt, meðan á mati umsóknar stendur.

## 6. gr.

*Ráðning/framgangur í starf prófessors eða vísindamanns.*

Til þess að hljóta ráðningu eða framgang í starf prófessors eða vísindamanns við læknadeild skal umsækjandi uppfylla eitthvert neðangreindra skilyrða:

- d) að hann hafi lokið doktorsprófi eða
- e) að hann hafi prófgráðu frá viðurkenndri innlendri eða erlendri menntastofnun sem jafnað verður til doktorsprófs eða
- f) að hann hafi sýnt, að mati dómnefndar, jafngilda hæfni og felst í doktorsprófi.

Dómnefndum ber að gera meiri kröfur um rannsókn- og ritvirkni til prófessora en annarra háskólakennara.

Umsækjandi þarf að hafa sýnt sjálfstæði og frumkvæði í rannsóknum með áframhaldandi og viðvarandi fræðastörfum og góðri rannsóknavirkni á fræðasviði sínu eftir doktorspróf eða sambærileg próf, að meðtöldum þeim tíma sem fór á undan umsókninni. Dómnefnd getur haft til hliðsjónar upplýsingar frá umsækjanda um framlag hans til þeirrar vinnu sem lýst er í einstökum ritverkum og rannsóknum.

Umsækjandi um starf eða framgang í stöðu prófessors skal hafa leiðbeint a.m.k. í tvígang í grunnnámi eða í fagnámi eftir kandidatspróf eða hliðstæð próf og tekið beinan þátt í að leiðbeina til æðri háskólagráðu (meistara- og/eða doktorsprófs).

Umsækjandi skal hafa verulega kennslureynslu og kennsluhæfni og hann þarf að hafa sýnt fram á getu sína til að afla styrkja til rannsóknarstarfa. Með stjórnunarreynslu sinni þarf umsækjandi að hafa sýnt fram á að hann sé hæfur sem leiðtogi á sínu sviði.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu læknadeildar Háskóla Íslands, á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

**REGLUR****um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum  
við Háskóla Íslands háskólaárið 2002-2003.**

## 1. gr.

*Fjöldatakmörkun í læknadeild.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Um val nemenda í læknisfræði gilda reglur um val stúdenta til læknisnáms sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992, sbr. ákvæði reglna nr. 885/2001 og 134/2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda í sjúkraþjálfun gilda reglur um val stúdenta til náms í sjúkraþjálfunarskor sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992 og birtar eru í kennsluskrá.

## 2. gr.

*Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 65.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

## 3. gr.

*Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.*

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

## 4. gr.

*Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.*

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 16.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 50.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 12.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem bárust félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2002. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2002-2003.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

Nr. 500

2. júlí 2002

## REGLUR

### um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

1. gr.

*Almennt.*

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands er rannsóknar- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði erfðafræði.

2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk erfðafræðinefndar er:

- a. að efla erfðafræðilegar rannsóknir sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að reka gagnabanka Háskóla Íslands um ættfræði,
- c. að sinna þjónustuverkefnum á sviði ætt- og erfðafræði og
- d. að stuðla að sterkum tengslum innan og utan Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf.

3. gr.

*Aðstaða.*

Um starfsaðstöðu nefndarinnar og starfsmanna hennar fer eftir ákvörðunum háskóla- yfirvalda og samningum sem gerðir eru um samstarf á fræðasviðum nefndarinnar við Landspítala — háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans.

Nefndin veitir starfslíði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

*Skipan nefndarinnar.*

Háskólaráð skipar sjö menn til setu í erfðafræðinefnd til þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður er skipaður skv. tilnefningu landlæknis, einn skv. tilnefningu hagstofustjóra og einn

skv. tilnefningu forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss en aðrir nefndarmenn eru skipaðir án tilnefningar.

Nefndin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar. Jafnframt kýs nefndin sér ritara óháð tilnefningu. Formaður, varaformaður og ritari mynda þriggja manna framkvæmdastjórn undir forystu formanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun erfðafræðinefndar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar kemur formaður fram fyrir hennar hönd, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum sem nefndin hefur tekið.

#### 5. gr.

##### *Nefndarfundir.*

Formaður nefndarinnar boðar nefndarfundi bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða nefndarfund óski tveir eða fleiri nefndarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, mál-frelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á nefndarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók nefndarinnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Sé ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar situr hann nefndarfundi með mál-frelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

#### 6. gr.

##### *Verkefni nefndarinnar.*

Nefndin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir um störf sín, setur starfseminni rannsóknarstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber nefndin ábyrgð á fjármálum nefndarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Nefndin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða starfsemina.

#### 7. gr.

##### *Forstöðumaður og starfsmenn.*

Heimilt er rektor, að fenginni tillögu nefndarinnar, að ráða forstöðumann fyrir starfsemi nefndarinnar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa háskólapróf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur nefndarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem nefndin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer nefndin eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

#### 8. gr.

##### *Fjármál.*

Tekjur erfðafræðinefndar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag skv. samstarfssamningum við Landspítala – háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans,
- c. styrkir til einstakra verkefna,



- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi byggðar á gjaldskrá nefndarinnar sem háskólaráð hefur staðfest,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald nefndarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri nefndarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustóli nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.

#### 25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögu- maður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta bæjarstjórnar.

#### 26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigsjum skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Forseti bæjarstjórnar getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

#### 27. gr.

Telji forseti bæjarstjórnar umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrár- tillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

#### 28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu

eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

#### 29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

#### 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti bæjarstjórnar biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti bæjarstjórnar mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti bæjarstjórnar frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti bæjarstjórnar telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta bæjarstjórnar að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti bæjarstjórnar greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti bæjarstjórnar les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

#### 31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

#### 32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

##### 33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

##### 36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.



Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og skal láta dagskrá fylgja fundarboði.

## 45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

## 48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarstjórnina.

## 51. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtalдар nefndir, ráð, stjórnir og embætti *til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum*:

1. *Almannavarnanefnd* (í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík). Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Bláfjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara.

3. *Skipulags- og mannvirkjanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með bygg-  
ingar- og skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, umferðar-  
mál samkvæmt heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hafnarmál, sbr.  
hafnalög nr. 23/1994.
4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjón-  
ustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fer með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt barna-  
verndarlögum nr. 80/2002, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, jafnréttismál, samkvæmt  
lögum nr. 96/2000, og málefni aldraðra, samkvæmt lögum nr. 125/1999. Fer með verk-  
efni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
5. *Fjárhags- og launaneftnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með fjárhagsmál  
bæjar sjóðs og gerð fjárhagsáætlana og kjaramál.
6. *Forðagæslumaður*. Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi.
7. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga  
nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
8. *Fulltrúaráð SSH*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
9. *Fulltrúaráð Sorpu*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
10. *Stjórn Strætó bs*. Einn aðalmaður og annar til vara.
11. *Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS)*. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins  
og annar til vara.
12. *Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar*. Einn aðalmaður í stjórn auk forseta sem er sjálf-  
kjörinn samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnar málefnum sjóðsins í samræmi við  
reglugerð.
13. *Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 11. gr. laga  
um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
14. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14.  
gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til  
Alþingis nr. 24/2000. Heimilt er að kjósa síðar þrjú aðalmenn og þrjú til vara í hverfis-  
kjörstjórnir og undirkjörstjórnir sem skulu vera jafnmargar og fjöldi kjörstaða/kjör-  
deilda.
15. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Sitja lands-  
þing Sambands íslenskra sveitarfélaga með umboð Seltjarnarneskaupstaðar.
16. *Launaneftnd sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
17. *Menningarneftnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni Lista- og  
menningarsjóðs, stjórn bókasafns og náttúrugripasafns.
18. *Reykjanesfólkvangur*. Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Sköðunarmenn bæjarreikninga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveit-  
arstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
20. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um  
grunnskóla. Skólanefnd fer jafnframt með leikskólamál skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um  
leikskóla, enn fremur málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985 um fjárhags-  
legan stuðning við tónlistarskóla.
21. *Starfskjarneftnd*. Tveir aðalmenn og tveir til vara. Leysir úr ágreiningi í kjaramálum  
sem upp kemur milli samninga (Starfsmannafélag Seltjarnarness skipar tvo fulltrúa).
22. *Starfsmatsneftnd*. Einn aðalmaður og annar til vara (Starfsmannafélag Seltjarnarness  
skipar tvo fulltrúa).
23. *Stjórn Starfsmenntunarsjóðs*. Tveir aðalmenn og tveir til vara. Metur umsóknir um  
starfsmenntun og veitir styrki úr sjóðnum (Starfsmannafélag Seltjarnarness skipar tvo  
fulltrúa).
24. *Umhverfisneftnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara (sjá lög um umhverfisvernd

- nr. 47/1971). Umhverfisnefnd er umsagnaraðili og gerir tillögur í sambandi við landlýtingu. Annast umhverfismál og umhirðu opinna svæða.
25. *Stjórn veitustofnana*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara (sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. reglugerð nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. reglugerðir settar á grundvelli þeirra).
26. *Æskulýðs- og félagsheimili Seltjarnarness*. Sjö fulltrúar (bæjarstjórnarmenn) í stjórn eigendafélags. Fer með stjórn og rekstur Æskulýðs- og félagsheimilis Seltjarnarness.
27. *Æskulýðs- og íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni unglinga og íþróttamál. Starfar samkvæmt erindisbréfi.

## 52. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.**

## 53. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

## 54. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins og undirbýr fundi bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

## 55. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

## 56. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 55. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

## 57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

### Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarstjórnarmönnum með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnaræskaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Seltjarnaræskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 61/1988 með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

---

*Guðjón Bragason.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarbæ.

I. KAFLI

### Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við vegi og svæði, sem almenningur fer um og ætluð eru til almenningsafnota. Um samkomuhús og opinberar stofnanir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri í því skyni að sinna lögmætum erindum, skal raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópöngur, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópöngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum gönguleiðum og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

## 4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða annars konar háttarlag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu. Óheimilt er að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt, að það valdi ónæði og truflun. Í kirkjugörðum ber að virða grafarhelgi í hvívetna og fara þar hljóðlega um.

## 5. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu vel-sæmi.

## 6. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

## 7. gr.

Á götum bæjarins eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum eða skautum eða vera að leikjum, þannig að truflað geti umferð eða valdið hættu. Bannað er að hanga aftan í vélknúnum ökutækjum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um göt-urnar. Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru, ef það veldur óþægindum eða tjóni.

## 8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum innan marka kaupstaðarins nema á tilteknum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri heimilar, eða með sérstöku samþykki hans hverju sinni. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

## 10. gr.

Í kaupstaðnum má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum né bera þar log-andi blys eða kyndla nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né þar, sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa í þágu rétt-arvörslu. Lögreglu er heimilt að vísa hverjum þeim brott af almannafæri, sem brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar um reglu og velsæmi. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er.

## II. KAFLI

**Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.**

## 12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofn-ana, sem starfræktar eru í almenningsspágu, svo sem vatnsveitu, orkuveitu, slökkviliðs eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlut-

aðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almanna-  
varna, hjálparveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

#### 13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala  
hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra.  
Þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða,  
dagskrár og aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

#### 14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi umfram það, sem nauðsynlegt kann að vera  
vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir  
á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra  
að láta fjarlægja slíkar tálmanir á kostnað eigenda.

Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á vegum bifreiðar og vinnuvélar  
megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá. Þá er lög-  
reglustjóra heimilt að láta fjarlægja, á kostnað eigenda, ökutæki er standa án skráningar-  
númera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða opnum svæðum.

#### 15. gr.

Á almannafæri má ekki leggja né setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu.  
Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til  
fólks- og vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu  
frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjar-  
búa.

#### 16. gr.

Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan leitast við að hreinsa snjóhengjur og  
grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu fyrir vegfarendur. Þakrennum og frá-  
rennslum frá þeim skal jafnan haldið þannig við, að ekki stafi af þeim hætta né vatnsrennsli  
eða önnur óþægindi. Gangstígum fyrir framan hús og að húsum skulu húseigendur og  
umráðamenn einnig leitast við að halda þrifalegum og fjarlægja svo sem kostur er snjó-  
breiðu, svellbunka eða annað það, er vegfarendum getur stafað hætta eða óþægindi af.

#### 17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætta er við því, að það eða einhver hluti þess hrynji eða  
fjúki og getur lögreglustjóri þá bannað notkun hússins og lagt fyrir eigandann að rífa það  
eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri  
á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu  
eða óþægindum fyrir vegfarendur og aðra. Hinu sama gegnir, þegar steinvegg eða annarri  
girðingu liggur við falli eða hruni.

#### 18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri nokkru því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfar-  
endum hættu. Umráðamenn og eigendur lóða eða lendna skulu gæta þess, að á þeim safn-  
ist eigi fyrir neitt það, sem fokið getur og valdið tjóni eða er til óþrifaðar eða lýta fyrir  
umhverfið. Eigi má hafa á opnum svæðum óbygðað brunna, safnþrær, skúra eða forir, sem  
börnum eða öðrum vegfarendum getur stafað hætta af.

### III. KAFLI Um umferð.

#### 19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Hámarkshraði vélknúinna ökutækja í bæjarfélaginu ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga og gildandi auglýsingu um umferð í Ísafjarðarbæ á hverjum tíma.

#### 20. gr.

Peir sem flytja vörur um götur bæjarfélagsins skulu gæta þess að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningnum ræður, hreinsa það upp þegar í stað.

#### 21. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð vélknúinna ökutækja á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Þá getur lögreglustjóri og takmarkað umferð vélknúinna ökutækja innanbæjar að næturlagi.

### IV. KAFLI Um götuspjöld, húsnúmer og auglýsingar.

#### 22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld til að tákna húsaröð og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

#### 23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

#### 24. gr.

Leyfi umhverfisnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utan á hús. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brott nám þess háttar muna, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

#### 25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega upp-festa auglýsingar, kroti í þær eða skemma á annan hátt.

### V. KAFLI Um umgengni og friðun almenningsigna.

#### 26. gr.

Umráðamönnum lóða, lendna og athafnasvæða, bæði einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana, er skylt að gæta þess jafnan, að þeim sé haldið hreinum og þrifa-legum. Úr vanrækslu í þessum efnum getur bæjarstjórn látið bæta á kostnað þess, er ábyrgð ber á því svæði, sem um er að ræða.



## 27. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óþrýði á lóðir, opin svæði, né heldur innan marka hafna Ísafjarðarbæjar. Innan bæjarfélagsins má ekki kveikja í rusli eða sorpi, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

## 28. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri í almenningsgörðum og á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum, sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns.

## 29. gr.

Mannvirki, girðingar og hluti, sem ætlaðir eru til almenningnota eða þrýði, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

## VI. KAFLI

**Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.**

## 30. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Veitinga- og greiðasölu má einungis hafa um hönd í húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar og bæjarstjórn hefur samþykkt. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 31. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loft-ræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessu efni, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að gefinni viðvörðun.

## 32. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

## 33. gr.

Heimilt er að hafa veitingastaði opna frá kl. 6.00 til kl. 3.00 eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra. Gestir skulu vera á brott innan hálftrar stundar frá því að lokað er. Á gististöðum má þó selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sólahrings sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30. Ekki er þörf sérstakrar heimildar Ísafjarðarbæjar til að láta skemmtun standa yfir lengur en til 01.00 sé virkur dagur að morgni.

Bæjarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra, að veita undanþágu til heim-sendingar veitinga, utan framangreinds tíma, enda raski það ekki allsherjarreglum.

#### 34. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn og er óframseljanlegt. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfi er veitt. Leyfi má einungis veita í því húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar.

Unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leik-tækjastofum, nema í fylgd forráðamanna. Aldur miðast við fæðingarár, en ekki fæðingar-dag. Starfsmenn við slík tæki, skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum skal einungis heimill frá kl. 9.00 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrra degi stórhátíða þjóðkirkjunnar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágur frá ákvæðum um opnunartíma.

Brot gegn ákvæðum þessarrar samþykktar um aldursmörk varðar sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn þeim eða reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfi, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

#### 35. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglu-stjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds í bæjarsjóð og tiltekur bæjarstjórn þá fjárhæð þess.

#### 36. gr.

Hver sá sem heldur skemmtanir eða aðrar samkomur, skal sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu, sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

### VII. KAFLI

#### Um samgöngur við skip.

#### 37. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfnum bæjarfélagsins, ef sérstök ástæða þykir til.

#### 38. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

### VIII. KAFLI

#### Um hundahald, búfjárhald o.fl.

#### 39. gr.

Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald í Ísafjarðarbæ nr. 567 29. september 1997.

40. gr.

Búfjánhald er bannað í Ísafjarðarbæ, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð um búfjánhald í Ísafjarðarbæ frá 10. júlí 1984. Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 21. september 2000 var staðfest ný reglugerð um búfjánhald í Ísafjarðarbæ, er öðlast gildi að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðuneytis.

41. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

## IX. KAFLI

**Um gildi samþykktarinnar, refsingar og kostnað.**

42. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir er í Ísafjarðarbæ.

43. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á þessari samþykkt, skal farið að hætti opinberra mála.

44. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

45. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem af þessu leiðir vegna þeirra ráðstafana, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af viðkomandi eða ef hann er ekki fær um það úr ríkissjóði.

46. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 474 4. desember 1984, ásamt breytingum nr. 226 19. apríl 1995 og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

---

*Jón Þór Ólason.*

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

## fyrir Snæfellsbæ.

### I. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

##### *Regla og næði.*

##### 1. gr.

Með hugtakinu almannafæri er í samþykkt þessari átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

##### 2. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

##### 3. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

##### 4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

##### 5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

##### 6. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

##### *Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.*

##### 7. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns og samþykkt bygginga- og skipulagsnefndar. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brotnám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi skipulags- og byggingarnefndar, að gefinni umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar. Stað-

setning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almanna-færi og bannað er að slíta þar upp gróður.

#### 8. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girð-ingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

#### 9. gr.

Í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhuta, báta, skips-skrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hættu, mengun o.s.frv. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Snæfellsbæjar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert við-vart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

#### 10. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lysti-garða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

#### 11. gr.

Óheimilt er að áreita dýr og fugla eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

#### 12. gr.

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár fer eftir samþykkt um búfjárhald í Snæfellsbæ og heilbrigðisreglugerð varðandi búfjárhald í þéttbýli nr. 149/1990.

Um hunda- og kattahald fer eftir samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

*Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.*

## 13. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv.

Húseiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur. Einnig skal hann halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga, vegi eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Snæfellsbæjar og kynntar íbúum með tryggingum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir mælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

## 14. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsað sé upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óprifnaði og óprýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

## 15. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

## 16. gr.

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys eða kveikja á bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á s.s. um áramót eða á þrettándanum.

Eigi má bera hlaðnar byssur í þéttbýli á almannafæri. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá því, t.d. vegna eyðingar vargfugls og villtra dýra, svo og á sérstökum æfingar- svæðum sérstaklega merktum og samþykktum af lögreglustjóra.

## 17. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni. Einnig er slökkviliðsstjóra heimilt að takmarka samgang við skip sem flytja eldfim efni, svo sem olfuskip.

Ef ís á vötnum eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn og látið setja upp viðvörumerki.

## 18. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg í bæjarfélaginu né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um

að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, á kostnað þess sem verkið átti að vinna, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

#### 19. gr.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan bæjarfélagsins þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki bæjarstjórnar.

#### 20. gr.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er bönnuð innan bæjarfélagsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjarstjórn vísar á til þeirra nota.

#### 21. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlægt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

Áður en hús er rífið skal veðhöfum tilkynnt það með a.m.k. viku fyrirvara.

#### 22. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi skipulags- og bygginganefndar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

### Um ökutæki, umferð o.fl.

#### 23. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannfæri.

## 24. gr.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópibifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almennum bifreiðastæðum í þéttbýlum, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

## 25. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

## 26. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í Snæfellsbæ, og á öðrum þeim svæðum í stjórnsýsluumdæmi sveitarfélagsins, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega, nema með leyfi lögreglustjóra. Við slíkar undanþágur í þéttbýli skal gæta ítrustu varúðar og haga akstri þannig að ekki stafi hætta eða ónæði fyrir íbúa.

Hámarkshraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

## 27. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannaferi og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum. Regla þessi á ekki við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs o.þ.h.

## 28. gr.

Almennur hámarkshraði í þéttbýli Snæfellsbæjar skal vera 50 km á klst. Utan þéttbýlis gilda almennar reglur um hámarkshraða. Á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.

## 29. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur sveitarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannaferi við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## 30. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bygginganefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Bygginganefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

## 31. gr.

Á götum, vegum eða svæðum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða



umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu geta valdið.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

### III. KAFLI

#### Um götuspjöld og húsnúmer.

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götu-hlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

Húseigendur í dreifbýli skulu merkja heimreiðar með nafni jarða og/eða íbúðarhúsa.

33. gr.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan stjórnsýsluumdæmis Snæfellsbæjar, að viðlögðum sektum og fangelsi, allt að sex mánuðum, sbr. 113. gr. almennra hegningar-laga nr. 19/1940.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu bæjarfélagsins, að viðlögðum sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum, sbr. 2. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### IV. KAFLI

#### Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

34. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers kyns varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrir-mæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði sem talin eru nauðsynleg.

35. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00.

Veitingastaði með skemmtanaleyfi er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótélum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjórn getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

36. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur

almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 37. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Bæjarstjórn getur þó takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 38. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 16 ára aðgang að leiktækjum og er þeim óheimill aðgangur að söfnunarkössum. Miðað skal við fæðingarár.

Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 – 23.30 daglega.

## V. KAFLI

**Um útivistartíma barna og ungmenna.**

## 39. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

## VI. KAFLI

**Um hundahald, búfjárhald o.fl.**

## 40. gr.

Hundahald er bannað, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

## 41. gr.

Búfjárhald er bannað í þéttbýli, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð um búfjárhald í Snæfellsbæ.

## 42. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

## VII. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.**

## 43. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnsluudæmi Snæfellsbæjar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

## 44. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

## 45. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 46. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ólafsvíkurfjallstað nr. 813, 28. desember 1983.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Hlíðarfjallsvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að:

Tenging Ofanbyggðarvegur við Hlíðarfjallsveg færist til vesturs.

Vegtenging frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmannshlíðarkirkju og hesthúsahverfi falli út en þess í stað kemur vegtenging við Ofanbyggðarveg.

Leggja reitðleiðar breytist þannig að hún þverar Hlíðarfjallsveg vestar en áður var áformað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

# SAMÞYKKT

## um stjórn og fundarsköp Vesturbyggðar.

### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

###### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Vesturbyggðar er skipuð sjö bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

###### *Starfstímabil.*

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

###### *Valdsvið.*

Bæjarstjórn fer með stjórn Vesturbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar Vesturbyggðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

## II. KAFLI

**Um fundarskóp bæjarstjórnarinnar.**

## 7. gr.

*Fundartími bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur fundi reglulega annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

*Fyrsti fundur bæjarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundar og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

## 10. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfundar.*

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

*Dagskrá.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, fundargagna, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar telja nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

## 12. gr.

*Fundarboðun.*

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum og fyrsta varamanni fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

## 13. gr.

*Auglýsing funda.*

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

## 14. gr.

*Fundarboðun.*

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum og fyrsta varamanni fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

*Kosning forseta.*

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 16. gr.

*Kosning skrifara.*

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

## 17. gr.

*Fundarstaður.*

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

*Lögmæti funda.*

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar og hverjir samþykktu, hverjir voru á móti og hverjir sátu hjá.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

*Afgreiðsla mála.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dag-skrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

*Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlunir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlunir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlunir og skipulags- og framkvæmdaáætlunir.
5. Tilkyppingu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

*Fundarsókn – varamenn.*

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna

forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem bæjarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

### 23. gr.

#### *Fundarsköp.*

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

### 24. gr.

#### *Fundarsköp.*

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

### 25. gr.

#### *Fundarsköp.*

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.



Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

## 26. gr.

*Fundarsköp.*

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

*Fundarsköp.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

*Fundarsköp.*

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

*Fundarsköp.*

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

*Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn

hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

### 31. gr.

#### *Úrslit mála.*

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

### 32. gr.

#### *Fundarritun.*

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

## III. KAFLI

### **Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.**

#### 33. gr.

#### *Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á

vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 34. gr.

*Skyldur bæjarfulltrúa.*

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 35. gr.

*Tillöguréttur.*

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

## 36. gr.

*Aðgengi.*

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

*Bókanir.*

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 38. gr.

*Þagnarskylda.*

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

*Lausn úr bæjarstjórn.*

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú

hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

*Þóknun.*

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

*Orlof.*

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

*Skyldur varamanna.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

#### IV. KAFLI

#### **Nefndir, ráð og stjórnir.**

43. gr.

*Kosning í ráð og nefndir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa bæjarráðs, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

*Bæjarráð.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjórn situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í hverjum mánuði, fyrsta, þriðja og fjórða miðvikudag kl. 08.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 46. gr.

*Undirbúningur bæjarráðsfunda.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðsins. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Öðrum bæjarfulltrúum skal einnig send dagskrá og fundargögn. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund.

## 47. gr.

*Kosning formanns.*

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 48. gr.

*Framkvæmda- og fjármálastjórn.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 50. gr.

*Kosning formanna og ritara.*

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjórinn boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 51. gr.

*Fundarseta.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 52. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 53. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

## 54. gr.

*Hlutverk.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 55. gr.

*Gerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 56. gr.

*Fundargerðir.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarstjórnina.

## 57. gr.

*Nefndir, ráð og stjórnir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

*Bæjarráð.* Þrír bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara í almannavarnanefnd V-Barðastrandarsýslu skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962. Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá til vara í viðlagahóp fyrir Bíldudal. Bæjarstjórn kýs formann hópsins. Kjósa skal einn viðlagafulltrúa fyrir Barðastrandarhverfi og annan fyrir Rauðasandshverfi. Hópurinn og fulltrúarnir starfa undir yfirstjórn almannavarnanefndar á hættutímum.
  2. *Barnaverndarnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Tálknafjarðarhreppur kýs einn aðalmann og einn til vara.
  3. *Búfjárefnirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
  4. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
  5. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer jafnframt með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
  6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
  7. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
  8. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  9. *Yfirkjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og fjórar undirkjörstjórnir. Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn. Kjörstjórnir skulu einnig sjá um sveitarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
  10. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
  11. *Fræðslunefnd.* Fimm og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 7. gr. laga um almenningsskólaskóla nr. 36/1997.
  12. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með íþrótt- og æskulýðsmál, málefni félagsheimila og almennt með menningar- og félagsstarfsemi í bæjarfélaginu, auk ofangreindra verkefna getur bæjarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
  13. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn setur nefndinni sérstakt erindisbréf.
  14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Kjör fulltrúa eins og lög sambandsins segja fyrir um.
  15. *Þjónustuhópur aldraðra.* Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Héraðslæknir tilnefnið lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Bæjarstjórn kýs formenn nefndanna. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað

umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Lög og reglugerðir viðkomandi nefnda verði send út með dagskrá fyrsta fundar til aðalmanna og varamanna.

#### V. KAFLI

#### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

##### *Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

##### *Boðun funda.*

Bæjarstjóri bæjarfélagsins undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrælsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður, í samráði við forseta bæjarstjórnar, hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

##### *Starfsmannaráðning.*

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

##### *Ráðning fastráðinna.*

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

##### *Ráðning lausráðinna.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

##### *Kjör og skyldur starfsmanna.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.



## VI. KAFLI

## Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

## 65. gr.

*Fjárhagsáætlun.*

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

## 66. gr.

*Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 67. gr.

*Fjárhagsáætlun – endurskoðuð.*

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

## 68. gr.

*Þriggja ára áætlun.*

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 69. gr.

*Áætlanir í ráðuneyti.*

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

## 70. gr.

*Ársreikningur.*

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjórinn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sett er af bæjarstjórn Vesturbyggðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Vesturbyggðar, nr. 615/1996, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júlí 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

**SAMÞYKKT****um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra.****I. KAFLI****Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.**

## 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er skipuð 9 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

## 2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

## 3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Rangárþings ytra samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

## 4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

## 5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

## 6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Rangárbings ytra er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.**

## 7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta mánudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu í stofnunum sveitarfélagsins hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar hafi hún ekki verið afhent í lok hans.

#### 12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

#### 13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

#### 14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

#### 15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

#### 16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna

til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

## 17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal ef unnt er haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi sveitarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti og/eða sveitarstjórn ákveði annað.

## 21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundu nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn-málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

### 23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venlamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

### 24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

### 25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

## 26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en eina klukkustund ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

## 32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp eða prentuð út til yfirlestrar fyrir fundarmenn ef hún hefur verið rituð í tölvu, sbr. næstu málsgrein, og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

## III. KAFLI

**Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

## 33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.



## 34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókuum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

## 38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá þóknun úr sveitarsjóði samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri situr fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í hreppsráðið.

Sveitarstjórn skal veita fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

## 45. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði, annan og fjórða fimmtudag mánaðarins kl. 13.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðsins eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

## 46. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi í samráði við formann hreppsráðsins. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjórninn varamann hans á fund.

## 47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann hafi sveitarstjórnin ekki gert það, varaformann og ritara hreppsráðsins. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver hreppsráðsmanna óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Um ritun fundargerða hreppsráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 48. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála-  
stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með

stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

#### 49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi hreppsráðs ef þess er óskað.

#### 50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann ef sveitarstjórnin hefur ekki skipað hann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

#### 51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

#### 53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

#### 54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

#### 55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar

skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsráðið og/eða sveitarstjórnina.

## 57. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:  
*Hreppsráð.* Þrjú sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
- B. **Til fjögurra ára,** sbr. þó ákvæði 40. gr. laga nr. 45/1998. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk atvinnu- málanefndar er að:
    - a. vera sveitarstjórn og íbúum til ráðuneytis um allt er varðar atvinnu- og ferðamál í sveitarfélaginu og fylgjast með og stuðla að framþróun þeirra mála í Rangárþingi ytra,
    - b. ýta undir almennan áhuga á atvinnu- og ferðamálum sveitarfélagsins og stuðla að aukningu á nýjum störfum innan sveitarfélagsins,
    - c. annast tengsl við þau fyrirtæki sem hlutafé hefur verið lagt til,
    - d. ráðstafa því fé sem varið er til nýsköpunar eða stuðnings atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar,
    - e. annast önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.
  2. *Skipulags- og bygginganefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
  3. *Fjallskilanefndir* skulu vera fyrir hvorn afrétt, skipaðar þremur aðalmönnum í hvorri og jafnmörgum til vara, en aðal- og varamenn skulu vera nytjarétthafar í viðkomandi afrétti. Sveitarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara í hverja fjallskilanefnd. Nytjarétthafar á hvorum afrétti tilnefna tvo aðalmenn og tvo varamenn úr sínum röðum í hvora fjallskilanefnd. Nytjarétthafar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að hún skipi alla aðalmenn nefndar. Skipun í fjallskilanefnd Holtamannaafrettar verði gerð í samráði við sveitarstjórn Ásahrepps. Verkefni fjallskilanefndanna eru að:
    - a. ákveða upprekstrartíma á afréttina og fjölda fjár ef þörf er fyrir takmörkun á hámarksfjölda og hafa umsjón með hreinsun afréttanna og réttum,
    - b. önnur þau verkefni sem varða nýtingu afréttanna sem sveitarstjórn ákveður.
  4. *Yfirkjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Sveitarstjórn hefur heimild til að skipa undirkjörstjórnir síðar, jafn margar og kjördeildir eru.

5. *Stjórn eignaumsjónar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með eignum sveitarfélagsins. Hlutverk stjórnar eignaumsjónar er að:
  - a. sjá um rekstur og framkvæmdir á og við fasteignir sveitarfélagsins,
  - b. gera fjárhagsáætlanir fyrir rekstur og framkvæmdir við eignir sveitarfélagsins,
  - c. fara árlega yfir fjárhagstillögur fyrir þær fasteignir sem nefndinni er falið að hafa umsjón með og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir til. Enn fremur fylgist stjórnin eftir föngum með hvernig fjárhagsáætlanir fyrir fasteignirnar standast. Nefndin gerir tillögur að lánsfjárbörf ef ljúka þarf sérstökum byggingaráföngum,
  - d. líta eftir því í samráði við sveitarstjóra að fasteignir sveitarfélagsins séu búnar nauðsynlegum búnaði og eðlilegt viðhald fari fram,
  - e. gera tillögu að ráðningu starfsmanns í samráði við sveitarstjóra til að annast daglegan rekstur.
6. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
7. *Búfjáreftirlit* samkvæmt ákvæði 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
8. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994. Einn fræðslunefndarmaður frá Ásahreppi á seturétt á fundum fræðslunefndar þegar málefni skólanna að Laugalandi eru til umfjöllunar með sömu réttindum og nefndarmenn frá Rangárþingi ytra. Verkefni fræðslunefndar eru samkvæmt ákvæðum grunnskóla- og leikskólalaga.
9. *Menningarmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verkefni menningarmálanefndar eru að:
  - a. hafa umsjón með almenningsbókasöfnum sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/1997.
  - b. hafa forgöngu um eflingu menningarstarfsemi hvers konar innan sveitarfélagsins,
  - c. hafa umsjón með rekstri félagsheimila í samráði við samstarfsaðila.
10. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir varamenn. Verkefni eru samkvæmt lögum um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Félagsmálanefnd sinnir verkefnum húsnæðisnefndar, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Verkefni eru samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
12. *Íþróttá- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk æskulýðs- og íþróttanefndar er að:
  - a. hafa umsjón með allri æskulýðsstarfsemi í sveitarfélaginu, þar með töldum íþróttahúsum, íþróttavöllum, sundlaugum og félagsmiðstöðvum. Forstöðumenn þessara starfsstöðva, húsverðir og aðrir starfsmenn heyrja undir umsjón æskulýðs- og íþróttanefndarinnar,
  - b. vera sveitarstjórn til ráðuneytis um hvaðeina sem getur aukið fjölbreytni í æskulýðsstarfinu og getur um leið fallið að fjárhagslegri getu sveitarfélagsins,
  - c. hafa náð samráð við fræðslunefnd og forstöðumenn fræðslumála í sveitarfélaginu og samþætta starfsemi þessara sviða eins og unnt er og hagkvæmt þykir.
13. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk umhverfisnefndar er að:
  - a. vera sveitarstjórn til ráðgjafar um hvaðeina sem betur má fara í umhverfismálum sveitarfélagsins,
  - b. sjá um árlega veitingu umhverfisverðlauna til lóðar/húss, býlis, fyrirtækis og frístudalóðar/húss vegna góðrar umgengni og snyrtimennsku. Nefndin velur þá sem fá umhverfisverðlaun,

- c. undirbúa þátttöku sveitarfélagsins í „Staðardagskrá 21“ og gera um það tillögur til sveitarstjórnar.
14. *Öldrunarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Mögulegt er samstarf við Ásahrepp í þessum málaflokki. Verkefni öldrunarnefndar eru að:
- sjá til þess að farið sé að ákvæðum laga um málefni aldraðra,
  - styðja við félagsstarf aldraðra og leita leið til aukinnar fjölbreytni á því sviði.
15. *Hálendisnefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Verkefni hálendisnefndar eru:
- að fylgjast með þróun í umgengni og ferðamennsku um hálendið (samráð við atvinnu- og ferðamálanefnd),
  - þátttaka í gerð skipulagstillagna á hálendinu,
  - að taka þátt í mörkun stefnu um þróun samgangna á hálendinu,
  - að hafa umsjón með viðhaldi og nýtingu gistiskála í eigu sveitarfélagsins á hálendinu og við jaðar þess,
  - að vera fulltrúi sveitarfélagsins í nefnd um friðland að Fjallabaki.
16. Fulltrúar á *landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga* samkvæmt lögum sambandsins.
17. Fulltrúar á *aðalfund SASS* samkvæmt samþykktum samtakanna.
18. Fulltrúar í *héraðsnefnd Rangæinga* samkvæmt samningi þar um.
- C. Ýmis verkefni og nefndir sem sinna sameiginlegum verkefnum með öðrum sveitarfélögum eða samstarfsaðilum, með fyrirvara um að sveitarfélagið eigi rétt á manni í viðkomandi nefnd eða stjórn.**
- Almannavarnarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
  - Barnaverndarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. og 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
  - Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
  - Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Heilsugæsla Rangárþings*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Stjórn Menningarmiðstöðvarinnar að Laugalandi*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Ásahreppur sem er samstarfsaðili Rangárþings ytra um menningarmiðstöðina skipar einn aðalmann í stjórnina og einn til vara.
  - Stjórn Hitaveitu Rangæinga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Brunavarnir Rangárvallasýslu bs*. Einn aðalmaður og annar til vara.
  - Sorpstöð Rangárvallasýslu bs*. Einn aðalmaður og annar til vara.
  - Húsnefnd Brúarlundar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Fiskeldisstöðin Fellsmúla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Málefni veitna (vatnsveitur og fráveitur)*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
  - Holtaveitan*. Einn aðalmaður og annar til vara.
  - Húsakynni bs*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.

## 58. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.**

59. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hreppsráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjórnin er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.**

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

## 66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum sveitarstjórnarmönnum með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

## 68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

## 70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*



# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps nr. 689/1998, með síðari breytingum.

### 1. gr.

7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, fyrsta þriðjuda; hvers mánaðar, eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

### 2. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

- A. Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til fjögurra ára, á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og annast nefndin m.a. málefni heimilisþjónustu, framfærslumál, öldrunarmál og áfengisvarnir. Félagsmálanefnd fer jafnframt með hlutverk jafnréttisnefndar, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
  2. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. einnig 8. mgr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
  3. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Landbúnaðarnefnd fer með stjórn búfjárefirtirlits, fjallskila og tilnefni einn búfjárefirtirlitsmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 og skipar fjallskilastjóra samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
  4. *Skólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
  5. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
  6. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
- B. Nefnda- og fulltrúaskipan samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar, Eyþings eða við einstök sveitarfélög:
1. *Aðalfundur Eyþings*. Tveir aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.
  2. *Barnaverndarnefnd*. Svalbarðsstrandarhreppur á aðild að sameiginlegri barnaverndarnefnd átta sveitarfélaga við Eyjafjörð, sbr. samning frá 24. nóvember 1999, sbr. heimild í 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Aðildarsveitarfélög þessa samnings, önnur en Akureyrarkaupstaður, kjósa einn fulltrúa í nefndina og varamann á fyrsta fundi (vorfundi) héraðsnefndar Eyjafjarðar sem haldinn er að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
  3. *Héraðsnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, samning um héraðsnefnd Eyjafjarðar frá 1. ágúst 1990 og samþykkt um héraðsnefnd frá 9. desember 1998.

4. *Svæðisbyggingarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gr. 1.2 í samningi um rekstur á byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis, dags. 12. desember 2001.
5. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.* Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Þar af tilnefni Akureyrarkaupstaður þrjá fulltrúa og einn til vara og önnur aðildarsveitarfélög tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár og fer skipan hennar fram á aðalfundi, sbr. stofnsamning frá 15. október 1998, með síðari breytingum.
6. *Bygginganefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúi sameiginlega með öðrum sveitarfélögum, en Akureyrarkaupstað innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
7. *Bygginganefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn fulltrúa sameiginlega með öðrum sveitarfélögum, en Akureyrarkaupstað innan héraðsnefndar, sbr. 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
8. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Heilbrigðisnefnd skal skipuð til fjögurra ára á aðalfundi Eyþings að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 2. gr. samstarfssamnings sveitarfélaga á Norðurlandi eystra um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits, sbr. samþykkt frá aðalfundi Eyþings 4. september 1998, sbr. einnig lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar, aðrar en bæjarstjórn Akureyrar, tilnefna einn aðalmann og einn varamann í heilbrigðisnefnd.
9. *Minjasafnið á Akureyri*. Samkvæmt 7. gr. stofnskrár um Minjasafnið á Akureyri frá 9. desember 1998 skulu sveitarfélög í héraðsnefnd Eyjafjarðar, önnur en Akureyrarkaupstaður, skipa sameiginlega tvo fulltrúa í stjórn safnsins og jafnmarga til vara. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna.
10. *Náttúruverndarnefnd*. Sveitarfélög á svæði héraðsnefndarinnar skulu kjósa þrjá fulltrúa í náttúruverndarnefnd, sbr. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
11. *Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar*. Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skal skipuð sjö mönnum til eins árs í senn. Sveitarfélög í Eyjafirði, sbr. 4. gr. skipulagskrár Símenntunarmiðstöðvarinnar frá 29. mars 2000, tilnefna tvo fulltrúa, þar af Akureyrarkaupstaður annan en hin sveitarfélögin tilnefna sameiginlega hinn fulltrúann. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.
12. *Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyrarkaupstað innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.
13. *Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri*. Einn aðalmaður og einn til vara sameiginlega með öðrum sveitarfélögum en Akureyrarkaupstað innan héraðsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.
14. *Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.* Stjórn byggðasamlagsins er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 9. gr. stofnsamnings frá 9. desember 1998. Skal stjórnin kosin af héraðsnefnd Eyjafjarðar og skal kjörtímabil hennar vera hið sama og héraðsnefndar, þ.e. fjögur ár.
15. *Veganefnd*. Sveitarfélög, sem aðild eiga að héraðsnefndinni, önnur en Akureyri, kjósa fimm aðalmenn, sbr. samþykkt héraðsnefndar frá 13. júlí 1994 og 5. gr. vegalaga nr. 45/1994, með síðari breytingum.
16. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæminu skulu skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra, þar af tvo án tilnefningar, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar um þjónustuhóp aldraðra nr. 791/2001 og vistunarmat aldraðra (Akureyrarkaupstaður hefur skipað einn og önnur sveitarfélög í heilsugæsluumdæminu einn sameiginlega).

17. *Hafnasamlag Norðurlands*. Einn aðalmaður og annar til vara í samvinnu við sveitarstjórn Grýtubakkahrepps.
18. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara.

Samþykkt þessi, sem sett er af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júlí 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/2000.

1. gr.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda samkvæmt liðum A og B:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

*Bæjarráð*. Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn og fimm til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar nefndir kosnar.

1. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um atvinnumálanefnd frá 2. nóvember 1999.
2. *Áfengis- og vímuvarnanefnd* sem vinnur að forvörnum og er bæjarstjórn til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnamál. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn málefna aldraðra, sbr. samþykkt um skipan félagsmála á Akureyri frá 3. maí 1994. Þá sér ráðið auk þess um framkvæmd laga um húsnæðismál nr. 44/1998, önnur en fjárhagsmál sem heyra undir bæjarráð.
4. *Framkvæmdaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt frá 20. júní 2000. Nefndin annast einnig búfjárefntilvit, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1991, svo og málefni Slökkviliðs Akureyrar, Strætisvagna Akureyrar og stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar, sbr. samþykkt um framkvæmdaráð frá 20. mars 2001.
5. *Íþrótta- og tómstundaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt frá 24. apríl 1990.
6. *Jafnréttis- og fjölskyldunefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 en að auki sér nefndin um framkvæmd fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar frá 9. apríl 2002.

7. *Kjarasamninganefnd* sem hefur yfirumsjón með kjaramálum bæjarstarfsmanna. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
  8. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt um menningarmálanefnd frá 24. apríl 1990. Menningarmálanefnd annast störf þau er stjórn almenningsbókasafna eru falin samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
  9. *Náttúruverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt erindisbréfi samþykktu í bæjarstjórn 20. júní 2000.
  10. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Auk þess að fara með málefni grunnskóla fer nefndin með málefni leikskóla og tónlistarskóla, sbr. samþykkt frá 20. október 1998.
  11. *Stjórn Norðurorku*. Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og samþykkt frá 17. mars 1998.
  12. *Umhverfisráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. samþykkt bæjarstjórnar um erindisbréf umhverfisráðs frá 20. mars 2000. Umhverfisráð annast störf þau er byggingarnefnd og skipulagsnefnd eru falin skv. 6. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
  13. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
  14. Þá skulu kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins, jafnframt til fjögurra ára.
- C. **Tilnefningar** þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:
1. *Almannavarnanefnd Eyjafjarðar*, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1962, auglýsingu um samstarf um almannavarnanefndir frá 5. febrúar 1996 og samkomulag um skipan nefndarinnar frá 19. mars 1996.
  2. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar*. Þrír aðalmenn og einn til vara, sbr. samþykkt stofnfundar frá 15. nóvember 1998 og stofnsamning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. Kosið árlega.
  3. *Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara skv. gr. 2.1 í samningi um stofnun á sameiginlegri barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999.
  4. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
  5. *Hafnasamlag Norðurlands*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, sbr. stofnsamning frá 28. desember 1996.
  6. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  7. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Sex aðalmenn og sex til vara, sbr. samþykkt héraðsnefndar Eyjafjarðar frá 8. desember 1998.
  8. *Stjórn Landsvirkjunar*. Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara skv. 8. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983.
  9. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm þingfulltrúar og fimm til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  10. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*. Sjö aðalmenn og sjö til vara, sbr. samþykkt aðalfundar Eyþings frá 6. júní 1996.
  11. *Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og samþykkt frá 2. febrúar 1988.
  12. *Skólanefndir Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri*. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í hvora nefnd til héraðsnefndar sem kýs í nefndirnar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.

13. *Stjórn F.S.A. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.*
  14. *Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.*
  15. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar STAK og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá 1. febrúar 1994 ásamt breytingum frá 18. apríl 1996.*
- D. **Aðrar nefndir** sem stofnaðar verða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl 2002 breytingu á „deiliskipulagi Suðrhafnar“, Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að verið er að leggja niður götuna Suðurgarð og færa til götur B og Cuxhavengötu, samfara því verða breytingar á lóðum og byggingareitum. Jafnframt er lóð A á reit 5.4c skipt í tvennt og heimiluð olúbirgðastöð á henni.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. júlí 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, strandhverfi við Arnarnesvog.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að á áður óbyggðu svæði og hafnarsvæði er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun fyrir íbúðir, verslun, þjónustu og stofnanir og á afmörkuðu svæði iðnaði. Svæði meðfram strönd að fyllingu verður opið, óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir um 760

íbúðum, atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, allt að 10.000 m<sup>2</sup>, lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðsströnd, hverfisþjónustu o.fl.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979 – 1999, breytt lega hafnargarða.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979 – 1999 frá 19. janúar 1981.

Breytingin felst í breyttri legu hafnargarða á hafnarsvæðinu sunnan Norðfjarðarvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um (3) breytingu á reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Heimilt er að meta til hækkunar greiðslna þegar um er að ræða þunga umönnun framfærenda vegna fatlaðra og langveikra barna í umönnunarflokkum 1, 2 og 3 hér að neðan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. gr., sbr. 13. gr., laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 8. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt Gerðahrepps að fasteignum, jörðum og landi innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., nr. 22/1932 og 31. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur hreppsnefnd Gerðahrepps samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum eignum:

<i>Land/mannvirki</i>	<i>Skráður eigandi</i>
Kötluhóll	Inga, Ásgeir, Jóel, Guðríður og Jónassína Jóelsbörn.
Reynistaður	Kristín, Guðbergur, Einar, Inga og Þórdís Ingólfsbörn.
Litli Hólmur	Fiskþurrkun ehf.
Stóri Hólmur	Sigrún, Bjarni, Margrét, Sigríður og Guðmundur, Kjartansbörn.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Árnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar svæði við Árnes:

Norðan Þjóðveggar 32 er fellt niður framtíðarþéttbýlissvæði en gert ráð fyrir tveimur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis (íbúðarhúsa) og landbúnaðar.

Afmörkun frístundabyggðarsvæðis norðan Þjóðveggar er breytt og frístundabyggðarsvæði við Kálfá er stækkað til norðurs en útivistarsvæði til sérstakra nota verður á Reykjanesi.

Sunnan Þjóðveggar 32 er gert ráð fyrir þremur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis og landbúnaðar auk iðnaðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Að Akursbraut verður aðalbraut og biðskylda verður á umferð af neðri hluta Suðurgötu gagnvart umferð á Akursbraut.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Sýslumaðurinn á Akranesi, 4. júlí 2002.*

**Ólafur P. Hauksson.**

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (V).

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans, að því leyti sem hún lýtur að réttindum úr lífeyrissjóðum og réttindum til barnabóta:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja.

Vísað er til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem hér er ræðir í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001 frá 17. janúar 2001. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 89/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu nr. 526/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nr. 507/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 23, 2. maí 2002, bls. 370-375, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 507/2002.



3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Garðabraut 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að lóð nr. 2 við Garðabraut er stækkuð í átt að Garðabraut og í stað þess að vera svæði fyrir verslun og þjónustu verður lóðin skilgreind sem svæði fyrir blandaða landnotkun íbúða, verslunar og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Furulundur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin varðar landnotkun á vesturhluta reits norðan Furulundar sem breytist úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (V) (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi).

#### 1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við Samninginn um evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001 frá 17. janúar 2001 skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 89/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá fjármálaráðuneyti nr. 523/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti nr. 507/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 23, 2. maí 2002, bls. 370-375, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 507/2002.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga, nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, frístundabyggð í landi Minni-Mástungu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að 4 hektarar lands í landi Minni-Mástungu breytast úr ræktuðu landi í orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um fólksflutninga á landi.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið.

###### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri. Reglugerðin gildir einnig um akstur sérleyfisbifreiða og skóla-bifreiða, sbr. 8. gr. laga nr. 73/2001, þegar notaðar eru bifreiðar sem rúma þrjú til átta farþega og um akstur sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu, sbr. 4. mgr. 6. gr. og 10. gr. laga nr. 73/2001.

Reglugerð þessi gildir ekki um akstur í eigin þágu. Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt reglugerð þessari, skal uppfylla gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar.

###### 2. gr.

##### Markmið

Markmið reglugerðar þessarar er að skapa almenn skilyrði fyrir starfsgrein fólksflutninga á landi þar sem m.a. er tekið mið af reglum sem innleiddar hafa verið vegna aðildar Íslands að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði.

Reglugerð þessi setur einnig fram skilyrði við veitingu styrkja til reksturs sérleyfa til þess að unnt sé að uppfylla markmið laga nr. 73/2001, um almenningssamgöngur í landinu. Taka skal mið af þörfum notenda þjónustunnar, m.a. fyrir gæði, verð, öryggi og ferðatíðni.

#### II. KAFLI

##### Orðskýringar.

###### 3. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- Almennt rekstrarleyfi:* Leyfi skv. 4. gr. sem allir sem stunda fólksflutninga, vöruflutninga og/eða efnisflutninga gegn endurgjaldi þurfa að hafa.
- Sérleyfi:* Leyfi sem veitt er til reglubundinna fólksflutninga og er aðgangur annarra takmarkaður á sérleyfisleið.
- Einkaleyfi:* Sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
- Reglubundnir fólksflutningar:* Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun þar sem farþegar eru teknir upp og settir af á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.

- e. *Sérstakir reglubundnir fólksflutningar*: Reglubundnir flutningar á ákveðnum hópi farþega og aðrir farþegar eru útilokaðir.
- f. *Óreglubundnir fólksflutningar*: Aðrir fólksflutningar en þeir sem tilgreindir eru í d- og e-lið. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.
- g. *Fólksflutningar í atvinnuskyni*: Flutningur fólks gegn endurgjaldi þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn.
- h. *Fólksflutningar í eigin þágu*: Flutningur fólks sem ekki er innheimt gjald fyrir. Sem dæmi má nefna flutning starfsfólks til og frá vinnustað eða á milli vinnustaða ef fólksflutningabifreiðin er í eigu vinnuveitanda og ökumaður er starfsmaður hans. Einnig flutningur sjúklinga og vistmanna heilbrigðisstofnana, enda sé bifreiðin í eigu stofnunarinnar og ökumaður starfsmaður hennar. Ekki þarf annað leyfi til sérstakra reglubundinna flutninga en um getur í 4. gr. laga nr. 73/2001.

### III. KAFLI Leyfisveitingar.

#### 4. gr.

#### *Útgáfa leyfa.*

Vegagerðin hefur með höndum útgáfu leyfa og umsjón með eftirliti samkvæmt reglugerð þessari. Við útgáfu leyfa er henni heimilt að leita umsagnar fulltrúa hagsmunaaðila er að greininni standa.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að hafa með höndum þá fólksflutninga sem þessi reglugerð nær til. Leyfið skal gilda í allt að fimm ár og vera óframseljanlegt og nýting þess aðeins heimil einum rekstraraðila. Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því.

Ákvarðanir Vegagerðarinnar eru kærnanlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt stjórn-sýslulögum. Kærufrestur er 3 mánuðir.

#### 5. gr.

#### *Skilyrði.*

Þeir einir sem uppfylla eftirtalin skilyrði geta fengið rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga á landi:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu. Fullnægjandi fjárhagsstaða merkir að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að stofna fyrirtæki og tryggja öruggan rekstur þess. Fyrirtæki verður að hafa eigið fé og sjóði sem jafngilda a.m.k. kr. 850.000 fyrir fyrsta ökutæki og kr. 450.000 á hvert ökutæki umfram það. Til að meta fjárhagsstöðu skal Vegagerðin taka mið af þeim gögnum sem tilgreind eru í 6. gr. reglugerðar þessarar.
2. Hafa fullnægjandi starfshæfni. Til að uppfylla skilyrði um starfshæfni skal umsækjandi hafa lokið námskeiðum á vegum Vegagerðarinnar, sbr. 7. gr. Prófuð skal þekking umsækjanda á þeim sviðum sem greinina varðar. Vegna þessa skal Vegagerðin útbúa námsskrá að höfðu samráði við hagsmunaaðila sem að greininni standa og í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Þátttökugjald skal tilgreint í námsskránni. Heimilt er að veita undanþágu frá námskeiði ef umsækjandi getur sýnt fram á að hafa lokið prófi í einhverri þeirra greina sem um getur í námsskrá.
3. Hafa ekki verið dæmdur til refsivistar né framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögnum.

Framangreindum skilyrðum verður leyfishafi að fullnægja á leyfistímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. getur Vegagerðin heimilað umsækjanda að starfa sem flutningsaðili á landi að því tilskildu að hann tilkynni um tilnefningu annars aðila sem fullnægir kröfum 2. og 3. tl. 1. mgr. enda sjái hinn síðarnefndi um daglegan rekstur fyrirtækisins.

6. gr.

*Framlagning gagna.*

Þegar sótt er um rekstrarleyfi skal umsækjandi leggja fram eftirtalin gögn:

- a) Áritaðan ársreikning eða staðfest skattframtal,
- b) rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár. Vegagerðin getur óskað eftir staðfestingu endurskoðanda um að hún sé raunhæf miðað við gefnar forsendur,
- c) skriflega yfirlýsingu frá innheimtuaðila ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að umsækjandi sé í skilum með opinber gjöld,
- d) staðfestingu á starfshæfni,
- e) sakavottorð,
- f) ljósrit af skráningarskírteini bifreiða,
- g) afrit af síðustu leyfisskoðun bifreiða.

Vegagerðin leggur mat á forsendur áætlunarinnar og þau gögn sem umsókn fylgja og er henni heimilt að óska eftir frekari gögnum gerist þess þörf og vísa frá þeim umsóknum sem ekki hafa fullnægjandi gögn til stuðnings þeim.

7. gr.

*Námskeið.*

Námskeið í umsjón Vegagerðarinnar verða eftirfarandi:

- a. Grunnnámskeið fyrir alla þá sem sækja um rekstrarleyfi í fyrsta sinn skv. reglugerð þessari.
- b. Námskeið ætlað leyfishöfum eða forsvarsmönnum fyrirtækja í fólksflutningum, sem þeim er skylt að sækja til viðbótar við námskeið skv. a-lið, fari velta fyrirtækisins að jafnaði yfir 20 milljónir á ári.

Námskeið samkvæmt ákvæði þessu eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 462/1998, sbr. tilskipun nr. 96/26/EB og tilskipun nr. 98/76/EB (Stj.tíð EB, 14.10.98), um aðgang að starfsgrein farmflytjanda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum.

8. gr.

*Upplýsingar um leyfishafa.*

Vegagerðinni er heimilt að birta lista á heimasíðu sinni yfir leyfishafa og þær bifreiðar sem leyfishafar nota og uppfylla gæða- og tæknikröfur, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, til upplýsinga fyrir neytendur.

IV. KAFLI

**Reglubundnir fólksflutningar.**

9. gr.

*Sérleyfi.*

Vegagerðin getur takmarkað fjölda aðila í reglubundnum fólksflutningum á einstökum leiðum með því að veita sérleyfi á þeim leiðum. Við veitingu sérleyfa skal gerður sérstakur þjónustusamningur. Sérleyfi er leyfi til reglubundinna fólksflutninga og er það veitt sam-

kvæmt 6. gr. laga nr. 73/2001 enda hafi umsækjandi þegar leyfi samkvæmt 4. gr. sömu laga. Veita má fólksflutningafyrirtæki fleiri en eitt sérleyfi. Öðrum en sérleyfishafa er óheimilt að skipuleggja reglubundna flutninga fólks á sömu leið.

## 10. gr.

*Endurúthlutun sérleyfa.*

Handhafar sérleyfa samkvæmt eldri lögum skulu að jafnaði sitja fyrir um endurúthlutun sérleyfa á viðkomandi sérleyfisleið fram til 1. ágúst 2005, en endurúthlutað leyfi skulu ekki gilda lengur en til þess tíma. Skal eftir það eingöngu úthlutað sérleyfi að undangengnu opinberu útboði. Útboð vegna nýrrar úthlutunar sérleyfa skal fara fram með a.m.k. fimm mánaða fyrirvara. Vegagerðin skal leggja fram tillögu um gildandi sérleyfi hverju sinni til staðfestingar ráðherra.

## 11. gr.

*Þjónustusamningar.*

Gera skal þjónustusamninga við þau fólksflutningafyrirtæki sem ætlunin er að veita sérleyfi. Markmið þeirra er að tryggja almenningssamgöngur, sbr. 2. gr. Við samningsgerð skal tryggja gegnsæi, réttlæti og jafnræði. Í þjónustusamningi skal kveðið á um réttindi og skyldur aðila sem tilgreind eru í 12. gr. Greiðslur styrkja skv. samningum taka mið af áætlunum kostnaði við rekstur þjónustunnar, sem gerð er krafa um í samningi, að frátöldum áætlunum tekjum sem af þjónustunni leiðir.

Heimilt er að taka mið af eftirtöldum atriðum við útreikning á kostnaði þjónustuaðila:

- beinum rekstrarkostnaði við að uppfylla kvaðir þjónustusamnings,
- hlutfallslegri þátttöku í föstum kostnaði þ.m.t. afskriftum og fjármagnskostnaði fyrirtækisins vegna þjónustunnar að teknu tilliti til eðlilegs eiginfjárlutfalls,
- eðlilegum hagnaði eigin fjár,
- tekjumissi vegna kvaða samnings.

Þá skal taka tillit til eftirfarandi atriða við útreikning á tekjum þjónustuaðila:

- tekna vegna far- og farmgjalda og vegna starfsemi sem tengist beint þjónustunni, t.d. af auglýsingum og veitingasölu,
- lækkunar á kostnaði sem kemur til vegna þjónustunnar, t.d. vegna afsláttar og annarra styrkja.

Þegar um er að ræða bætur vegna kvaða um gjaldskrá sem hefur áhrif á flestar eða allar ferðir, skulu bætur greiddar fyrir hverja ferð og jafnframt greiddar öllum sérleyfishöfum sem bjóða sambærilega þjónustu. Við útreikning bóta skal taka mið af meðaltalsáhrifum á þá þjónustuaðila sem verða fyrir fjárhagstjóni.

Samningsfjárhæð skal taka mið af því að hagkvæmni sé gætt í rekstri, skilvirk stjórnun sé fyrir hendi með fullnægjandi þjónustu. Heimilt er að hafa ákvæði um útreikning bóta vegna sérstakra aðstæðna sem upp kunna að koma og þarf að tilgreina sérstaklega í samningi. Upphæð bóta skal vera ákveðin fyrir allt tímabilið.

Einungis má styrkja þjónustu ef viðkomandi þjónustuaðili, út frá viðskiptahagsmunum, myndi ekki uppfylla kvaðir samnings án bóta.

Við samningsgerð skulu aðilar leggja fram öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að tryggja gegnsæi og sanngjarna samningsupphæð, þ.m.t. staðfestar upplýsingar um rekstur, farþegafjölda og aðra flutninga.

Takist slíkur samningur ekki milli aðila skal Vegagerðin efna til útboðs, eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila sem stunda fólksflutninga, svo sem skólaakstur. Vegagerðin getur, séu fyrir því veigamikil rök, efnt til útboðs án undangenginnar tilraunar til þjónustusamnings fyrir 1. ágúst 2005.

## 12. gr.

*Réttindi og skyldur.*

Í þjónustusamningi er heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- Ferðatíðni á sérleyfisleið; áreiðanleika þjónustu.
- Ferðaleið þ.m.t. ákvæði um miðstöðvar.
- Viðkomustaði.
- Gjaldskrá og farmiðakerfi.
- Stærðarkröfur til bifreiða sem skal nota við aksturinn.
- Gildistíma samnings.
- Uppsagnarákvæði samnings.
- Greiðslur.
- Upplýsingaskylda.
- Umhverfisstuðla, t.d. orkunýtingu, lágörkun mengunar og gróðurhúsalofttegunda.
- Öryggiskröfur.
- Réttindi farþega.
- Skyldu til að leggja til aukabifreiðar til aksturs ef nauðsyn krefur.
- Aðgengi fatlaðra.
- Aðgengi notenda og þarfir notenda í dreifbýli.
- Tengingar við aðrar samgöngur (flug, skip, aðrar áætlunarbifreiðir) þ.m.t. samgöngumiðstöðvar.
- Eftirlitsákvæði um framkvæmd samnings.
- Vanefndarákvæði og úrræði stjórnvalda til þess að halda uppi almenningssamgöngum á landi.
- Ákvæði um endurskoðun samnings.

## 13. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Sérleyfishafi skal veita yfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar ef þörf krefur vegna eftirlits og mats á frammistöðu hans samkvæmt þjónustusamningi. Upplýsingarnar geta verið t.d. um gjalddóku, fjölda farþega, kvartanir og vandamál eða atvik tengd öryggi þjónustunnar.

## 14. gr.

*Aðskilin starfsemi.*

Gert skal að skilyrði fyrir þjónustusamningi að fólksflutningafyrirtækið reki starfsemina samkvæmt þjónustusamningnum bókhaldslega aðskilda frá annarri starfsemi, þannig að styrkur samkvæmt samningnum greiði ekki niður aðra starfsemi sérleyfishafans.

## 15. gr.

*Farangur og farmiðar.*

Í þjónustusamningi skal kveðið á um heimild farþega til að hafa með sér, án sérstakrar greiðslu, farangur allt að 20 kg að þyngd.

Sérleyfishafi skal afhenda farþega löglega kvittun fyrir greiddu fargjaldi. Vegagerðinni er heimilt að skylda sérleyfishafa til að nota sérstakar farmiðavélar, þ.e. tölvubúnað sem heldur utan um sölu farmiða, prentar út farmiðakvittanir og geymir upplýsingar sem eru aðgengilegar Vegagerðinni.

## 16. gr.

*Útboð.*

Við gerð útboðs skal miða við lög um framkvæmd útboða hjá ríkinu. Útboðsskilmálar skulu efnislega taka mið af sömu skilyrðum og þjónustusamningar sbr. 11.-15. gr. Útboðs-

tími skal vera sex ár með möguleika á framlengingu um tvö ár. Vegagerðin getur, séu fyrir því veigamikil rök, haft þennan útboðstíma styttri.

17. gr.  
*Einkaleyfi.*

Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum eða byggðasamlögum einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum innan sveitarfélags. Slík leyfi eru ótímabundin.

Einkaleyfishafi getur, að undangengnu útboði, falið öðrum tímabundið að annast almenningssamgöngur með bifreiðum samkvæmt einkaleyfi.

V. KAFLI  
**Almenn ákvæði.**

18. gr.  
*Leyfishafar.*

Leyfi má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum, sameignarfélögum eða byggðasamlögum enda uppfylli þau skilyrði um fullnægjandi fjárhagsstöðu. Hjá lögaðila skal starfa forsvarismaður sem ber ábyrgð á rekstrinum og uppfylla skilyrði 2. og 3. tl. 1. mgr. 5. gr.

Látist leyfishafi eða forsvarismaður leyfishafa eða verði svo líkamlega eða andlega vanhæfur að hann geti ekki lengur gegnt starfi sínu er heimilt að reka fólksflutningafyrirtækið tímabundið, að hámarki í eitt ár. Tilnefna skal forsvarsmann í slíku tilviki og tilkynna til Vegagerðarinnar.

19. gr.  
*Réttindi, umgengni og merking.*

Leyfishafar skulu gæta þess að bifreiðarstjórar þeirra hafi tilskilin ökuréttindi og séu að öðru leyti til þess fallnir að starfa við fólksflutninga. Bifreiðarstjóri skal bera auðkenni frá leyfishafa sem sýna að hann sé starfsmaður hans.

Leyfishafar, bifreiðastjórar þeirra og afgreiðslumenn skulu gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni. Halda skal bifreiðum þrífalegum að utan sem innan eftir því sem við verður komið.

Við leyfisskoðun hópferðabifreiðar fá leyfishafar rúðumerki í framrúðu bifreiðar. Leyfishafi skal hafa afrit leyfis í fólksflutningabifreiðum sínum.

20. gr.  
*Akstur sérútbúinna bifreiða.*

Vegagerðin skal veita leyfi til notkunar sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé eingöngu notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi leyfi skv. lögum nr. 73/2001. Leyfi samkvæmt þessari grein er ekki veitt á hverja einstaka bifreið heldur einungis á rekstraraðila. Hann skal þó merkja þær bifreiðar sem hann notar til akstursins. Leyfi þetta skal í fyrsta sinn gilda í eitt ár en síðan í fimm ár í senn og vera óframseljanlegt.

21. gr.  
*Eftirlit og leyfisgjöld.*

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa:

1. Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga skal greiða 3.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.400 kr. vegna hvernar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.



2. Fyrir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, sem uppfylla þurfa gæða- og tækni-kröfur, skal greiða 4.000 kr. árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi. Enn fremur skulu eigendur þessara sérútbúnu bifreiða greiða árlega 1.400 kr. vegna hvernar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
3. Fyrir sérleyfi og einkaleyfi skal greiða 20.000 kr. árlegt gjald.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreindra leyfa aðskildum í bókhaldi. Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum. Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

## VI. KAFLI

### Viðurlög.

22. gr.

*Stöðvun starfsemi.*

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt reglugerð þessari án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni skylt að fela lögreglu að stöðva starfsemina og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

23. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum nr. 73/2001 og reglugerð þessari geta varðað sektum og/eða leyfis-sviptingu sbr. 15. gr. laga nr. 73/2001, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

24. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum nr. 389/1999.

*Samgönguráðuneytinu, 4. júlí 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Stykkishólms 1985-2005.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er öðlist gildi 1. ágúst 2002.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

### I. SMÁSALA

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) selja orku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

#### A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem: heimilisnotkun, lýsing, smávéla-notkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald .....	7,74 kr./kWh
Fastagjald .....	5.645 kr./ári

#### A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld, birtustýrð utanhússlýsing í umsjá RARIK.

Orkugjald .....	7,74 kr./kWh
Viðhaldsgjald .....	3,51 kr./kWh
Fastagjald .....	5.645 kr./ári

#### A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald .....	5,64 kr./kWh
Fastagjald .....	18.850 kr./ári

#### A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 6 kW.

Orkugjald af allri notkun .....	4,55 kr./kWh
Orkugjald eftir aukaafslátt RARIK vegna rafhitunar .....	3,38 kr./kWh
Aflgjald (lágmark 6 kW) .....	8.035 kr./kWh/ári
Fastagjald .....	13.930 kr./ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu.....	7,74 kr./kWh
Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.	

#### A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa.

Orkugjald .....	5,56 kr./kWh
Fastagjald .....	42.130 kr./ári

**B.1 Aflmæling.**

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarmotkun. Lágmarksafli 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.) .....	2,49 kr./kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl) .....	3,91 kr./kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. okt.) .....	754 kr./kW/mán
Aflgjald vetur (1. nóv. til 31. mars) .....	1.508 kr./kW/mán
Fastagjald .....	42.130 kr./mæli/ári
Viðbótarorkugjald fyrir hundraðshlutastig fasviks .....	0,079kr./kWh
Viðbótarorkugjalds getur RARIK krafist falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði niður fyrir 0,9, sjá nánar í kafla um skilgreiningar og ýmis ákvæði.	

**B.2 Súgurrkun.**

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald .....	2,26 kr./kWh
Aflgjald .....	3.780 kr./kW/ári
Fastagjald .....	5.645 kr./ári

**C.1 Rofin daghitun.**

Rafhitun heimila með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald .....	4,54 kr./kWh
Fastagjald .....	17.615 kr./ári
Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.	

**C.2 Næturhitun.**

Rafhitun heimila með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald .....	3,08 kr./kWh
Fastagjald .....	5.645 kr./ári
Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.	

**D.1 Rofin daghitun.**

Rafhitun húsnæðis með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald .....	4,54 kr./kWh
Fastagjald .....	17.615 kr./ári

**D.2 Næturhitun.**

Rafhitun húsnæðis með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald .....	3,08 kr./kWh
Fastagjald .....	17.615 kr./ári

**D.3 Órofin hitun.**

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. sept. ....	4,54 kr./kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl .....	6,32 kr./kWh
Fastagjald .....	17.615 kr./ári

**G.1 Ótryggð orka.**

Uppfylla þarf skilmála Landsvirkjunar og RARIK um sölu ótryggðrar orku og gera þarf skriflegan samning milli RARIK og kaupanda.

Orkugjald, 1. verðþrep .....	1,375 kr./kWh
Orkugjald, 2. verðþrep .....	1,783 kr./kWh
Orkugjald, 3. verðþrep .....	3,421 kr./kWh
Fastagjald .....	159.650 kr./ári

**G.2 Víkjandi orka.**

Uppfylla þarf skilmála RARIK um sölu víkjandi orku.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.) .....	2,339 kr./kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl) .....	3,615 kr./kWh
Fastagjald .....	159.650 kr./ári

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma RARIK vísast í framangreinda skilmála.

**S.1 Sumartaxti.**

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mán-uði.

Orkugjald .....	2,49 kr./kWh
Aflgjald .....	609 kr./kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

**80.10 Ómæld smánotkun.**

Um er að ræða smánotkun (mælitæki, magnarar o.p.h.), þar sem mælingu verður ekki við komið. Miðað er við að uppsett afl á notkunarstað sé undir 0,5 kW. Gjaldtaka fyrir afl miðast við uppsett afl, en þó að lágmarki 0,05 kW fyrir hvern tengistað. Fastagjald skal greiða fyrir hvern tengistað.

Aflgjald .....	67.802 kr./kW/ári
Fastagjald .....	4.645 kr./tengistað/ári

**H.1 Hitaveita R/O.**

Hitun heimila:

Orkugjald .....	3,07 kr./kWh
Vatnsgjald .....	42,20 kr./m <sup>3</sup>
Fastagjald .....	15.285 kr./ári

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

**H.2 Hitaveita R/O.**

Orkugjald .....	3,22	kr./kWh
Vatnsgjald .....	42,20	kr./m <sup>3</sup>
Fastagjald .....	15.285	kr./ári

**H.3 Hitaveita Siglufirði.**

Heitt vatn um rennslismæli (kranavatn):

Vatnsgjald .....	149,5	kr./m <sup>3</sup>
Fastagjald .....	2.470	kr./ári

**H.4 Hitaveita Siglufirði.**

Hitun húsnæðis um rennslismæli:

Vatnsgjald .....	84,80	kr./m <sup>3</sup>
Fastagjald .....	15.285	kr./ári

Veittur er afsláttur af vatnsgjaldi ef reiknað meðalhitastig vatns er undir 70°C.

**Mælaleiga.**

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mælir .....	948	kr./ári
Fjölfasa mælir .....	3.535	kr./ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni. Mælauppsetning er ekki innifalin í mælaleigunni.

**Innheimta og lokun.**

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu ..... 1.155 kr.

Opnunargjald:

Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opunar veitu vegna vanskila ..... 4.635 kr.

**Þjónustugjöld.**

Aukaálesturgjald .....	1.475	kr.
Seðilgjald .....	100	kr.
Leiga á fjarmæliliða .....	5.900	kr./ári
Sammælingargjald .....	129.780	kr./ári

**Niðurgreiðslur og afsláttur.**

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

*Liður C.1 Rofin daghitun:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 2,01 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr./kWh. Alls 2,426 kr./kWh.

*Liður A.5 Markmæling:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,43 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr./kWh. Alls 1,717 kr./kWh.

*Liður H.1 Hitaveita:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,84 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr./kWh. Alls 1,904 kr./kWh.

*Liður C.2 Næturhitun:*

EKKI er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,15 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr./kWh. Alls 1,593 kr./kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. júlí 2000.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*

### **1. Utanhússlýsing.**

RARIK sér um uppsetningu lýsingarkerfa utanhúss samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast RARIK á sinn kostnað, enda greiði notandi viðhaldsgjald samkvæmt smásölugjaldskrá.

### **2. Markmæling.**

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

### **3. Aflgjaldsmæling.**

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Sé um fleiri en einn mæli að ræða skal greiða fastagjald fyrir hvern viðbótarmæli og sammælingargjald að auki ef sam-mæling er grundvöllur aflsölu. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sum-

arverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku. Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

#### 4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (*Taxti þessi er ekki veittur nýjum notendum frá árinu 1995*).

#### 5. Véla- og tækjanotkun.

Falli meðalfasvixsstuðull í tilteknum mánuði á tímabilinu 1. október til 1. maí, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast viðbótarorkugjalds, 0,079 kr./kWh, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

#### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra affrekra raftækja, getur RARIK takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafli er takmarkað, áskilur RARIK sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

Heimilt er að gera tímabundna sérsamninga um orkuviðskipti í sérstökum tilfellum sem víkja frá almennri smásölugjaldskrá. Til sérsamninga teljast m.a. víkjandi orka, ótryggð orka, samningar vegna gagnkvæmra viðskipta með raforku (varaafli) og aðrir sérsamningar við stærstu notendur þar sem um mikla orkunotkun er að ræða.

#### 7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengist skipunum beint, ekki til annarra nota hafnanna, svo sem lýsingar og gámatenginga. Hér er um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessara nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

#### 8. Ótryggð orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar RARIK um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991. Skilyrði fyrir viðskiptum er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli RARIK og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

### 9. Víkjandi orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar RARIK um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

## II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA

### 1. Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Orkuveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Selfossveitna bs. og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Aðilar skulu gera með sér viðskiptasamning á grundvelli gjaldskrárinnar með nánari útfærslu eftir því sem þeir telja þörf á.

### 2. Gjöld.

Áskriftaraflgjald .....	10.252	kr./kW/ári
Yfirafl .....	0	kr./kW/ári
Vetrargjald orku .....	2,55	kr./kWh
Sumargjald orku .....	1,28	kr./kWh
Tengigjald .....	389.340	kr./ári
Fastagjald .....	42.130	kr./ári
Flutningsorkugjald .....	0,128	kr./kWh
Flutningsaflgjald .....	1.622	kr./kW
Umframorkugjald .....	23,10	kr./kWh

Afl- og orkutöp: gjaldtaka sbr. grein 3.4.

Nettengigjald: gjaldtaka sbr. grein 3.5.

Gjöld fyrir launorku: gjaldtaka sbr. grein 3.6.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts.

### 3. Skilgreiningar.

#### 3.1 Gjaldtímabil.

Vetrargjald gildir 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumargjald gildir 1. maí til 30. september. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan árs eða mánaðar skal ávallt reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

#### 3.2 Afl.

Með afl er í gjaldskrá þessari ávallt miðað við 60 mínútna meðalág. Áskriftarafl er umsamið afl samkvæmt nánari skilgreiningu í viðskiptasamningi. Yfirafl er viðbótarafli sem nánar skal skilgreint í viðskiptasamningi. Flutningsaflgjald skal greiða fyrir hæsta afltopp ársins. Í viðskiptasamningi er þó heimilt að víkja frá ákvæðinu um hæsta topp ef sérstakar aðstæður valda.

#### 3.3 Umframorka.

Umframorka er orka umfram markafl, en markafli er summa áskriftarafls og yfirafls á hverjum tíma. Aðilum er heimilt að semja um að hafa annan hátt á gjaldtöku umframorku, en samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 3.4 Afl- og orkutöp.

Í viðskiptasamningi skal skilgreina afltapahlutfall og útreikning á afltöpum. Fyrir afltöp skal greiða áskriftaraflgjald. Í viðskiptasamningi skal skilgreina nýtingartíma afltapa og útreikning á orkutöpum. Fyrir orkutöp skal greiða vetrar- eða sumargjald orku eftir því sem við á.



### 3.5 Nettengigjald.

Fyrir orku skal greiða nettengigjald. Einingarverð gjaldsins skal reikna í árslok og nema heildarkostnaði RARIK á árinu vegna tengigjalda Landsvirkjunar jafnað á heildarkaup RARIK á forgangsortu frá Landsvirkjun.

### 3.6 Launorka.

Falli meðalfasvixsstuðull í tilteknum mánuði á tímabili vetrargjalds, sbr. grein 3.1, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds, sbr. grein 2, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

## 4. Greiðslukjör.

### 4.1 Orkugjöld.

Fyrir orku, sbr. grein 2, skal greiða mánaðarlega samkvæmt mælingu.

### 4.2 Önnur gjöld.

Fyrir áskriftarafgjalld, tengigjald, fastagjald, flutningsafgjalld, afltöp, orkutöp og nettengigjald, sbr. grein 2, skal árgreiðsla áætluð í upphafi árs. Fyrir mánuðina janúar til nóvember skal mánaðarlega greiða 1/12 hluta áætlaðrar árgreiðslu og teljast þær greiðslur vera innborganir. Fyrir desember skal greiða útreiknaða árgreiðslu að frádregnum innborgunum. Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin.

### 4.2 Gjalddagi og vanskil.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

*Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Helgi Bjarnason.*

## REGLUGERÐ

### um breytingar á reglugerð um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, nr. 332/1990.

#### 1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar falla brott úr gr. 1.0:

Alvarleg meiðsl, flugliði, flugverji, hættulegur varningur, pökkun, rétt sendingarheiti, umbúðir, hleðsluríki.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við í stafrófsröð í gr. 1.0:

*Alvarleg meiðsl* (Serious Injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og:

- i) hafa í för með sér meira en 48 klukkustunda sjúkrahúsvist er hefst innan 7 daga frá þeim degi að maðurinn slasast; eða
- ii) eru fólgin í beinbroti (að frátöldu minni háttar broti á fingrum, tám eða nefi); eða
- iii) eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum; eða

iv) eru fólginn í áverka á innra líffæri; eða

v) eru fólginn í annars eða þriðja stigs bruna, eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans; eða

vi) eru fólginn í því að maður hefur orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.

*Flugliði* (Flight crew member): Áhafnaliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á flugvakt stendur.

*Flugverji* (Crew member): Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugvakt stendur.

*Flutningsskjal fyrir hættulegan varning* (Dangerous Goods Transport Document): Skjal sem er tilgreint í tæknilegu fyrirmælunum. Það er fyllt út af þeim sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis og í því eru upplýsingar um hættulega varninginn. Í skjalinu er undirrituð yfirlýsing um að varningnum sé vel og nákvæmlega lýst með réttu sendingarheiti og UN-númeri (ef til er) og að hann sé rétt flokkaður, pakkaður, merktur og með merkimiðum og í flutningshæfu ástandi.

*Gátlisti við móttöku* (Acceptance Check List): Skjal sem notað er við skoðun á ytra útliti pakka með hættulegum varningi, ásamt tilheyrandi skjölum, til að staðfesta að allar viðkomandi kröfur hafi verið uppfylltar.

*Hleðslueiningabúnaður* (Unit Load Device): Gámur eða netvörupallur, með eða án hvolfþaks, sem er sérstaklega gerður fyrir loftför. (Ath. Þessi skilgreining nær ekki til safnumbúða; sjá skilgreiningu á vörugámi að því er varðar gáma sem í eru geislavirk efni.)

*Hættulegur varningur* (Dangerous goods): Hlutir eða efni sem hætta getur stafað af gagnvart heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfi og koma fram á lista yfir hættulegan varning í tæknilegum leiðbeiningum ICAO eða þau sem eru flokkuð samkvæmt þeim leiðbeiningum.

*Umbúðir* (Packaging): Ílát ásamt hlutum eða efnum sem nauðsynleg eru til þess að ílátið gegni hlutverki sínu og tryggir að kröfum um þökkun sé fylgt.

*Rétt sendingarheiti* (Proper Shipping Name): Heiti sem nota skal um tiltekinn hlut eða efni í öllum flutningsskírteinum og tilkynningum, svo og á umbúðunum þar sem við á.

*Safnumbúðir* (Overpack): Umbúðir utan um einn eða fleiri pakka sem saman mynda eina afgreiðsluheild og einstakur sendandi notar til hagræðingar við afgreiðslu og geymslu. (Hugtakið „hleðslueiningabúnaður“ fellur ekki undir þessa skilgreiningu.)

*Tæknilegar leiðbeiningar* (Technical Instructions for the Safe Transport of Dangerous Goods by Air): Nýjasta gildandi útgáfa af „Tæknilegum leiðbeiningum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ (skjal ICAO 9284), ásamt viðaukum og hvers kyns viðbótum, samþykkt og birt að ákvörðun ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

*UN-númer* (UN Number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi hefur gefið efnum og tileknum flokkum efna til þess að unnt sé að bera kennsl á þau.

*Upprunaríki* (State of Origin): Flugmálayfirvöld í ríkinu þar sem hættulegur varningur er fyrst settur um borð í loftfar.

*Vörugámur* (Freight Container): Vörugámur, sérstaklega búinn til flutnings á geislavirkum efnum, sem á að auðvelda flutninga á slíkum efnum, hvort heldur er innþökkuðum eða óinnþökkuðum, með einni eða fleiri flutningsaðferðum. (Sjá „hleðslueiningabúnaður“ hér að framan, ef hættulegi varningurinn er ekki geislavirk efni.)

*Vöruloftfar* (Cargo Aircraft): Loftfar sem flytur vörur og eigur en ekki farþega. Í þessu sambengi eru eftirfarandi ekki taldir til farþega:

i) flugverjar;

ii) starfsmenn flugrekanda sem leyfilegt er að flytja í samræmi við fyrirmæli í flugrekstrarhandbókinni;

- iii) samþykktir fulltrúar flugmálayfirvalda; eða
- iv) menn sem hafa störfum að gegna vegna sérstakra sendinga um borð.

## 2. gr.

Grein 2.1 orðist svo:

Reglugerð þessi, sem er samhljóða viðauka 18 við Chicagosamninginn, tekur til innanlands- og millilandaflugs með íslenskum loftförum og erlendum loftförum sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir. Reglugerðin tekur einnig til erlendra loftfara sem hafa viðkomu á Íslandi eða fljúga um íslenska lofthelgi.

Hlutaðeigandi ríki sem koma að flutningi; upprunaríki, ríki sem er flogið yfir, ríki sem millilent er í og ríki áfangastaðar, geta veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar þegar brýna nauðsyn ber til eða þegar annars konar flutningsaðferð er óheppileg eða þegar ekki er unnt vegna sjónarmiða um almannaeið að fara eftir reglugerðinni. Í slíkum tilvikum skal þess ætíð gætt að allt sé gert til að viðhalda sama öryggi og reglugerðin gerir ráð fyrir.

Undanþágur í grein 2.2. orðist svo:

2.2.1 Undanþegin reglugerð þessari eru hlutir og efni sem að öðru jöfnu teldust hættulegur varningur, en er þörf á um borð í loftförum, í samræmi við ákvæði um lofthæfi eða flugrekstur, svo og ef þeirra er þörf í þeim sérstaka tilgangi sem um getur í tæknilegu leiðbeiningunum um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis.

2.2.2 Þegar hlutir eða efni, ætluð til endurnýjunar þeim sem um getur í gr. 2.2.1, eða sem hafa verið fjarlægðir vegna endurnýjunar, eru flutt í loftförum skal það gert í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar nema flutningur sé heimill til samræmis við ákvæði tæknilegra leiðbeininga.

2.2.3 Hlutir eða efni sem farþegar og flugverjar flytja, samkvæmt upptalningu í 8. hluta tæknilegra leiðbeininga, eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

## 3. gr.

Grein 3.0 orðist svo:

Hættulegum farni skal skipt í flokka hættulegra efna eða varnings, í samræmi við tæknilegar leiðbeiningar um flutning hættulegs varnings flugleiðis, útgefið af Alþjóðaflugmálastofnuninni, og byggir á tilmælum Sameinuðu þjóðanna nr. ST/SG/AC.10/11 og reglum Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar um flutning geislavirkra efna.

Í grein 4.2 fellur brott orðið „hleðsluríki“ og í stað þess kemur orðið „upprunaríki“.

## 4. gr.

Grein 5.2.7 orðist svo:

Engar umbúðir má endurnota fyrir en gengið hefur verið úr skugga um að þær hafi ekki orðið fyrir neinni tæringu eða öðrum skaða. Þegar umbúðir eru notaðar aftur skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varningur sem í þær er settur, mengist ekki.

Grein 5.2.8 orðist svo:

Ef hætta getur stafað af óhreinsuðum tómum umbúðum vegna eiginleika þeirra efna, sem þær áður geymdu, skal loka þeim vandlega og meðhöndla þær í samræmi við þá hættu sem af þeim stafar.

Í grein 6.2.1 fellur brott orðið „farmheiti“ og í stað þess kemur orðið „sendingarheiti“.

## 5. gr.

Grein 7.1 orðist svo:

Áður en flutningsbeiðandi afhendir sendingu með eða án safnumbúða, sem í er hættu-

legur varningur til flutnings flugleiðis ber honum að ganga úr skugga um að ekki sé bannað að flytja varninginn flugleiðis, að hann sé rétt flokkaður, pakkaður og merktur og með honum fylgi fullnægjandi skilríki um hættulegan varning svo sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í tæknilegu leiðbeiningunum.

Grein 7.2 orðist svo:

Flutningsbeiðandi sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis skal fylla út, undirrita og afhenda flugrekanda flutningsskjal fyrir hættulegan varning þar sem fram koma þær upplýsingar sem kveðið er á um í tæknilegu leiðbeiningunum, nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim leiðbeiningum.

Grein 7.2.2 skal orðast svo:

Í flutningsskjali fyrir hættulegan varning skal vera yfirlýsing frá flutningsbeiðanda um að varningnum sé fullkomlega og réttilega lýst, með réttu sendingarheiti farms, að hann sé flokkaður, pakkaður og merktur og þannig gengið frá honum að hann sé hæfur til flutnings flugleiðis í samræmi við reglugerð þessa og tæknilegu leiðbeiningarnar.

#### 6. gr.

Í a-lið gr. 8.1 kemur orðið „flutningsskjal“ í stað orðsins „farmskírteini“.

Í b-lið gr. 8.1 kemur orðið „safnumbúðir“ í stað orðsins „hlífðarumbúðir“.

Við bætist ný gr. 8.3, og hækka síðari liðir 8.3-8.8 með samsvarandi hætti.

8.3 Hleðsla og geymsla:

Pökkum og safnumbúðum sem geyma hættulegan varning og vörugámum sem geyma geislavirk efni skal hlaða og stafla um borð í loftfar samkvæmt fyrirmælum tæknilegu leiðbeininganna.

Í gr. 8.4.1 kemur orðið „safnumbúðir“ í stað orðsins „hlífðarumbúðir“.

Í gr. 8.4.2 kemur orðið „hleðslueiningabúnaði“ í stað orðsins „hleðslueiningu“. Í stað orðsins „einingarinnar“ kemur orðið „búnaðarins“.

Í gr. 8.4.4 kemur orðið „safnumbúðir“ í stað orðsins „hlífðarumbúðir“. Í stað orðsins „hleðslueiningu“ kemur orðið „hleðslueiningarbúnaði“. Í stað orðsins „hleðslueining“ kemur orðið „hleðslueiningarbúnaður“.

#### 7. gr.

Grein 9.3 orðist svo:

Flugmálastjórn Íslands skal tryggja að upplýsingar séu birtar á þann hátt að farþegar séu varaðir við hvers konar hættulegum varningi sem þeim er bannað að hafa meðferðis um borð í loftfar eins og mælt er fyrir um í tæknilegu leiðbeiningunum.

Grein 9.5 orðist svo:

Ef neyðarástand verður um borð, skal flugstjóri eins fljótt og unnt er, upplýsa hlutað-eigandi flugumferðarþjónustudeild um allan hættulegan varning um borð í loftfarinu til þess að unnt sé að láta flugvallaryfirvöld vita í samræmi við tæknilegu leiðbeiningarnar.

Grein 9.6.1 orðist svo:

Ef flugslys verður skal flugrekandi loftfars sem flytur hættulegan varning sem farm, án tafar veita upplýsingar um hinn hættulega farm, eins og fram kemur í skriflegri skýrslu til flugstjórans, til þeirra aðila sem veita neyðaraðstoð.

Grein 9.6.2

Ef flugatvik verður skal flugrekandi loftfars sem flytur hættulegan varning sem farm, sé fyrirspurn beint til hans, án tafar veita upplýsingar um hinn hættulega farm, eins og fram kemur í skriflegri skýrslu til flugstjórans, til þeirra aðila sem veita neyðaraðstoð.

## 8. gr.

Grein 11.0 orðist svo:

Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með því að flugrekendur fylgi ákvæðum reglugerðar þessarar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt að því er varðar póstsendingar.

## 9. gr.

13.0 orðist svo:

Flugmálastjórn Íslands (flugöryggisvið) getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi verður ekki stefnt í hættu.

## 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Jóhann Guðmundsson.*

## GJALDSKRÁ

### RARIK í Hveragerði.

RARIK (Rafmagnsveitur ríkisins) selur raforku í smásölu í Hveragerði á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

#### A.1A Almenn notkun og heimilisnotkun.

Orkugjald .....	7,89	kr./kWh
Fastagjald, 1-fasa .....	3.268	kr./ári
Fastagjald, 3-fasa .....	6.472	kr./ári

#### A.2A Skammtímanotkun (mannvirkjagerð).

Orkugjald .....	10,09	kr./kWh
Fastagjald .....	6.472	kr./ári

#### B.1A Afl- og orkumæling.

Orkugjald .....	3,04	kr./kWh
Aflgjald .....	10.848	kr./kW/ár
Fastagjald .....	58.113	kr./ári

**B.2A Götulýsing.**

Aflgjald .....	15.582	kr./kW/ár
Viðhaldsgjald .....	20.871	kr./kW/ár
Samtals .....	36.453	kr./kW/ár

**C.2A Rofin hitun.**

Orkugjald .....	4,22	kr./kWh
Fastagjald .....	4.518	kr./ári

**C.3A Næturorkunotkun**

Orkugjald .....	3,04	kr./kWh
Fastagjald .....	3.630	kr./ári

**G.2A Garðyrkjulýsing**

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.) .....	1,856	kr./kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl) .....	3,723	kr./kWh
Fastagjald .....	115.720	kr./ári

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 564, 6. júlí 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Helgi Bjarnason.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985 - 2005,  
svæði norðan og austan tjaldstæðis.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin felst í því að tvær spildur á opnu svæði til sérstakra nota norðan og austan tjaldstæðis verða svæði fyrir smáhýsi/frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995, iðnaðarsvæði austan við byggðina í Vík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal 1975-1995 frá 11. ágúst 1977.

Breytingin varðar landnotkun austan við byggðina í Vík, óbyggt svæði verður svæði fyrir iðnað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Mýrdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995 - 2015, iðnaðarsvæði norðan Ölfusár á Selfossi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar landnotkun norðan Ölfusár, opin svæði óbyggd verða iðnaðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008, Austurvegur, Eyjabýggð og Búðartangi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 - 2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin varðar landnotkun við Austurveg þar sem svæði fyrir íbúðir verður opið

svæði til sérstakra nota. Opið svæði óbyggt við Austurveg verður svæði fyrir íbúðir. Opið svæði til sérstakra nota og opið svæði óbyggt verður svæði fyrir sumar-/orlofshús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Seyðisfjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 5. júlí 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar að hættumati fyrir Seyðisfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættumatsvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ytri-Torfu- staðahrepps 1996-2016, aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012 og aðalskipulag að Reykjum við Hrutafjörð 1994-2014.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988 - 2008, Skeiðahreppur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988 - 2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin varðar stækkun á svæði gildandi aðalskipulags er varðar íbúðarbyggð, verslun og iðnað og færslu á íþróttavelli.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um mæðra- og feðralaun.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að fenginni umsókn, að greiða mæðra- og feðralaun þeim sem eiga lögheimili hér á landi. Skilyrði er að foreldri hafi tvö eða fleiri börn yngri en 18 ára á framfæri sínu, og að börnin séu búsett hér á landi hjá foreldri samkvæmt lögmætri skipan.

#### II. KAFLI

##### Greiðsla mæðra- og feðralauna til einstæðra foreldra.

##### 2. gr.

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem uppfylla skilyrði 1. gr.

Með einstæðu foreldri í reglugerð þessari er átt við:

- Foreldri sem skilið er við maka sinn að borði og sæng eða að lögum, eða hefur slitið óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.
- Foreldri sem hefur eignast börn utan hjúskapar eða óvígðrar sambúðar og hefur ekki tekið upp sambúð, samvist eða gengið í hjónaband.
- Foreldri sem er eitt vegna andláts maka.

##### 3. gr.

Upphaf greiðslna eftir skilnað foreldra skal miðast við útgáfudag leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Þegar sambúðarfólk eða fólk í staðfestri samvist

á í hlut skal miða upphaf greiðslna við dagsetningu sambúðar- eða samvistarshitavottorðs frá sýslumanni.

Þegar alveg sérstaklega stendur á er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að hefja greiðslu mæðra- og feðralauna þótt ekki liggi fyrir skilnaðarleyfi eða staðfesting á sambúðar- eða samvistarshitum. Umsækjanda ber þá að leggja fram ótvíræð gögn sem sýna að hann sjái einn um framfærslu barna sinna.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að binda greiðslur mæðra- og feðralauna því skilyrði að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða samkomulag um greiðslu framfærslueyris staðfest.

#### 4. gr.

Upphaf greiðslna vegna andláts skal vera í næsta mánuði eftir fráfall foreldris.

Heimilt er að hefja greiðslur þrátt fyrir að ekki liggi fyrir skilríki um andlát ef upp hefur verið kveðinn úrskurður um að um bú horfins manns megi fara sem dánarbú, sbr. 1. gr. laga nr. 44/1981 um horfna menn.

### III. KAFLI

#### **Greiðsla mæðra- og feðralauna til annarra en einstæðra foreldra.**

#### 5. gr.

Um greiðslur mæðra- eða feðralauna til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun og um greiðslur mæðra- eða feðralauna til maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsisrefsingu fer samkvæmt reglum tryggingaráðs nr. 951/1999 um greiðslu mæðra- og feðralauna skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

### IV. KAFLI

#### **Stöðvun greiðslna.**

#### 6. gr.

Greiðslur mæðra- og feðralauna stöðvast í lok þess mánaðar sem skilyrði fyrir greiðslum eru ekki lengur uppfyllt, sbr. þó 7. gr.

#### 7. gr.

Greiðslur stöðvast í lok þess mánaðar sem einstætt foreldri gengur í hjúskap, hefur óvígða sambúð eða staðfesta samvist við fyrri sambýlisaðila eða foreldri þeirra barna sem greitt er vegna.

Greiðslur stöðvast ári eftir að einstætt foreldri hefur óvígða sambúð eða staðfesta samvist við annan en foreldri barna eða fyrri sambýlisaðila. Þó skal stöðva greiðslur fyrsta næsta mánaðar eftir að þeim fæðist barn, sé það innan árs frá skráningu í sambúð.

### V. KAFLI

#### **Gildistaka.**

#### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr., sbr. 13. gr., laga nr. 118/1997 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um endurgreiðslu slysatrygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar (almannatryggingalaga) á nauðsynlegum kostnaði vegna lækninga hins slasaða að því leyti sem samningar um sjúkratryggingar ná ekki yfir hann, sbr. einnig reglugerð nr. 245/2002 um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar að því er varðar skilyrði til endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt slysatryggingu íþróttamanna.

Sjúkrahjálpar sem ekki fellur undir samninga um sjúkratryggingar og/eða veitt er af aðilum sem ekki hafa samning um sjúkratryggingar er eingöngu greidd úr slysatryggingum ef sérstaklega er mælt fyrir um það í reglum þessum. Endurgreiðsla fer aðeins fram gegn framvísun reikninga vegna sjúkrahjálparinnar. Aðeins er greidd sjúkrahjálpar vegna beinna afleiðinga hins bótaskylda slyss.

#### 2. gr.

##### *Læknishjálpar.*

Slysatryggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálpar hins slasaða vegna slyssins samkvæmt samningum um sjúkratryggingar. Ennfremur greiða slysatryggingar kostnað slasaða við nauðsynlega læknishjálpar vegna slyssins sem veitt er á heilsugæslustöð og fyrir komu til sérfræðings á göngudeild, slyshadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, rannsóknir og röntgengreiningar, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

#### 3. gr.

##### *Tannlækningar.*

Endurgreiðsla kostnaðar vegna tannlækninga miðast við gildandi samninga um sjúkratryggingar á hverjum tíma eða gildandi gjaldskrá ráðherra, séu samningar ekki fyrir hendi.

Að fullu skal greiða viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðsla fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað sem ætla má að orðið hefði ef þær hefðu verið heilbrigðar. Markmiðið er að bæta raunverulegt tjón slasaða af völdum slyssins.

Heimilt er að greiða styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim sem ónýst hafa við slysið.

#### 4. gr.

##### *Lyf.*

Þurfi slasaði á lyfjum að halda vegna beinna afleiðinga bótaskylds slyss greiða slysatryggingar lyfin að fullu þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem lækni eða tannlækni hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi. Endurgreiðsla fer því aðeins fram að fyrir liggi greiðslukvittun þar sem fram koma heiti og magn lyfja.

## 5. gr.

*Sjúkraþjálfun.*

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum um sjúkratryggingar. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

## 6. gr.

*Gervilimir og svipuð hjálpartæki.*

Spelkur, gervilimir og bæklunarskófatnaður vegna beinna afleiðinga slyss greiðast að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum um sjúkratryggingar, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Um fjölda slíkra hjálpartækja sem greidd eru til slasaðs á ári fer samkvæmt reglugerð um styrki til kaupa á hjálpartækjum, settri samkvæmt 3. mgr. 33. gr. almannatryggingalaga. Önnur hjálpartæki en framangreind greiðast ekki úr slysatryggingum.

## 7. gr.

*Ferðakostnaður.*

Ferðakostnaður greiðist samkvæmt 2. tl. og c-lið 3. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Sé eigin bifreið notuð í tilvikum sem ella féllu undir b-lið 2. tl. og c-lið 3. tl. sömu greinar má endurgreiða kostnað samkvæmt kílómetragjaldi. Með kílómetragjaldi er átt við viðmiðunargjald á ekinn km samkvæmt reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

## 8. gr.

*Sjúkraflutningur.*

Að fullu skal greiða sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda slasaða með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

Ef bótaskyld slys á sér stað erlendis eða um borð í íslensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað vegna sjúkraflutnings til Íslands. Sækja verður fyrirfram um greiðslu slíks flutnings.

## 9. gr.

*Dvöl á sjúkrastofnun.*

Ef slasaði þarf nauðsynlega að dveljast á sjúkrastofnun vegna beinna afleiðinga slyssins og þarf að greiða hluta kostnaðarins við dvölinu er heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum.

## 10. gr.

*Erlendur sjúkrakostnaður.*

Erlendur sjúkrakostnaður greiðist ekki úr slysatryggingum, sbr. þó 2. og 3. mgr. Ef slasaður sem staddur er erlendis og þarf nauðsynlega á sjúkrahjálpar að halda vegna afleiðinga slyssins á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglum tryggingaráðs nr. 346/2000 um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis er jafnframt heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum úr slysatryggingum.

Ef bótaskyld slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað (bráðahjálpar) vegna sjúkrahjálpar erlendis vegna slyssins.

Ef bótaskyلت slys á sér stað í ríki sem Ísland hefur gert samning við um almannatryggingar fer um greiðslu sjúkrakostnaðar samkvæmt þeim samningum.

Sé slasaða brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi fer um það eftir reglum 35. gr. almannatryggingalaga og reglugerð nr. 166/1985 um greiðslu sjúkratrygginga á kostnaði við sjúkrahjálp sem ekki er unnt að veita í íslensku sjúkrahúsi.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi kemur í stað reglna tryggingaráðs nr. 765/2000 og 148/2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 2002

17. júlí 2002

1453

Nr. 542

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn kg</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./kg</b>
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	18.07.02-31.12.02	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frýstar	18.07.02-31.12.02	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvalaafurðir, nýtt eða kælt	18.07.02-31.12.02	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatoll-afgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Norðmann.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2002

22. júlí 2002

1455

Nr. 543

## REGLUGERÐ

**um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.**

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur aðeins til varpna sem notaðar eru til togveiða á botnfiski, rækju og humri.

Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Pokinn skal allur jafnbreiður og skorinn á legg eða síðum. Heimilt er þó að þrengja poka (sekk) á leisum í tveimur öftustu metrum pokans. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka.

### 2. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu og flotvörpu skal vera 135 mm.

Botnvarpa og flotvarpa merkir samkvæmt reglugerð þessari vörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land.

### 3. gr.

Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar.

Skylt er að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs humarvörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett u.þ.b. 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur stykkisins sé festur á móti 5 upptökum efra byrðisins.

### 4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju útbúinni samkvæmt reglum þar um.

A. Innan viðmiðunarlínu á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um Rauðanúp.

B. Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 23°V.



Við veiðar á úthafsrækju fyrir Norðurlandi milli 12°V og 22°V, norðan 65°30'N, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggþokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.

Við notkun leggþoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínúmöskvana. Skal hver leggur leggþokans festur við eina upptöku vörpunnar.

#### 5. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að:

**A. Slitnet.** Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.

**B. Slitmottur.** Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gervi-efnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðunum.

**C. Styrktarnet.** Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.

Óheimilt er að nota styrktarnet nema möskvastærð í 8 öftustu metrum vörpunnar sé a.m.k. 155 mm, á svæði umhverfis Ísland og norður af Íslandi innan línu, sem dregin er þannig: 320° réttvísandi frá stað 66°17,0 N og 24°00,0 V og 12 sjómílu utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 79/1997 að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum og þaðan suðureftir um eftirgreinda punkta:

1. 64°43,7 N - 24°26,0 V
2. 64°43,7 N - 24°12,0 V

og þaðan 5 sjómílu utan við Geirfugladrang í punkt 5 sjómílu réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og þaðan í punkt 4 sjómílu suður frá Surtsey, síðan í punkt 4 sjómílu suður frá Lundadrangi og þaðan utan 4ra sjómílna frá viðmiðunarlínu austur um að 18°00,0 V og þaðan í réttvísandi 180° í stað 63°17,0 N, 18°00,0 V og síðan um eftirgreinda punkta:

1. 63°41,0 N - 15°30,0 V
2. 64°19,0 N - 12°26,0 V
3. 64°25,0 N - 12°11,0 V
4. 64°40,0 N - 11°26,0 V

og þaðan er línan dregin í réttvísandi norður út að mörkum fiskveiðilandhelginnar í punkt 69°29,5 N - 11°26,0 V og síðan í réttvísandi austur.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessa liðar er heimilt í fiskveiðilandhelgi Íslands við karfa-veiðar með flotvörpu á dýpra vatni en 200 föðmum, sunnan 66°10'N við Vesturland og sunnan 64°45'N við Austurland, að festa styrktarnet á bæði byrði vörpunnar á 40 öftustu metra hennar. Skal riðill í 20 öftustu metrum styrktarnetsins ekki vera minni en riðillinn í vörpunni en í næstu 20 metrum styrktarnetsins þar fyrir framan skal riðillinn a.m.k. tvöfalt stærri en riðill vörpunnar. Styrktarnetið festist að ofan, neðan og á hliðunum.

**D. Styrktargjarðir.** Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1,8 m en heimilt er að festa öftustu gjörðina nær kollflinnuni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

**E. Steinamottur.** Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m<sup>2</sup> alls í hverri botnvörpu.

#### 6. gr.

Heimilt er við úthafskarfaveiðar að nota í 40 öftustu metrum vörpunnar minni möskva en í 2. gr. greinir og klæða þann hluta hennar með öðrum hætti en segir í 5. gr. Tekur þetta til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20,0 N - 29°45,0 V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
2. 63°00,0 N - 26°00,0 V
3. 62°00,0 N - 27°00,0 V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N- 27°V.

Sama gildir við botnvörpuveiðar á blálöngu á Franshóli á svæði sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03,0 N - 27°25,0 V
2. 60°57,0 N - 27°25,0 V
3. 60°57,0 N - 27°40,0 V
4. 61°03,0 N - 27°40,0 V

#### 7. gr.

Við veiðar með botn- og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem um er getið í 3.- 4. gr., eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A. Við veiðar með rækjuvörpum samkvæmt 4. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.

B. Við rækjuveiðar er heimilt að binda fyrir rækjupoka allt að 40 cm fyrir ofan poka-endann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútin.

Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

C. Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm lágmarksmöskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

D. Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.-4. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

#### 8. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpur með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

Séu togveiðar á tilteknu svæði háðar því skilyrði að fótrepisvarpa sé notuð, skal sú varpa ekki búin bobbingum heldur fótrepri gerðu úr vír eða keðju, sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermál fótrepisins ekki meira en 20 cm.

Um mælingar á möskvum vísast til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

9. gr.

Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Um ólögmætan afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. maí 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 26. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpur, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júlí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2002

25. júlí 2002

1459

Nr. 544

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum út af Deild og Gelti.

#### 1. gr.

Allar línuveiðar eru bannaðar á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.  $66^{\circ} 09'00$  N –  $23^{\circ} 36'00$  V
2.  $66^{\circ} 11'00$  N –  $23^{\circ} 45'00$  V
3.  $66^{\circ} 14'00$  N –  $23^{\circ} 38'00$  V
4.  $66^{\circ} 11'72$  N –  $23^{\circ} 28'50$  V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júlí 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ólafsfjörð.

### I. KAFLI

#### Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

*Regla og næði.*

1. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

2. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun. Uppbot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Pegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

*Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.*

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns, sbr. 72. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreití, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

7. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í hífýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

## 8. gr.

Í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærrí hluti svo sem kerrur, bíla, bílhuta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta, mengun o.þ.l. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Ólafsfjarðarbæjar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

## 9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

## 10. gr.

Enginn má raska friði fugla á fuglatjörnum í bænum eða annars staðar í stjórnsýslu-umdæminu.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sér ákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 16/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 19/1994.

*Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.*

## 11. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gagnstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.þ.h.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarennda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af tæknideild og

umhverfismálaráði Ólafsfjarðarbæjar og kynntar bæjarbúum með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

## 12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

## 13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á, s.s. um áramót eða á þrettándanum.

## 14. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni.

## 15. gr.

Ef ís á Ólafsfjarðarvatni er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á hann eða sett upp viðvörumerki.

## 16. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

## 17. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlæggt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþryði.

## 18. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku

og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi bygginganefndar, sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrimælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

### Um ökutæki, umferð o.fl.

#### 19. gr.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópibifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almennum bifreiðastæðum í bæjarfélaginu, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

#### 20. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

#### 21. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í stjórnsýsluumdæmi Ólafsfjarðarbæjar og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr bænum stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýtrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarkshraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

#### 22. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

#### 23. gr.

Almennur hámarkshraði í stjórnsýsluumdæmi Ólafsfjarðarbæjar skal vera 50 km á klst. Utan þéttbýlis og á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.



## 24. gr.

Þeir, sem flytja einhvers konar farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## 25. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðir eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bygginganefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Bygginganefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

## 26. gr.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

## III. KAFLI

**Um götuspjöld og húsnúmer.**

## 27. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

## IV. KAFLI

**Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.**

## 28. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

## 29. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 07.00 til 04.00 aðfaranótt laugardags og sunnudags eða almenns frídags, en frá kl. 07.00 til 01.00 alla aðra daga, þó með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum laga um helgidagafrið nr. 32/1997. Bæjarstjórn er þó ætíð heimilt við útgáfu einstakra leyfa að ákveða skemmri opnunartíma ef staðsetning og aðrar aðstæður gefa tilefni til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að hafa veitingastaði opna til kl. 04.00 aðfaranótt 27. desember ár hvert og til kl. 06.00 aðfaranótt 1. janúar ár hvert. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótélum og öðrum gisti-stöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Dómsmálaráðherra getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

Bæjarstjórn getur ákveðið annan afgreiðslutíma en um ræðir í 1. mgr. til lengingar eða til styttingar.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

## 30. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 16 ára aðgang að leiktækjum. Miðað skal við fæðingardag. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00-23.30 daglega.

## V. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.**

## 31. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnsluumdæmi Ólafsfjarðarbæjar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála.

## 32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem hinn brotlegi kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

## 33. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarbæ nr. 178 frá 15. september 1965 með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneðis o.fl., með síðari breytingum.**

## 1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Sala á matvörum og öðrum vörum til manneðis ber 14% virðisaukaskatt samkvæmt nánari afmörkun í 2. gr. þessarar reglugerðar.

## 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Af vörum til manneðis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 14% virðisaukaskatt:

0201.1000 – 0210.9990	Kjöt og ætir hlutar af dýrum.
0302.1101 – 0307.9920	Fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar.
0401.1000 – 0401.3000	Mjólk og rjómi. Þó skal greiða 24,5% virðisaukaskatt af ógerilsneyddum vörum í þessum tollflokkum.
0402.1000 – 0410.0000	Mjólkurafurðir, fuglaegg, náttúrulegt hunang og ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.
0504.0001 – 0504.0009	Parmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum.
0511.9901	Dýrablóð.
0701.1000 – 0714.9000	Matjurtir og tilteknar rætur og hnýði.
0801.1100 – 0814.0000	Ætir ávextir, hnetur og hýði af sitrusávöxtum eða melónum.
0901.1100 – 0910.9900	Kaffi, te, maté og krydd.
1001.1001 – 1004.0009	Hveiti, meslín, rúgur, bygg og hafrar.
1005.9001 – 1008.2009	Maís (annar en fræ), rís, dúrra, bókhveiti og hirsí.
1008.9009	Annað korn, ót.a.
1101.0010 – 1105.2009	Malaðar vörur (korn, mjöl, böggjar og flögur).
1106.1000	Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum.
1106.2009	Mjöl úr sagó, rótum eða hnýðum.
1106.3000	Mjöl úr ávöxtum og hnetum.
1107.1000 – 1202.2000	Malt, sterkja, inúlín, hveitiglúten, sojabaunir og jarðhnetur.
1204.0000	Línfræ (hörfræ).
1206.0000 – 1208.9000	Sólblómafræ, önnur olíufræ, olíurík aldin og mjöl úr þeim vörum.
1211.9001 – 1211.9002	Plöntur og plöntuhlutar til manneldis (basílkum, borasurt, mynta, rós-marín, rúturunni, salvía og malurt).
1212.1000	Fuglatrésbaunir (jóhannesarbrauð).
1212.2009	Sjávargróður og þörungar (söl o.fl.).
1302.2001 og 1302.2009	Pektínefni, pektínöt, pektöt, jurta slím og hleypiefni.
1501.0011 og 1501.0021	Svína- og alifuglafeiti.
1502.0011 og 1502.0021	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum.
1503.0001	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía.
1504.1001 og 1504.1002	Porskalýsi.
1504.1004	Lýsi úr fisklifur, ót.a.
1507.1001 og 1507.9001	Sojabaunaolía.
1508.1001 og 1508.9001	Jarðhnetuolía.
1509.1001 og 1509.9001	Ólívuolía.
1510.0001	Aðrar olíur.
1511.1001 og 1511.9001	Pálmaolía.
1512.1101 og 1512.1901	Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma.
1512.2101 og 1512.2901	Olía úr fræi baðmullar.
1513.1101 og 1513.1901	Kókoshnetuolía.
1513.2101 og 1513.2901	Pálmakjarna- eða babassúolía.
1514.1101 og 1514.1901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1514.9101 og 1514.9901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1515.2101, 1515.2901, 1515.5001 og 1515.9001	Maísolía, sesamolía og önnur olía eða feiti, ót.a.
1516.1001 – 1516.2002, 1516.2009	Feiti eða olíur, hertar.
1517.1001 – 1517.9009	Smjörlíki og blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum.
1601.0010 – 1605.9029	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatn-ahryggleysingjum.
1701.1100 – 1702.9009	Sykur (þó ekki skrautsykur).
1703.1002 og 1703.1009	Reymelassi.
1703.9009	Melassi, ót.a.

1801.0000 – 1804.0000	Kakaóvörur, svo sem kakaóbaunir, kakaódeig og kakaósmjör (þó ekki kakaóduft).
1806.2002 og 1806.9021	Búðingsduft, búðingar og súpur sem innihalda kakaó.
1806.9011 – 1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innihalda kakaó.
1806.9022	Fæða sem inniheldur kakaó, sérstaklega tilreidd fyrir sjúka.
1806.9027 og 1806.2007	Morgunverðarkorn sem inniheldur kakaó.
1901.1000 – 1904.9009	Framleiðsla úr korni, fínmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk.
1905.1000	Hrökkbrauð.
1905.3122	Sætakex og smákökur sem innihalda minna en 20% af sykri.
1905.4000	Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur.
1905.9011 og 1905.9019	Brauð.
1905.9020	Ósætt kex.
1905.9030	Saltkex og kryddkex.
1905.9040	Kökur og konditorstykki.
1905.9051 og 1905.9059	Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza).
1905.9060	Nasl (snack), ót.a.
1905.9090	Brauðvörur, ót.a.
2001.1000 – 2008.9909	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum.
2101.1100 – 2101.3009	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté.
2102.1001 – 2102.2002	Ger og bökunarduft.
2102.2009 – 2102.3009	Ger og bökunarduft.
2103.1000 – 2104.2009	Sósur, súpur og seyði og framleiðsla í það, blönduð bragðefni og bragðbættiefni, jafnblönduð samsett matvæli.
2105.0011 – 2105.0029	Rjómaís og annar ís til mannelis.
2106.1000	Próteinseyði og textúruð próteinefni.
2106.9023	Blöndur jurta eða jurtahluta til lögunar á seyði.
2106.9024	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr gingsengkjörnum o.fl.
2106.9041 – 2106.9049	Búðingsduft, ót.a.
2106.9051	Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaríni og laktósa, notaðar sem sætuefni.
2106.9059	Létt smjörlíki o.fl. að meginstofni úr feiti og vatni.
2106.9062	Ávaxtasúpur og -grautar.
2106.9064	Búðingsduft með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd.
2106.9069	Ýmis matvælaframleiðsla, ót.a.
2201.9011 – 2201.9029	Drykkjarvatn, annað en ölkelduvatn.
2202.1021 – 2202.1029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9011 – 2202.9019	Blönduð mjólk (25% eða minna blönduð miðað við rúmmál).
2202.9021 – 2202.9029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2501.0001	Matarsalt í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.
2836.1001	Ammoníumkarbónat (hjartarsalt) í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.3001 og 2836.4001	Karbónöt í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.9902	Pottaska í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2918.1200 – 2918.1300	Vínsýra.
2922.4201	Glútamínsýra í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2925.1101	Sakkarín og sölt þess í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
3203.0001	Matarlitur.
3302.1010	Blöndur af ilmandi efnum til matvælaíðnaðar.
3501.9001	Kaseínöt.
3502.1101 og 3502.1901	Albúmín.
3502.2001 og 3502.9001	Albúmín.

3503.0011 og 3503.0021 Matarlím (gelatín o.fl.).  
3824.9008 Blanda úr sakkaríni og kemískum efnum í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.

## 3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 5. gr. orðast svo: Endurgreiðslutímabil fyrir rekstraraðila sem gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, skal þó vera almanaksárið.

## 4. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:  
Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 14., 42. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002 - 2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 10. júlí 2002 staðfest aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Austur-Héraðs hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgangið hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. júlí 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,  
nr. 625 22. desember 1987, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veitingastöðum, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, skal þó lokað þegar heimil-  
uðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrir en a.m.k.  
tveimur klukkustundum eftir að heimiluum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu  
hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

### 2. gr.

Við 30. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þar sem heimilt er að sýna nektardans á næturklúbbi (nektardansstað), skal tryggt að  
sýning fari fram í rúmgóðu húsnæði og er sýnendum óheimilt að fara um meðal áhorfenda.  
Hvers konar einkasýningar eru óheimilar.

### 3. gr.

Við samþykktina bætist ný 31. gr. svohljóðandi:

Borgarstjórn er heimilt að banna neyslu áfengis á tilteknum tímum á tilteknum svæðum  
borgarinnar. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

Greinarnúmer 31. gr. og 32. gr. breytast í samræmi við nýja 31. gr.

### 4. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur, hefur samið og samþykkt samkvæmt  
lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*

## AUGLÝSING

um friðlýsingu Hliðs í Bessastaðahreppi sem fólkvangs.

Að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki hreppsnefndar Bessastaða-  
hrepps hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hliðs á Álftanesi sem  
fólkvang í samræmi við 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota.  
Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem  
fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu.

Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 21. mars 2001 og eru hnitin eftirfarandi:

Punktur	Hnit: x,y	Punktur	Hnit: x,y
1	-27256.0509, 12524.9973	7	-27243.2966, 12109.3514
2	-27195.4456, 12385.0082	8	-27600.5307, 12311.8313
3	-27213.1191, 12372.2508	9	-27595.2964, 12363.2496
4	-27401.0066, 12386.2557	10	-27530.6701, 12349.4377
5	-27383.0656, 12284.7838	11	-27528.9374, 12304.5431
6	-27229.7172, 12301.2978		

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Almenningi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins.
3. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
4. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvanginum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
5. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
6. Umferð vélknúinna farartækja er aðeins heimiluð á skipulagðri götu og vegslóða innan fólkvangsins. Einnig meðfram sjávarkambi vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, svo sem vegna 3. tl.
7. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvanginum. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða sbr. 3. tl. er heimil.
8. Efnistaka á sjávarbotni innan netlaga er óheimil nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins.
9. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd Bessastaðahrepps hefur umsjón og eftirlit með fólkvanginum í umboði Náttúruverndar ríkisins og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí 2002.*

**Sif Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

**Fylgiskjal.**





## REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2001.

## Sameinaður rekstrarreikningur.

<b>Fjármunatekjur:</b>	<b>skýr.</b>	<b>kr.</b>
Vaxtatekjur og verðbætur .....		<u>49.423.556</u>
Fjármunatekjur alls: .....		<u>49.423.556</u>
<b>Fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtagjöld .....		4.577
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga .....	5	<u>25.586.566</u>
Fjármagnsgjöld alls: .....		<u>25.591.143</u>
Hreinar fjármunatekjur: .....		<u>23.832.413</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Framlag sveitarfélaga .....		28.366.926
Framlag ríkissjóðs .....		30.000.000
Búnaðargjald .....		66.796.000
Aðrar tekjur alls: .....		<u>125.162.926</u>
Tekjur alls: .....		<u>148.995.339</u>
<b>Styrkveitingar:</b>		
Styrkir .....	11	<u>74.191.541</u>
Styrkveitingar alls: .....		<u>74.191.541</u>
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld: .....		<u>74.803.798</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....	10	15.848.493
Sérkostnaður .....	12	7.243.689
Afskriftir .....	4	<u>503.970</u>
Rekstrargjöld alls: .....		<u>23.596.152</u>
Hagnaður fyrir skatta: .....		51.207.646
Fjármagnstekjuskattur .....		4.658.819
Tekjur umfram gjöld: .....		<u>46.548.827</u>

## Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 2001.

## Eignir.

<b>Fastafjármunir:</b>	<b>skýr.</b>	<b>kr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7	
Áhöld .....		350.154
Fasteignir .....		<u>13.257.074</u>
Fastafjármunir alls: .....		<u>13.607.228</u>

<b>Veltufjármunir:</b>	Skýr	Kr.
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur .....		14.423.545
Aðrar skammtímakröfur .....		403.414
Veltufjármunir alls: .....		<u>14.826.959</u>
Handbært fé:		
Bankainnstæður .....		364.348.589
		<u>364.348.589</u>
Veltufjármunir alls: .....		<u>379.175.548</u>
Eignir samtals: .....		<u>392.782.776</u>
<b>Eigið fé og skuldir.</b>		
<b>Eigið fé:</b>	8	
Endurmatsreikningur .....		211.208.779
Óráðstafað eigið fé .....		148.792.920
Eigið fé alls: .....		<u>360.001.699</u>
<b>Skuldbindingar:</b>		
Lífeyrisskuldbinding .....	6	<u>25.360.000</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir .....		3.710.377
Fyrirframgreitt búnaðargjald .....		1.657.000
Ógreiddir samþykktir styrkir .....		2.053.700
Skammtímaskuldir alls: .....		<u>7.421.077</u>
Skuldir og skuldbindingar alls: .....		<u>32.781.077</u>
Skuldir og eigið fé samtals: .....		<u><u>392.782.776</u></u>

Reykjavík, 10. apríl 2002.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

**Guðbjartur Gunnarsson.**  
**Vilhjálmur P. Vilhjálmsson.**

**Hörður Harðarson.**  
**Ríkharður Brynjólfsson.**

**Áritun framkvæmdastjóra.**

**Pórður Skúlason**  
framkvæmdastjóri.

**Birgir L. Blöndal**  
aðstoðarframkvæmdastjóri.

**Áritun endurskoðanda.**

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög

og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. apríl 2002.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

## REGLUR

### um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um eingreiðslu örorkubóta til slysatryggðra einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

##### *Orkutap.*

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabíl samkvæmt reglum þessum.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Hafi hinn slasaði hlotið örorku vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga er heimilt að greiða bætur ef samanlögð örorka vegna slysa er 10% eða meiri. Sé samanlögð örorka 50% eða meiri greiðist örorkulífeyrir samkvæmt reglum 1.-4. mgr. 29. gr. laga um almannatryggingar, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

##### *Tímabil.*

Bætur reiknast fyrir tímabilið frá því greiðslu dagpeninga lýkur, eða samkvæmt nánari tilgreiningu í örorkumati, og fram til 67 ára aldurs hins slasaða. Hafi slys ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests og réttur til dagpeninga er fyrndur skal miða upphaf bóta við þann tíma þegar greiðslu dagpeninga hefði verið lokið ef slys hefði verið tilkynnt innan frests.

## 4. gr.

*Reiknireglur.*

Við núvirðisútreikning eingreiðslu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal miða við dánartíðni árána 1996-2000 og 6% vexti á ári. Miða skal við tryggingaaldur hins slasaða (aldur í heilum árum). Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Vextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

## 5. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 5. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglurnar gilda um slys sem eiga sér stað 1. janúar 2002 eða síðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**SAMÞYKKT****um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.**

## 1. gr.

Á eftir 4. mgr. 29. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á veitingastað með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem heimilt er að sýna nektardans (næturklúbbar), er lagt bann við hvers konar einkasýningum og einkadansi. Dansatriði skulu einungis fara fram á einu afmörkuðu svæði í veitingasal þar sem tryggt er að fjarlægð milli dansara og áhorfenda sé a.m.k. 4 metrar. Dönsurum er óheimilt að fara um á meðal áhorfenda.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*

## SAMPYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18. júlí 1979, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

47. gr. orðist svo:

Öllum veitingastöðum, sem ekki hafa áfengisveitingaleyfi, skal loka kl. 23.30 til kl. 07.00. Leiktækjastofum skal loka kl. 22.00 til 07.00.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingastofuleyfi. Börnum innan við 12 ára aldur er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Ákvæði 45. og 46. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum fer að lögum sem gilda á hverjum tíma og reglum sem settar eru samkvæmt þeim, nú reglugerð nr. 587/1987, sbr. reglugerð 178/1999. Allir gestir skulu fara út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjórn getur veitt veitingastöðum, sem hafa leyfi til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum, heimild til að hafa opið allan sólarhringinn eða skemur eftir atvikum.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til kl. 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra, að hafa opið á föstudögum og laugardögum til kl. 03.00. Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir tiltekna tíma.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

15. júlí 2002

Nr. 555

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.**

### 1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 6. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 541/2001, um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi.

#### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst utanríkisráðuneytinu eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:  
Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst skattstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:  
Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingvi Már Pálsson.*



## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá tekur endurgreiðsla ekki til virðisaukaskatts sem færa má til innskatts, sbr. VII. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málslíður 1. mgr. 8. gr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðnir skulu að því er aðkeypta þjónustu varðar byggjast á sölureikningum er fullnægja skilyrðum reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
- b. Í stað orðanna „sölu verktaka“ í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. kemur: kaup.
- c. Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Frumrit sölureiknings skal fylgja endurgreiðslubeiðni annarra en byggingaraðila sem byggja til sölu eða leigu í skilningi reglugerðar nr. 576/1989.
- d. 2. mgr. 8. gr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðnir skulu að því er varðar vinnu byggingaraðila sjálfs og starfsmanna hans byggjast á fullnægjandi bókhaldi skv. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989.
- e. Við 3. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður er verður 2. málslíður, svohljóðandi: Með fullnægjandi tilgreiningu greiddra vinnureikninga á endurgreiðslubeiðni telst skyldu til

launamiðauktálfu fullnægt hjá öðrum en þeim sem eru bókhaldsskyldir vegna viðkomandi framkvæmda, sbr. lög nr. 145/1994 um bókhald.

- f. 3. málsliður 8. gr. (áður 2. málsliður) orðast svo: Jafnframt skulu þeir sem óskað hafa endurgreiðslu vegna nýbygginga senda skattstjóra með skattframtali sínu húsbyggingarskýrslu á forminu RSK 3.03 eftir því sem formið gefur tilefni til.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla reglugerðarinnar verður: Framkvæmd endurgreiðslu.

4. gr.

13. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstökum eyðublöðum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Hvert endurgreiðslutímabil er tveir mánuðir (janúar og febrúar, mars og apríl, o.s.frv.). Endurgreiðslutímabil fyrir byggingaraðila skv. reglugerð nr. 576/1989 og seljendur verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, sem gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, skal þó vera almanaksárið. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. másl. skal endurgreiðsla vegna aðkeyprar vinnu verktaka við viðhald og endurbætur fara fram eins fljótt og auðið er, þó ekki síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst endurgreiðslubeiðnin.

Skilafrestur vegna hvers endurgreiðslutímabils, skv. 1. og 2. másl. 2. mgr., er til 15. dags næsta mánaðar eftir lok tímabilsins. Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir skiladag. Beri daga þessa upp á helgidag eða almennan frídag færist fresturinn til næsta virka dags á eftir. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með greinargerðum næsta endurgreiðslutímabils.

5. gr.

14. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafð aðila um framlagningu reikninga og annarra gagna, svo sem kaupsamning og lóðasamning. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður annast endurgreiðslu.

Afgreiðslufrestir skv. 13. gr. framlengjast ef skattstjóri getur vegna aðstæðna aðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim sem beiðnin byggist á, þ.m.t. vegna þeirra atvika sem lýst er í 4. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

15. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi skattstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

7. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna við nýbyggingu, endurbætur eða viðhald, sem sannanlega var innt af hendi og reikningsfærð fyrir 1. júlí 2002, skal verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu til og með 30. júní 2002. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna reikningsfærðrar sölu á verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum skal sömuleiðis verð-

tryggð samkvæmt lánskjaravísitölu til og með 30. júní 2002. Endurgreiðslufjárhæð skal breytt til samræmis við mismun á lánskjaravísitölu júnímánaðar 2002 og einföldu meðaltali vísitölunnar í mánuðum endurgreiðslutímabilsins, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 13. gr.

Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. málsl. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. júlí 2002 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis sá hluti endurgreiðslunnar vera verðtryggður er varðar vinnu sem innt var af hendi fyrir 1. júlí 2002.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratrygðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

*Greiðslur fyrir læknisvottorð.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
